**JOHN GALLIANO**

*Hátísku-draumaferð*

Tíska Heilsa Heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HÚSBYGGJANDINN**

*Ofnar eru að hverfa af heimilum landsmanna*

Sérblað um nýbyggingar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. janúar 2007 — 24. tölublað — 7. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Abbababb í Hafnarfirði



Nýr íslenskur söngleikur fyrir börn, ung og fullorðin.

MENNING 42

### Eiga eða leigja?

„Almenna reglan er þessi: fólk og fyrirtæki telja jafnan bezt að búa og starfa í eigin húsnæði og eiga jafnframt flesta innanstokksmuni og rekstraráhöld,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 32

### Hemmi skrifar ævisögu sína



Hemmi Gunn hættir í sjónvarpi og leggur drög að ævisögu þar sem ekkert verður dregið undan.

FÓLK 62

### Valur Fannar aftur til Fylkis



Valur Fannar Gíslason er á leið aftur í Árbæinn eftir stutta dvöl hjá Val.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART AUSTAN TIL** Í dag verður vestlæg átt, 8-20 m/s, hvassast með ströndum á austurhluta landsins og í vindhviðum við fjöll. Bjart með köflum norðaustan og austan til en skýjað og sums staðar súld sunnan og vestan. Hiti víðast 3-9 stig.

VEÐUR 4






**SIGURKOSS** Guðjón Valur Sigurðsson, landsliðsmaður í handbolta, smellir hér kossi á yngri dóttur sína, Jónu Margréti. Tilefnið var ærlegt enda nýbúið að vinna sigur á liði Túnisa í heimsmeistarakeppninni í handbolta sem nú fer fram í Þýskalandi. Strákarnir okkar eru þar afar vel studdir og fjölskyldur leikmanna láta ekki sitt eftir liggja. Eftir sigur Íslands á Túnis situr liðið í efsta sæti 1. riðils með fjögur stig. Í dag mæta strákarnir Pólverjum, sem töpuðu í gær fyrir Frökkum. Þó má búast við erfiðri viðureign. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Samþjöppun og fákeppni í raforkusölu

**Hagfræðingar ASÍ segja að markmið nýrra raforkulaga frá 2003 hafi ekki náð fram að ganga, heldur þvert á móti. Forstjóri Norðurorku segir lítið svigrúm fyrir samkeppni smásala raforku því þeir eigi allir viðskipti við Landsvirkjun.**

**VERÐLAG** Sjö fyrirtæki selja raforku í smásölu á íslenskum markaði og er munur á hæsta og lægsta verði til almennra neytenda sáralítill. Ávinningur af því að leita betri kjara hjá öðru raforkufyrirtæki getur aldrei orðið meiri en 116 krónur á mánuði samkvæmt útreikningum ASÍ. Þá er miðað við meðalheimili sem kaupir 4000 kílóvattstundir á ári.

Í raforkulögum frá árinu 2003 segir að markmið þeirra sé að „stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi“ með því að „skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku“.

Hagfræðingar ASÍ segja ljóst að þetta markmið hafi ekki náð fram að ganga. Í stað samkeppni hafi orðið samþjöppun og fákeppni. „Verðið hefur hækkað í stað þess að lækka og það hefur alltaf legið fyrir að hér yrði fákeppni. Við vöruðum við þessari þróun strax í upphafi,“ segir Ingunn S. Þorsteinsdóttir hagfræðingur og bendir á verðkönnun ASÍ frá því í febrúar 2006.

Samkvæmt þeirri könnun hafði raforkuverð hækkað frá árinu 2004 um allt að fjórtán prósent í þéttbýli og 33 prósent í dreifbýli fyrir meðalheimili. Enn meiri var hækkunin fyrir smærri heimili; 25 prósent í þéttbýli og 48 prósent í dreifbýli. Í nýrri könnun ASÍ segir að á síðasta ári hafi raforkuverð hækkað um þrjú til fjögur prósent að auki hjá flestum raforkufyrirtækjum.

Ingunn gagnrýnir stjórnvöld fyrir að vanrækja að kynna almenningi þessar breytingar. „Séu neytendur ekki virkir í að leita hagstæðari kjara vinna þeir ekki að því að þrýsta verðinu niður. Neytendur leika hér lykilhlutverk til að markmið laganna náist.“

Franz Árnason, forstjóri Norðurorku, segir lítið svigrúm til verðsamkeppni hjá smásölum raforku vegna þess að framleiðendur séu fáir. „Allir smásalarnir eru bundnir langtímasamningum til að kaupa sína orku að miklu leyti frá Landsvirkjun,“ segir hann. Fyrir utan Landsvirkjun séu einungis Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja með teljandi raforkuframleiðslu.

Einnig segir Franz að samningar Landsvirkjunar séu fastir og nokkuð einsleitir og því séu ekki neinar meiriháttar breytingar á raforkuverði til almennings fyrirsjáanlegar. Landsvirkjun eigi svo stóran hluta markaðarins að ekki sé nokkur leið að komast hjá því að eiga viðskipti við hana, fyrst um sinn. „Einhver smá samkeppni gæti þó orðið ef öllum áætlunum um stóriðjuframkvæmdir yrði frestað,“ segir Franz. **- koþ**






Samgöngutafir og banaslys:

## Snjóþyngsli víða í Evrópu

**PRAG, AP** Umferðartafir urðu víða í Mið-Evrópu í gær vegna mikillar snjókomu og loka þurfti nokkrum flugvöllum.

Rúmlega 200 flugferðum var aflýst í Tékklandi, Sviss og Þýskalandi. Yfir þúsund farþegar urðu strandaglópar á flugvellinum í Stuttgart í Þýskalandi á þriðjudagskvöld og svipaður fjöldi farþega sat fastur á flugvellinum í München í gærmorgun.

Rekja má þrjú banaslys í Þýskalandi til vetrarríkisins, en þetta er fyrsta snjókoma vetrarins sem festir á láglendi á þessum slóðum. **- sdg**




**GUÐNI FRÁ BRÚNASTÖÐUM** Hefur ráðherra styrk til að taka sextíu hestamenn á bak sér? spyrja Eyjamenn. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Hestamenn í Eyjum:

## Biðja Guðna um reiðskemmu

**STJÓRNMÁL** „Okkur þótti það passa að hafa hestinn þarna með og þetta á ekki að vera neinn þrýstingur á Guðna,“ segir Þórður Svansson, formaður Hestamannafélagsins Gáska í Vestmannaeyjum, sem setti upp hestslíkneski við hlið auglýsingaspjalds af Guðna Ágústssyni í Vestmannaeyjum.

Auglýsing Guðna var vegna prófkjörs Framsóknarflokksins um síðustu helgi. Skömmu áður var Guðni á framboðsfundi í Eyjum. Þórður segir Gáska gjarnan vilja fá styrk til að reisa reiðskemmu. Í Eyjum séu nú um sextíu hestamenn. „Það á rétt á sér hér eins og annars staðar. Guðni vill aðstoða okkur eins og hann vill aðstoða önnur hestamannafélög,“ segir Þórður. **- gar**




## SPURNING DAGSINS



*Ylfa, er skítalykt af þessu máli?*

**„Já, það finnst mér.“**

Ylfa Carlsson, íbúi á Brávallagötu, lenti í því um síðustu helgi að saur og annar úrgangur flæddi upp um öll niðurföll á heimili hennar. Hún segir forsvarsmenn Grundar, sem eiga meirihluta íbúða í húsinu, hunsa viðhald á þeim.

Fjórða þyrlan í flugflota Landhelgisgæslunnar kom til landsins í gær:

# Ný þyrla eykur öryggi á landi og sjó

**LANDHELGISGÆSLAN** Ný leiguþyrla Landhelgisgæslu Íslands kom til landsins í gær. Hún hefur fengið einkennisstafina TF-EIR og er fjórða þyrlan í flota Gæslunnar. Nýja þyrlan er leigð frá Noregi og er frönsk, af gerðinni Dauphin AS 365N2, eða sömu tegundar og TF-SIF, minni þyrla Gæslunnar. Nýja þyrlan er þó bæði betur búin og kraftmeiri.

Benóný Ásgrímsson, yfirflugstjóri Landhelgisgæslunnar, flaug þyrlunni til landsins og gekk ferðin vel að hans sögn. Millilent var á Höfn í Hornafirði þar sem forstjóri Landhelgisgæslunnar, Georg Lárusson, beið hennar en önnur leiguþyrla Gæslunnar, sem hefur fengið viðurnefnið Steinríkur, fór til Hornafjarðar til móts við nýju þyrluna. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tók síðan á móti TF-EIR er hún kom til Reykjavíkur klukkan fjögur síðdegis í gær.

Georg Lárusson segir að með komu þyrlunnar aukist öryggi til lands og sjávar og von sé á fimmtu vélinni í maí. „TF-Líf er ein besta björgunarþyrla sem er til í heiminum og þá fáum við aðra, sömu tegundar, jafngóða eða betri.“ Inntur eftir því hvort eitthvað hafi skýrst varðandi kaup á nýjum þyrlum fyrir Gæsluna segir Georg það eigi eftir að skýrast. **- shá**



**BENÓNÝ ÆGISSON OG TF-EIR** Yfirflugstjóri Gæslunnar flaug nýju þyrlunni til landsins. Hún er sérstaklega búin til björgunar á sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MAÐURINN FJARLÆGÐUR** Stuðningsmaður Túnis er fjarlægður af starfsmönnum Westfalenhalle eftir að hafa ráðist á Huga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjónvarpsstjarna í vanda:

## Ráðist á Ofur-Huga á HM

**HANDBOLTI Hugi Halldórsson, oft nefndur Ofur-Hugi, lenti í kröppum dansi í Westfalenhalle í gær undir lok leiks Íslands og Túnis.**

**Þegar ljóst var að Ísland myndi vinna leikinn hljóp Hugi með íslenska fánann eftir allri endalínunni. Það fór eitthvað í taugarnar á Túnismönnum og einn þeirra gerði sér lítið fyrir og hljóp á eftir Huga og sparkaði í bakið á honum. Hugi hafði ekki hugmynd um að Túnisbúinn væri á eftir sér. Þetta spark minnti um margt á þekkt spark knattspyrnugoðsins Eric Cantona.**

**Slagsmálahundurinn var umsvifalaust fjarlægður af öryggisvörðum en Hugi fékk sér sæti og lét lítið fyrir sér fara.** **- hbg**

## LÖGREGLUMÁL

### Handteknir með hass og E

Fjórir menn sem höfðu brotist inn í sumarbústað í Svínadal voru handteknir í gær. Mennirnir voru með tíu búta af hassi og fimm E-töflur á sér þegar lögreglan í Borgarnesi kom að þeim í „heljarinnar eiturlyfjapartíi“. Þeir höfðu auk þess valdið nokkrum skemmdum í bústaðnum. Við yfirheyrslur kom í ljós að mennirnir þurfa að svara til saka fyrir sams konar brot í öðrum lögregluembættum.

# Atkvæði greidd um álverið í lok mars

**Hafnfirðingar greiða atkvæði 31. mars um deiliskipulag vegna stækkunar álversins. Bæjaryfirvöld standa fyrir kynningu fyrir tíu milljónir. Mengun svipuð en þynningarsvæði minnkar. Samgönguráðherra svarar engu um kostnað.**

**STÓRIÐJA** Samkomulag hefur tekist um tillögu að deiliskipulagi vegna stækkunar álvers Alcan í Straumsvík og hefst kynning fljótlega. Atkvæði verða greidd um deiliskipulagið 31. mars og verður niðurstaðan bindandi. Ef deiliskipulagið hlýtur samþykki bæjarbúa fer það áfram í auglýsingu og álverið verður stækkað. Ef það verður fellt er málinu lokið.

Í tillögunni hafa þjónustubyggingar við austurenda verið færðar á milli kerskála, spennustöð færð og raflínur grafnar í jörð. Gert er ráð fyrir aðgengi að kapellu heilagrar Barböru sem verður inni á milli kerskála.






**LÚÐVÍK GEIRSSON BÆJARSTJÓRI** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði stefna að því að halda atkvæðagreiðslu 31. mars um deiliskipulag vegna stækkunar álversins í Straumsvík.

Gert er ráð fyrir að mengun frá álverinu verði áþekk og nú og að hún verði mæld á fjórum stöðum í Hafnarfirði, í stað eins nú. Nýtt þynningarsvæði, en það er svæði umhverfis álver þar sem þynning mengunar á sér stað, verður aðeins þriðjungur af núgildandi þynningarsvæði. Gert er ráð fyrir að lög um svæði takmarkaðrar ábyrgðar verði felld úr gildi.

Færslan á Reykjanesbrautinni og tvöföldun hennar er talin kosta um 1,5 milljarða króna. Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að svör þurfi að fást frá samgönguráðherra út af kostnaðinum sem og Landsneti vegna kostnaðar við raflínur fyrir íbúakosningarnar.

Lúðvík segir aðspurður að full ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að Alcan fari frá Hafnarfirði og fleiri hundruð störf hverfi úr bænum verði tillagan ekki samþykkt. Hann kveðst ánægður með deiliskipulagstillöguna sem liggur fyrir og bendir á að full samstaða sé um hana, en setur fyrirvara um svör frá ríkinu um kostnaðarskiptingu vegna færslu Reykjanesbrautar. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hyggst ekki svara neinu fyrr en niðurstaða atkvæðagreiðslunnar liggi fyrir. Hafnarfjarðarbær mun ráða utanaðkomandi aðila til að sjá um „hlutlausa og upplýsta kynningu“ á deiliskipulaginu og verður hún viðameiri en venjulega þegar deiliskipulag er kynnt. Gert er ráð fyrir að kostnaður nemi um tíu milljónum króna.

Deiliskipulagstillagan verður rædd í bæjarráði í dag. Stefnt er að því að afgreiða málið úr bæjarstjórn á þriðjudag. Tillagan þarf ekki að fara í umhverfismat.

**ghs@frettabladid.is**

Álver í Straums- og Helguvík:

## Álverið í Helguvík fær orkuna

**STÓRIÐJA Ef Hafnfirðingar hafna fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík í íbúakosningunum sem fyrirhugaðar eru 31. mars mun það flýta fyrir byggingu álvers Century í Helguvík. Þetta er mat greiningardeildar Kaupþings, sem sagði frá þessu í hálffimm fréttum sínum í gær.**

**Ástæðan er sú að þá muni orkan sem hefði átt að nota í nýjum hluta álversins í Straumsvík verða notuð í álverinu í Helguvík.**

**Greiningardeildin telur hins vegar að ef Hafnfirðingar samþykki stækkunina muni verða beðið með byggingu álversins í Helguvík þar til orkuflun hafi farið fram fyrir stækkun álversins í Straumsvík.** **- ifv**



**BRÆÐURNIR ILLRÆMDU** Aðeins er eftir að selja miða á nokkrar sýningar.

Leikfélag Akureyrar:

## Karíus og Baktus sívinsælir

**LEIKHÚS** Miðar á fimmtán gestasýningar Leikfélags Akureyrar í Borgarleikhúsinu um þá bræður Karíus og Baktus seldust upp á fáeinum klukkustundum í gær. Var búið að selja á fjórða þúsund miða í gærkvöldi og stefndi þá í að aðsóknarmet Leikfélags Akureyrar á gestasýninguna Fullkomið brúðkaup í Borgarleikhúsinu síðan í fyrra yrði slegið.

„Það er greinilegt að þeir bræður eiga vinsældum að fagna um allt land því sýningunni hefur verið afar vel tekið nyrðra,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LA. **- shá**


BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL SPORT
Nýskr. 10.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 72 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Viðhorf Hafnfirðinga til stækkunar álversins:

# Meirihlutinn á móti

**STÓRIÐJA** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er 51 prósent Hafnfirðinga mótfallið stækkun álversins í Straumsvík. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent-Gallup vann fyrir Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, á viðhorfi átta hundruð Hafnfirðinga til fyrirhugaðrar stækkunar álversins. Alcan kynnti niðurstöðurnar fyrir starfsmönnum álversins í gær.



**HRANNAR PÉTURSSON**

Samkvæmt könnuninni eru 39 prósent þeirra Hafnfirðinga sem tóku þátt í könnuninni hlynnt stækkuninni og tíu prósent þeirra eru óákveðin.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að niðurstaðan staðfesti grun hans um að viðhorf Hafnfirðinga til fyrirhugaðrar stækkunar séu skipt. „Þess vegna er mikilvægt að íbúar bæjarins fái að ganga til lýðræðislegra kosninga um stækkunina.“

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, fagnar niðurstöðum könnunarinnar. Hún telur að niðurstöðurnar gefi fyrirheit um niðurstöðu í íbúakosningunum meðal Hafnfirðinga sem haldnar verða hinn 31. mars.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, vildi ekki gefa upp niðurstöðurnar í könnuninni þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Hann sagði að Alcan ætlaði að senda fjölmiðlum niðurstöður könnunarinnar í dag. **- ifv**

Eldsvoði í Norðlingaholti:

## Komu sér út úr brennandi íbúð

**LÖGREGLUMÁL Þrír menn komu sér út úr brennandi íbúð í tveggja hæða húsi í Lækjarvaði í Norðlingaholti um klukkan hálf ellefu í gærmorgun.**

**Einn mannanna, sem var sofandi þegar eldurinn kom upp, brenndist lítillega í andliti. Mennirnir voru fluttir til aðhlynningar á slysadeild og hlutu þeir allir minniháttar reykeitrun.**

**Eldurinn kviknaði í svefnherbergi íbúðarinnar. Enginn var í íbúðinni á neðri hæð hússins.**

**Slökkviliðinu gekk vel að slökkva eldinn en íbúðin er nokkuð skemmd vegna reyks.**

**Eldsupptök eru ókunn en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur að rannsókn málsins.** **- ifv**

# ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í ALVÖRU JEPPA.

## VIÐURKENNDU ÞAÐ!

### NISSAN PATROL ELEGANCE 35”



Nýskr. 04/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 58 þús.
**Verð. 4.660.000**

### CHERVOLET TRAILBLAZER LT



Nýskr. 09/04 - Sjálfskiptur - Ekinn 48 þús.
**Verð. 3.570.000**

### NISSAN PATHFINDER SE



Nýskr. 12/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 23 þús.
**Verð. 4.390.000**

### NISSAN PATROL LUXURY 33”



Nýskr. 09/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 27 þús.
**Verð. 4.180.000**

### NISSAN PATHFINDER LE IT



Nýskr. 07/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 24 þús.
**Verð. 4.860.000**

### ISUZU D-MAX



Nýskr. 07/06 - Sjálfskiptur - Ekinn 10 þús.
**Verð. 2.480.000**



**Við skiljum þig vel, enda eigum við ótrúlegt úrval af stórgóðum lítið notuðum jeppum.**
**Allt að 100% fjármögnun.**

**Allir í jeppana!**

**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR** | Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

## GENGIÐ 24.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,83 | 69,15 |
| Sterlingspund | 135,98 | 136,64 |
| Evra | 89,45 | 89,95 |
| Dönsk króna | 11,999 | 12,069 |
| Norsk króna | 10,747 | 10,811 |
| Sænsk króna | 9,859 | 9,917 |
| Japanskt jen | 0,5662 | 0,5696 |
| SDR | 102,83 | 103,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,0243

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tvenn samtök um málefni eldri borgara og öryrkja boða framboð til Alþingis:

# Samvinna framboða ólíkleg að óbreyttu

**ALÞINGI** Tveir hópar áhugafólks um bætt kjör eldri borgara og öryrkja hafa í vikunni tilkynnt framboð til alþingiskosninganna í maí. Stefnumál framboðanna eru þau sömu og samruni í stórt sameiginlegt framboð er óskastaða forsvarsmanna beggja framboðanna. Ekki kemur þó til greina af þeirra hálfu að hætta við til að ganga til liðs við hitt framboðið.

Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja tilkynntu framboð sitt í gær. Samtökin eru sprottin af fundum tólf manna undirbúningshóps sem skipaður var í byrjun janúar af Félagi eldri borgara til að vinna að framboðinu. Formaður samtakanna, Arndís H. Björnsdóttir, segir ekki koma til greina að tvenn samtök bjóði fram til komandi kosninga. „Það er mjög slæmt ef framboðin verða tvö og því þarf að afstýra með öllu móti. Þeim er velkomið að tala við okkur því allir eru velkomnir í okkar samtök.“


ARNÞÓR HELGASON


ARNDÍS H. BJÖRNSDÓTTIR

Áhugafólk um málefni aldraðra og öryrkja tilkynntu á þriðjudag að ákveðið væri að stofna framboð fyrir kosningarnar. Arnþór Helgason, fyrrverandi formaður Öryrkjabandalags Íslands, er í sex manna undirbúningsnefnd. „Við munum halda okkar striki. Ég óskaði eftir að fá að mæta á kynningarfund Arndísar og félaga en því var hafnað. Hins vegar var óskað eftir samstarfi. Ég vænti þess að þetta fólk muni ganga í okkar samtök þegar þau verða stofnuð. Hvernig þau hafa staðið að stofnun síns framboðs finnst okkur í raun hlægilegt.“ **- shá**

Ráðherra krafinn svara:

## Ekkert svar um leyniþjónustu

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, krafði í gær dómsmálaráðherra svara á Alþingi um eðli leyniþjónustustarfsemi hjá lögreglu á síðustu öld. Vísaði Steingrímur til heimildar í stjórnarskrá til að óska eftir upplýsingum frá ráðherrum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra svaraði því til að hann gæti ekki svarað fyrirspurn um eitthvað sem hann vissi ekki, en sagði svokallaða kaldastríðsnefnd hugsanlega geta svarað spurningunni. Ekkert í stjórnarskrá skyldaði ráðherra til að svara því sem þeir ekki vissu. **- bj**

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í blaðinu í gær að Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Kópavogi, hefði sagt á bæjarstjórnarfundi að eignarnám bæjarins á Vatnsenda myndi geta fært eiganda jarðarinnar tuttugu milljarða króna í aðra hönd. Ólafur sagði viðskiptin geta fært eiganda Vatnsenda á bilinu tíu til tólf milljarða króna. Þegar Ólafur nefndi upphæðina tuttugu milljarða átti hann við þann kostnað sem ætla mætti að bærinn yrði fyrir ef hann tæki eignarnámi allt land Vatnsenda, að meðtöldum þeim ríflega 72 hekturum sem standa næst Elliðavatni en undanskildir eru fyrirhuguðu eignarnámi.

### LEIÐRÉTTING

Í frétt um verð á Levi's-gallabuxum síðastliðinn þriðjudag voru gerð mistök í útreikningum á hluta verslunarinnar af vöruverði. Virðisaukaskattur var reiknaður á röngum stað og fékkst því hærri tala en rétt er. Hið rétta er að innkaupsverð er 4.000 krónur eða 40 prósent af vöruverði, tollur er 600 krónur eða 6 prósent af vöruverði og virðisaukaskattur er 1.966 krónur eða 19,7 prósent af vöruverði. Hlutur verslunarinnar er því 34,3 prósent af útsöluverði en ekki 43 prósent eins og kom fram í fréttinni.

# Lögreglan krefst gagna um níðinga

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur krafið Stöð 2 um gögn sem sýna fjóra eða fimm meinta barnaníðinga sem komu til að hitta tálbeitu. Lögregla kveðst munu leita til dómstóla, verði ekki orðið við kröfu hennar. Málið er í athugun hjá Stöð 2.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun leita til dómstóla, verði ekki orðið við kröfu hennar um að fá afhent gögn er varða grunaða barnaníðinga.

Þetta kemur fram í greinargerð lögreglunnar vegna umfjöllunar þáttarins Kompáss um kynferðisbrot gegn börnum. Í kjölfar þáttarins þar sem mátti sjá Ágúst Magnússon, dæmdan barnaníðing, mæta til að hitta þrettán ára stúlku sem hann hafði talið sig vera kominn í samband við á netinu, hafa Fangelsismálastofnun og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sent greinargerð til dómsmálaráðuneytis, að beiðni ráðuneytisins.

Í greinargerð lögreglu kemur fram að þáttargerðarmenn Kompáss hafi undir höndum upptökur af fjórum til fimm öðrum einstaklingum, sem svarað hafi auglýsingu tálbeitu þáttarins með sama hætti og Ágúst. Telur lögregla almannahagsmuni krefjast þess að þessar upplýsingar verði skoðaðar nánar og hefur því óskað eftir að fá þær í hendur. Þáttargerðarmennirnir hafi neitað að afhenda þær en skriflegri beiðni frá lögreglunni af þessu tilefni. Hún hefur verið send Stöð 2, sem Kompás heyrir undir.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2, segir forráðamenn stöðvarinnar vera að fara yfir málið með lögmanni. Engin ákvörðun hafi verið tekin og gögnin verði í öllu falli ekki afhent fyrir helgi.

Í greinargerð lögreglu segir enn fremur að kynferðisbrotadeild embættisins muni kanna ítarlega hvort sú háttsemi Ágústs sem rekja megi til frumkvæðis tálbeitu á vegum Kompáss geti orðið grundvöllur refsimáls. Einnig er hafin rannsókn á meintum brotum hans gagnvart fleiri einstaklingum sem hann viðurkenndi í viðtali sem birt var í þættinum.

Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir niðurstöðu vistunarmáls Ágústs á Vernd og telur að fangelsismálastjóri og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi gripið til fullnægjandi aðgerða vegna þessa einstaka tilviks. Telur ráðuneytið mikils virði að mótaðar hafi verið reglur um miðlun upplýsinga á milli þessara tveggja embætta, sem eigi að tryggja samræmdar aðgerðir til að halda aftur af síbrotamönnum og hindra eins og kostur er að þeir brjóti gegn því trausti sem þeim er sýnt.

**jss@frettabladid.is**


**FLEIRI MÁL** Ágúst Magnússon getur átt yfir höfði sér fleiri refsidóma en þann sem hann afplánar nú, reynist háttsemi sú sem hann varð uppvís að í Kompássþætti saknæm. Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu mun rannsaka þessi mál ítarlega.


**WILSON MUUGA** Eigendur Wilson Muuga hafa fengið frest til mánaðamóta til að skila inn áætlun um hreinsun fjörunnar.

Umhverfisstofnun úrskurðar:

## Fá frest fyrir hreinsun Wilson Muuga

**HVALSNESFJARA Umhverfisstofnun hefur veitt eigendum flutningaskipsins Wilson Muuga frest til mánaðamóta til að skila inn áætlun um hreinsun eða brottnám Wilson Muuga úr Hvalsnesfjöru í Sandgerði.**

**Wilson Muuga er í eigu Unistar Shipping Company, sem aftur er að tæpum helmingi í eigu Nesskipa. Tryggingafélag skipsins hefur lýst yfir að það muni ekki að greiða fyrir hreinsun og brottflutning skipsins nema sem nemur um sjötíu milljónum króna.**

**Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, hefur lýst yfir áhuga á því að skipið standi áfram sem minnismerki í fjörunni. Hann segir að ástandið á skipinu sé gott, það standi eins og klettur í fjörunni.**

**Bæjarstjórnin í Sandgerði er mótfallin því.** **- ghs**

### SVÍÞJÓÐ

**Atvinnuleysi eykst**

Atvinnuleysi í Svíþjóð var 4,6 prósent í desember og hafði hækkað um 0,3 prósent frá nóvember. Atvinnuleysi er mest á meðal innflytjenda og ungra Svía, rúmlega tíu prósent.




## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGIR MEÐ KVÖLDINU**

Það er töluverður vindur í veðurspánum í dag, einkum á austurhluta landsins og á Ströndum. Má búast við töluverðum hviðum í námunda við fjöll, síst þó reyndar á Suður- og Vesturlandi. Sé horft til næstu helgar eru horfur á nýrri sendingu af hlýju lofti með rigningu víða um land á laugardag og svo kemur annað úrkomusvæði á sunnudag. Á milli þeirra styttir upp.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vestan 5-10 m/s, hvassast fyrripartinn. Skýjað og hætt við lítilsháttar vætu framan af degi. Milt.

um hádegi »




» á morgun




» laugardagur




um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -2°C | heiðskírt | London | 6°C skúrir | | Alicante | 13°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 9°C | hálfskýjað | París | 3°C heiðskírt | | Mallorca | 11°C léttskýjað |
| Osló | -5°C | hálfskýjað | Frankfurt | 1°C heiðskírt | | Algarve | 13°C rigning |
| Stokkhólmur | -3°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | -7°C léttskýjað | | Krít | 18°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 1°C | hálfskýjað | Berlín | -1°C alskýjað | | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Við vitum ekki

# *hver þú ert ...*




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7597

## *... nema þú notir Auðkennislykilinn*

Auðkennislykillinn er samstarfsverkefni allra banka og sparisjóða á landinu sem miðar að auknu öryggi við notkun banka á Netinu. Allir notendur fá lykilinn sendan heim í pósti.

Á næstu vikum verður notendum gert skylt að nota Auðkennislykilinn við innskráningu í banka á Netinu. Nánari upplýsingar um Auðkennislykilinn eru að finna á **www.audkenni.is** eða hjá næsta banka eða sparisjóði.

**Tryggðu þér aukna vernd í bankaviðskiptum á Netinu – taktu Auðkennislykilinn strax í notkun.**

AUÐKENNI · KAUPÞING · Netbankinn · Landsbankinn · SPARISJÓÐURINN – fyrir þig og þína · GLITNIR · S24 og þú hagnast · spron

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með bandarískum stjórnmálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,3% |
| Nei | 52,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú verslað á útsölunum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Ríkisstjórnin samþykkir heildstæða stefnu um aðlögun innflytjenda:

# Allir njóti jafnra tækifæra

**FÉLAGSMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt stefnu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Þetta er gert til að tryggja að innflytjendur njóti jafnra tækifæra á við Íslendinga og verði virkir þátttakendur í samfélaginu, sagði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra þegar hann kynnti stefnuna í gær.

„Umræðan um útlendinga sem koma hingað til lands hefur verið mikil að undanförnu og að mörgu leyti er það skiljanlegt,“ sagði Magnús og bætti við að „margt í þeirri umræðu hefði eflaust betur verið ósagt“.

Innflytjendaráð vann að stefnunni og hafði þá helstu áherslur ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum til hliðsjónar. Rík áhersla er þar lögð á grunngildi íslensks samfélags, svo sem mannréttindi, en einnig á áþreifanlegri atriði, til að mynda íslenskukennslu fyrir aðflutt börn og foreldra. Innflytjendur eiga að læra samfélagsfræði en Íslendingar í heilbrigðisþjónustu kynni sér ólíka menningarheima.

Í stefnunni er einnig fjallað um vinnumarkaðinn. Þar er til að mynda stefnt að því að tryggja betur að útlendingar njóti sömu kjara og réttinda og aðrir. - kóþ



**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI Í GÆR** Magnús Stefánsson kynnti stefnuna á blaðamannafundi í ráðuneyti sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flugræningi á leið til London:

## Rændi flugvél með 103 manns

**TSJAD, AP** Vopnaður súdanskur maður rændi Boeing 737-farþegaþotu sem var flogið frá Kartúm, höfuðborg Súdans, með 103 farþega og áhöfn innanborðs í gær. Enginn slasaðist.

Flugræninginn krafðist þess að flogið yrði til London en þegar honum var tjáð að vélin hefði ekki nóg eldsneyti til þess samþykkti hann að fljúga til höfuðborgar Tsjad, N'Djamena, þar sem hann gafst upp. Þegar vélin lenti gekk flugræninginn út úr vélinni og óskaði hælis í Bretlandi. Ráðamenn í Tsjad sögðu manninn vera hryðjuverkamann og að réttað yrði yfir honum sem slíkum. - sdg

Frjálslyndi flokkurinn:

## Ásökunum alfarið hafnað

**STJÓRNMÁL** Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann hafnar ásökunum Sólborgar Öldu Pétursdóttur, miðstjórnarfulltrúa flokksins, í garð Magnúsar Þórs Hafsteinssonar varaformanns. Sólborg hefur fullyrt í fjölmiðlum að trúnaðarbrestur hafi orðið á milli miðstjórnar og þingflokks Frjálslyndra þegar Nýtt afl sameinaðist flokknum. Hún sagði vinnubrögð þingflokksins gerræðisleg og rógsherferð hefði verið hrint af stað gegn Margréti Sverrisdóttur.

Guðjón Arnar segir orð Sólborgar ómakleg og ekki eiga við rök að styðjast. Í yfirlýsingunni ítrekar hann stuðning sinn við Magnús Þór í sæti varaformanns flokksins. - shá

**AFRÍKA**

### Sjálfsmorðsárás í Sómalíu

Tveir létust í sjálfsmorðsárás sem var gerð á alþjóðaflugvöllinn í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, í gær, einum degi eftir að Eþíópía byrjaði að draga herlið sitt úr landinu.

### Fangaflótti í Kongó

Meira en tvö hundruð fangar flúðu úr fangelsi í Kongó eftir að óeirðir brutust út vegna lélegs matarkosts en fangarnir fá aðeins einu sinni að borða á dag.

**SVÍÞJÓÐ**

### Leynilögreglustjóri deyr

Klas Bergenstrand, yfirmaður sænsku leynilögreglunnar SÄPO, andaðist á mánudag. Banamein hans var hjartaslag, að því er talsmaður SÄPO greindi frá. Kurt Malmström, næstráðandi Bergenstrands, tekur við embættisskyldum hans uns eftirmaður verður skipaður. Bergenstrand hafði farið fyrir SÄPO síðan árið 2004, en hann var áður ríkissaksóknari.




**GEISLADISKAMARKAÐUR** Algengasta verð á nýjum geisladiskum í Skífunni er 2.199 krónur. Ástæðan fyrir háu verði geisladiska hér á landi er að mestu leyti sögð vera aukamilliliðurinn sem bætist inn í dæmið vegna smæðar markaðarins.

# Borgum fjórðungi meira fyrir Dylan

**Geisladiskar eru 25 prósentum dýrari hér en annars staðar á Norðurlöndum. Miðað við Bretland eru þeir 75 prósentum dýrari. Framkvæmdastjóri Senu segir smæð markaðarins hækka verðið. Virðisaukaskattslækkun ætti að gera Ísland samkeppnishæfara.**

**NEYTENDUR** Verð á geisladiskum er almennt um 25 prósentum hærra hér en á Norðurlöndunum. Verðmunurinn á Íslandi og Bretlandi er enn meiri, um 75 prósent.

Ástæður fyrir þessu háa geisladiskaverði hér á landi eru sagðar vera fyrirkomulag og smæð tónlistarmarkaðsins.

Fréttablaðið er um þessar mundir að vinna verðkannanir á ýmsum vörum hér á landi og í nágrannalöndunum í þeim tilgangi að sjá hver verðmunurinn er milli landanna og reyna að grafast fyrir um í hverju munurinn liggur. Í þetta skipti er geisladiskaverð tekið fyrir og þá sérstaklega diskurinn Modern Times með Bob Dylan.

Verð á disknum var kannað í geisladiskaverslunum í Reykjavík, Stokkhólmi, Ósló, Kaupmannahöfn og London. Sé miðað við meðaltal af verði disksins á Norðurlöndunum fæst að hann er um 25 prósentum dýrari hér en þar. Miðað við Bretland er hann rúmlega 75 prósentum dýrari.

Sena er stærsti heildsali geisladiska á Íslandi og sér meðal annars um heildsölu á tónlist til Skífunnar. Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, segir hærra geisladiskaverð hér vera að mestu leyti vegna fyrirkomulagsins á markaðnum, sem sé allt annað en erlendis.

„Í öðrum löndum eru plötuútgefendurnir flestir með skrifstofur og selja þaðan beint til smásala. Hér er markaðurinn hins vegar það lítill að útgáfufyrirtækin leggja ekki í að halda úti skrifstofum og því bætist heildsalinn við sem milliliður.“

Hann segir Senu kaupa geisladiska beint frá útgáfufyrirtækjunum og selja þá smásölum, með álagningu. Björn vildi ekki gefa upp hversu stór hlutur fyrirtækisins af heildsöluverði væri nákvæmlega en nefndi tölur sem samsvara um 20 til 25 prósentum af heildsöluverði.

„Okkar hlutur af heildsöluverði þarf að dekka fjárbindingu, lagerhald, starfsmenn og dreifingu svo eitthvað sé nefnt,“ segir Björn. „Þegar virðisaukaskattur af þessum vörum verður lækkaður síðar á árinu geri ég ráð fyrir að verðið verði samkeppnishæfara við löndin í kringum okkur.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er algengur hlutur smásala af útsöluverði geisladiska einnig á bilinu 20 til 25 prósent.

salvar@frettabladid.is

**ÓDÝRASTUR Í BRETLANDI**

Í Bengans-versluninni í Stokkhólmi, höfuðborg Svíþjóðar, kostar diskurinn sem samsvarar 1.767 íslenskum krónum, en flestir nýir geisladiskar kosta þar á bilinu 1.669 til 1.767 íslenskar krónur.

Í Noregi var verðið kannað í verslunum Free Record Shop, sem eru víðs vegar um landið. Diskurinn var á svipuðu verði þar og í Svíþjóð, eða sem samsvarar 1.711 krónum. Algengasta verð á nýjum geisladiskum þar er frá 1.604 til 1.711 íslenskar krónur.

Danmörk var á svipuðu róli og hin Skandinavíulöndin. Í GUF-verslununum kostar diskurinn 1.799 krónur íslenskar og er það algengasta verð á nýjum diskum í versluninni.

Í Virgin Megastore-verslunum í Bretlandi var geisladiskurinn töluvert ódýrari, eða sem jafngildir 1.236 krónum. Algengt verð á nýjum diskum var á bilinu 1.100 til 1.373 krónur. Í Skífunni kostaði diskurinn 2.199 krónur þegar verðið var kannað.

**GEISLADISKAVERÐ Í FIMM LÖNDUM**

**Þetta kostar Modern Times með Bob Dylan:**




| ÍSLAND | DANMÖRK | SVÍÞJÓÐ | NOREGUR | BRETLAND |
|---|---|---|---|---|
| 2.199 kr. | 1.799 kr. | 1.767 kr. | 1.711 kr. | 1.236 kr. |








Kjöt & fisktorgið

# Frábærir fiskréttir
## um helgina






**Ýsa í malasíukarrý**
Ýsa marineruð í chili, lauk, ferskum kryddjurtum og malasíukarrý

**Lax í engifer og hvítlauk**
Lax marineraður í fersku engifer, chili, hvítlauk og ferskum kryddjurtum

**Steinbítur með hvítlauk**
Steinbítur marineraður með hvítlauk, rauðlauk, strengjabaunum og ferskum kryddjurtum



**Lax í tikka masala**
Lax marineraður í tikka masala, rauðlauk, papriku og ferskum kryddjurtum

**Þorskur nætursaltaður**
Þorskur nætursaltaður og marineraður í pestó, sólþurrkuðum tómötum, rauðlauk og ferskum kryddjurtum

**Lax í kóríander**
Lax marineraður í hvítlauk, kóríander ásamt öðrum ferskum kryddjurtum



# Ostaborð
**Allt að 25% afsláttur af erlendum ostum**
í Kringlu og Smáralind




**Sætar kartöflur**
- frábærar með fiskinum




**Salatblöndur frá Holt og Gott**
- hafðu það holt og gott



**Heilsu tómatar**
- þrefalt meira magn af andoxunarefninu Lýkópen

Gildir til 28. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða hópar hafa stofnað nýtt framboð til Alþingis?*
2. *Hvað tók langan tíma fyrir Jóhannes Karl Guðjónsson að ná sér í gult spjald í fyrsta leik sínum með Burnley?*
3. *Hvaða leikfélag hefur ákveðið að setja upp leikgerð á Draumalandi Andra Snæs?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Lögmanni Árs og dags ehf. falið að undirbúa málssókn gegn Sigurjóni M. Egilssyni:

# Í mál við fyrrverandi ritstjóra

**DÓMSMÁL** Stjórn útgáfufélagsins Árs og dags ehf. hefur falið Kristni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni að undirbúa höfðun skaðabótamáls á hendur Sigurjóni M. Egilssyni, fyrrverandi ritstjóra Blaðsins. Einnig verður höfðað mál gegn Janusi Sigurjónssyni, fyrrum ritstjórnarfulltrúa þess.

Ár og dagur gefur út Blaðið, sem Sigurjón ritstýrði til 15. desember. Að morgni þess dags afhentu forráðamenn Blaðsins honum bréf þar sem hann var sakaður um að fara á svig við uppsagnarákvæði gildandi ráðningarsamnings síns ásamt því að vera farinn að starfa hjá öðrum miðli. Sigurjón hafði þá sagt upp starfi ritstjóra og óskað eftir því að fá að hætta áður en uppsagnarfrestur rynni út. Í bréfinu segir enn fremur að Sigurjón hafi logið að forráðamönnum Árs og dags þegar hann hafi þvertekið fyrir að hann væri búinn að ráða sig sem ritstjóra DV, þar sem hann starfar nú.

Kristinn Bjarnason hæstaréttarlögmaður sagði við Fréttablaðið að bótakrafa á hendur Janusi grundvallaðist á ólögmætum starfslokum hjá Blaðinu. Bótakrafa á hendur Sigurjóni væri grundvölluð á brotum í starfi.

„Upphæð bótakröfu liggur ekki fyrir en segja má að dómvenja sé hér fyrir því að fari menn með ólögmætum hætti úr starfi séu lágmarksbætur hálf laun sem menn hefðu átt að hafa á uppsagnarfresti.“ **- jss**



**SIGURJÓN M. EGILSSON** Skaðabótamál á hendur honum er í undirbúningi.

Höfðu látið greipar sópa:

# Þjófar gómaðir

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í fyrradag, en hann er grunaður um þjófnað á tækjabúnaði úr vöruhúsi á höfuðborgarsvæðinu. Hann er jafnframt grunaður um að hafa stolið bíl aðfaranótt þriðjudags. Sami maður er einnig talinn tengjast þjófnaði sem var tilkynntur í síðustu viku.**

**Í nótt var karlmaður á miðjum aldri handtekinn í miðborginni en í fórum hans fannst varningur sem hann gat ekki gert grein fyrir. Unglingsstúlka var staðin að hnupli í Smáralind í gær og karlmaður á miðjum aldri var gripinn við sömu iðju í matvöruverslun annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.** **- jss**

Fangelsi og lögregla saman:

# Eitt húsnæði þjóni báðum



**BJÖRN BJARNASON**

**ALÞINGI** Verið er að kanna hvort heppilegt geti verið að reisa eitt hús fyrir bæði höfuðstöðvar lögreglu höfuðborgarsvæðisins og nýtt gæsluvarðhaldsfangelsi. Þetta kom fram í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi í gær. Tilefni fyrirspurnarinnar, sem kom frá Guðjóni Ólafi Jónssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, var staða mála vegna fangelsis á Hólmsheiði. Björn sagði vinnu við undirbúning vegna fangelsis á Hólmsheiði í gangi, en reiknað væri með því að úrbætur á Litla-Hrauni gengu fyrir. **- bj**

Fulltrúi Frjálslyndra:

# Erfingjar fái Kjarval gefinn

**SVEITARSTJÓRNIR Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona og áheyrnarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur, vill að borgin gefi erfingjum Jóhannesar Kjarval þau verk og hluti listamannsins sem eru í vörslu borgarinnar. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nýlega dæmt að verkin séu eign borgarinnar. „Beri gjöfin vott um höfðingsskap þeirra borgarfulltrúa sem nú fari með ráð og viðurkenningu veitta í minningu mikils listamanns,“ segir í tillögu Guðrúnar, sem menningarráðið felldi með öllum atkvæðum.** **- gar**

# Vill bættar eldvarnir í óleyfilegum íbúðum

**Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri vill lagaheimildir til að geta tryggt brunavarnir í óleyfilegu íbúðarhúsnæði. Nú sé það ekki hægt nema með offorsi og brotum á jafnræðis- og meðalhófsreglum gagnvart íbúunum.**

**ÖRYGGISMÁL** „Ef við viljum koma í veg fyrir að fólk búi í húsnæði sem uppfyllir ekki grunnskilyrði um eldvarnir höfum við bara eitt úrræði: Að henda fólkinu á götuna,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Eins og lögin eru í dag geta slökkviliðsstjórar ekki krafist úrbóta á óleyfilegu íbúðarhúsnæði í atvinnuhverfum nema skipulag heimili þar búsetu. Krefjist slökkviliðsstjóri úrbóta er hann í raun fyrir hönd sveitarfélagsins að fallast á tilvist slíks íbúðarhúsnæðis. Þá leið telur Jón Viðar ófæra til að knýja fram úrbætur á óviðunandi brunavörnum því þá sé kominn upp árekstur við skipulagsyfirvöld.

Í minnisblaði sem Jón Viðar vann fyrir stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins segir hann einnig að sá kostur sé varla nothæfur, sem heimild sé fyrir, að loka húsnæði þar sem ágallar séu miklir og brot ítrekuð. Óháð því hvar fólk sé skráð með lögheimili eigi það mjög sterkan siðferðilegan rétt til verndar á þeim stað sem það hafi aðsetur. Þetta útskýrir slökkviliðsstjórinn nánar fyrir Fréttablaðinu:

„Andstætt meðalhófsreglu laga er verið að neyða okkur til að beita harðasta úrræðinu og henda fólki út. Viðkomandi fer þá sennilega í svipað húsnæði eða verra og getur jafnvel endað á götunni.“





**JÓN VIÐAR MATTHÍASSON**

**ELDSVOÐI Í IÐNAÐARHÚSNÆÐI** Í Dugguvogi býr talsvert af fólki þar sem áður var iðnaðarhúsnæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Viðar tekur fram að í lögum um brunavarnir sé mjög skýr forgangsröðun hvað varðar öryggi fólks. „Þar sem slökkviliðsstjóri hefur skýrar skyldur til þess að gæta almannaheilla er það óþolandi staða að geta ekki tryggt öryggi íbúa gagnvart slökum og oft óviðunandi eldvörnum nema þá með því að brjóta jafnræðis- og meðalhófsreglu og fara fram með offorsi,“ segir í minnisblaði slökkviliðsstjórans, sem fékk heimild stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til að leggja tillögur sínar til úrbóta fyrir starfshóp félagsmálaráðherra.

Tillögur Jóns Viðars gera ráð fyrir því að slökkviliðsstjóri geti krafist úrbóta á eldvörnum þrátt fyrir að starfsemin í húsinu sé ekki í samræmi við skipulag. Einnig verði skýrt í lögum að slíkar kröfur skapi húseigandanum engan rétt til óleyfilegrar starfsemi í húsinu.

„Við leggjum til að slökkviliðsstjóri fái úrræði sem hefur það eitt takmark að koma öryggi þeirra sem vistast í slíku húsnæði í lag án þess að vera að samþykkja neitt varðandi skipulagsskilmála,“ segir Jón Viðar.

**gar@frettabladid.is**



**HVÍTHÁKARL** Einn deyr að meðaltali á ári eftir að hafa orðið fyrir hákarlaárás við Ástralíu. NORDICPHOTOS/AFP

Bjargaði sér með augnpoti:

# Var gleyptur til hálfs af hákarli

**ÁSTRALÍA** Áströlskum kafara tókst með snarræði að bjarga sér eftir að vera kominn hálfur ofan í hákarlskjaft með því að pota í augað á hákarlinum, sem við það spýtti honum út úr sér, að því er kemur fram á vef BBC.

Kafarinn var að safna sæsniglum þegar hákarlinn réðst á hann og gleypti hann til hálfs. Sérfræðingar telja líkur á að hákarlinn hafi haldið að kafarinn væri selur. Hákarlaárásir á menn eru ekki óalgengar við strendur Ástralíu, í kringum fimmtán á ári, sem er með því mesta í heiminum. **- sdg**

**GARÐUR**

## Mótmæla skattahækkun

Nokkrir fiskverkendur í Garði mótmæla hækkun sveitarstjórnarinnar á fasteignaskatt á fyrirtæki úr 1,2 prósent í 1,5 prósent af fasteignamati. Bæjarráðið segir frárennslismál bæjarins í ólestri og lagfæringu á þeim fjárfreka. Fasteignaskattar af atvinnuhúsnæði í Garðinum séu enn þeir lægstu á Suðurnesjum.


Innköllun skuldabréfa Kaupþings banka hf., 1. flokkur 2000

Með vísan til ákvæða 1. skuldabréfaflokks Kaupþings banka hf. árið 2000 (KAUP 00 1; ISIN IS0000004885), mun útgefandi nýta sér rétt sinn skv. skilmálum bréfanna til að innkalla öll skuldabréf í umræddum flokki. Innköllunin tekur gildi þann 28. apríl 2007. Skuldin verður greidd í samræmi við skilamála bréfanna. Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Kaupþingi banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 6000. Vísað er að öðru leyti til skilmála bréfanna.

KAUPÞING


Herskáir þjóðernissinnar í Tyrklandi ekki af baki dottnir:

# Nóbelsverðlaunahafa hótað

**ISTANBÚL, AP** Einn þeirra sem grunaðir eru um að hafa hvatt til morðsins á tyrknesk-armenska blaðamanninum Hrant Dink hefur nú hótað Nóbelsverðlaunahafanum Orhan Pamuk.

„Orhan Pamuk, vertu klár, vertu klár!“ hrópaði Yasin Hayal þegar hann var færður til dómshúss í Istanbúl í gær. Hayal hefur viðurkennt að hafa hvatt til morðsins á Hrant Dink í síðustu viku. Einnig hefur hann viðurkennt að hafa útvegað meintum morðingja bæði byssu og peninga.

Sá sem grunaður er um morðið er atvinnulaus unglingur, Ogun Samast að nafni, sem hefur þegar játað á sig morðið. Samast sagði að Hayal hefði sagt sér að Dink væri föðurlandssvikari og þjóðníðingur. Hayal hafi fengið sér bæði peninga og mynd af Dink, sem hann hafi borið á sér mánuðum saman.

Hrant Dink var tyrkneskur ríkisborgari af armenskum uppruna og hafði nokkrum sinnum verið ákærður fyrir „þjóðníð“ í Tyrklandi vegna þess að hann hafði opinskátt kallað fjöldamorð á Armenum snemma á 20. öldinni þjóðarmorð.

Orhan Pamuk, sem hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum á síðasta ári, hefur einnig rætt opinskátt um þjóðarmorðið á Armenum. Hann hefur eins og Dink bæði verið ákærður fyrir „þjóðníð“ og fengið morðhótanir.

Saksóknari í Tyrklandi tilkynnti í gær að fimm manns, þar á meðal Samast og Hayal, hefðu verið ákærðir fyrir morðið á Dink. **- gb**



**HVATTI TIL MORÐS** Yasin Hayal hótaði fleiri morðum þegar hann var leiddur í réttarsalinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KOMINN AFTUR!

SSANGYONG

# KYRON

## FULLVAXINN LÚXUSJEPPI

## Á FRÁBÆRU VERÐI!




KYRON X-TRANSITION




TURBO DIESEL INTERCOOLER

141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskiptur



Glæsileg, þægileg innrétting



Byggður á grind og með hátt og lágt drif

## SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.

**Komdu, skoðaðu og prófaðu KYRON,
því stuttur reynsluakstur segir
meira en mörg orð.**




**Umboðsaðilar:**

**Bílasalan ÓS,** Akureyri - s 462 1430
**Bílhorni hjá Sissa,** Keflavík - s 420 3300
**Bílasala Austurlands,** Egilsstaðir - s 471 3005

Bílabúð Benna

**Tangarhöfða 8-12**

s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is

15% handbolta-afsláttur til 5. febrúar

Fataskápar fyrir fötin þín, tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.

**Opið laugardag**

INNVAL Rýmingarsala

www.innval.is

Hamraborg 1 Kópavogi s: 554 4011



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Rætt um ylströnd í Vogum:

# Heitt vatn í Paradísarvog

**STJÓRNMÁL** Kolbeinn Hreinsson, sem situr í atvinnumálanefnd sveitarfélagsins Voga, segir ekkert vera því til fyrirstöðu að dæla heitu vatni út í litla vík undir Stapanum og búa þar til útivistarparadís sem heitið gæti Paradísarvogur.

Hugmynd Kolbeins var sett fram á síðasta fundi atvinnumálanefndarinnar. Sagði Kolbeinn að við Stapa væri hægt að koma upp hernaðarminjasafni þar sem hersjúkrahúsið var áður.

Á fundinum ræddi Jón Elíasson um að fá Vegagerðina til að malbika gamla þjóðveginnn um Vatnsleysuströnd frá Vogum yfir í Njarðvík og að nefna veginn Útsýnisveg. Einnig vill Jón að svæðið undir Vogastapa verði merkt á aðalskipulagi sem tjaldstæði og útivistarsvæði með ferðatengdri starfsemi. - gar



**VOGAR** Margar hugmyndir um atvinnumál eru í Vogum.



**MOSHE KATSAV** Forseti Ísraels kemur ásamt eiginkonu sinni frá heimili dóttur þeirra, nokkru áður en hann ávarpaði þingið og bauðst til að víkja tímabundið úr embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sífellt fleiri vilja afsögn

## Forseti Ísraels bauðst í gær til að víkja tímabundið úr embætti meðan dómstólar fjalla um ákærumálin.

**JERÚSALEM, AP** Moshe Katsav, forseti Ísraels, baðst í gær lausnar frá embætti um stundarsakir. Sífellt fleiri krefjast þess þó að hann segi einfaldlega af sér vegna ásakana fjögurra kvenna um að hann hafi áreitt þær kynferðislega og misnotað völd sín.

Á þriðjudaginn tilkynnti Meni Mazuz, aðalsaksóknari Ísraels, forsetanum það á þriðjudag að hann yrði ákærður fyrir nauðganir og fyrir að misnota völd sín. Ákæra verður þó ekki lögð fram fyrr en forsetinn hefur fengið tækifæri til að svara ásökunum á hendur sér. Hann hefur jafnan neitað sekt og sagt kærurnar lið í pólitísku samsæri gegn sér.

Katsav sagðist í gær ófær um að gegna embætti meðan mál hans væri fyrir dómstólum og bað þingið um að veita sér tímabundna lausn úr embætti, allt upp í þrjá mánuði. Fjórar konur sem allar hafa starfað hjá Katsav, ýmist eftir að hann varð forseti eða áður, þegar hann gegndi veigalitlu ráðherraembætti, hafa kært hann fyrir nauðganir og kynferðislega áreitni.

Tzipi Livni, utanríkis- og dómsmálaráðherra, bættist í gær í hóp þeirra sem krefjast þess að Katsav segi af sér. Í gær höfðu þrjátíu þingmenn undirritað beiðni til þingnefndar um að kanna hvort rétt væri að kæra hann til embættismissis, en alls þurfa 90 þingmenn að krefjast afsagnar forseta til þess að honum verði vikið úr embættinu.

Livni sagði að vissulega teldist Katsav saklaus þangað til sekt sannaðist, en bætti við að „hann ætti ekki að berjast fyrir því að sanna sakleysi sitt frá forsetaskrifstofunni“.

Ákærur kvennanna urðu fyrst heyrinkunnar síðastliðið sumar og Katsav hefur lítið komið fram opinberlega síðan. - gb

Maður handtekinn vegna stórfellds sterainnflutnings:

# Fundu 13.000 töflur

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn á mánudag þegar hann sótti póstsendingu, stílaða á verslun í hans eigu, sem innihélt rúmlega 13.000 steratöflur. Tollverðir í Reykjavík fundu töflurnar við reglubundið eftirlit síðastliðinn föstudag. Verslun mannsins er á Suðurnesjum og því var lögregluembættinu þar falin umsjón með málinu.



**STERATÖFLUR** Tollverðir fundu töflurnar á föstudag. Maðurinn var síðan handtekinn á mánudaginn þegar hann ætlaði að sækja póstsendinguna.

Að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum, var ákveðið að bíða með að handtaka manninn þar til eftir að maðurinn næði í sendinguna, en töflurnar komu með pósti frá Taílandi.

Eyjólfur segir að talið sé nokkuð víst að maðurinn hafi staðið einn að innflutningnum. Hann vildi ekki útiloka að maðurinn hefði áður flutt inn svona efni þar sem rannsókn málsins væri ekki lokið að fullu, en taldi það þó ekki líklegt. „Við erum að vinna í því að greina hvaða efni þetta eru í töflunum og styrkleika þeirra. En þetta er óvenjumikið magn. Ég man ekki eftir svona stóru steramáli í fljótu bragði. Það eru því líkur á því að þetta hafi verið ætlað til dreifingar.“

Til samanburðar lagði tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hald á eina sendingu af sterum allt árið í fyrra og var þar um 700 töflur að ræða. - þsj


120 1886 2006

# Bestu skuldabréfasjóðirnir

Skuldabréfasjóðir okkar voru með bestu ávöxtun ársins 2006 í öllum skuldabréfaflokkum samkvæmt hlutlausum samanburði sjodir.is. Einnig hefur Landsbankinn átt bestu skuldabréfasjóðina 3 ár í röð. Frábær árangur sjóðanna grundvallast á reynslu og færni sjóðsstjóra okkar ásamt öflugu greiningarneti.

| Besti stutti skuldabréfasjóðurinn 2006* | |
|---|---|
| Reiðubréf | 8,9% |

| Besti meðallangi skuldabréfasjóðurinn 2006* | |
|---|---|
| Markaðsbréf 2 | 11,3% |

| Besti langi skuldabréfasjóðurinn 2006* | |
|---|---|
| Markaðsbréf 4 | 9,2% |

Besti skuldabréfasjóðurinn síðustu 3 ár*

| 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Markaðsbréf 2 | Fyrirtækjabréf | Markaðsbréf 4 |
| 11,3% | 9,3% | 17,1% |

Reiðubréf, Markaðsbréf 2 og Markaðsbréf 4 eru verðbréfasjóðir og Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Samkvæmt hlutlausum samanburði sjodir.is. Nafnávöxtun á ársgrundvelli.

GOTT FÓLK McCANN

Ert þú örugglega að fá bestu ávöxtunina?

Hafðu samband í síma 410 4040 eða kynntu þér sjóði okkar nánar á landsbanki.is

Landsbankinn




# Aðeins hágæða flotefni frá Múrbúðinni

## Flotefnin frá Maxit eru lang mest seldu flotefnin á Íslandi síðastliðin 12 ár




**FineFlow 4150**
(ABS 147)
Alhliða flotefni.
Þykktarsvið: 5-30 mm




**FiberFlow 4310**
(ABS 317)
Trefjastyrkt flotefni, frábært í viðgerðir yfir gömul gólf, yfir trégólf, gólfhitalagnir ofl.
Þykktarsvið: 5-50 mm




**BaseFlowRapid 4360**
(ABS 320)
Undirflot ætlað í mjög miklar þykktir, allt að 100 mm.




**FineFlowRapid 4160**
(ABS 154)
Öruggt hraðþornandi flotefni. Hentugt undir parket og flísar.
Þykktarsvið 3-30 mm




**ABS 430**
Frábært frostþolið útiflot með mikla yfirborðshörku, á svalirnar, bílageymsluna, bílastæðin o.s.fr.




**Niboplan 300**
Nýjasta viðbótin í flotseríu Múrbúðarinnar. Þunnflot fyrir dúk og parket sem þornar á 12-24 klst.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM




**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
*Akureyri og Húsavík*



**EIGI MÁ SKÖPUM RENNA** Drengur í Jakarta í Indónesíu starir forvitinn á hana sem stendur grafkyrr óafvitandi um yfirvofandi örlög sín, en fyrir 1. febrúar á að slátra öllu fiðurfé í bakgörðum borgarinnar í baráttunni við fuglaflensu. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr framkvæmdastjóri SÞ heimsækir höfuðstöðvar ESB og NATO:

# Vill átak gegn dauðarefsingum

**BRUSSEL, AP** Ban Ki-moon, sem í desember tók við af Kofi Annan sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lýsti í gær stuðningi við tillögu Ítala um að efna til heimsátaks gegn dauðarefsingum.

Ban lét þessi orð falla í fyrstu heimsókn sinni í höfuðstöðvar Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Hann skoraði á alþjóðasamfélagið að „virða og hlíta öllum … alþjóðlegum mannréttindalögum,“ einkum og sér í lagi að stöðva beitingu dauðarefsinga.

„Mannhelgi hvers manns ber að virða og vernda,“ sagði hann á blaðamannafundi eftir viðræður við fulltrúa ESB.

Fastlega er reiknað með að hin 26 ESB-ríkin muni fylkja sér að baki ítölsku tillögunni að heimsátaki gegn dauðarefsingum og að hún verði rædd á vettvangi SÞ næstu mánuði. Búast má við því að ráðamenn í Bandaríkjunum og Kína muni setja sig upp á móti tillögunni en í báðum þessum löndum er fjöldi dauðadæmdra fanga líflátinn á ári hverju. - aa



**BAN Í BRUSSEL** Ban Ki-moon og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, á blaðamannafundi í Brussel í gær. MYND/AP

Keyrði undir áhrifum:

# Ók um á kannabis og kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður sem handtekinn var á Akranesi um helgina er talinn hafa ekið undir áhrifum kannabisefna og kókaíns. Tæp tvö grömm af hassi fundust í bílnum þegar maðurinn var handtekinn.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglu.

Við yfirheyrslu sagði maðurinn að efnið sem fannst í bílnum hefði verið til einkaneyslu.

Blóðsýni voru tekin úr honum til frekari rannsóknar, en prófanir lögreglu benda til þess að maðurinn hafi verið á kannabisefnum og kókaíni þegar hann keyrði bílinn. - sþs

Í minningu Friðriks Ásgeirs:

# Afhentu veglega bókagjöf

**FÓLK** Fimmtán ára útskriftarárgangur Menntaskólans við Sund afhenti veglega bókagjöf þegar skólinn var settur síðastliðið haust.



**FRIÐRIK ÁSGEIR HERMANNSSON**

Bókagjöfin var til minningar um bekkjarbróður þeirra, Friðrik Ásgeir Hermannsson, sem lést í september árið 2005.

Við val á gjöf var litið til áhugasviðs Friðriks; hún var valin í anda hans.

Móðir og fjölskylda Friðriks vilja koma á framfæri kærum þökkum fyrir þá virðingu og hlýju sem skólafélagar Friðriks sýna látnum vini með gjöfinni. - ifv

Biðlistar eftir félagslegu húsnæði hafa lítið styst þó að hundrað íbúðir hafi bæst í eignasafn Félagsbústaða:

# Bið eftir félagslegri íbúð styttist lítið

**HÚSNÆÐISMÁL** Biðlistar eftir félagslegu húsnæði á vegum Félagsbústaða hafa lítið styst frá árinu 2005 þó að hundrað íbúðir hafi bæst í eignasafn Félagsbústaða í fyrra og teknar hafi verið upp sérstakar húsaleigubætur árið 2004. Tekjulitlir ráða illa við húsaleigu á almennum markaði.

Leiga á almennum markaði hefur hækkað verulega undanfarið og því er ekki auðvelt fyrir fólk með lágar tekjur að standa undir því, að mati Sigurðar Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Félagsbústaða. Hann segir að ekki auðveldi það tekjulitlu fólki að borga þrjá til fimm mánuði í leigu fyrirfram.

Í janúar 2005 voru 772 menn á biðlista eftir félagslegu húsnæði á vegum Félagsbústaða. Í janúar í fyrra var biðlistinn kominn niður í 643 en í janúar í ár voru aftur 730 á biðlista þó að þjónustumiðstöðvar borgarinnar hafi byrjað að veita sérstakar húsaleigubætur árið 2004 og veita styrki til að fólk kæmist í leiguíbúð.



**UM 730 Á BIÐLISTA** Biðlistar eftir félagslegu húsnæði hafa lítið styst síðustu árin þó að hundrað íbúðir hafi bæst við hjá Félagsbústöðum í fyrra og sérstakar húsaleigubætur hafi verið teknar upp árið 2004. Enn eru um 730 á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Húsið á myndinni tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Hjá Leigulistanum má sjá að leigan á tíu fermetra herbergi getur numið allt frá fimmtán þúsund krónum fyrir herbergi í Hafnarfirði upp í fjörutíu þúsund krónur í 101 Reykjavík. Leigan á þriggja herbergja íbúð kostar frá hundrað upp í 135 þúsund krónur. Leiga á fjögurra herbergja íbúð í nýju hverfi í Hafnarfirði kostar um 140 þúsund krónur og fimm herbergja íbúð í 108 Reykjavík kostar 150 þúsund krónur. Þetta eru raunveruleg dæmi sem gefa þó ekki tæmandi mynd.

„Fólk talar um að það sé mjög dýrt að leigja og að leiga fari hækkandi auk þess sem það sé erfitt að fá íbúðir á markaðnum,“ segir Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, og telur ástandið erfitt, ekki sé mikið af íbúðum í boði sem geri það að verkum að markaðsverðið hækki. Hún bendir á að fólk geti verið áfram á biðlista hjá Félagsbústöðum þótt það þiggi sérstakar húsaleigubætur.

Sigurður kannast við að leiga á almennum markaði hafi hækkað verulega og segir illgerlegt fyrir fólk með lágar tekjur að standa undir leigu. Hann segir að Félagsbústaðir kaupi hundrað íbúðir í ár og sama verði gert næstu árin. Félagsbústaðir eigi nú tæplega 1.700 íbúðir fyrir utan þjónustuíbúðir aldraðra. ghs@frettabladid.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8102

EÐALBÍLAR

13.990 kr.

afborgun á mánuði fyrir hverja milljón *

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Benz með allt að 90% láni á afar hagstæðum kjörum. Í boði eru jafnlöng lán og á nýjum bílum, sem lækkar greiðslubyrðina til muna. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.




* M.v. 10% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða.

Opið kl. 10–18 á Laugavegi 174

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Ólafur Ragnar Grímsson á Indlandi:

# Forseti fundaði með Indlandsforseta

**STJÓRNMÁL** Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, átti í gær og fyrradag fundi með forseta Indlands, dr. A.P.J. Kalam, og Soniu Gandhi, leiðtoga Kongress-flokksins.

Á báðum fundunum sögðu Kalam og Gandhi að það væri ríkur vilji þeirra að efla og styrkja tengslin við Ísland og efna til samvinnu á mörgum sviðum, svo sem í orkumálum, vísindum, tækni og viðskiptum.

Forseti Íslands þakkaði forseta Indlands fyrir þann ríka og einlæga áhuga sem hann sýndi samstarfi Íslendinga og Indverja. Sonia Gandhi þakkaði Ólafi Ragnari fyrir vináttu hans við Indland. - ifv



**ÓLAFUR RAGNAR OG A.P.J. KALAM** Forseti Íslands fundaði í gær með forseta Indlands, dr. A.P.J. Kalam.



**DICK CHENEY, GEORGE W. BUSH OG NANCY PELOSI** Bush Bandaríkjaforseti flutti næstsíðustu stefnuræðu sína á þriðjudagskvöldið. Að baki honum sátu þau Dick Cheney varaforseti og Nancy Pelosi þingforseti fulltrúadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stefnuræðan hlýtur blendnar viðtökur

**Bush tókst ekki að sannfæra andstæðinga sína um nauðsyn þess að senda fleiri hermenn til Íraks. Yfirlýsingar hans um orkumál og andrúmsloftið hlutu mun betri viðtökur, bæði heima fyrir og erlendis.**

**WASHINGTON, AP** Stefnuræða George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær hlaut blendnar viðtökur. Það sem hann sagði um nauðsyn þess að draga verulega úr notkun á olíu og bensíni hlaut þó mun betri viðtökur heldur en áform hans um að fjölga í bandaríska herliðinu í Írak. Það á bæði við meðal þingmanna á Bandaríkjaþingi og hjá stjórnmálamönnum víða um heim.

„Hugmyndin um loftslagsbreytingar er loksins komin á varir hans,“ sagði Barack Obama, ein helsta stjarna Demókrataflokksins og einn þeirra sem ætla að bjóða sig fram í forsetakosningunum árið 2008. „Það var löngu orðið tímabært,“ bætti hann við.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagðist hafa fyllst bjartsýni á þróun umhverfismála eftir að hafa hlýtt á Bush flytja ræðuna, en ýmsir sögðu Bush þó engan veginn hafa talað nægilega skýrt. „Þetta hefði getað verið enn betra ef hann nefnt hvað bandarísk heimili og fyrirtæki þurfa að gera,“ sagði til dæmis Connie Hedegaard, umhverfisráðherra Danmerkur.

Íraksáformin mættu hins vegar sterkri andstöðu, einkum frá demókrötum á Bandaríkjaþingi, sem vinna að því að fá þingið til að samþykkja ályktun gegn því að fjölga hermönnum í Írak. Jafnvel repúblikaninn Chuck Hagel, sem hefur lýst stuðningi sínum við þessa ályktun, sagði í gær: „Við verðum öll að vita hvað við erum að gera áður en við sendum 22 þúsund Bandaríkjamenn í viðbót í þessa kvörn.“

Í stefnuræðunni hvatti Bush þingmenn til þess að gefa Íraksáformum sínum tækifæri áður en þeir hafni þeim. Í staðinn bauð hann demókrötum samvinnu í innanlandsmálum. Með ræðunni tókst honum þó ekki að sannfæra demókrata um Íraksmálið en þeir vildu meira tala um það heldur en hitt sem þeim fannst jákvætt í ræðunni.

„Þótt forsetinn haldi áfram að horfa framhjá vilja þjóðarinnar munum við ekki horfa framhjá misheppnaðri stefnu þessa forseta,“ sögðu demókratarnir Nancy Pelosi, þingforseti fulltrúadeildarinnar, og Harry Reid, sem er leiðtogi demókrata í öldungadeildinni, í sameiginlegri yfirlýsingu sinni. gudsteinn@frettabladid.is

Fárviðri olli skemmdum á mannvirkjum á Vestfjörðum:

# Skemma fauk í Kollafirði

**HAMFARIR** Björgunarsveitin Dagrenning á Hólmavík var kölluð út um klukkan fjögur í gærdag vegna þakplatna sem voru að losna af skemmu við bæinn Fell í Kollafirði. Bálhvasst var á svæðinu og þegar björgunarsveitarmenn komu á staðinn var þakið fokið af skemmunni og hafði lent um 150 metra frá byggingunni. Skemman sjálf sprakk síðar í veðurofsanum.

Björgunarsveitarmenn komu í veg fyrir fok með aðstoð bænda, auk þess sem þeir rifu niður veggi sem eftir stóðu. Á Felli í Kollavík er ekki búskapur en þar er rekið heimili fyrir fatlaða einstaklinga. Þeir voru að heiman. - shá


# Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.



## Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!

## Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka



SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti

# Áttu bókaorm?



# Skpiulag



**4.950,-**

**BILLY** bókaskápur 80x202 cm

## ALLT Á SINN STAÐ

Dagana 25. janúar til 4. mars

IKEA®

Opið kl. 10.00 - 20.00 virka daga | Laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | Sunnudaga kl. 12.00 - 18.00 | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007



**Í HITA LEIKSINS** Króatíski tennisleikarinn Mario Ancic horfir angistarfullur á eftir tennisspaðanum sem flaug úr höndum hans í miðjum leik. NORDICPHOTOS/AFP

Greenpeace fullyrðir að hvalkjöt sé óseljanlegt í Japan og birgðir safnist upp:

# 4000 tonn af hvalkjöti óseld

**HVALVEIÐAR** Náttúruverndarsamtökin Greenpeace fullyrða að hvalkjöt seljist ekki í Japan og dæmi séu um að það sé selt sem hundamatur. Birgðir af hvalkjöti hafa aukist um tvö þúsund tonn frá árinu 2004, samkvæmt tölum sem Greenpeace hefur aflað sér frá japönskum stjórnvöldum.

Frode Pleym, talsmaður Greenpeace, segir að birgðasöfnunin sanni að öll rök fyrir hvalveiðum Íslendinga séu brostin. Markaðurinn sé mjög takmarkaður og kjötið sé selt í skólamötuneyti og einnig í hundamat. Hann telur engin rök fyrir því að halda hvalveiðum áfram og sala hvalaafurða skili því einungis smáaurum miðað við tapið af því að hefja hvalveiðar. Samtökin benda á mótmæli hvalaskoðunarfyrirtækja og mögulegan skaða sem hvalveiðar geta valdið slíkri ferðaþjónustu.



**HVALSKURÐUR** Greenpeace segja hvalkjöt óseljanlegt í Japan nema í hundamat. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Gunnarsson, formaður Sjávarnytja, segir það þvætting að hvalkjöt sé óseljanlegt og fari í hundakjöt. „Við höfum skoðað markað fyrir hvalkjöt í Japan mjög vel og þessi vara selst þar á háu verði.“ Jón bendir á að tvær vertíðir séu í hvalveiðum í Japan og þá séu veiðar stundaðar af stórum verksmiðjuskipum sem séu lengi á sjó. „Það er mikið til af kjöti og á þeim stutta tíma er kílóverð afar hátt, svipað og á túnfiski. Ekkert bendir til annars en að auðvelt verði að selja hvalkjöt héðan.“ - shá

Mannfjöldaþróun í Kína:

# Ekki hvikað frá einbirnisstefnu

**KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld segjast ekki munu hvika frá hinni svonefndu einbirnisstefnu, þrátt fyrir að ráðherra fjölskyldumála viðurkenndi að stefnan ætti að hluta sök á þeirri óheillaþróun að mun fleiri sveinbörn fæðast í landinu en stúlkur.**

**Ráðherrann, Zhang Weiqing, sagði að fjölmennir árgangar væru nú komnir á barneignaraldur og því gæti stefnt í mannfjölgunarsprengingu ef slakað yrði á barneignatakmörkunum. Í aldarfjórðung hafa borgarbúar í Kína ekki mátt eignast fleiri en eitt barn og sveitafólk ekki fleiri en tvö.** - aa

Bæjarstjórinn í Kópavogi:

# Löng ræða um Glaðheimamál

**STJÓRNMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, hyggst fara ítarlega yfir Glaðheimamálið svokallaða á næsta bæjarstjórnarfundi. Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórninni, hefur sakað fulltrúa meirihlutans um að hafa brotið stjórnsýslulög með því að hafa leynt gögnum sem bárust til bæjarins frá bæjaryfirvöldum í Garðabæ og vörðuðu meintar alvarlegar afleiðingar áætlaðrar uppbyggingar í Glaðheimum á umferðarmál.

Á bæjarstjórnarfundi í fyrrakvöld sagði Gunnar bæjarstjóri Guðríði „forherta“ í að „halla réttu máli“ um Glaðheima og boðaði langa ræðu um efnið á næsta bæjarstjórnarfundi, sem halda á 6. febrúar. - gar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir andsnúin virkjunum í Skagafirði:

# Vill ekki virkja

**VIRKJANAMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að Samfylkingin hafi tekið þá skýru afstöðu að virkja ekki jökulárnar í Skagafirði. Þetta kom fram á opnum stjórnmálafundi á Kaffi Króki á Sauðárkróki á þriðjudagskvöld sem fréttavefurinn Skagafjordur.com greinir frá.

Ingibjörg lét í ljós þá skoðun sína á fundinum að ekki væri ráðlegt að fara í meiri stóriðjuframkvæmdir á næstu árum og að hagkerfið þyrfti tækifæri til þess að kæla sig niður eftir þenslu síðustu ára. Ingibjörg varaði Skagfirðinga við því að setja virkjun inn á aðalskipulag. „Samfylkingin hefur tekið afstöðu til þess að ekki verði ráðist í það að virkja jökulárnar í Skagafirði. Það á ekki að virkja hér til þess eins að selja orkuna áfram yfir á stóriðjusvæði. Komi til sértækra úrræða sem kalli á aukna raforku heima í héraði má alltaf taka málið upp að nýju. Sé hins vegar virkjun sett inn á skipulag er ekki ómögulegt að snúa til baka“, sagði Ingibjörg Sólrún.

Tillaga skipulags- og byggingarnefndar Skagafjarðar, um að virkjunarsvæði í jökulám Skagafjarðar væri tilgreint í aðalskipulagi, var samþykkt af fulltrúum Samfylkingar í sveitarstjórn haustið 2006. Þeir segja afstöðu Ingibjargar Sólrúnar ekki koma á óvart, enda sé hún í samræmi við stefnu flokksins. Samfylkingarfólk hafi ekki viljað útiloka virkjun ánna en ekki sé sértaklega sóst eftir því. - shá



**VIKURSTRÓKAR VIÐ HEKLU** Guðmundur Halldórsson, verkefnisstjóri Hekluskóga, segir gróðureyðinguna ógna öllu vistkerfi í nágrenni Heklu. Eyðimörk sé að myndast.

# Eyðimörk umhverfis Heklu

**Tífalda þarf það fjármagn sem nú er veitt í Hekluskóga. Verkefnið er sagt afar brýnt til að binda jarðvegsfok við Heklu, sem ógnar lífríkinu á svæðinu.**

**LANDGRÆÐSLA** „Til þess að þetta gangi þyrfti upphæðin að vera tífalt hærri, en við erum ekki tilbúnir að gefast upp fyrr en í fulla hnefana,“ segir Guðmundur Halldórsson, formaður Hekluskóga, sem stofnaðir voru með því markmiði að draga úr gríðarlegri jarðvegseyðingu sem orðið hefur í nágrenni Heklu. Verkefnið hefur staðið yfir í tvö ár og segir Guðmundur að ríkið hafi styrkt það um fjórtán milljónir á ári. Það sé þó engan veginn næg upphæð. Hann segir svæðið við Heklu sérlega viðkvæmt, uppblástur sé mikill og vikurstrókar sem þar myndist í hvassviðri geti valdið miklum skaða. Eftir að skógur hvarf af svæðinu fyrir tæpum tveimur öldum hefur uppblástur verið mikill og er nú eyðimörk að myndast á svæðinu og segir Guðmundur þetta ógna öllu vistkerfi svæðisins. Ef gjóskufall verði úr Heklu séu birki- og víðiskógar það sem helst verndi landið fyrir frekari skaða en hann segir þegar orðinn. Því telur hann afar brýnt að landgræðslunni við Heklu verði haldið áfram.

Til þess að svo megi verða hefur Guðmundur farið af stað með nýstárlega hugmynd. Hann segir að vonir standi til að fyrirtæki geti komið að landgræðslunni með styrkjum. Útbúnir yrðu trjálundir, merktir fyrirtækinu, sem þau gætu svo nýtt sér og hlúð að. Trjálundirnir gætu svo sáð sér og grætt sár landsins með tímanum.

„Við viljum endurheimta gamla birkiskóginn sem þarna var, farið hefur verið í svipuð verkefni annars staðar í heiminum en Hekluskógar eru langstærsta verkefni sinnar tegundar í Evrópu. Upphæðin frá ríkinu dugir því fyrir fáu öðru en stofnkostnaði,“ segir Guðmundur.

> Hekluskógar eru langstærsta verkefni sinnar tegundar í Evrópu. Upphæðin frá ríkinu dugir því fyrir fáu öðru en stofnkostnaði.
>
> GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON, FORMAÐUR HEKLUSKÓGA

Eysteinn Jónsson, aðstoðarmaður Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra, segir að vilji sé fyrir því að styrkja verkefnið enn frekar hjá ráðuneytinu og unnið sé að því.

Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri ríkisins, segir mjög brýnt að hefta gróðureyðinguna. „Ég held að allir séu sammála sem þekkja til hve brýnt það er að halda þessu starfi áfram en til þess að svo megi verða er ljóst að mun hærri upphæð þarf að veita í verkefnið,“ segir Sveinn.

karen@frettabladid.is


Skrifstofuvörur
á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka


148 kr.
Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.


898 kr. pk.
Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir
og grænir, 12 stk í pk.


1.240 kr. ks.
Mopak ljósritunarpappír,
5x500 blöð í ks.


Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Við minnum ríkisstofnanir og sveitarfélög á eftirtalda rammasamninga:
RK 02.15: Ritföng og skrifstofuvörur. RK 02.01: Ljósritunarpappír.

TUNGLIÐ RV6222B

Allt að 70% afsláttur
Úrval ljósa á frábæru verði!
ÚTSALA
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16
zetor



# BLÁA BOMBAN

NÝTT KORTA-TÍMABIL

# 20% VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru. Reiknast af við kassann.

| Upprunalegt verð: | 50% afsláttur af allri útsöluvöru: | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | **396** kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | **796** kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | **1.196** kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | **1.996** kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | **2.796** kr. |

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 35748 01/07



**Í SKUGGA VOPNAVALDS** Hermaður fylgist með tveimur íröskum konum ganga framhjá varðstöð í hverfi sjía í hinni stríðshrjáðu Bagdad.
NORDICPHOTOS/AFP

Sextán hjúkrunarfræðingar greindir með krabbamein á norsku sjúkrahúsi:

# Veiktust vegna geislunar

**NOREGUR** Átta hjúkrunarfræðingar á hjartadeild háskólasjúkrahússins í Haukeland í Noregi hafa verið greindir með krabbamein. Ástæðan er talin vera geislun á vinnustað. Haukeland-sjúkrahúsið er það stærsta og fullkomnasta í Noregi. Að mati sérfræðinga í vinnutengdum sjúkdómum við Háskólann í Björgvin bendir allt til að ófullnægjandi umgengni um geislun hafi haft þessar afleiðingar í för með sér fyrir starfsfólkið.

Stjórnendur deildarinnar hafa alls skráð sextán tilfelli krabbameina meðal starfsfólksins. Í skýrslu er því slegið föstu að fyrir átta þessara starfsmanna séu mestar líkur á að vinnuumhverfið á deildinni sé orsök sjúkdómsins. Þrír þeirra eru þegar látnir.

Hjúkrunarfræðingarnir sem greinst hafa með krabbamein unnu við röntgenrannsóknir á Haukeland-sjúkrahúsinu á tímabilinu 1980 til 1995. Tækjabúnaður sjúkrahússins hefur síðan verið endurnýjaður.

Bente Slaatten, formaður Félags norskra hjúkrunarfræðinga, segir ábyrgð stjórnenda spítalans mikla og hjúkrunarfræðingar spyrja hvort tæki á norskum sjúkrastofnunum séu fullnægjandi. Einnig er gagnrýnt að þrjú ár liðu frá því að grunur vaknaði fyrst á tengslum krabbameins við geislameðferð sjúkrahússins og þar til skýrsla um málið var birt. - shá



**FRÁ LANDSPÍTALA** Tækjabúnaður sjúkrahúss í Noregi olli því að hjúkrunarfræðingar fengu krabbamein.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mannlegur þjófur í Kína:

# Iðraðist eftir 21 SMS-skilaboð

**KÍNA Kínverskur þjófur skilaði farsíma og þúsundum yuan sem hann hafði stolið frá konu, eftir að hún sendi honum 21 hjartnæmt SMS-smáskilaboð þar sem hún taldi hann á að skila þýfinu. Þetta kemur fram á fréttavef Reuters.**

**Konan, sem er kennari, ætlaði fyrst að tilkynna þjófnaðinn til lögreglu en ákvað í staðinn að senda þjófnum skilaboð. „Þú hlýtur að eiga erfitt, ég áfellist þig ekki," var meðal þess sem konan, Pan Aying, skrifaði manninum. „Fyrirgefðu mér, ég gerði mistök. Ég mun bæta mig," stóð í bréfi sem hún fann ásamt hlutunum sem stolið var. - sþs**

Fjáröflunarrannsókn:

# Þingforseti var yfirheyrður

**LONDON, AP Jack McConnell, forseti skoska þingsins, var yfirheyrður af lögreglu í tengslum við rannsókn á fjáröflunarmálum breska Verkamannaflokksins vegna gruns um að auðkýfingar hafi hlotið lávarðartign, og þar með sæti í lávarðadeild breska þingsins, í skiptum fyrir fjárstuðning við flokkinn.**

**Fjórir menn hafa verið handteknir í tengslum við rannsóknina, nú í síðustu viku einn af nánustu aðstoðarmönnum Tony Blairs forsætisráðherra. Allir hafa þeir þó verið látnir lausir meðan rannsókn stendur yfir og enginn hefur verið ákærður. - gb**



TONY BLAIR

Kaupverð Íslandspósts á Samskiptum trúnaðarmál:

# Hindra samkeppni á prentmarkaði

**ALÞINGI** Kaup Íslandspósts hf. á Samskiptum ehf. voru til þess fallin að hindra eðlilega samkeppni á prentmarkaði, sagði Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær.

Guðjón Ólafur Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði samgönguráðherra um kaupin, en Íslandspóstur er að fullu í eigu ríkisins.

Fyrirspurn Guðjóns var í þremur liðum; spurt var um tilganginn með kaupunum, kaupverðið og greiðslufyrirkomulag og hvort ríkið hygðist auka umsvif sín á prentmarkaði.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði í svari sínu að starfsemi Samskipta væri á sviði sem póstfyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum færðu sig á í auknum mæli, en Samskipti starfa meðal annars við prentun á ýmsu efni.



STURLA BÖÐVARSSON

Með kaupunum væri Íslandspóstur að mæta kröfum viðskiptavina sinna um aukna þjónustu og hagræði í rekstri.

Sturla sagði kaupverðið trúnaðarmál, enda Íslandspóstur rekinn sem hlutafélag. Sturla sagði ríkið ekki stefna á auknar fjárfestingar á prentmarkaðinum. - bj



**LANDSPÍTALINN** Tækni í þróun lyfja og tækja í heimi læknisfræðinnar er geysihröð. Mjög kostnaðarsamt verður að fylgja þeirri þróun eftir á næstu árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stóraukið fé þarf í lyfja- og tækjakaup

**Stjórnvöld hafa ekki staðið við samninga við Landspítala um aukið fjármagn til lyfjakaupa. Hundruð dýrra líftæknilyfja á markað á næstu árum. Endurnýjun tækjabúnaðar mun kosta hundruð milljóna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn þarf á næstu árum aukið fjármagn til kaupa á nýjum lyfjum og tækjabúnaði. Tækniþróun innan læknisfræðinnar hefur fleygt svo hratt fram að á næstu árum þarf að hugsa fyrir stórauknum lyfjakostnaði og endurnýjun tækja sem þegar eru komin í notkun erlendis. Einstök lyf geta kostað allt að tólf milljónir króna við meðferð eins sjúklings á ári.

Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri Landspítalans, segir að árið 2000 hafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (HTR) ákveðið að Tryggingastofnun hætti að greiða fyrir sjúkrahúsmerkt lyf (s-merkt lyf) og fjárveiting fyrir lyfjunum flutt til LSH. Það var gert með því fororði að HTR myndi beita sér fyrir því að nauðsynlegt fjármagn fengist vegna þessa kostnaðar og þeirrar aukaumsýslu sem fyrirkomulaginu fylgdi. „Hingað til hefur ekki verið sett í þetta fjármagn umfram verðlagsbætur á milli ára. Í rauninni höfum við flutt fjármagn úr annarri starfsemi til að mæta lyfjakostnaði og því eru takmörk sett hvað hægt er að halda því lengi áfram." Jóhannes segir að spítalinn sé vel í stakk búinn til að fara með lyfjamál. „En það þarf að vera sanngirni í því hvernig spítalinn er meðhöndlaður í tilliti til fjármuna til þessa málaflokks."

„Ekki má heldur gleyma að það sama á við um tækjabúnað. Þar er tækniþróunin jafn hröð og því þurfum við einnig að svara," segir Jóhannes, sem tekur dæmi af myndgreiningartæki sem hefur verið þróað á síðustu tíu árum. „Þetta er spurning um ákvörðun um að taka þetta upp en við erum að tala um fimm hundruð milljónir króna í tækjabúnaði og sérhannaða byggingu. Þetta er þó aðeins eitt dæmi."

> En það þarf að vera sanngirni í því hvernig spítalinn er meðhöndlaður í tilliti til fjármuna til þessa málaflokks.
>
> **JÓHANNES GUNNARSSON**
> LÆKNINGAFORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Sigurður B. Þorsteinsson, formaður lyfjanefndar Landspítalans, sér fyrir sér margföldun á notkun nýrra líftæknilyfja. „Um 150 til 200 krabbameinslyf eru komin í klínískar rannsóknir og þá eru allir aðrir lyfjaflokkar ótaldir. Þau lyf sem enda á markaði munu kosta sitt. Ég fagna því að þessi umræða fari fram í þjóðfélaginu svo menn geri sér grein fyrir þeim upphæðum sem um er að ræða." Sigurður segir að sum þessara lyfja gagnist fáum sjúklingum en ekki þurfi nema sjö til tíu sjúklinga til að ná hundrað milljónum í kostnaði fyrir eitt lyf. „Það er mjög hröð þróun á lyfjum og öðru sem lýtur að lækningum og enginn vafi að það mun kosta umtalsverðar fjárhæðir að fylgja því eftir."

svavar@frettabladid.is


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborg@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- Hebafilter sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- Parketbursti úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri    Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# JANÚAR ÚTSALA

## Dagana 24. til 27. janúar

**hjá Bílalandi B&L, B&L Selfossi og umboðsmönnum um land allt.**
**Valdir bílar á alvöru útsölu. Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.**
**Enginn útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**

**Nokkur dæmi um bíla á útsölu:**

**Útsöluverð kr. 1.080 þús.**
Verð áður kr. 1.420 þús.


Renault Megane, 2003 - Ek. 74 þús. JG-369

**Útsöluverð kr. 2.380 þús.**
Verð áður kr. 2.890 þús.


Hyundai Santa Fe, 2005 - Ek. 47 þús. UI-651

**Útsöluverð kr. 680 þús.**
Verð áður kr. 930 þús.


Hyundai Getz, 2003 - Ek. 66 þús. NA-133

**Útsöluverð kr. 470 þús.**
Verð áður kr. 730 þús.


Hyundai Elantra, 2001 - Ek. 83 þús. UI-140

**Útsöluverð kr. 1.590 þús.**
Verð áður kr. 1.990 þús.


Renault Scenic, 2004 - Ek. 25 þús. PJ-285

**Útsöluverð kr. 380 þús.**
Verð áður kr. 630 þús.


Renault Laguna, 1999 - Ek. 107 þús. UL-018

**Útsöluverð kr. 1.050 þús.**
Verð áður kr. 1.390 þús.


Renault Megane II, 2003 - Ek. 71 þús. OK-601

**Útsöluverð kr. 830 þús.**
Verð áður kr. 1.190 þús.


Hyundai Sonata, 2002 - Ek. 59 þús. VX-408

**Útsöluverð kr. 570 þús.**
Verð áður kr. 890 þús.


Renault Clio, 2004 - Ek. 51 þús. VV-138

**Útsöluverð kr. 1.490 þús.**
Verð áður kr. 1.890 þús.


Hyundai Santa Fe, 2003 - Ek. 90 þús. NX-393

**Útsöluverð kr. 790 þús.**
Verð áður kr. 1.120 þús.


Renault Scenic, 2003 - Ek. 86 þús. OI-471

**Opið frá kl. 9 til 18**
**og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.**

**Reykjavík ✆ 575 1230**
**Selfoss ✆ 575 1460**

bíla land B&L
notaðir bílar

**Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 Reykjavík**
**Bílaland B&L, Hrísmýri 2a Selfossi**

**bílaland.is**

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur




UNGNAUTASTRIMLAR
TEX MEX / ÚR KJÖTBORÐI
1.698 kr. kg




NÓATÚNS LAMBALÆRI
ÞURRKRYDDAÐ
1.298 kr. kg




FRESCHETTA PIZZA
2 SAMAN Í EINUM PAKKA
559 kr. pk.




GOÐA VÍNARPYLSUR
322 kr. pk.




NAGGALÍNA
KJÖTBOLLUR
377 kr. pk.




GOÐA SVIÐ
ÚR FRYSTI
399 kr. kg




Samy salon
vönduð hárlína frá Miami




Earth friendly
vistvænar hreinlætisvörur



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á kjúklingalærum!
Alltaf ferskt
úr salatbarnum!
SALATBAR
ALLTAF FERSKUR!
399 kr. boxið
30% afsláttur
MÓA KJÚKLINGALÆRI
MAGNKAUP
449 kr. kg
Veljið sjálf á þorrabakkann í Nóatúni!
Lífrænt og hollt
Giovanni
Húð- og hársnyrtivörur
20% afsláttur
Lífrænt og hollt
Kiss my face
Húð- og hársnyrtivörur
20% afsláttur
Verði ykkur að góðu!

## „ORÐRÉTT“

### Hvar skyldu þau nú vera?

**„Seinna áttum við nokkra ástarfundi á hótelum hér í bæ sem eru sérútbúin fyrir BDSM.“**

ÓLÖF ÓSK ERLENDSDÓTTIR UM SAMBAND SITT VIÐ GUÐMUND JÓNSSON Í BYRGINU.

Vikan 25. janúar

### Vökulir laganna verðir

**„Þegar ljóst var að þetta var ekki eins og það átti að vera kipptum við þessum mönnum úr Byrginu.“**

ERLENDUR BALDURSSON, AFBROTAFRÆÐINGUR HJÁ FANGELSISMÁLASTOFNUN, UM OFBELDISMENNINA TVO SEM FUNDUST EKKI Í BYRGINU ÞEGAR ÞEIRRA VAR VITJAÐ.

Fréttablaðið 24. janúar

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BERGLJÓT ARNALDS, LEIKKONA OG RITHÖFUNDUR

## Fyrsta sinn í splitt á báðum



„Af mér er allt gott að frétta. Ég er farin að taka inn lýsi en það er mikil framför því hingað til hefur það ekki höfðað vel til bragðlaukanna,“ segir Bergljót Arnalds, leikkona og rithöfundur.

„Svo komst ég í fyrsta sinn í splitt á báðum í gær og það hefur mér aldrei tekist áður,“ heldur Bergljót áfram. „Ég er að reyna að koma mér í gott dansform því ég elska að dansa.“

Bergljót segist vera að reyna að standa sig betur í að mæta í söngskólann.

„Stefnan er á sjöunda stigið í vor. Búin að vera allt of dugleg við að skrópa. Annars fékk ég bréf í dag þar sem umsókn minni um listamannalaun var hafnað svo nú þarf ég að dugleg að hella mér í annað verkefni og vondandi fæ ég framleiðanda í það. Auglýsi hér með eftir samstarfsaðila ef einhver er áhugasamur. Að lokum er ég að lifa eftir spekinni að maður stjórnar aðeins því sem maður hugsar, segir og gerir. Það getur oft reynst þrautinni þyngri að temja heilann en það er auðvitað bæði ögrandi og skemmtilegt og síðast en ekki síst nauðsynlegt.“

## LÆKNISFRÆÐI FYRR Á TÍMUM
### MEÐHÖNDLUN TANNPÍNU

Forn-Grikkir trúðu því að ormur væri í tönnunum eða djöfull í ormslíki, nagaði þær og orsakaði tannpínu. Fæla mátti orminn burt með því að reykja ýmis efni. Hippókrates (um 400 f.Kr.), faðir læknisfræðinnar taldi orsök tannpínu vera að slím kæmist undir tannrótina. Ráðlegt var að draga sjúkar og lausar tennur, en annars svíða þær. Blóðtaka var einnig talin koma að notum, sem og að tyggja sérstök efni. Tannlækninga er getið í Tólf taflna lögum Rómverja, sem þá kunnu að tengja saman tennur með gullþræði. Heimildir eru fyrir ýmsum aðferðum og var ein þeirra að setja pipar í tennur sem draga átti út.

## SJÓNARHÓLL
### ÁSTAND ÞJÓÐARINNAR



SIGURBORG STEFÁNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

## Fjölgum útlendingum

„Fólk er ávallt að fjargviðrast út í veðrið og hvað maturinn sé dýr og myrkrið mikið og pólitíkin á lágu plani, krónan í frjálsu falli og bílamergðin allt að drepa.

Mér hins vegar finnst bara fínt að búa á Íslandi og sé að við sem höfum búið í útlöndum komum flest heim á endanum,“ segir Sigurborg Stefánsdóttir myndlistarkona, en hún opnar sýningu á Þjóðarbókhlöðunni í dag.

„Við erum hins vegar allt of fá og Íslendingum mætti fjölga. Ég er meðmælt því að við leyfum því fólki sem hér vill búa, að setjast að. Við höfum nóg pláss og erum ein af ríkustu þjóðum heims. Okkur sjálfum finnst sjálfsagt að setjast að í þeim löndum sem okkur dettur í hug. Við þurfum hins vegar að taka okkur á á mörgum sviðum, til dæmis hugsa til framtíðar, hlúa betur að börnum okkar og verðleggja náttúruna á annan hátt en út frá skyndigróða.“

# Hlaut hæstu viðurkenningu klúbbsins

**Hafliði Skúlason stundar nám í golfvallarfræðum við Elmwood College í Skotlandi. Í síðustu viku hlaut hann viðurkenningu frá The Royal and Ancient Golfclub of St. Andrews sem er einn virtasti golfklúbbur heims.**

Fyrir skömmu ákvað félagsfræðingurinn Hafliði að breyta aðeins til. Hann sagði upp starfi sínu við útflutning og markaðsmál, stóð upp frá tölvunni og skellti sér í nám til Skotlands. Í dag sér hann ekki eftir þeirri ákvörðun enda blómstrar hann í golfvallarfræðunum. Svo mikið að á dögunum hlaut hann hæstu viðurkenningu sem Royal and Ancient golfklúbburinn veitir á hverju ári.

„Þetta er náttúrlega golfklúbbur golfklúbbanna og þar af leiðandi mikill heiður að hljóta viðurkenningu þaðan,“ sagði Hafliði þegar blaðamaður Fréttablaðsins sló á þráðinn til Skotlands. Klúbburinn styrkir ýmis verkefni víða um heim sem tengjast golfíþróttinni og á hverju ári hljóta útvaldir nemar í golfvallarfræðum styrk. „Allir nemendur fá umsóknareyðublöð og geta sótt um styrkinn. Í umsókninni þarftu að svara alls kyns flóknum spurningum og leggja fram 500 orða greinargerð. Svo er valið úr umsóknunum og nokkrir boðaðir í viðtal í klúbbnum hjá þriggja manna nefnd,“ segir Hafliði, sem var heldur betur hissa þegar í ljós kom að hann hefði hlotið styrk og ekki bara einhvern styrk heldur stærsta styrkinn sem í boði var. „Það voru veittir tveir svokallaðir UK-styrkir upp á 1.500 pund sem komu í hlut Íra og Skota en styrkurinn sem ég hlaut var upp á 2.500 pund og kallast European scholarship,“ segir Hafliði og viðurkennir að hann sé dálítið montinn með sig. „Ég er rosalega ánægður með þetta. Þeir sem ég hef talað við hamast við að benda mér á að peningarnir séu algjört aukaatriði í þessu. Royal and Ancient golfklúbburinn er mjög virtur og þetta er viðurkenning sem ég á eftir að búa að lengi, mun lengur en peningarnir endast. Þarna liggur líka heilmikil vinna að baki. Það er ekki eins og ég hafi unnið þetta í happdrætti eða þeir hafi séð aumur á mér af því ég er blankur Íslendingur,“ segir Hafliði og hlær.

Viðurkenningarathöfnin fór fram um síðustu helgi í einu helgasta musteri golfsins – Klúbbhúsi Royal and Ancient golfklúbbsins í St. Andrews. Hafliði segir að það hafi verið afar sérstakt að koma inn í bygginguna enda fær ekki hver sem er að stíga fæti þar inn. „Aðeins meðlimir klúbbsins fá að koma inn í húsið svo þetta var svona eins og að fá inngöngu í Páfagarð. Klúbburinn hefur verið starfræktur frá árinu 1754 og þarna inni er að finna sögu golfsins næstum eins og hún leggur sig. Þetta er klúbburinn sem setti golfreglurnar sem allir klúbbar í heiminum fara eftir,“ segir Hafliði, sem klæddist að sjálfsögðu skoskum búningi við viðurkenningarathöfnina. „Ég leigði mér dress fyrir tilefnið,“ segir hann og bætir því við að skotapilsið sé einstaklega þægilegur klæðnaður. „Ég held að þróun síðbuxna hafi verið mikið feilspor og skil ekki hvers vegna karlmenn létu hafa sig út í að taka þátt í henni.“

Hafliði er ánægður með námið í Elmwood College enda er skólinn einn sá besti í heiminum þegar kemur að golfvallarfræðum. „Skotarnir kunna þetta og námið hefur verið mjög skemmtilegt. Við lærum í rauninni allt sem hægt er að læra um golfvelli, allt frá fræðum um áburð og jarðveg upp í sögu golfvallanna,“ segir Hafliði, sem sér fram á starfsframa á þessum vettvangi þegar heim er komið. „Það eru ekki margir Íslendingar með þessa menntun og ég held áfram að vinna fyrir Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar þegar ég kem heim. Það er alveg nauðsynlegt að breyta til annað slagið og það væri óskandi að fleiri hefðu kjark til að gera eitthvað svona.“



**ÞRÍR STYRKÞEGAR** Styrkþegarnir þrír brugðu sér á barinn og skáluðu fyrir viðurkenningum sínum. Svo skemmtilega vill til að Skotinn sem hlaut styrk (lengst til hægri á myndinni) starfar hjá Golfklúbbnum Keili í Hafnarfirði.



**FYRIR UTAN HIN HELGU VÉ** Hafliði tekur í höndina á Steve Isaac, aðstoðarforstjóra The Royal and Ancient golfklúbbsins, fyrir utan klúbbhúsið. Engar myndatökur eru leyfðar innandyra.


MARKAÐURINN

Einfalt mál






Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 alla virka daga


# Naglaásetning á rússnesku

Hjá LCN naglaskólanum er ekki einungis boðið upp á nám í naglaásetningu á íslensku heldur geta erlendir nemendur einnig fengið kennslu á rússnesku, þýsku og ensku. „Það er mikið af útlendingum í landinu og við höfum áhuga á að bjóða þeim upp á kennslu í þessu fagi,“ segir Linda Sig. Aðalbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri skólans og eigandi snyrtistofunnar Heilsa og fegurð.

Hugmyndin að kennslu fyrir erlenda nemendur er komin frá Anastasiu Pavlova sem starfar á stofunni hjá Lindu. Anastasia er rússnesk en hefur búið hér á landi í þrettán ár. Hún er snyrti-, naglaog förðunarfræðingur og ekki nóg með það heldur talar hún líka íslensku, þýsku, ensku og rússnesku reiprennandi. „Mig langaði að gefa fleira fólki tækifæri á að læra þetta fag. Ég þekki margar erlendar konur hér á landi og veit að margar hafa áhuga á að læra eitthvað gagnlegt en koma sér ekki í það vegna þess að kennslan er á íslensku,“ segir Anastasia, sem þekkir það vel sjálf að flytja á milli landa. „Pabbi minn var sendiherra og ég hef búið í ýmsum löndum. Ég er rússnesk en er fædd í Austurríki. Við bjuggum líka í Þýskalandi í mörg ár og ég hef líka búið í Bandaríkjunum. Svo kom ég hingað til Íslands þegar pabbi gerðist sendiherra hér,“ segir Anastasia, sem er nú þegar komin með tvo rússneska nemendur.

Eftir útskrift frá naglaskólanum hefur nemandinn rétt á að kalla sig naglafræðing og Linda segir að námið gefi mikla möguleika. „Nemendur útskrifast með diplóma sem er viðurkennt um allan heim. Með það í höndunum færðu vinnu sem naglafræðingur á hvaða snyrtistofu sem er eða getur sett upp þitt eigið fyrirtæki. Þetta er því gott tækifæri fyrir erlendar konur sem langar að koma sér af stað í atvinnulífinu,“ segir Linda.



**ANASTASIA PAVLOVA** Sendiherradóttirin nýtir tungumálakunnáttu sína og kennir naglaásetningu á ensku, þýsku og rússnesku.


EKKERT BRUÐL
ENGIN verðhækkun
á frosnu kjöti frá Kaupfélagi Skagfirðinga
...fyrir góðan dag!
Frosinn KS lambabógur
Súpukjöt I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT I. fl. kílóverð nú:
499 KR.
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699 KR.
Frosin KS lambasvið
Frosin KS lambasvið kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.
FROSIÐ LAMBAFILLE kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998 KR.
Frosið KS lambafille
Ferskar Holta kjúklingabringur - verð aðeins:
Rogan Josh/Madras
129 KR.
475g
Ferskar bringur
FERSKAR BRINGUR kílóverð nú:
1599 KR.
Merkt verð 2565 KR.
MADRAS
ROGAN JOSH
37,5% afsláttur við kassann
Holta-kjúklingur
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við
> Fjöldi Hafnfirðinga




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SÆNSKA HÚSGAGNAKEÐJAN SEM SLÓ Í GEGN

# *Flatir pakkar frá Ingvari Kamprad*

Flestir sem keypt hafa húsgögn á Vesturlöndum og víðar á síðustu árum eða áratugum hafa heyrt minnst á IKEA. Þessi sænska húsgagnaverslunarkeðja hefur haft gríðarleg áhrif og flestir íslenskir heimiliseigendur hafa eflaust prófað að flytja heim flatan pakka og púsla innihaldinu saman í húsgagn.

**Hvernig er saga IKEA í stuttu máli?**
Sænska húsgagnaverslanakeðjan IKEA hefur verið starfandi í heimalandi sínu í að verða 64 ár, frá því fyrsta verslunin var opnuð í Älmhult árið 1943. Stofnandi IKEA, Ingvar Kamprad, stofnaði verslunina sautján ára gamall og hefur leiðin legið upp á við síðan.

Nafnið á versluninni er sett saman úr upphafsstöfum Kamprad og fyrstu stöfunum í bænum og bæjarfélaginu þar sem hann ólst upp. IKEA er því í raun skammstöfun fyrir Ingvar Kamprad Elmtaryd Agunnaryd.



Upphaflega seldi IKEA penna, veski, myndaramma, armbandsúr, skartgripi, nælonsokkabuxur og allt annað sem Svíar vildu kaupa á lágu verði en húsgögn komu í sölu árið 1947. Það var ekki fyrr en árið 1955 sem IKEA fór að hanna eigin húsgögn.

**Hvar eru verslanir IKEA í dag?**
Verslanir IKEA eru nú í að minnsta kosti fjörutíu löndum og eru flestar í eigu IKEA móðurfélagsins í Svíþjóð. Þó eru nokkrir tugir verslana sem eru sjálfstæðar, þar á meðal verslunin hér á landi sem nýlega flutti í Garðabæ.

Stærsta verslunin er í nágrenni Stokkhólms í Svíþjóð, en hún er 55.200 fermetrar að stærð. Það er heldur stærra en IKEA-verslunin hér á landi, sem er 20.600 fermetrar.

**Á hvað leggur IKEA áherslu við hönnun á húsgögnum?**
IKEA framleiðir húsgögn fyrir almenning og eitt af því sem er einkennandi fyrir húsgögnin er að í flestum tilvikum þurfa viðskiptavinirnir að setja þau saman sjálfir. Það er hugsað til þess að lækka kostnað við flutninga, þar sem þá fer minna fyrir vörunni. Allar vörur í verslunum IKEA eru auðkenndar með sínu eigin nafni, eftir sérstöku nafnakerfi sem fundið var upp af IKEA.

**Heimild: Wikipedia**

---

**SPURT & SVARAÐ**
**MARGMENNINGARFÉLAG VESTURLANDS STOFNAÐ**

## *Auka umburðarlyndi*



GUÐRÚN VALA ELÍSDÓTTIR
Náms- og starfsráðgjafi í Borgarbyggð

Opið hús hefur verið á sunnudögum í Safnahúsi Borgarfjarðar þar sem erlendir íbúar hafa hist óformlega í allan vetur og var því ákveðið að stofna Margmenningarfélag Vesturlands. Guðrún Vala Elísdóttir, mannfræðingur og náms- og starfsráðgjafi, er formaður félagsins.

**Hvaða þörf er fyrir svona félag?**
Hér í Borgarbyggð er áætlað að búi þrjú hundruð erlendir íbúar. Fólk þarf að fá upplýsingar um margt en missir kannski af, því það hefur ekki tungumálið. Félagið er þarft í félagslegum tilgangi, fyrir fólk að hittast og kynnast, til að gefa fólki kost á að afla sér upplýsinga og svo fyrir gagnkvæma aðlögun Íslendinga og útlendinga.

**Hver eru markmið félagsins?**
Að gera tengsl milli erlendra íbúa og annarra íbúa í Borgarbyggð auðveldari, bæta aðgengi útlendinga að samfélagslegum upplýsingum um skyldur og réttindi og auka skilning og virðingu á mismunandi menningu, umburðarlyndi og fordómaleysi.

# Fjöltyngin veldur Evrópusambandinu fjölbreyttum vanda

**Um áramótin fjölgaði opinberum tungum Evrópusambandsins í 23. Þessi mikli fjöldi tungumála íþyngir stjórnsýslu sambandsins og veldur stöðugri togstreitu.**

Þegar Evrópusambandið var stofnað fyrir fimmtíu árum voru opinber tungumál þess fjögur – franska, þýzka, hollenzka og ítalska. Aðalvinnutungumál ESB-stjórnsýslunnar var franska. Síðan Bretland bættist í raðir sambandsins á fyrri hluta sjöunda áratugarins hefur enskan síðan rutt sér æ meir til rúms sem aðalvinnutungumál, á kostnað frönskunnar. Innganga tíu nýrra aðildarríkja árið 2004 – átta fyrrverandi austantjaldslanda og Miðjarðarhafseyríkjanna Möltu og Kýpur – fjölgaði opinberum tungum sambandsins úr ellefu í tuttugu og styrkti enn stöðu enskunnar sem aðalvinnumálsins.

Nú um áramótin bættust síðan við rúmenska, búlgarska og írska. Fyrrnefndu málin tvö vegna inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í sambandið, en um áramótin gekk líka í gildi samkomulag um að írska yrði eitt opinberra tungumála sambandsins sem öll plögg eru þýdd á.

**76 milljarðar á ári**
Ýmis vandamál fylgja þessari miklu fjölgun tungumála. Reiknað er með að þýðing á öllum skriflegum gögnum, þar með talið á 90.000 blaðsíðna lagasafni sambandsins, á tungur nýjustu aðildarríkjanna muni kosta sambandið 830 milljónir evra á ári, andvirði yfir 76 milljarða króna.

Við þetta bætist túlkunarkostnaður á fundum á vegum sambandsins, en á bilinu 700-800 túlkar eru að öllu jöfnu að störfum í fundarsölum Brussel og öðrum aðsetrum stofnana sambandsins (aðallega Lúxemborg og Strassborg). Við fjölgunina nú er gert ráð fyrir að túlkunarkostnaðurinn hækki í 238 milljónir evra, andvirði hátt í 22 milljarða króna.

„Auðvitað verður kostnaðurinn meiri, en það er réttur hvers ESB-borgara að hafa aðgang að öllum gögnum á sínu eigin tungumáli," hefur AP eftir Frederic Vincent, talsmanni framkvæmdastjórnar ESB í Brussel.

**Togstreita**
Sí og æ eru að koma upp mál í ESB-stjórnkerfinu sem rekja má til tungumálatogstreitunnar. Í síðustu viku kvartaði Franco Frattini, sem fer með dóms- og innanríkisöryggismál í framkvæmdastjórn ESB og er jafnframt varaforseti hennar, opinberlega yfir því að þýðingarþjónustan stæði sig ekki í stykkinu að þýða hátíðarheimasíðu framkvæmdastjórnarinnar, þar sem 50 ára afmælis Rómarsáttmálans er minnzt, á ítölsku.

Í fyrra lýsti forseti þýzka þingsins áhyggjum af stöðu þýzkunnar í ESB-kerfinu. Hann skrifaði forseta framkvæmdastjórnar ESB bréf þar sem hann tilkynnti að þýzka þingið myndi neita að taka til umræðu ESB-gögn, sem ekki lægju fyrir á þýzku, málinu sem þriðjungur allra ESB-borgara talar. Auk þess birtu þýzkir þingmenn, í félagi við þingmenn á franska þjóðþinginu, sameiginlega ályktun um hina „óviðunandi þróun í átt að eintungukerfi" í ESB, þar sem enskan tröllriði öllu.

Þegar ljóst var að í það stefndi að opinberum tungum ESB fjölgaði svona mikið kom upp sú hugmynd um aldamótin að stefna að því að endurvekja latínu sem sameiginlegt vinnumál sambandsins.

Þegar Finnar gegndu formennskunni í ESB seinni helming ársins 1999 riðu þeir á vaðið með því að birta vikulega samantekt á latínu af því sem helzt bar til tíðinda í sambandinu þá vikuna („conspectus rerum latinus"). Fáum þykir þessi hugmynd þó raunhæf, þótt latína hafi um aldir verið það mál sem menntamenn úr allri álfunni notuðu í samskiptum sínum og skrifum.

**Margir eintyngdir**
Samkvæmt nýlegri Eurobarometer-viðhorfskönnun segist hátt í helmingur borgara ESB, 44 prósent, aðeins kunna sitt eigið móðurmál. Þetta eru ráðamönnum aðildarríkjanna vonbrigði, enda settu þeir sér það markmið á „Ári tungumálanna í Evrópu" árið 2001 að helzt allir fullorðnir borgarar sambandsins kynnu að minnsta kosti eitt annað tungumál en sitt eigið fyrir árið 2010.

Þýðingarþjónusta ESB snaraði á árinu 2005 um 1,3 milljónum blaðsíðna á þáverandi 20 tungur sambandsins.

### Babelsturn Evrópusambandsins

Um áramótin bættust rúmenska, búlgarska og írska/gelíska í hóp opinberra tungumála Evrópusambandsins, sem þar með eru orðin 23 talsins. Sumir segja fjöltyngið endurspegla jákvæða fjölbreytni sameinaðrar Evrópu en aðrir halda því fram að stjórnsýslan í Brussel sé orðin að Babelsturni þar sem fjöltyngið stendur ákvarðanatöku fyrir þrifum.

| Opinber tungumál ESB | | Frá 1. janúar 2007 |
|---|---|---|
| 1 enska | 11 portúgalska | 21 írska (gelíska) |
| 2 franska | 12 eistneska | 22 rúmenska |
| 3 þýska | 13 lettneska | 23 búlgarska |
| 4 ítalska | 14 litháska | |
| 5 spænska | 15 pólska | |
| 6 hollenska | 16 tékkneska | |
| 7 danska | 17 slóvakíska | |
| 8 sænska | 18 ungverska | |
| 9 finnska | 19 slóvenska | |
| 10 gríska | 20 maltverska | |




Heimild ESB *tekur ekki til mála nýbúa © GRAPHIC NEWS



**KÝRILLÍSKT LETUR** Með inngöngu Búlgaríu bættist fyrsta tungan í sarp ESB sem rituð er með kýrillísku letri. NORDICPHOTOS/AFP



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is





Helgin byrjar í Kasko
30% afsláttur
Þú sparar 804 kr/kg
Matfugl
KJÚKLINGABRINGUR
1.875 kr/kg.
Verð áður 2.679 kr/kg
Matfugl
25% afsláttur
Bautabúrs
SALTKJÖT
334 kr/kg.
Verð áður 445 kr/kg
BAUTABÚRIÐ
25% afsláttur
Þú sparar 325 kr/kg
Goða
GRÍSARIF
974 kr/kg.
Verð áður 1.298 kr/kg
20% afsláttur
Þú sparar 367 kr/kg
Borgarnes
HELGARGRÍS M/ INDVERSKUMHÆTTI
1.468 kr/kg.
Verð áður 1.835 kr/kg
20% afsláttur
Myllan
OKKAR BRAUÐ 770 GR.
127 kr/pk.
Verð áður 159 kr/pk
APPELSÍNUR Í LAUSU
98 kr/kg.
ANANAS STÓR
98 kr/stk.
Frábært í átakið
Skyr
–örugglega ódýrt!
KASKO
Keflavík • Breiðholt • Húsavík • Akranes • www.kasko.is • verð birt með fyrirvara um prentvillur • Gildir 25. janúar til 28. janúar eða meðan birgðir endast




Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávísun

# Safnaðu ferðapunktum



Ódýrt og gott
30% afsláttur
1399 kr. pk.
Danpo kjúklingabringur frosnar 900 g
20% afsláttur
af öllum Goða þorramat
Þín lágvöruverðsverslun
399 kr. pk.
Ungnautahakk
20% afsláttur
Gríms fiskibollur
319 kr./pk.
Gríms fiskbuff
736 kr./kg.
2 fyrir 1
Myllu orkubrauð
Ávaxtasafi
Bravo ávaxtasafi, 1 ltr
99 kr./stk.
AB mjólk
6 fyrir 4
Neutral storvask
Uden parfume
Uden optisk hvidt
Uden farvestoffer
Neutral þvottaefni 8 kg
1698 kr./pk.
12 pokar í einum
Lays multipack
399 kr./pk.
Pantene sjampó/næring 1 ltr
998 kr./stk.
KRÓNURÚLLUR
Krónu eldhúsrúllur
249 kr./pk.


KRÓNAN

## ÚTGJÖLDIN

> Meðalneysla áfengra drykkja á íbúa í lítrum




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: JÓHANN ÓLI HILMARSSON FUGLAFRÆÐINGUR

# *Keypti tjörn með húsi*

„Verstu kaup sem ég hef gert um dagana eru sjálfsagt rjómagult Renault-bílhræ sem ég keypti árið 1973, rétt eftir að ég fékk bílprófið,“ segir Jóhann Óli Hilmarsson, ljósmyndari og fuglaáhugamaður, þegar bestu og verstu kaup hans ber á góma. Rjómagula bílsins minnist hann ekki með hlýhug. „Ég velti honum á Hringbrautinni þremur mánuðum eftir að ég keypti hann. Það skemmdist lítið í honum því ég held að það eina sem hafi virkað almennilega hafi verið öskubakkinn, önnur framhurðin og stefnuljósin.“

Bestu kaup ævi sinnar segir Jóhann Óli án efa vera húsið hans á Stokkseyri. „Það heitir Símonarhús og stendur við tjörnina, eða Dæluna eins og hún er kölluð hérna á Stokkseyri.



Stundum segi ég að ég hafi keypt tjörn með húsi. Hér er mikið og skemmtilegt fuglalíf bæði í votlendinu hér í kring og svo í fjörunni auðvitað,“ segir Jóhann. Húsið keypti hann fyrir um það bil fimm árum og telur hann víst að það hafi tvöfaldast í verði á þeim tíma sem liðið hefur. Hann virðist þó lítinn áhuga hafa á því að selja. „Ég var ekkert að spá í að kaupa mér hús þegar það fór á sölu, þetta hús sótti mig því í raun og veru. Bærinn er mjög fallegur og gott að vera hérna, engu að síður finnst mér að húsverndunarstefna mætti vera meiri hér,“ segir Jóhann og hvetur að lokum alla til að gefa fuglafóður, það séu alltaf góð kaup í því að gera vel við fiðraða nágranna okkar.

## GÓÐ HÚSRÁÐ:
### SÍTRÓNUR Í ÖRBYLGJUNA

■ *Heitar sítrónur eru heppilegar þegar þarf að þrífa örbylgjuofninn, segir Lára Ómarsdóttir.*



Ef maður þarf að kreista sítrónu er þjóðráð að setja ávöxtinn í smá stund í örbylgjuofn. Þá mýkist hann upp og auðveldara verður að kreista hann,“ segir Lára Ómarsdóttir, einn af þáttastjórnendum Kompáss og fimm barna móðir. Hún segir sítrusávexti einnig koma að góðum notum við þrif. „Þegar maður ætlar svo að þrífa örbylgjuofninn er gott að setja sítrónusafa út í vatn í skál og kveikja á örbylgjuofninum. Þá verður mun auðveldara að strjúka óhreinindin úr honum á eftir.“

■ **Verð á farsímum**

## Ekki ódýrast í fríhöfninni

Svo virðist sem fríhafnarverslunin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi ekki fylgt eftir þeim verðlækkunum á farsímum og farsímabúnaði sem átt hafa sér stað undanfarið. Hjá vefverslunninni www.farsimalagerinn.is má fá símtæki og búnað á lágu verði og í sumum tilfellum er verðið lægra þar en í fríhöfninni. Ekki er ljóst hvað veldur þessu þar sem fríhafnarverslunin ætti að hafa 24,5 prósenta forskot þar sem hún býr að því að geta selt vörur án virðisaukaskatts. Hjá Farsímalagernum kostar Sony Ericsson W810i Walkman sími 24.990 krónur en er á 28.999 krónur í fríhöfninni. Nokia 5300 sími sem kostar 21.999 í fríhöfninni er einnig ódýrari hjá farsímalagernum og kostar þar aðeins 19.590 krónur. Þegar dýrari símar eiga í hlut er verðið hins vegar lægra í fríhöfninni. Nokia N93 kostar til dæmis 61.999 krónur í fríhöfninni en 69.995 hjá farsímalagernum.



■ **Bílar**

## Fólksbílum með dísilvél fjölgar ört

Hlutdeild fólksbíla með dísilvélar fer vaxandi á Íslandi. Um fjórðungur af innfluttum fólksbílum árið 2006 var með dísilvélum, en á sama tíma var mikill meirihluti afskráðra bíla með bensínvél. Því hefur hlutfall dísilbíla aukist nokkuð í fólksbílaflotanum, en markmiðið er að hlutdeildin verði orðin 45% árið 2010. Á seinasta ári var hlutdeildin í kringum fimmtán prósent. Þetta kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins.



■ **Heimilið**

## Hvernig á að velja parkett?

Á heimasíðu Gulu línunnar, www.gulalinan.is, má finna ýmsar „Hvernig á að...“ greinar, meðal annars um val á parketti. Til dæmis er farið er yfir kosti venjulegs parketts miðað við gegnheilt, hvort nota skuli olíu eða lakk á parkett, og hvernig best sé að losna við bletti. Venjulegt spónalagt parkett er sagt fljótlegt að leggja, endingin sé góð og oftast þurfi ekki að lakka það eftir lögn. Hins vegar sé gegnheilt parkett klassískt og fari aldrei úr tísku. Mælt er með því að lakka parkett þar sem mikil bleyta berst inn, en að öðru leyti séu bæði lakk og olía góðir kostir. Bletti megi síðan einfaldlega slípa í burtu séu þeir við efsta borð viðarins.

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006



**ÞORRAMATUR** Verð og úrval á þorramat er mjög misjafnt eftir verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kosturinn við súrmetið er lítið sem ekkert salt

**Þorramaturinn sem margir gæða sér á um þetta leyti samanstendur af ýmiss konar mat. Súrmatur þykir hefðbundnastur auk harðfisks og rófustöppu en undanfarin ár hefur færst í vöxt að fólk telji hangi- og saltkjöt einnig til þessara kræsinga.**

„Hollusta þorramats er breytileg eins og maturinn er misjafn. Það sem helst þykir slæmt við hann er að fitumagnið í honum er frekar hátt,“ segir Grímur Ólafsson, sérfræðingur á Matvælasviði Umhverfisstofnunar. Hann segir kosti súrmetisins helst vera þá að hann inniheldur nánast ekkert salt. Súrsunin sem notuð er við vinnslu hans er gömul varðveisluaðferð sem var Íslendingum afar mikilvæg þegar saltskortur var í landinu. Í stuttu máli fer hún þannig fram að soðin matvæli eru sett í súrsunarmysu í þrjá til sex mánuði. Þegar sýrustigið í matvælunum er hæfilegt geta sjúkdómsvaldandi örverur ekki fjölgað sér og maturinn verður öruggur til neyslu.

Grímur segir mysuna hafa verið afar mikilvæga í matarhefðum þjóðarinnar þar sem hún inniheldur bætiefni, svo sem b og c vítamín, kalk og góð prótín.

„Fitan í matnum eru helsti ókosturinn. Hún hefur auðvitað verið fólkinu góð í kuldanum fyrr á tímum en við þurfum lítið á henni að halda. Þess ber þó að geta að hrútspungar innihalda mjög litla fitu þannig að fólk þarf litlar áhyggjur að hafa af henni á meðan það borðar þá,“ segir Grímur en viðurkennir að þeir séu ekki í uppáhaldi hjá sér heldur sviðasultan. Hann veitir svo súrmetinu blessun sína svona einu sinni á ári.

karen@frettabladid.is



**GRÍMUR ÓLAFSSON** Sérfræðingur hjá matvælasviði Umhverfisstofnunar segir það kostinn við súrmetið að það inniheldur lítið sem ekkert salt.

### HVAÐ KOSTAR ÞORRAMATURINN?

| Tegund: | Bónus | Krónan | Hagkaup | Nóatún | 10-11 | 11-11 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Súr sviðasulta | 1.598 | 1.431 | 1.758 | 1.198 | 1.949 | 1470 |
| Súr svínasulta | 1.198 | 798 | 1.348 | 1.298 | --- | 899 |
| Lundabaggi | 1.428 | 878 | 1.428 | 1.098 | 1.228 | 1.227 |
| Súr blóðmör | 1.092 | 878 | 1.092 | 1.098 | --- | 1.007 |
| Súr lifrarpylsa | 1.069 | 919 | 998 | 1.198 | --- | --- |
| Hrútspungar | 2.598 | 1.598 | 2.308 | 1.998 | 2.308 | 1.663 |
| Hákarl | 3.799 | 2.959 | 4.633 | 4.633 | 4.633 | 3.706 |

Í óformlegri verðkönnun á kræsingum þorrans, þar sem hringt var í verslanir og þær beðnar um að gefa upp kílóverð, kom í ljós að ódýrast er í Krónunni en dýrast í Hagkaupum. Þar var úrvalið á þorramat mest og einhver tilboð á einstaka vörum. Vinsælasti þorramaturinn var þó aðeins skoðaður í þessari könnun.

Viðskiptavinir bankanna fá sendan auðkennislykil á næstu vikum og mánuðum:

# Tala sem tryggir aukið öryggi

**ÖRYGGI** Yfir hundrað þúsund Íslendingar hafa fengið, eða munu fá á næstu mánuðum, auðkennislykil í pósti frá bankanum sínum.

Lyklinum er ætlað að auka öryggi í bankaviðskiptum með því að láta notendur slá inn auðkennisnúmer, sem lykillinn sýnir þegar ýtt er á takka á honum, auk notendanafns og aðgangsorðs til þess að fá aðgang að bankanum. En hvernig virkar þessi lykill?

„Hvert tæki er útbúið með rafrænum lykli inni í sér, sem er einstakur fyrir það tæki,“ segir Sverrir Bergþór Sverrisson, sérfræðingur hjá Auðkenni, fyrirtækinu sem framleiðir lyklana.

„Tækið notar síðan rafræna lykilinn til að búa til slembitölu, sem notandinn slær inn. Hjá bankanum er tölva sem tengir auðkennislykilinn við notandann og útbýr tölu út frá sömu forsendum og lykillinn hefur. Ef talan er sú sama og talan sem tækið bjó til er hún samþykkt og notandanum veittur aðgangur.“

Sverrir segir dreifingu á lyklunum hafna og að henni ljúki á næstu mánuðum. Á sama tíma verður byrjað að skylda notendur til þess að nota lyklana. - sþs



**AUÐKENNISLYKILLINN** Lykillinn býr til tölu sem send er bankanum. Ef talan er samþykkt fær notandinn aðgang.

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR

# SÉR TILBOÐ!




WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900*




WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900*




WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 69.900*




WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900*



WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvítt háglans og eik
Verð stgr. kr. 58.900
Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.




WLU-149 116 x 49 cm
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900*




WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 28.900*




WLU 126 50x40 sm
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Verð stgr. kr. 28.900*

* Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.885 **-0,23%** **Fjöldi viðskipta:** 511 **Velta:** 4.684 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | 2,11% | **Atorka** | 2,79% |
| **Atlantic Petroleu.** | 1,84% | **365** | 1,33% |
| **Össur** | 0,89% | **Teymi** | 0,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,44 -1,33% ... Actavis 70,60 -0,28% ... Alfesca 4,90 -0,81% ... Atlantic Petroleum 553,00 +1,84% ... Atorka 6,61 -2,79% ... Bakkavör 65,40 -0,15% ... Eimskipafélagið 32,90 -0,30% ... FL Group 28,90 +0,00% ... Glitnir 24,80 -0,40% ... Kaupþing 918,00 -0,43% ... Landsbankinn 29,00 +0,35% ... Marel 74,00 -0,67% ... Mosaic Fashions 14,50 +2,11% ... Straumur-Burðarás 18,00 -0,55% ... Össur 113,00 +0,89%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



**Virðulegur öldungur**
Jón Þór Sturluson hagfræðingur var meðal frummælenda á fundi Félags viðskipta og hagfræðinga um krónuna og evruna. Erindi Jóns Þórs var athyglisvert og tæpt á ýmsum þáttum sem eru verðugt innlegg í þessa mikilvægu umræðu sem eflaust mun halda áfram næstu misserin. Jón Þór dró upp skemmtilega líkingu þegar hann var spurður hvort afskrifa ætti krónuna. „Krónan er eins og öldungur sem við eigum að koma fram við af virðingu,“ sagði Jón Þór og bætti við að gott dvalarheimili væri kannski staðurinn. Þessi öldungur væri við sæmilega heilsu. Jón Þór lét ósagt að spá fyrir um andlátið, en ljóst er að það er farið að síga á seinnihluta æviskeiðsins.

**Ósáttir við vöxt Nyhedsavisen**
Daglega lesa nú 233 þúsund Danir hið íslensk-ættaða fríblað Nyhedsavisen samkvæmt nýrri lestrarkönnun frá Gallup. Það er langt frá fyrri áætlunum blaðsins um lesendafjölda á þessum tímapunkti, þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað um átján prósent frá síðustu lestrarkönnun í nóvember 2006. Blaðinu vex þó hratt ásmegin í Kaupmannahöfn og nágrenni. Þar lesa 146 þúsund manns blaðið og fjölgaði um 35 prósent frá síðustu könnun. Á Mið-Jótlandi lesa hins vegar einungis 34 þúsund manns fríblaðið. „Vöxtur okkar á Mið-Jótlandi er óviðunandi,“ segir Morten Nissen Nielsen í viðtali við viðskiptablaðið Børsen og boðar að þar verði spýtt í lófana.

## Olían lækkar

Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór niður fyrir 55 Bandaríkjadali á tunnu á helstu fjármálamörkuðum í gær eftir um 5 prósenta hækkun á þriðjudag. Ástæðan var væntingar um að olíubirgðir hefðu aukist á milli vikna í Bandaríkjunum vegna minni eftirspurnar.

Ástæðan fyrir hækkuninni á þriðjudag var tilkynning bandaríska orkumálaráðuneytisins þess efnis að stjórnvöld vestanhafs ætluðu að auka olíubirgðir landsins um 100.000 olíutunnur á dag í vor.

Hráolíuverðið lækkaði um 55 sent á markaði í Bandaríkjunum og fór í 54,67 dali á tunnu á meðan verð á Norðursjávarolíu fór niður um 43 sent og endaði í 54,67 dölum á tunnu á markaði í Lundúnum í Bretlandi. - jab

# Norrænir bankar metnir í hærra lagi

### Kaupþing græðir á talsverðum hlut í Sampo.

Stærstu bankar Norðurlanda eru of hátt verðmetnir um þessar mundir að mati Morgan Stanley og hefur hækkun þeirra verið keyrð áfram af auknum umsvifum í fjármálalífinu og getgátum um frekari samþjöppun í geiranum.

Sérfræðingar Morgan Stanley telja að þótt rými sé fyrir frekari hækkun á gengi bankanna, ef væntanleg uppgjör þeirra reynast umfram væntingar, styðja afkomuspár á næstu misserum ekki við núverandi verðmæti bankanna.

Bandaríski fjárfestingarbankinn, sem nýlega gat út jákvæða greiningu á Kaupþingi þar sem kom fram að bankinn muni taka þátt í samrunaferlinu, segir að vel horfi til fyrir afkomu Kaupþings á fjórða ársfjórðungi þó að kostnaður hafi aukist. Er Kaupþingi spáð 13.825 milljóna króna hagnaði á síðasta ársfjórðungi. Þóknunartekjur hafi vaxið hratt með aukinni markaðshlutdeild, einkum í Danmörku, og þá hafi stórir eignarhlutir bankans í Sampo og Storebrand hækkað hressilega á fjórðungnum: Sampo um fjórðung en Storebrand um fimmtán prósent.

Stjórnendur Kaupþings hafa ekki greint frá því opinberlega að bankinn eigi bréf í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo. - eþa

# Evruhlutabréf eru rökrétt skref

Líklegt má telja að tillaga um að færa allt hlutafé Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka úr krónum yfir í evrur verði lögð fyrir hluthafa á aðalfundi bankans sem haldinn verður í febrúarlok eða byrjun mars.

Á morgunverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga um gjaldmiðilsmál á Nordica hóteli í gær kom fram í máli Friðriks Jóhannssonar, forstjóra Straums-Burðaráss, að evruskráning hlutabréfa kynni að vera eðlilegt skref í framhaldi af því að bankinn hefur fært eigið fé sitt yfir í evrur og hætt að gera upp í krónum. Breyting í þessa veru segir Friðrik að myndi styrkja bankann á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, enda séu lánveitendur þar vanir evrum en ekki krónum og telur að þeir kunni að horfa á krónuna sem áhættuþátt. „Það er ljóst að þetta eykur mjög líkurnar á því að við getum laðað að erlenda fjárfesta auk þess sem það eykur möguleika á sameiningum við erlend fyrirtæki að vera í evrum.“ Vísar hann meðal annars til þess möguleika að greiða fyrir smærri fyrirtæki með hlutabréfum í Straumi-Burðarási. „Með því tengjum við svo vel hagsmuni okkar og hagsmuni þeirra sem við erum að fá til liðs við okkur.“

Friðrik áréttar hins vegar að ákvörðunin um að fara þá leið að færa hlutabréf bankans í evrur sé í höndum hluthafa bankans og verði ekki tekin nema á fundi þeirra. „Og ég reikna með því að þetta verði borið upp á aðalfundi.“

Friðrik segist telja að í breytingunni felist einnig ávinningur fyrir smærri hluthafa, jafnvel þótt viðskiptakostnaður geti fylgt því að skipta í evrur, enda muni breytingin efla bankann, auk þess sem hluthafar geti fjármagnað bréf sín í evrum og losnað þar með við gjaldeyrisáhættu vegna skammtímasveiflna. - óká



**FRIÐRIK JÓHANNSSON** Auk Friðriks fluttu Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, og Jón Þór Sturluson, hagfræðidoktor og forstöðumaður M.Sc. náms HR, erindi á fundi FVH. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Glitnir gefur aftur út bréf í Evrópu

Glitnir hefur gengið frá samningum um útgáfu skuldabréfa að upphæð 500 milljónir evra, sem jafngildir tæplega 45 milljörðum íslenskra króna, á föstum vöxtum sem nema 4,375 prósentum, með gjalddaga árið 2010.

Fram kemur í tilkynningu bankans til Kauphallar að þetta sé fyrsta opinbera skuldabréfaútgáfa Glitnis í evrum frá því í júní 2005. Íslensku bankarnir hafa til þessa að mestu látið vera að sækja fjármagn á Evrópumarkað með þessum hætti eftir þær sviptingar sem urðu á mörkuðum fyrri hluta síðasta árs, utan tæplega 12 milljarða króna útgáfu Kaupþings í Sviss fyrr í þessum mánuði.

Umsjón með skuldabréfaútgáfu Glitnis var að þessu sinni í höndum ABN Amro og Deutsche Bank, en nær tvöföld umframeftirspurn var eftir bréfum í útboðinu. „Í viðtökunum sem þetta skuldabréfaútboð fær felst mikil hvatning,“ segir Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Glitnis, og telur umræðu um íslenskt efnahagslíf í meira jafnvægi en áður. - óká

# Kreditkorti hf. verður skipt upp

**Stofnað verður dótturfélag til að annast útgáfu og þjónustu vegna greiðslukorta.**

Ákveðið hefur verið að skipta upp fyrirtækinu Kreditkort hf. og færa útgáfu greiðslukorta og þjónustu við þau yfir í nýtt dótturfélag. Breytingin verður kynnt nánar af hálfu fyrirtækisins í dag.

Samkvæmt heimildum blaðsins er ákvörðunin tekin að frumkvæði eigenda fyrirtækisins og gerð með hliðsjón af samkeppnisreglum.

Sérstaða Kreditkorts hf. meðal greiðslumiðlunarfyrirtækja hefur verið útgáfa eigin greiðslukorta, en eftir breytinguna keppir fyrirtækið ekki lengur við bankana og fleiri í útgáfu þeirra. Bankastofnanir hafa um árabil gefið út kort sjálfar. Þannig gefur Visa ekki út greiðslukort.



**KLIPPT Á KORTIN** Kreditkort hf. hefur ákveðið með hliðsjón af samkeppnisreglum að færa umsýslu greiðslukorta yfir í dótturfélag.

Samkeppnisyfirvöld eru með greiðslukortamarkaðinn til skoðunar og þá sérstaklega yfirburðastöðu Kreditkorts hf., sem er með MasterCard á sínum snærum og Greiðslumiðlunar hf, sem er með Visa, en ekki er vitað hvernær henni muni ljúka.

Kreditkort hf. er í eigu Glitnis banka sem á yfir helming í fyrirtækinu, Landsbanka Íslands sem á um fimmtung og svo sparisjóðanna. Glitnir og Kaupþing sömdu í sumar um skipti á eignarhlut sínum í Greiðslumiðlun og Kreditkorti. - óká

# Pliva kærir HANFA

Króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva hefur lagt fram kæru á hendur HANFA, fjármálaeftirliti Króatíu.

Pliva upplýsti um málið í gær og segir kæruna lagða fram í kjölfar athugasemdar HANFA um að fyrirtækið hafi haldið verðmyndandi upplýsingum frá hluthöfum á tímabilinu 13. til 17. marssíðastliðinn. Upplýsingarnar vörðuðu bréf Actavis til fyrirtækisins sem þá stefndi að kaupum á því, sem Pliva segir að hafi ekki falið í sér formlegt tilboð og því ekki borið að upplýsa um það strax. Formlegt boð hafi borist 17. mars og þá frá því greint ásamt þeirri staðreynd að stjórninni þætti það óviðunandi.

Pliva segist fylgja tilmælum HANFA og upplýsa þá sem kunna að hafa selt bréf sín á umræddu tímabili um niðurstöðu eftirlitsins.


**RANNSÓKNASTOFA PLIVA Í ZAGREB** Pliva segist hafa hagað sér samkvæmt reglum kauphalla bæði í Zagreb og Lundúnum varðandi upplýsingagjöf til hluthafa og ætlar að fá nýjum úrskurði króatíska fjármálaeftirlitsins hnekkt fyrir dómi.

Actavis reyndi fjandsamlega yfirtöku á Pliva, en laut í lægra haldi fyrir bandaríska lyfjarisanum Barr Pharmaceuticals í slagnum. - óká

# Novator skoðar sölu á BTC

**Fjárfestingarbankinn Lehman Brothers gefur Novator ráð varðandi tilboð.**

Novator, fjárfestingarfélag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur fengið bandaríska fjárfestingarbankann Lehman Brothers til ráðgjafar um hugsanlega sölu á öllum hlutum félagsins í búlgarska símafyrirtækinu Bulgarian Telecommunications Company, BTC, sem var einkavætt fyrir þremur árum. Ákvörðun liggur ekki fyrir um hvort hluturinn verði seldur.

Áhugi fjárfesta á BTC mun hafa aukist eftir að Búlgaría gekk í Evrópusambandið um síðustu áramót en við það var fjármögnun til fyrirtækjakaupa í landinu auðveldari en áður.

Novator á hluti í fjölda símafyrirtækja víða í Evrópu, meðal annars í Póllandi, Grikkland og í Finnlandi. Þá átti félagið tékkneska símafélagið Ceske Radiokommunicace, CRa, en seldi hann undir lok nóvember í fyrra.

Hluturinn í BTC, sem Novator tryggði sér fyrir tveimur árum, er stærsta eign fjárfestingafélagsins í símafyrirtækjum í Evrópu. Verðmæti þess hefur fimmfaldast frá einkavæðingu og nemur markaðsvirði þess nú um 1,7 milljóna evra, jafnvirði 152 milljarða íslenskra króna. Gera má ráð fyrir að verðmæti hlutar Novators í símafyrirtækinu hlaupi á tæpum 99 milljörðum íslenskra króna. - jab


**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur fengið Lehman Brothers til að skoða hugsanlega sölu á búlgarska símafyrirtækinu BTC.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðin er frjálslyndari en stjórnmálamennirnir.

# Gat á stjórnmálamarkaðinum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hér er spurning: Hvað eiga svo ólík fyrirbrigði sem íslenska þjóðkirkjan, Ríkisútvarpið og sala ríkisins á bjór og léttvíni sameiginlegt? Svar: Um tveir þriðju þjóðarinnar vilja losa um tök hins opinbera á þessari starfsemi með einum eða öðrum hætti.

Sem sagt, nánast upp á prósentustig vill sama hlutfall Íslendinga aðskilnað ríkis og kirkju, að léttvín og bjór verði seld í matvöruverslunum og að Ríkisútvarpið hætti að keppa við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði. Viðhorfið til þjóðkirkjunnar hefur komið fram ár eftir ár í könnunum Gallups, um afstöðu þjóðarinnar til meira frelsis í sölu áfengis má lesa í tæplega tveggja ára gamalli könnun sama fyrirtækis og álit landsmanna á samkeppni RÚV á auglýsingamarkaði kemur fram í skoðanakönnun sem Fréttablaðið gerði um síðustu helgi.

Það er verðugt rannsóknarefni að komast að því hvort skoðanir fólks falli almennt í svipaðan eða sama farveg í þessum ólíku málaflokkum. Ein vísbending í þá átt er að samkvæmt gögnum Gallups vill yngra fólk frekar en hinir eldri draga úr afskiptum ríkisins. Til dæmis eru um 75 prósent fólks á aldrinum 18 til 34 ára hlynnt sölu bjórs og léttvíns í matvöruverslunum og er enginn munur á þeirri afstöðu eftir stjórnmálaskoðun. Svipað gildir um viðhorf þjóðarinnar til kirkjunnar.

Það eru engin tíðindi að yngra fólk sé frjálslyndara en þeir sem eldri eru. Það er hins vegar athyglisvert að meirihluti þjóðarinnar styður samdrátt á umfangi ríkisrekstrar á þessum sviðum óháð stjórnmálaskoðunum. Hver hefði til að mynda trúað því að öreyndu að fleiri stuðningsmenn Vinstri grænna vildu sjá Ríkisútvarpið hverfa af auglýsingamarkaði en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks, eins og kemur fram í könnun Fréttablaðsins?

Neikvæð afstaða til ríkisafskipta er fylgifiskur breytinga sem eru að eiga sér stað á heimsvísu á lífsháttum og valda því að fólk lætur verr að stjórn en áður. Til dæmis er hægt að versla í matinn á nóttunni, ráða sínum eigin fréttatíma saman á netinu og horfa þegar manni sýnist. Eigið val einstaklingsins skiptir þannig sífellt meira máli.

Dr. Gunni, tónlistarmaður og bloggari, fangar þessa afstöðu í hnotskurn á vefsíðu sinni með þessum orðum: „...það er sífellt augljósara, amk í mínu hlustunarmynsturstilfelli, að tími albúmsins er liðinn. Staðreyndin er þessi: Ég er hættur að hlusta á albúm! Ég hlusta bara á lög og eiginlega glætan að ég nenni að hlusta á 10-15 lög með sama listamanninum í röð.“

Á sama hátt og doktorinn hafnar miðstýringu plötufyrirtækjanna og velur eigið safn laga með þeim tónlistarmönnum sem hann langar til að hlusta á er fólk almennt að verða afhuga því að aðrir en það sjálft ákveði hvað því er fyrir bestu.

Hér með er ekki verið að spá endalokum samfélagsins en nútíminn kallar á stjórnmálaafl sem er í takt við þennan nýjan veruleika. Eins og staðan er nú bendir margt til að þjóðin sé orðin mun frjálslyndari en stjórnmálamenn hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ríkisvæðingin

Það er skrítið fyrir sjálfstæðismenn að horfa upp á ráðherra flokksins, Sturlu Böðvarsson, réttlæta ríkisvæðingu og vera gagnrýndur fyrir af vinstrimönnum. Spurður á Alþingi í gær um ástæður þess að ríkisfyrirtækið Íslandssími keypti prentfyrirtækið Samskipti sagði Sturla það gert til „að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna Íslandspósts með því að undirbúa félagið undir tekjusamdrátt og minnkandi markaðshlutdeild í hefðbundinni starfsemi þegar að afnám einkaréttarins gengur í gildi.“ Til hvers eiginlega var ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að einkavæða Prentsmiðjuna Gutenberg 1992?



### Klofin skoðun

Sjálfstæðismenn halda því fram að þeir séu mótfallnir ríkisrekstri á samkeppnismarkaði - nú fyrir utan fjölmiðlamarkað því RÚV sé svo mikilvæg stofnun! En tvískinnungurinn er ekki bara ríkjandi í herbúðum sjálfstæðismanna. Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, er forstjóri ríkisfyrirtækisins Íslandspósts. Einn daginn gagnrýnir hann að ríkið sinni öryggisgæslu sem einkaaðilar geti sinnt. Hinn daginn beitir hann sér fyrir því ríkið reki prentfyrirtæki sem einkaaðilar geta sinnt. Hvað segja forystumenn aðildarfélaga SA?



### Hver sagði?

Hver sagði á Alþingi í gær í umræðu um ríkisvæðingu Íslandspósts: „Þetta er nefnilega nokkuð afhjúpandi mál fyrir þá stöðu sem er á allt of mörgum sviðum hér, þar sem ríkið er að þvælast inn á hreinan samkeppnismarkað. Ríkisrekstur á að heyra sögunni til á samkeppnismarkaði.“ Svar á blaðsíðu 62.

bjorgvin@frettabladid.is

# Eiga eða leigja?



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Eignarhald á húsnæði

Heimilin um landið hafa á löngum tíma komið sér upp einfaldri reglu um húsnæðismál: til langs tíma litið er betra að eiga en leigja. Átta af hverjum tíu íslenzkum fjölskyldum búa undir eigin þaki; hinar búa í leiguhúsnæði. Almenn sátt ríkir um sjálfseignarstefnuna. Réttlæting hennar hvílir öðrum þræði á þeirri hugsun, að eigendur fari jafnan betur með húsnæði en leigjendur og haldi því betur við. Flestir kjósa með líku lagi að eiga bílana sína frekar en að leigja þá af öðrum nema í neyð. Í öðrum löndum er þeirri röksemd stundum bætt við, að húseigendur hafi eignarrétt að verja og séu að því leyti traustari íbúendur og síður líklegir en leigjendur til uppreisnar gegn ríkjandi þjóðfélagsskipan. Í nálægum löndum er leiguhúsnæði hlutfallslega algengara en hér, en almenna reglan er eigi að síður hin sama. Flesta leigjendur dreymir um að komast í eigið húsnæði.

Líku máli gegnir um fyrirtæki. Ætli þau sér langa lífdaga eins og annað fólk yfirleitt, kjósa þau jafnan að starfa í eigin húsnæði, ef fjárhagurinn leyfir. Eigið húsnæði er jafnan ódýrara til langs tíma litið. Það er engin tilviljun, að bankar kjósa næstum alltaf að halda til í eigin húsnæði. Landsbankinn er að byggja yfir sig nýjar höfuðstöðvar í Reykjavík. Sama regla á við um flesta innanstokksmuni á heimilum. Flestir vilja helzt eiga ísskápana sína sjálfir og uppþvottavélarnar. Það er jafnan hagfelldara og þægilegra en að leigja þessi heimilistæki. Sama máli gegnir um flest einkafyrirtæki og ríkisstofnanir. Þeim finnst yfirleitt auðveldast að eiga vinnuvélarnar sínar: faxtækin, fiskiskipin, færiböndin, innréttingarnar, mjaltavélarnar, tölvurnar. Samt getur stundum verið hagkvæmt að leigja tæki og tól af öðrum til ýmissa íhlaupaverka, en það er annar handleggur.

Almenna reglan er þessi: fólk og fyrirtæki telja jafnan bezt að búa og starfa í eigin húsnæði og eiga jafnframt flesta innanstokksmuni og rekstraráhöld. Þó eru til veigamiklar undantekningar frá þessari reglu. Flugfélög kjósa ýmist að eiga vélarnar sínar eða láta þær frá sér og leigja þær af öðrum. Þessi undantekning stafar einkum af því, að flugrekstur hefur víða verið erfiður mörg undangengin ár af ýmsum ástæðum. Nokkur stærstu flugfélög Bandaríkjanna hafa lengi rambað á barmi gjaldþrots; PanAm lagði upp laupana. Hin félögin eru sum í greiðslustöðvun sem kallað er; eitt þeirra, Continental, er nýsloppið fyrir horn. Flugleiðir, nú Icelandair, hafa undangengin ár ýmist átt eða leigt sínar vélar. Greiðslustöðvun veitir skuldunautum tímabundna lagavernd gegn lánardrottnum. Henni er ætlað að gefa skuldunautunum ráðrúm til að endurskipuleggja reksturinn með því að aftra lánardrottnunum frá því að ganga að skuldunautunum og knýja þá í gjaldþrot.

Þessi sjónarmið skipta máli, þegar mat er lagt á ástand og horfur sumra þeirra fyrirtækja, sem mikið hefur kveðið að hér heima undangengin ár. Þau hafa sum snúið gömlu reglunni við. Þau kaupa fyrirtæki, selja utan af þeim húsnæðið, taka það síðan á leigu til að geta haldið starfseminni áfram á sama stað og nota féð, sem þau losuðu með eignasölunni, til að kaupa ný fyrirtæki og bréf og þannig koll af kolli. Þetta er einföld leið til að taka lán og losa fé og getur verið vænleg með lækkandi vöxtum, en hún er vafasöm eins og nú háttar með hækkandi vöxtum. Þessi lausafjáröflunaraðferð þætti ekki heldur vænleg í venjulegum heimilisrekstri. Fæstir myndu selja húsið sitt upp úr þurru, taka það síðan á leigu til að geta búið þar áfram og festa féð, sem þeir losuðu við söluna, í álitlegum fyrirtækjum og hlutabréfum. Framsýnt fólk hættir helzt ekki meira fé en það hefur efni á að tapa. Fæstir hafa ráð á að missa húsið sitt, en þeir geta braskað með sumarbústaðinn eins og þeim sýnist. Bankar varast jafnan að veita þeim húsakaupalán, sem ætla sér að braska með lánsféð, enda eru veðin í húsunum þá ekki lengur til staðar. Hvers vegna lána bankar þá fyrirtækjum, sem stunda tvísýn verðbréfaviðskipti? Eru þeir þá ekki í reynd að veita lán til áhættusamra hlutabréfakaupa? Hvernig er veðum háttað í slíkum viðskiptum? Kannski eru þessi fyrirtæki bara að braska með fé, sem þau mega við að missa. Kannski ekki. Bankarnir mættu gera meira að því að upplýsa almenning um starfshætti sína. Þeir mættu byrja á að skýra fyrir viðskiptavinum sínum, hvers vegna gamla varúðarreglan um eignarhald á húsnæði fyrirtækja er ekki lengur í fullu gildi.

# Eftir maraþonumræðu

**UMRÆÐAN**

Ríkisútvarpið



JÓN KRISTJÁNSSON

Frumvarpið um ríkisútvarpið hefur nú verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Umræðan um það er einhver sú lengsta sem um getur. Ég sat löngum stundum í forsetastól á Alþingi á síðkvöldum og hlustaði á málflutning þingmanna. Það mætti margt um þessa umræðu segja og þann plagsið sem virðist fara vaxandi með árunum að halda uppi maraþonumræðum um mál á öllum stigum þinghaldsins. Sú umræða bíður betri tíma, en skylt er að geta þess að stjórnarandstaðan tók þann skynsamlega kost að sameinast um að ljúka maraþonræðum.

Það var mjög athyglisvert í þessari umræðu hvað stjórnarandstöðunni var uppsigað við Framsóknarmenn. Teknar voru langar lotur um sviksemi þeirra og flokksþingssamþykktir lesnar fram og aftur og aftur og fram. Það versta var að vitlausar og villandi ályktanir voru dregnar af öllu saman. Ég vil því koma mínum skilningi á málinu á framfæri í stuttu máli svo hann liggi fyrir.

Árið 2005 var samþykkt á flokksþingi Framsóknarflokksins eftirfarandi um Ríkisútvarpið: „Mikilvægt er að ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareign og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Skoðaðar verði leiðir til þess að standa undir rekstrarkostnaði. Uppbygginu og rekstri landshlutaútvarps verði haldið áfram og reksturinn tryggður. Rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði skilinn frá Ríkisútvarpinu.“

Í þessum anda hefur verið unnið og allt tal um svik er út í bláinn og eins það að vinna eigi eftir eldri samþykktum flokksins. Ríkisútvarpið verður áfram í þjóðareign og rekstur þess verður styrkari eftir breytinguna. Endurskoðunin tekur einfaldlega mið af þeim breytingum sem orðið hafa á fjölmiðlaumhverfinu í landinu.

Þessi törn stjórnarandstöðunnar á Framsóknarflokknum er mjög athyglisverð, í ljósi þess að flestir töldu sig hafa mjög mikinn skilning á afstöðu Sjálfstæðisflokksins. Þetta er auðvitað gegnsætt. Enginn stjórnarandstöðuflokkurinn vill loka dyrum að stjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum. Einfaldri spurningu minni hvort það mundi verða gert að skilyrði um samstarf með honum eftir kosningar að afnema lögin var ekki svarað...

Ég endurtek því spurninguna.

*Höfundur er alþingismaður.*

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI ]

**Nýjar vörur** frá Lego eru komnar í verslunina Gling-gló í Iðuhúsinu en verslunin selur eingöngu fatnað frá þeim framleiðanda. Fötin eru litrík og skemmtileg. Sýnishorn má finna á www.glingglo.is.



**Naglalakk** kemur að fleiri góðum notum en að gera neglurnar fallegar. Það er einnig hægt að nota til að merkja lyklana á kippunni. Rauða Dior litinn fyrir útidyrnar og bleika Mac fyrir geymsluna.

**Á** öldrunarstofnunum landsins starfa 110 manns sem skilja ekki íslensku eða geta ekki tjáð sig á íslensku.

**Ný rannsókn** bendir til þess að lestur tímaritsgreina um megrun geti haft slæmar afleiðingar fyrir unglingsstúlkur. Þær sem lásu oft greinar um megrun voru fimm árum síðar líklegri til að grípa til örþrifaráða eins og að kasta upp, fasta eða reykja sígarettur til að grenna sig en stúlkur sem aldrei lásu slíkar greinar. www.persona.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 25. janúar, 25. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.29 | 13.40 | 16.51 |
| Akureyri | 10.30 | 13.25 | 16.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Leikhúsið og kvenleg fegurð



Fatahönnuðurinn John Galliano fagnar tíu ára starfsafmæli sínu hjá Christan Dior um þessar mundir. Hann segist sækja innblástur sinn einna helst til leikhússins og kvenlegrar fegurðar og það má glögglega sjá á þessari skemmtilegu mynd. NORDICPHOTO/GETTYIMAGES

***Einn áhrifamesti fatahönnuður þessarar og síðustu aldar fagnar tíu ára starfsafmæli með Chistian Dior.***

Það er óhætt að fullyrða að spænskættaði fatahönnuðurinn John Galliano sé meðal þeirra áhrifamestu í sínu fagi í dag.

John Galliano, eða Juan Carlos Antonio Galliano, fæddist á Gíbraltar en flutti ungur til London og ólst þar mestmegnis upp. Í London stundaði hann nám við Wilson´s skólann í Wallington áður en hann hélt í St. Martins School of Arts þaðan sem hann útskrifaðist sem hönnuður árið 1984.

Galliano var sannkallað undrabarn. Fyrstu hönnun sína, línu sem hann kallaði Les Incroyables og byggði á frönsku byltingunni, seldi hann í heilu lagi til Browns sem er virt verslun í London. Slíkt er afar fátítt en algengast er að ungir, nýútskrifaðir hönnuðir þurfi að hafa mikið fyrir því að komast áfram.

Fljótlega fór hann af stað með línu undir eigin nafni og hóf feril sinn sem fagmaður í tískuiðnaðinum. Tveimur árum eftir útskriftina var hann kosinn hönnuður ársins í Bretlandi og aftur árin 1994 og 1995 en árið 1997 deildi hann heiðrinum með Alexander McQueen. Það sama ár byrjaði hann að hanna vörur fyrir Christian Dior, er enn starfandi við það tískuhús og fagnar því tíu ára starfsafmæli sínu þar um þessar mundir, en fyrsta sýning hans á vegum Dior var í París, 20 janúar 1997.

Fleiri myndir af nýjustu sköpunarverkum Gallianos má sjá á síðu 2. -mhg


*Gleðilegt nýtt ár og þökkum viðskiptin á liðnu ári.*
*Starfsfólk Subway*




JANÚAR
Kafbátur mánaðarins
Kalkúnsbringa og skinka
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í jan. 2007 • Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill

SUBWAY

**Svefngrímur** eru dásamleg fyrirbæri. Þegar góður svefn er nauðsyn er gott að geta skellt gluggatjöldum fyrir augnlokin, slökkt á símanum og svifið af stað með Óla lokbrá.





















Flestar flíkurnar á sýningunni voru varla ætlaðar annað en á sýningarpallana. Þessi grænguli kjóll er þó klæðilegur.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Galliano sjálfur var ekki síður skrautlegur.



Endurreisnartíminn fékk líka að fljóta með.

# Undir asískum áhrifum

***Tískuhönnuðurinn John Galliano hefur greinilega verið undir asískum áhrifum þegar hann hannaði nýjustu hátískulínu sína.***

Vor- og sumarlína Johns Galliano fyrir Christian Dior vakti að venju mikla athygli þegar hún kom fyrir sjónir manna á tískusýningu í París í vikunni. Galliano er þekktur fyrir sköpunarverk sín og sveik engan nú frekar en fyrri daginn með íburðarmiklum búningum með skírskotun til Asíu.

*- sgi*



Það mætti halda að maður væri staddur í óperunni en ekki á tískusýningu.





Grænn og glæsilegur.



Asísku áhrifin eru augljós enda svipar þessari fyrirsætu nokkuð til japanskrar geisju.


Pils eða herðaslá eða pils sem búið er að breyta í herðaslá? Takið eftir því hvernig hárið er bundið undir hökuna.


Töff munstur á skálmunum sem minnir aðeins á beinabyggingu eða grímubúning frá Mexíkó.


Flottur, svartur kjóll með sérstöku hálsmáli sem minnir kannski svolítið á smekk.



# Svarthvítar hetjur

***Sígild litasamsetning í heldur óvenjulegum útsetningum.***

Portúgalski fatahönnuðurinn Felipe Oliveira Baptista var meðal þeirra sem sýndu verk sín í París nú á dögunum, en þar fer fram hver tískusýningin á fætur annarri um þessar mundir.

Felipe er meðal rísandi stjarna í tískuheiminum um þessar mundir, en hönnun hans þykir óvenjuleg og áræðin. Hann leikur sér mikið með form og setur þannig saman flíkur sem virka einfaldar í fyrstu sýn en eru það ekki þegar betur er að gáð.

Hestar virðast hafa átt sinn þátt í að veita þessum framúrstefnulega hönnuði innblástur fyrir næstu vor- og sumarlínu hátískunnar í París, en undarleg höfuðföt og skófatnaður sem minnir á hófa var meðal þess sem fyrirsætur á hans vegum báru þegar þær tipluðu niður pallana síðastliðinn mánudag. **- mhg**


Hann er óneitanlega sérstakur þessi hattur sem minnir allt í senn á reiðhjólahnakk, svarta tungu eða hestshöfuð. Þennan hatt færi maður aldrei með í bíó.


Gobbiddigobb. Svartur peysukjóll og hvítar buxur með svörtum röndum. Minnir svolítið á íþróttabuxur eða einkennisbúning lúðrasveitarmeðlims.


Svolítið 60´s legur kjóll með skemmtilega útfærðum ermum.

# Marc Jacobs opnar búð í London

***Marc Jacobs sem oft er nefndur „grunge"-gúrúinn, opnar nýja þemaverslun í London í byrjun tískuvikunnar í London sem hefst 12. febrúar.***

Samtímis verður dömulínan ásamt fylgihlutum, kynnt til sögunnar í verslunarkeðjunni Selfridge á meðan öll hönnunarlína Jacobs er á boðstólum í þemaverslununni.

Marc Jacobs er kannski þekktastur fyrir sinn sérstaka „grunge"-stíl í bland við stílhreinan einfaldleika ásamt því að endurskapa hönnun Louis Vuitton tískuhússins árið 1997.

Marc Jacobs er mikið uppáhald stórstjarna á borð við Stellu Tennant, Liv Tyler, Charlotte Rampling, Sophiu Coppola og Jennifer Lopez.

Hann er fæddur í New York árið 1963 og ólst upp hjá ömmu sinni sem kenndi honum að prjóna. Amma hans prjónaði lokaverkefnið hans frá Parsons School of Design árið 1984, en með þeirri línu vann hann hin þekktu hönnunarverðlaun Perry Ellis Golden Thimble Award.

Hann byrjaði strax að hanna undir eigin nafni og var ekki lengi að ná toppnum í hönnunarheiminum.

Árið 1988 var hann ráðinn af Perry Ellis og fékk þar gælunafnið „grunge"-gúrúinn fyrir hönnun sína árið 1992.

Jacobs hætti hjá Ellis ári síðar og hóf að hanna undir eigin nafni á ný árið 1994. Árið 1997 endurskapaði hann hönnun Louis Vuitton, en einbeitir sér nú að eigin línu.

*www.marcjacobs.com*


Marc Jacobs er í miklu uppáhaldi hjá stórstjörnum á borð við Winonu Ryder.





Ný sending af töskum

Verð 4.200 kr.

Verð 5.900 kr.

Tösku- og hanskabúðin ehf.




Polarn o. pyret, 1.990 krónur.

Útilíf, 1.790 krónur.

Du pareil au même, 790 krónur.

# Litríkir litlir kollar

***Líflegar barnahúfur fást víða.***

Nú þegar daginn er farið að lengja aftur léttist lundin og um að gera að ýta enn frekar undir lífsgleðina með litríkum flíkum. Þó að styttist í sól og sumaryl er ennþá frekar kalt úti og ekki tímabært að leggja húfunum strax. Lítil eyru þurfa góða vörn gegn kuldanum en ef þeim er skýlt með líflegum húfum er auðvelt að muna að betri tíð er





66°Norður, 1.350 krónur.

Polarn o. pyret, 1.800 krónur.

Fat face, 700 krónur.

Útilíf, 2.490 krónur.

Zara, 995 krónur.

Zara, 595 krónur.

Du pareil au même, 990 krónur

66°Norður, 1.190 krónur.


Dr. Fischer



Frískandi og mildir hreinsiklútar fyrir augn- og andlitsfarða.

Fást í verslunum um land allt.

ALGJÖRT VERÐHRUN

...á útsölunni

Mikið úrval á ótrúlegu verði



XSTREAM DESIGN AN 07 01 003

ANAS

Fjörður • Hafnarfirði • 565 7100

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

# Taskan mikilvægust

*Dýrar og flottar töskur eru stöðutákn.*

Í tískuheiminum hefur mikilvægi áberandi fylgihluta aukist á síðustu árum og margar konur láta til dæmis aldrei sjá sig nema með einhverja flotta tösku á arminum. Glæsilegar töskur eru greinilega orðnar stöðutákn og miklu máli virðist skipta að merkið sé þekkt.

Hjá mörgum í hópi fína og fræga fólksins er vægi töskunnar orðið svo mikið að oft má sjá skærustu stjörnurnar klæðast flíkum lítið þekktra hönnuða á sama tíma og þær skarta rándýrum töskum þekktustu tískuhönnuða heims.

- eö



Miklu máli virðist skipta að merki töskunnar sé þekkt.

# Listræn tískusýning

*Myndlist var notuð á nýstárlegan hátt í tískusýningu Romeos Gigli.*

Fatahönnuðurinn Romeo Gigli hélt sýningu á haust- og vetrarlínu sinni 2007 í Mílanó á dögunum. Sviðssetningin vakti töluverða athygli enda hafði Gigli látið endurgera myndir eftir sextándu aldar málarann Mantegna. Fyrirsæturnar röltu framhjá málverkunum og virtu vel fyrir sér málverkin meðan áhorfendur veltu fyrir sér og skoðuðu nýjustu tísku meistarans Gigli.

- sgi

Fyrirsæta skoðar eftirmynd af málverki eftir Mantegna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Cellulite-krem eru ómissandi hjálparmeðul fyrir konur (og karla) sem ætla sér að stunda sund í sumar eða skella sér á sólarströnd í fríinu. Kremin eru einfaldlega borin á þá líkamshluta þar sem appelsínhúðin er til staðar, en algeng svæði eru magi, rass og læri. Að svo búnu er kremunum gefinn tími til að vinna á húðinni, með því að síast inn í hana og ráðast á fitufrumur. Útkoman er sléttari og fallegri húð. Þess má geta að innan skamms er von á nýjum og enn öflugri cellulite-kremum á snyrtivörumarkaðinn frá fyrirtækjunum Biotherme og Lancôme.








Lífræn bómull þykir mýkri og fallegri en venjuleg bómull.

# Barnvæn bómull

***Græna kistan er ný vefverslun með fatnað á alla fjölskylduna sem framleiddur er með tilliti til umhverfisins og manneskjunnar.***

Allar flíkurnar sem seldar eru á vef Grænu kistunnar eru búnar til úr lífrænni bómull sem þýðir að engin eiturefni eru notuð við framleiðslu hennar auk þess sem hún er handtínd. Lífræn bómull er talin mýkri, fallegri og anda meira en venjuleg bómull og hentar því til dæmis mjög vel í barnafatnað. Flíkurnar koma allar frá fyrirtækjum sem eru með starfsemi sína á svokölluðum „fair trade“ svæðum sem þýðir að vinnuaflinu eru boðin sanngjörn kjör fyrir vinnu sína.

Á heimasíðu Grænu kistunnar, www.graenakistan.is má skoða myndir af fatnaðinum sem er til sölu auk þess sem hægt er að panta tíma í heimakynningar og fyrirtækjakynningar.

*-eö*



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Hátísku draumaferð til horfins tíma

Hátískusýningarnar hófust með látum á mánudag þegar tískuhús Christians Dior sýndi hönnun Johns Galliano sem nú fagnar tíu ára starfsafmæli sínu hjá Dior. Um leið er tískuhúsið sextíu ára. Stundum er talað um tískusýningar sem ferð eða tilraun til að láta áhorfendur dreyma og víst er að tískusýning Dior olli ekki vonbrigðum. Sýningin öll var japanskur draumur, ferð til horfins tíma.

Ferill Gallianos er engu líkur. Þrátt fyrir það hefur hann ekki alltaf haft heiminn við fætur sér. Þessi 46 ára sonur ensks pípulagningamanns og spænskrar konu vann fyrir sér við að strauja leikbúninga í National Theatre meðan hann var við nám í Saint Martin´s School of Arts í Lundúnum. Útskriftarhönnun hans seldist strax en hann var ekki ánægður í Lundúnum og flutti til borgar hátískunnar 1993. Hann byrjað með tveimur aðstoðarmönnnum að hanna og sauma. Fyrstu tískusýningarnar einkenndust af vanefnum en tískupressan tók hann strax upp á arma sína. Árið 1995 kom eigandi LVMH (Louis Vuitton Moet Hennessy), Bernard Arnault, auga á þennan efnilega unga mann og fól honum fyrst listræna stjórnun Givenchy og síðan tók hann við tískuhúsi Dior 1996. Bernard Arnault er frægur fyrir að hafa viðskiptanef og hann hafði vissulega rétt fyrir sér þar sem Galliano var annars vegar. Velta Dior hefur fjórfaldast síðan John Galliano tók við hinum listrænu stjórnartaumum. Tískusýningar hans hafa verið stórfenglegar, hver annarri áhrifameiri og trúar leikhúsuppruna hönnuðarins. Hann hefur jafnvel hneykslað, til dæmis með sýningunni árið 2000 sem byggði á rusli og klæðnaði heimilislausra.

Hátískusýning Dior fyrir sumarið 2007 stóð undir nafni. Hún fór fram í stóru tjaldi í Boulogne-skógi fyrir utan París þar sem umgjörðin var eftirlíking af sölum tískuhúss Dior þar sem Christian Dior sjálfur sýndi við opnun hússins 1947. Boðsgestir voru einungis 300 en oft hafa þeir verið nær þúsund. Hönnunin var undir japönskum áhrifum með tónlist úr Madame Butterfly eftir Puccini og fyrirsæturnar með hvíta andlitsmálningu og hárauðar varir að hætti geisja. Skórnir eru fyrir vikið þykkbotna og hælarnir breiðir. Kjólarnir og jakkarnir eru með japönsku órigamí-fléttingum. Litirnir mjúkir, hvítt, ólífugrænt, lillablátt og fölbleikt. Dragt handsaumuð úr heilum krókódíl var nánast það eina sem ekki var úr silki. Hátíska sem aðeins er að finna hjá örfáum frönskum tískuhúsum þar sem tíska er list.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

alessandro® INTERNATIONAL

Elskaðu neglurnar þínar



STERKAR NEGLUR

Sterkar neglur, stöðugar neglur og neglur sem eru í jafnvægi glíma við eitt vandamál - þær geta orðið of harðar.
NailSpa Manicure býður upp á öfluga meðferð fyrir allar gerðir af nöglum og einnig vernd við að halda náttúrulegri fegurð naglanna.
Ennfremur býður NailSpa Manicure upp á fullkominn grunn fyrir sterkar og stöðugar neglur sem skortir oft raka.

Smooth Cuticle Remover Gel
Gel sem fjarlægir naglabönd
Ilmmeðferð með lótusblómi + aloe vera. Aloe vera heldur þeim mjúkum og sléttum og ver gegn ertingu og roða.




Sugar Almond Nail Peeling
Nærandi naglamaski. Ilmmeðferð með lótusblómi og möndlum. Gagnleg naglameðferð og fullkomin hreinsun samtímis: Fínustu kristallar möndlusykurs hreinsa neglur og naglabönd,hrein möndluolía veitir húð og nöglum vítamín og nærandi fitusýrur og skilur eftir frábæra marspanlykt. Er undanfari þeirrar meðferðar sem á eftir kemur.






BROTHÆTTAR NEGLUR

Brothætt nögl er bitlaus og hefur oft glærar rákir langsum og táknrænan lóðréttan klofning sem aðskilur ólík lög naglarinnar. Náttúrulegt vax úr mangó og karite, rósavatn og nýr keratín rakagjafi úr sjónum dekra við neglurnar með einstakri samsetningu virkra innihaldsefna í naglasnyrtivörum.

Naglalakkahreinsir
Án acetone




Nail Grow Cream
Ilmmeðferð með rós + shea butter + ceramium + mangósmjöri + rósavatni. Virkt rakagefandi krem með feitu shea butter fyrir neglur undir álagi, brothættar neglur og þær sem klofna. Eykur teygjanleika naglanna og stuðlar að auknum vexti.





83.000 gestir voru á B&BBarcelona í ár.

# Bread and Butter í Barcelona

***Bread and Butter sumartískuhátíðin heppnaðist einkar vel í ár. Gestir hafa aldrei verið fleiri.***

Bread and Butter tískuhátíðin er sölusýning þar sem þeir tískuhönnuðir sem hanna fyrir almennan markað sýna vörur sínar. Sýningin fer fram tvisvar á ári, í janúar og júlí, og má þar sjá tilvonandi tísku sumars og vetrar. Aðaláherslan er lögð á föt sem almenningur hefur efni á, gengur í, og er í raun mun meira áberandi í hinu daglega lífi en glamúrföt hátískuhúsanna.

Hátíðin hefur hingað til verið haldin í Berlín en í fyrra var sölað um og hún flutt til Barcelona. Sú breyting hefur mælst vel fyrir og í ár var aðsóknarmetið slegið. Um 83.000 gestir lögðu leið sína á sýninguna til að fylgjast með því sem bæði þekktir og óþekktir hönnuðir höfðu upp á að bjóða.

- tg

COMB & CARE

Sjampó og næring til varnar flóka
• Mild formúla sem svíður ekki undan.
• Sterkt flókavarnarefni fyrir sítt hár.
• Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
• Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem
• Verndar raka hársins með B5 vítamíni.
• Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
• Endingargóður ilmur.



Auðvelt í notkun – frábær árangur
(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.

Fæst í apótekum um land allt.

NailSpa er fyrsta byltingarkennda varan sem sameinar framúrskarandi naglaumhirðu og þekkingu á ilmmeðferð. Þessi einstaka blanda sérfræðiþekkingar, verðmætrar samsetningar virkra efna og upplifunar á frábærum ilmi, ilmkjarnaolíu og áferð sem sléttir, breytir handsnyrtingu í vellíðan sem gerir þig fullkomlega ánægða.

Anti - Aging Ridge Filler
Ilmmeðferð með lótusblómi + hvítu tei + aloe vera
Grunnlag til verndar til að slétta ójöfnur og rákir í nöglinni. Innihaldsefni gegn öldrun vernda gegn rakatapi og auka mótstöðuafl naglarinnar.



Mango Nail Serum - Öflugt naglaserum.
Blanda fyrir neglur með framandi ilmi itkatrés og mangó fyrir öfluga naglasnyrtingu og örvun á vexti nagla. Lótusblómakraftur hreinsar húðina og verndar sprungin naglabönd. Ilmkjarnaolíur sem og endurnærandi og nærandi innihaldsefni halda teygjanleika naglanna og gera þær um leið sterkari.



Coco Mango Nail Butter
Öflugt naglakrem
Ilmmeðferð með lótusblómi + grænu tei.
Mangósmjör, shea butter, jojoba olía. Feit, kraftmikil naglameðferð fyrir neglur sem hafa verið undir álagi. Frábær kókoshnetu-mangóilmur. Verndar gegn ofþornun og sprungum í naglaböndum.



Biotin Nail Hardener
Naglaherðir fyrir jafnvægi
Ilmmeðferð með rós + biotin
Bætir upp skort í næringarefnum í brothættum nöglum og stuðlar að stöðugum vexti nagla með fegrunarvítamíns biotin. Með fjölda fitusýra, kemur rósaberjaolía jafnvægi á náttúrulegt fituinnihald naglanna og dregur úr tapi á mikilvægum raka.



alessandro®
INTERNATIONAL




Heimsmeistarakeppni og Eurovision veita kjörið tækifæri til að láta fara vel um sig heima. Þá er tilvalið að skella upp tjaldi á vegginn og sjá alla dýrðina í bestu gæðum.


Egill Árnason hf
Allt að 70% afsláttur
STÓRÚTSALA
Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is

White-Westinghouse
ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

allt matur
Alla föstudaga


Arnar segir að skápurinn sé hin mesta stofuprýði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Keypti skáp í stað bíls

***Arnar Jónsson leikari á nokkra uppáhaldshluti á sínu heimili. Meðal þeirra er forláta skápur sem keyptur var á fornsölu.***

Arnar segir að skápurinn sé eitt af alfyrstu húsgögnunum sem hann og Þórhildur Þorleifsdóttir eiginkona hans keyptu sér. „Einhvern tímann vorum við alveg óskaplega blönk, eins og gjarnan á árum áður, og þá stóð valið um það að kaupa sér bíldruslu eða þennan skáp á fornsölu. Við létum bílinn flakka og löbbuðum bara það sem við þurftum en keyptum skápinn og ég held að við höfum aldrei séð eftir því,“ segir hann.

Skápurinn er handsmíðaður og telur Arnar að hann hafi verið smíðaður af dönskum klerki átján hundruð og eitthvað. „Þetta er mjög fallegur skápur sem er notaður undir betra stellið og allt það auk þess sem hann er mikil stofuprýði.“

Arnar segir að það séu ein þrjátíu ár síðan þau hjónin keyptu skápinn. „Að minnsta kosti það. Skápurinn hefur fylgt okkur síðan en við höfum reyndar ekki flutt nema einu sinn. Við fórum þá af Óðinsgötunni hingað á Skólavörðustíginn sem er reyndar ekki mjög langt, sennilega ekki nema hundrað metrar, en ég gat ekki komið lífsförunautnum lengra en þetta og nú er ég hér og skápurinn líka.“

Arnar er alls ekkert ósáttur við að hafa þurft að sleppa því að kaupa bíl á sínum tíma til þess að geta eignast skápinn. „Ég held að það gefi honum bara gildi og geri hann verðmætari fyrir vikið.“

*emilia@frettabladid.is*


Heimilislán SPK
- þú færð betri kjör hjá okkur
Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.
- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK
Sparisjóður Kópavogs • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is
spk

# Gefa, henda, geyma

FLESTIR NOTA EKKI NEMA 20 PRÓSENT AF ÞVÍ SEM ER TIL Í FATASKÁPNUM.

Einn besti staðurinn til að taka forskot á vorhreingerningu er í fataskápnum. Flest notum við ekki nema 20 prósent af öllum fötunum sem við geymum í fataskápnum okkar og því er ekki úr vegi að spyrja hvað hin 80 prósentin séu þá eiginlega að gera þarna? Svörin eru margvísleg. Til dæmis erum við að geyma buxur þangað til megrunin heppnast svo vel að við komumst aftur í þær. Við eigum eftir að láta stytta, breyta eða lagfæra annað og sum okkar eru hreinlega að bíða eftir að fá stærri fataskáp. Ef þú, lesandi góður, stendur þig að því að kannast við eitthvað af þessu þá er tímabært fyrir þig að taka til í fataskápnum heima hjá þér.

Að spyrja sig nokkura spurninga á meðan á þessu ferli stendur hefur reynst mörgum vel. Spurningarnar eru eftirfarandi:

- Hef ég notað þessa flík undanfarin tvö ár?
- Passa ég í hana og á ég nokkurntíma eftir að passa í hana?
- Á ég þessa flík?
- Er ekki hægt að gera við þetta lengur?
- Eru tilfinningalegar ástæður á bak við það að þessi hnökrótta peysa er enn hér uppi í hillu?

Um leið og þú skoðar hvern og einn hlut í fataskápnum skaltu hafa þrjá kassa tiltæka. Kassana skaltu merkja gefa, henda og geyma og svo er flokkað eftir því. Sumum finnst afar vont að henda fötum (sama fólki finnst yfirleitt vont að henda hverju sem er) en sannaðu til. Þegar þú ert laus við þetta úr fataskápnum þá áttu eftir að njóta þess að hafa gert það. Allir vita hversu gott það er að gefa svo þetta ætti hvorki að reynast erfitt eða flókið. Það eru margir sem munu glaðir þiggja fötin frá þér, hvort sem eru hjálparstofnanir, Sorpa eða vinir sem nota sömu stærð og þú. Í „geyma“ kassann lætur þú fötin sem þú veist ekki alveg hvað þú átt að gera við, en láttu alls ekki líða meira en viku þar til allt úr þeim kassa er komið á sinn stað. Hvort sem er til rétts eiganda, í ruslið eða upp á háaloft.


Fyrir


Eftir

Til að halda skipulagi í skápnum er gott að fylgja þessum reglum:

- Settu allar stórar vetrarflíkur í plastpoka á vorin og geymdu þetta undir rúmi, uppi á lofti eða hvar sem er þar sem það sést ekki.
- Hengdu allar skyrtur saman í skápnum og búðu þannig til pláss undir þeim. Í það pláss má til dæmis setja skókassa með beltum, fylgihlutum eða öðru slíku.
- Láttu skófatnaðinn undir síðar flíkur sem hanga á fataslánni.

Allt þetta verk ætti ekki að taka meira en um það bil tvo tíma (eftir stærð fataskápsins). Hlustaðu á góða tónlist á meðan, eða hljóðbók, og mundu svo að verðlauna þig fyrir vel unnið verk.

*- mhg*



Sia • Laugavegi 86-94 • Sími: 511-6606

allt tilboð
Alla föstudaga

Heitt og heillandi tilboð
á ELBA eldunartækjum

ELBA

Ítölsku ELBA tækin eru falleg, fullkomin og vönduð. Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt að leitun er að öðru eins.


Ofn, gerð 126-EX634 stál
Gashelluborð m/6 brennurum.
2 misstórir ofnar.
BxDxH = 100x60x90 cm
Fullt verð kr. 196.710,-
Tilboð
149.900,-

Ofnar


ELBA 608 - 100 stál
Fjölvirkur 8-kerfa ofn
* Yfir/undirhiti
* Undirhiti
* Yfirhiti
* Snúningsgrill
* Grill + blástur
* Yfir/undirhiti + blástur
* Heitur blástur
* Affrysting
Fullt verð kr. 71.420,-
Tilboð
49.900,-


ELBA 618 - 100 stál
Fjölvirkur 7-kerfa ofn með pyrolitic hreinsikerfi
* Affrysting
* Yfir/undirhiti
* Heitur blástur
* Grill eingöngu
* Snúningsgrill
* Tvöfallt grill + blástur
* Sjálfhreinsikerfi
Fullt verð kr. 104.160,-
Tilboð
69.900,-


ELBA 608 - 800X stál
Fjölvirkur 9-kerfa ofn
* Yfir/undirhiti
* Undirhiti + blástur
* Grill eingöngu
* Yfirhiti + grill
* Grill + blástur
* Yfir/undirhiti + blástur
* Heitur blástur + undirhiti
* Heitur blástur
* Affrysting eða upphitun
Fullt verð kr. 86.300,-
Tilboð
59.900,-

Helluborð


Keramikborð með 2 eða 4 hellum
4ra helluborð frá
29.700,-


Keramikborð með 4 hellum og snertirofum.
Tilboð frá kr.
39.900,-

Magnafsláttur
Ef keypt eru:
2 tæki = 3%
3 tæki = 4%
4 eða fl. tæki = 5%


Gashelluborð með 2, 3, 4, eða 5 brennurum
4ra helluborð
26.700,-

Opið:
Mánud.- föstud. kl. 9-18
Laugardaga 10-15

Þetta er aðeins brot af úrvalinu.
Bjóðum ýmsar aðrar gerðir með allt að 50% afslætti.
Einnig alinnbyggðar uppþvottavélar á aðeins kr. 69.900

Viftur & Háfar


Veggvifta / hvít eða stál
Tilboð
4.900,-


Veggvifta útdregin / hvít eða stál
Tilboð
13.900,-


Veggháfur / stál / 60cm.
Tilboð
18.900,-


Tilboð
39.900,-
Eyjuháfur / stál


Tilboð
49.900,-
Eyjuháfur / gler / stál

Ath. Kolsíur fylgja öllum viftum og háfum ( innifaldar í verði )

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

BETRI STOFAN

Útsala – Útsala
10-80% afsláttur af öllum vörum
Hægt er að sjá sýnishorn af því sem í boði er á vefnum keramikgallery.is
Keramikgallery, Dalbrekku 14, 200 Kópavogur, s: 544-5504
Opið virka daga frá 10.00-18.00 – Lokað laugardaga

TITAN
Harðar - fisléttar - sterkar
75x57x34 4kg kr. 19.700
62x47x28 3,2kg kr. 14.900
53x37x23 2,4kg kr. 7.900
LÉTTUSTU FERÐATÖSKURNAR!
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

ÚTSALA!
ÚTSALA!
TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

ÚTSALAN
ER Í FULLUM GANGI
Húsgögn sem lentu í óhappi vantar laghenta eigendur, fást fyrir mjög gott verð. Verð frá kr. 5000.
80% 60% 30% 25%
15% afsláttur af nýjum vörum aðeins til föstudags
UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun 13-16
www.unika.is

allt tilboð
Alla föstudaga

# Vökvun allsendis óþörf

***Pottablómin geta verið eymdarleg á þessum árstíma þegar dagsbirtan hefur verið af skornum skammti svo mánuðum skiptir. Þá koma silkiblómin sterk inn.***

Silkiblóm eru býsna raunveruleg að sjá enda kemst silkið næst því að líta út eins og lifandi blóm. Það liggur við að maður fari að vökva!

Í Soldis í Blómavali og Europris er úrval af silkitrjám og silkiblómum til að prýða með bæði heimili og fyrirtæki. Fyrir utan afskorin blóm og greinar til að láta standa í vösum og skálum má fá pálma, fíkustré, drekatré, burkna og hengiplöntur. Blómstrandi pottablóm eins og pelargóníur, alparósir og ástareldur geta fært lit og líf inn á heimilið og fyllt upp tómið sem hið nýhorfna jólaskraut skapaði.

*- gun*


Hortensía ber með sér frið. Hér er ein úr Soldis.


Gular begóníur minna á vorið. Þessi er úr Europris.


Alparósin úr silkinu fellir ekki blómin eftir einn dag eins og sú lifandi. Þessi er úr Soldis.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Pelargóníur með dumbrauðum blómum fást í Europris.

Fíkusar fást í mörgum stærðum bæði í Soldis og Europris.

# Rúmföt frá 1985

***Allt of margir eiga allt of mikið af rúmfötum.***

Af ókunnri ástæðu eiga margir það til að halda fast í gömul rúmföt. Rúmfötin taka þar með skápapláss sem væri betur varið til geymslu á öðru. Brún og appelsínugul rúmföt frá 1978 liggja enn innan um barnasængurver af sæng barns sem í dag er orðið 23 ára, koddaverin eru horfin yfir í aðra vídd og þetta gerir lítið annað en að skapa óþarfa óreiðu á heimilinu.

Til að átta sig á því hversu mörg rúmföt við þurfum í raun og veru, er nægilegt að telja þau rúm sem eru í reglulegri notkun á heimilinu og bæta við einu rúmfatasetti á hvert rúm. Fyrir gesti dugar að hafa eitt auka sett á hvert gestarúm. Ef það eru til dæmis þrjú rúm sem eru notuð á hverri nóttu heima hjá þér, og tvö gestarúm, þá áttu að eiga fimm sett af rúmfötum í rúmfataskápnum.

Í stað þess að vera með ósamstæð rúmföt er því tilvalið að fjárfesta í góðum rúmfötum úr pínu uppáhaldsefni (t.d. damask) og henda svo öllum gömlu rúmfötunum út í tunnu eða gefa til góðgerðasamtaka.

*- mhg*


Flestir þurfa aðeins eitt aukasett af rúmfötum á hvert rúm.



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Tómatar – merkileg saga

Kartöfluættin er í þriðja sæti þeirra plöntuætta sem mannkynið ræktar til matar. Í fyrsta sætinu er grasættin með allar sínar korntegundir og í annað sætið fer ertublómaættin með ótal baunategundir. Korn, baunir og kartöflur er undirstaða hins daglega brauðs fyrir meginþorra alls fólks í heiminum og um 98% alls ræktunarlands fer undir þennan jarðargróða. En það eru ekki bara kartöflur sem máli skipta í kartöfluættinni. Til hennar teljast líka mikilvægar matjurtir eins og eggaldin, paprika og tómatar. Og reyndar mun fleiri tegundir, svo sem tóbak, sem ekki verða gerðar hér að umtalsefni. Hér fara á eftir nokkur orð um tómata í framhaldssöguformi, því rýmið er takmarkað.

**Tomatl – þessi frískandi safaríku!**

Þegar Spánverjar gerðu sig heimakomna í Nýja-heiminum gættu þeir grannt að lifnaðarháttum heimamanna þar og ekki síst að því hvað innfæddir lögðu sér til munns. Fyrr en varði hafði Spánverjunum tekist að ná saman góðum lista af matjurtum sem óþekktar voru Evrópumönnum á þeim tíma. Og það var ekki nóg með það, heldur fengu þeir sýnishorn af öllu og fluttu til ræktunar í heimalandinu austan Atlantshafs. Eina af þessum jurtum fengu þeir hjá Aztekum, jurtkenndan hálfrunna með rauðum berjum á stærð við þrastaregg. Aztekar kölluðu plöntuna „xitomatl“ en berin „tomatl“ – svona skrifað án þess að „ellið“ sé borið fram. Azteka-nafnið þýðir eiginlega bara „þessi frískandi safaríku“ og forskeytið „xi“ – framborið „sjí“ er tilvísun á plöntuna sem tómatarnir vaxa á. Flóknara er það ekki! Tómat-nafnið eins og við notum það er sem sagt komið úr aztekamáli, nánar tiltekið Nahuatl-mállýskunni, og hefur fleytt kerlingar inn í flest tungumál veraldar og mun líklega sitja fast í íslenska orðaforðanum það sem eftir er, öllum að meinalausu vonandi.

**Margar gerðir – óvís byrjun**

Uppruni tómataræktunar er ekki alveg augljós. Eins og kartaflan og paprikan voru tómatar til í mörgum gerðum þegar Spánverjar komu að. Margt virðist benda til að ræktun á tómötum hafi byrjað á ýmsum stöðum, nokkurn veginn sjálfstætt. Útbreiðsla tegundarinnar sem er meginuppistaðan í genamengi ræktaðra tómata nær frá Mexíkó til háfjalladala í Perú og fer í gegn um útbreiðslusvæði annarra náskyldra tegunda sem hún blandast auðveldlega. En upprunalega er um tvær deilitegundir að ræða. Á norðursvæðinu, þ.e. í Mexíkó, bera tómatplönturnar stóra klasa með smágerðum, allt að því hnöttóttum tómötum. Þaðan eru „kirsiberjatómatar“ komnir. Í Perú bera klasarnir stærri og ögn ílengri tómata, þeir eru af „plómugerðinni“. Um allt svæðið þarna á milli voru til tómatar af margvíslegri stærð, lögun og lit. En stórir tómatar sem líktust „bufftómötum“ munu líka hafa verið komnir fram sem stökkbreyting í ræktuðum tómötum á því svæði sem nú er Panama og Hondúras áður en Spánverjar komu til sögunnar, en þessir tómatar komu ekki inn í ræktunarsögu alls heimsins fyrr en öldum síðar.

**Hægfara byrjun – ítölsk gullepli**

Tómatarnir sem Spánverjar komu fyrst með til Evrópu árið 1520 voru „kirsiberjatómatar“ og í fyrstu voru þeir einkum ræktaðir til skrauts og sýningar, enda þótt vel væri staðið að því að kynna þessa nýju guðsgjöf. Fólk var tregt til að borða framandi ávöxt af plöntu sem hafði orð á sér að vera vera ögn eitruð eins og þær tegundir sömu ættkvíslar sem menn þekktu í Gamla-heiminum. En í nýlendum Spánverja var tómötunum tekið höndum tveim umsvifalaust. Ítalir höfðu orðið sér úti um tómatfræ strax í upphafi sextándu aldar og fóru lengri leiðina, því þeir fengu fyrst gula tómata frá Tyrklandi, hvernig svo sem Tyrkirnir komust yfir þá. Á Ítalíu ríkti ekki sami ótt-inn við hið ókunna. Ítalirnir nefndu tómatana „pomi di oro“, gullepli, eftir gula litnum og síðan hafa allir tómatar heitið „pomodoro“ á ítölsku, hinn tyrkneski uppruni hafði slitið tengsl við tómatnafnið. Ítalir voru orðnir meistarar í tómatamatseld á tiltölulega stuttum tíma. Og að sjálfsögðu bárust þeim líka rauðir tómatar vestan frá Spáni ásamt uppskriftum að því hvernig væri best að matreiða þá: Fyrsta matreiðslubókin með tómatréttum kom svo út í Napólí árið 1692 og er sögð undir sterkum spænskum áhrifum. Við þessi tímamót má segja að saga tómatanna í nútímanum hefjist. Meira um það í næsta pistli.




Útsala
10-70% afsl.



39.900 kr
13.500 kr
Frá 16.900 kr
34.000 kr

Gerið góð kaup, mörg húsgögn undir kostnaðarverði, full búð af nýjum vörum á tilboði.

local
Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

PARKET & GÓLF
PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
FAX: 568 1866
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS
ÁRATUGA ÞEKKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Nú er útsalan í fullum gangi í Parket&Gólf.
30-60%
afsláttur af öllum vörum.
Hurðir-veggir-loft-parket
PARKET&GÓLF
svo miklu meira en bara parket......

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000







allt matur

Alla föstudaga


# Smátt og smart á salernið

***Lítið þarf til að lífga upp á baðherbergið.***

Er tannburstaglasið úr sér gengið og kannski notast við aflóga glas úr eldhúsinu sem löngu ætti að vera búið að syngja sitt síðasta? Skemmtilegt getur verið að lífga upp á baðherbergið með nokkrum grunnhlutum eins tannburstaglasi, sápudælu og klósettbursta. Með því að hafa þetta þrennt í stíl er hægt að breyta leiðigjörnu baðherbergi í sjarmerandi vistarveru.



Ikea. LIDAN körfur 2 stk. 990 kr.

Ikea. LILLAHOLMEN kassi fyrir servíettur 990 kr.

Ikea. LILLAHOLMEN klósettbursti 1.390 kr.

Ikea. LILLAHOLMEN sápudæla 690 kr.

Ikea. LILLAHOLMEN krús 290 kr.



Spegill á fæti, Habitat 7.100 kr.



Sápudæla úr tré, Habitat 1.900 kr.

Krukka úr tré með loki, Habitat 1.700 kr.

Klósettbursti úr tré, Habitat 2.900 kr.



Tannburstaglas, glas og sápudæla, Habitat 1.700 kr.

Tannburstaglas úr gleri, Húsgagnahöllin 2.280 kr.

Klósettbursti, Húsgagnahöllin 3.480 kr.

Sápupumpa úr stáli, Húsgagnahöllin 3.880 kr.

Sápuskál úr gleri, Húsgagnahöllin 1.680 kr.

Tvöföld sápusprauta, Húsgagnahöllin 5.480 kr.

Tannburstaglas, Húsgagnahöllin 980 kr.

Krukka með loki, Húsgagnahöllin 1.980 kr.





[ SÉRBLAÐ UM NÝBYGGINGAR – FIMMTUDAGUR 25. JANÚAR 2007 ]

# Húsbyggjandinn



NordicPhoto/Getty

## EFNISYFIRLIT

OFNAR AÐ HVERFA AF HEIMILUNUM
*Gólfhiti* BLS. 2

FÓÐRAÐIR VEGGIR
*Blóm og skýjahnoðrar* BLS. 2

HLÝJAR KVÖLDSTUNDIR
*Sérsmíðaður arinn* BLS. 4

LÝSING Í NÝBYGGINGAR
*Fagleg ráðgjöf frá Lumex* BLS. 6



ROFAR FYRIR NÚTÍMAHEIMILI
*Fjölbreytni í efni og litavali* BLS. 12

EFTIRSPURN EYKST
*Húsnæði á Húsavík* BLS. 12

NÝTT HVERFI FÆÐIST
*Norðlingaholtið* BLS. 14






## Fóðraðir veggir

Í örfá ár þegar einfaldleikinn réði ríkjum og litagleði sjöunda og áttunda áratugarins var víðs fjarri þótti veggfóður lítið smart. Annað er uppi á teningnum í dag. Veggfóður er aftur í tísku og úrvalið hefur sjaldan verið jafn mikið. Hvort sem einfalt munstur eða gróft er á óskalistanum þá er hægt að finna flott fóður á vegginn.

Að ýmsu er þó að huga þegar veggfóður er valið, til dæmis hvernig það passar við húsgögn og aðra hluti á heimilinu. Flott getur verið að veggfóðra einungis einn til tvo veggi í herbergi og mála hina. Afar smart er að velja gardínuefni í stíl við veggfóðrið.



Fagurblátt veggfóður með blómamunstri í skýhnoðrastíl veitir bæði birtu og yl.



Vel er hægt að stara á svona veggfóður tímunum saman og sjá sífellt nýjar myndir.



Þetta fallega veggfóður fæst í versluninni Vefurinn.



Sífellt er að aukast að fólk hiti upp hús sín með gólfhita í stað hins hefðbundna ofnakerfis. Betri hitanýting er úr gólfihitanum sem minnkar orkukostnaðinn til muna.

# Ofnarnir eru að hverfa af heimilum landsmanna

**Það hefur færst gríðarlega mikið í aukana síðustu ár að fólk láti leggja gólfhitakerfi í íbúð sína í stað ofnakerfis. Heimir Freyr Heimisson segir aukningu mikla milli ára.**

Sífellt er að aukast að fólk hiti upp hús sín með gólfhita í stað hins hefðbundna ofnakerfis. Gólfhitun hefur ýmsa kosti fram yfir ofnakerfið.

„Þú færð miklu betri hitanýtingu úr gólfhitanum með þessu móti. Þá minnkarðu orkukostnaðinn í gólfhitanum miðað við heita vatnið sem fer á ofnana um einhver sextíu prósent. Það sem gólfhitinn hefur aðallega fram yfir ofninn er að ofnarnir eru venjulega staðsettir við glugga. Svo myndast hringrás í herberginu, loftið er þá mun heitara í efsta hluta rýmis en hitastigið verður minna eftir því sem nær dregur gólfinu,“ segir Heimir Freyr Heimisson sem starfar hjá Vatni og hita sem er í eigu Vatnsvirkjans.

„Manni er oft kalt á tánum í heimahúsum sem aðeins eru með ofnakerfi. Þegar maður hefur gólfhita þá byrjar hitinn hins vegar augljóslega á gólfinu sem gerir það að verkum að varmagjöfin í hverju rými fyrir sig er alltaf jöfn og stöðug í öllum hlutum þess,“ sagði Heimir. Það er þó alls ekkert nýtt að verið sé að hita heimilin í gegnum gólfin.

„Við komum með þetta fyrst á markaðinn fyrir átta árum eða svo og síðan hefur verið 60-80 prósenta aukning í þessum geira á hverju ári. Til að byrja með var gólfhiti tekinn með ofnalagningu, en núna er gólfhitinn bara orðinn alls ráðandi. Kostnaðurinn við að fá hitakerfi í gólf er hlutfallslega meiri þegar maður er að byrja og er að koma þessu öllu í gang.“

„Þó að kostnaðurinn sé kannski 40 prósenta meiri þá skilar þetta sér á næstu árum þegar kemur að varmaleiðni. Svo fer þetta náttúrulega eftir því hvernig þú verðleggur hlutina sjálfur. Án alls vafa þá má segja að þetta sé það sem er móðins í dag eins og unga fólkið orðar það,“ sagði Heimir sem segir að gólhitinn sé þegar almennt tekinn við af gamla ofnakerfinu.

Gólfhitakerfi hafa komið hvað best út úr rannsóknum um þægindi hitakerfa en minna ryk er í loftinu á þeim heimilum sem hafa þannig kerfi. Iljarnar á fótunum eru mjög næmar og því finnur fólk oft fyrir miklum mun þegar skipt er yfir í gólfhita. Þá hefur sýnt sig að þetta kerfi er mjög endingargott.

*- egm*

MARKAÐURINN
Einfalt mál
Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 alla virka daga





# Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

# Fleiri með arin en margir halda

Múrarameistarinn Magnús Böðvarsson starfar hjá Ákasti ehf. en fyrirtækið sérhæfir sig í arinsmíði og arinhönnun. Hann segist ekki enn hafa lent í því að ekki sé hægt að setja arin upp á heimili.

„Þetta er rosalega vinsælt og fleiri með arin á heimili sínu en margir halda," segir Magnús Böðvarsson sem starfar hjá Ákasti. „Þó að hús sé ekki steypt upp með skorstein er alltaf hægt að setja arin í það eftir á og það halda áfram að koma arnar í gömul hús."

Aðspurður segir Magnús að í langflestum tilfellum sé það ekki mikið vandamál að finna leið til að setja upp arin á heimilum. „Það þarf náttúrulega að vera hægt að koma upp skorsteini og ef það er ekki önnur hæð á húsinu þá er það ekki mikið mál. Settur er upp stál-skorsteinn ef ekki er skorsteinn fyrir. Ég hef enn ekki lent í þeim vandamálum að ekki sé hægt að finna leið til að koma arni fyrir," segir Magnús.



Fallegur arinn sem byggður var af Magnúsi og félögum í Ákasti.

„Svo er það spurningin hvernig arinn það er sem fólk vill, inni í eldhólfinu er aðeins um tvennt að velja. Það er gamli múrsteinninn eða grásteinn sem er íslenskur svartur náttúrusteinn. Fólk þarf að velja á milli þessara tegunda en í 90 prósent tilfella í dag velur fólk grásteininn. Hann er hins vegar mikið dýrari en múrsteinninn. Fólk hefur sínar hugmyndir um hvernig arin það vill en ég sé um að hanna innvolsið, ef fólk hefur hugmyndir sem ekki eru mögulegar þá segi ég því það hreint út."

Ákast tekur að sér að smíða arna eftir teikningum arkitekta, verkkaupa eða eigin hönnun. Fyrirtækið sér um að útvega allt það efni sem þarf í arininn og gerir föst tilboð. Hægt er að kaupa alls konar aukahluti fyrir arnana, meðal annars í versluninni Arinvörum á Krókhálsi. Meðal aukahluta sem þar fást má nefna neistagrindur, öskuskúffur, hreinsiefni, trekkspjaldastillingar og kubbagrindur í eldhólf. Ákast mælir á heimasíðu sínni með öskuskúffum. Þær gera það að verkum að arinninn er notaður miklu meira. Fyrirtækið býður annars vegar upp á skúffu á hjólum sem rennur undir arininn og hins vegar öskufötu sem sett er ofan í arininn og sést ekki.

Það eru ýmis atriði sem gott er að hafa í huga þegar kveikt er upp í arni. Gæta þarf þess að kalt loft streymi ekki niður skorsteininn þegar kveikja skal upp. Ekki skal nota vökva af neinu tagi við uppkveikju, aðeins dagblöð. Nota á þurrkaðan við en ef óþurrkaður viður er notaður fer mikil orka í að losa rakann úr honum sem nýtist ekki til upphitunar. Ef reykur stígur upp úr skorsteini ber það vott um kunnáttuleysi eigandans þar sem vanur kyndari kyndir án reyks.

*- egm*





Við tilkynnum til vina og viðskiptavina okkar að við höfum unnið verðlaunin í ár, **"Q"** fyrir gæði í ferðamannageiranum . Við viljum þakka okkar virðulegu viðskiptavinum fyrir tryggðina.
**Starfsfólk okkar á veitingastaðum Bali, á Kanaríeyjum viljum óska öllum gleðilegs nýs árs. Sjáumst á Kanarí.**

INDONESIA

Restaurant
BALI®

Avd. de Tirajana, Esq. Avd. Bonn, 23
Apartamentos Tinache
35100-Playa del Ingles
Gran Canaria- España
Reservas: 0034 928 763 261
www.restaurantebali.com

**MELONERAS:**
C.C.Oasis Boulevard
-2 Planta á móti Casino
Hotel Costa Meloneras.

**Borðapantanir í síma:**
**928-143-375.**



## Mikið í byggingu í Hafnarfirði og í Reykjanesbæ

Eins og staðan er núna er lítið um lóðaframboð á höfuðborgarsvæðinu en flest bæjarfélög eru nýbúin að hafa útboð. Í Hafnarfirði er þó ýmislegt í undirbúningi og ekki langt í næsta útboð. „Eins og er eru engar lóðir lausar, en mikið í byggingu sem nýlega hefur verið úthlutað. Stefnt er að því að úthluta u.þ.b. 150 einbýlishúsalóðum, 100 raðhúsalóðum og lóðum fyrir um 160 íbúðir í fjölbýli með vorinu. Síðar á árinu er stefnt að úthlutun u.þ.b. 150 einbýlishúsalóða, 120 raðhúsalóða og lóðum fyrir u.þ.b. 50 íbúðir í fjölbýli. Auk þess erum við að úthluta lóðum fyrir atvinnuhúsnæði á stórum iðnaðarsvæðum í suðurhluta bæjarins," sagði Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar.

Í Reykjanesbæ hefur úthlutun verið mikil síðustu ár, og úthlutað lóðum undir 1800 íbúðir. Samkvæmt upplýsingum frá bæjaryfirvöldum er verið að ljúka uppbyggingu þriggja hverfa. Enn eru um 40 lóðir lausar í þeim hverfum. Í skipulagningu er hins vegar 700 íbúða hverfi og verður lóðum þar úthlutað á þessu ári. Stefna bæjarins er að hafa ávallt nægt framboð af lóðum.

*- egm*




# STÓRÚTSALA










Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

## Hvað er Funk-Bus?



Sífellt eru gerðar meiri kröfur til ljósastýringa á heimilum en Funk-Bus kerfið nýtur mikilla vinsælda. Einfalt er að forrita Funk-Bus og allar breytingar eftir að kerfið er komið upp. Funk-Bus hefur margt að bjóða og má þar meðal annars nefna að hægt er að slökkva öll ljós á heimilinu á leiðinni út og kveikja á mismunandi ljósum þegar heim er komið.
Í kerfinu eru sendar og móttakarar. Sendar eru hreyfiskynjarar, veggsendar og handsendar í formi fjarstýringar eða lyklakippu.

Upplýsingar af reykjafell.is

# Búið vel um uppvaskið

Eins og úrvalið og möguleikarnir eru núna ættu allir að fá þann eldhúsvask sem þeim hentar best. Algengastir eru þeir úr stáli, enda eru þeir sterkir og endingargóðir. Ný efni hafa þó verið að ryðja sér til rúms, eins og silgranít og corian. Silgranít er sterkara efni en stálið og er framleitt í nokkrum litum. Corian er efni sem hægt er að móta hvernig sem er, og algengt er að fólk láti smíða vask og borðplötu úr Corian-efninu. Alltaf eru það einhverjir sem sækjast eftir að hafa vaskana undir borðplötunni til að vaskurinn verði ekki eins áberandi, á meðan aðrir sækjast eftir stórum vaski sem lætur mikið fyrir sér fara. Postulínsvaskar sem notaðir voru hér mikið áður fyrr eru að mestu leyti horfnir, og eru sérpantaðir að utan ef fólk sækist eftir þeim. Gallinn við postulínsvaskana er sá að það brotnar mikið upp úr þeim, enda eldhúsvaskar oft undir miklu álagi.



Vaskur og borðplata renna saman í eitt. Allt saman er þetta mótað úr efninu corian.



Skemmtilegur og kringlóttur vaskur úr IKEA sem nýtist vel þar sem rými er lítið. Gæti einnig hentað í vaskahús.



Hvítur postulínsvaskur úr IKEA.



Sérstakur hönnuður hannar lýsingu íbúðarinnar eftir óskum og þörfum hvers og eins.

# Lýsing í nýbyggingum

**Fyrirtækið Lumex býður upp á hönnun á úti- og innilýsingu. Charlotta Björk Steinþórsdóttir tækniteiknari segir talsverða þróun hafa átt sér stað í þessum efnum.**

Lýsingin á heimilinu skiptir mjög miklu máli og er eitt af því sem huga þarf að þegar nýtt hús er byggt. Lumex er lampaverslun og ráðgjafafyrirtæki þar sem ráðgjöfin felst í þekkingu á þeim lömpum sem fyrirtækið hefur til sölu. Starfsmenn Lumex hafa mikla reynslu í hönnun lýsingar.

„Algengustu spurningarnar varðandi lýsingu í dag eru annars vegar um innfellda halogen-lýsingu, díóðu-lýsingu sem er oft notuð sem næturlýsingu eða ratlýsingu og óbeina lýsingu þar sem notast er við flúrperur eða díóður," segir Charlotta Björk Steinþórsdóttir sem er tækniteiknari hjá Lumex.

Hún segir talsvert hraða þróun hafa átt sér stað í stýringum sem tengjast m.a. lýsingu heimila. „Þar efst á baugi má nefna kerfi sem heitir Funk bus. Einnig starfrækjum við hjá Lumex teiknistofu sem tekur við stærri verkum," segir Charlotta.

Fyrirtækið býður upp á hönnun á úti- og innilýsingu en þetta á bæði við um nýbyggingar sem og eldri byggingar. „Það sem við þurfum til að geta unnið okkar vinnu eru annars vegar grunnmyndir af húsunum eða íbúðunum. Best er að fá þær á tölvutæku formi en ef þær eru ekki fáanlegar er hægt að notast við útprentaðar grunnmyndir," segir Charlotta þegar spurt er um það ferli sem viðskiptavinir gagna í gegnum.

„Viðskiptavinurinn getur annars vegar komið á staðinn og farið yfir byggingu hússins með sölumanni, lofthæð og óskir um lýsingu. Sölumaðurinn kemur þeim skilaboðum síðan til teiknara sem gerir grunninn kláran fyrir lýsingarhönnuðinn. Næsta skref er síðan að lýsingarhönnuður hannar lýsinguna eftir óskum og þörfum hvers og eins."

Þegar þessu er síðan lokið tekur sölumaður teikninguna og gerir sölutilboð sem viðskiptavinurinn fær með teikningunni. „Teiknari klárar að útfæra teikninguna og hefur samband við kúnnann," segir Charlotta.

Viðskiptavinurinn fær sent eintak í tölvupósti eða getur komið og fengið útprentun á verkinu. Allt þetta ferli tekur að meðaltali tíu virka daga og kostnaður vegna þess er allt frá 7.345 krónum. *- egm*





# Má bjóða þér heim?

Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsa- og landeigendur.
Fyrirliggjandi á lager.

**Vel þarf að vanda það sem lengi á að standa**

Teknís ehf. Miðhrauni 8 210 Garðabær Sími 565 7390 www.tekn.is

TEKNÍS

# ÁL ER OKKAR MÁL



## Valsað báruál

**Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál**Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti fyrirliggjandi á lager:

Ólitað ál

| | |
|---|---|
| RAL 3002 | Rautt |
| RAL 3009 | Rautt |
| RAL 5009 | Blátt |
| RAL 7016 | Dökkgrátt |
| RAL 9006 | Silfurmetalic |
| RAL 9010 | Hvítt |
| RAL 9007 | Dökkur Metalic |



## Horfðu til himins

**Gæða þakgluggar á sérstöku tilboði út október.**

Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



## Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

| | |
|---|---|
| RAL 3009 | RYÐRAUTT |
| RAL 9005 | SVART |
| RAL 9010 | HVÍTT |

Hönnun: Bazooka!!/864 3603/2005

HÚSASMIÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is
Söluaðili:
Verslanir Húsasmiðjunnar um land allt

ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík
Sími: 577-4100 • Fax: 577-4101
GSM: 898-0860 • altak@altak.is • www.altak.is

BÍLHÁTALARAR BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI

# RISAÚ

SJÓNVARPSTÆKI
MYNDAVÉLAR MYNDBANDSTÆKI MAGNARAR

## ÚTSÖLUNNI LÝKU

ÞVOTTAVÉLAR KAFFIVÉLAR
ELDAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR FRYSTIKISTUR
UPPÞVOTTAVÉLAR BRAUÐRISTAR
HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL SAFAPRESSUR
STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR HELLUBORÐ
BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MATVINNSLUVÉLAR
REIKNIVÉLAR HÁFAR
RAKVÉLAR PÖNNUR OFNAR
POTTAR

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED
BEKO DēLonghi elna exido ide line Melissa TecnoWind
Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFROST Whirlpool

HÁTALARAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ ÚTVÖRP

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

TSALA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI

R Á LAUGARDAG

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

UPPÞVOTTAVÉLAR MYNDAVÉLAR STRAUJÁRN SAMLOKUGRILL BRAUÐRISTAR HRÆRIVÉLAR SÍMAR SAUMAVÉLAR

Skoðið tilboðin á www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

OPIÐ Á LAUGARDAG 10-16

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

# Lífgað hressilega upp á baðherbergið

Hægt er að fara að ýmsar leiðir til að lífga upp á baðherbergið. Egill Árnason hf. hefur opnað nýja og stærri baðdeild þar sem hægt er að fá innblástur fyrir baðherbergið. Fréttablaðið skoðaði ýmsa skemmtilega hluti sem í boði eru í versluninni.



Hjá Agli Árnasyni hf. er hægt að fá allt frá nettum sturtuklefum í stóra og einkar glæsilega glerklefa fyrir þá sem kunna vel að meta gott rými. Það sama má segja um sturtuhausana og eru þeir til í allt að 100 x 100 sm.



Baðkar eftir Philippe Starck. Einnig býður Egill Árnason hf. upp á mikið úrval af nuddbaðkörum.



Hinn rótgrónni ítalski framleiðandi Nic fékk nýlega til liðs við sig ungan arkitekt sem reyndist fyrirtækinu mögnuð vítamínsprauta. Ekki nóg með það að hönnunin sé góð heldur er verðið einnig gott.



Gessi sker sig úr fyrir glæsilega og frumlega hönnun. Fyrirmyndin að sturtutækjunum er sótt beint til náttúrunnar, úðinn minnir á þétta rigningu. Innmúruð tækin auðvelda þrif og engin rör trufla augað.



Gessi er ítalskt vörumerki sem farið hefur sigurför um Evrópu. Þessi lína einkennist af sterkum formum sem sótt eru til fortíðar og færð í nútímalegan búning.




## Nýbyggingalán

Nýbyggingalán eru lán þar sem lánað er frá lóðarkaupum að fullbúinni fasteign. Á heimasíðu Frjálsa fjárfestingabankans eru þessi lán útskýrð nánar en þar segir að þau hafi þróast á síðastliðnum árum í takt við kröfur viðskiptavina. Lánin eru ekki háð skilyrðum um önnur bankaviðskipti. Lánað er allt að 100 prósentum af verði úthlutaðra lóða en hægt er að greiða upp lánið hvenær sem er án uppgreiðslugjalds. Eingöngu er lánað gegn fyrsta veðrétti.

Ekki er greitt af nýbyggingarlánum fyrr en við sölu á eignunum. Viðskiptavinum Frjálsa fjárfestingabankans bjóðast verðtryggð lán og óverðtryggð lán í íslenskum krónum eða í erlendri mynt. Ef um úthlutaða lóð frá sveitarfélagi er að ræða er nægjanlegt að koma með staðfestingu á úthlutun til að fá lán fyrir lóðarkaupum en annars þurfa gögn að fylgja. Þau gögn eru áætlað verðmat fullbúinnar eignar frá löggiltum fasteignasala, verk-, tíma- og kostnaðaráætlun fyrir stærri verk og teikningar.






BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.

KLETTHÁLS 9 ● 110 REYKJAVÍK ● SÍMI 567 4222 ● FAX 567 4232

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tískusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir









JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Brauðristar-
gæðaeftirlit



» Framleiðendur bresku Rowlett brauðristanna hafa aldrei verið sammála því að brauðristar eigi að vera ódýrar, ónákvæmar og ónýtar alltof snemma. Rowlett ristar hratt, vel og nákvæmlega og er fljót að borga sig upp því þú kaupir eina og átt hana svo alla ævi. Rowlett brauðristar fást í mörgum stærðum, með og án samlokugrindar. Þær hafa verið handsmíðaðar í 60 ár og hvert einasta tæki er prófað áður en það fer úr húsi. Það hlýtur að vera öfundsvert starf að sjá um gæðaeftirlitið með öllu þessu ristaða brauði.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is



Þórólfur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Norðurvíkur á Húsavík, telur bjartsýni bæjarbúa ástæðuna fyrir aukinni eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Aukin eftirspurn

**Þórólfur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Norðurvíkur á Húsavík, segir aukna eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á Húsavík og ástæðan sé bjartsýni fólks á svæðinu. Fyrirtækið vinnur nú að byggingu nýs pósthúss í bænum sem tekið verður í notkun í sumar.**

„Það er mjög merkjanleg aukning á byggingu íbúðarhúsnæðis hér á Húsavík og ég held að það sé fyrst og fremst vegna bjartsýni íbúa hér á svæðinu,“ segir Þórólfur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Norðurvíkur á Húsavík.

„Fólk hefur miklar væntingar vegna umræðu um atvinnuuppbyggingu hér í bænum og sú bjartsýni skilar sér í aukinni eftirspurn eftir húsnæði.“

Norðurvík hefur nýlega reist stórt raðhús í bænum og segir Þórólfur að þær íbúðir hafi selst á mjög skömmum tíma. Fyrirtækið fæst þó ekki bara við smíði íbúðarhúsnæðis heldur sér fyrirtækið um alhliða smíðavinnu. „Við erum núna að vinna að byggingu Gljúfrastofu í Ásbyrgi fyrir Umhverfisstofnun. Þar er verið að endurbyggja fjárhús og hlöðu sem verða upplýsingamiðstöð og sýningarsalur.“ Norðurvík er einnig að reisa nýtt pósthús á Húsavík sem tekið verður í notkun 17. júní næstkomandi. „Þetta er gjörbreytt aðstaða fyrir Póstinn hér í bænum. Aðgengi fyrir póstbíla er allt betra og starfsmannaaðstaða rýmri.“

Það starfa um 25 manns hjá fyrirtækinu og segir Þórólfur fjölgun starfsfólks hafa haldist í hendur við aukin verkefni.

„Við höfum auk þess að vinna hér á nærsvæðinu einnig unnið töluvert á Austurlandi,“ segir Þórólfur. Hann segir að fyrir utan húsasmíðar bjóði fyrirtækið einnig upp á smíði eldhúsinnréttinga og sé hægt að koma með eigin hugmyndir til Norðurvíkur sem framkvæmi þær. „Við höfum smíðað mikið úrval eldhúsinnréttinga og erum að selja um allt land.“ *-öhö*

# Rofar fyrir nútímaheimili

Metnaðarfull hönnun virðist teygja sig inn á öll svið heimilisins og er áhersla lögð á minnstu smáatriði. Rofar og innstungur eru meðal þess sem tekið hefur miklum stakkaskiptum hvað hönnun varðar og er ekki lengur bara um hvítt plast að ræða fyrir rofana.

S. Guðjónsson í Kópavoginum selur vörur frá Gira sem er í senn einföld rofahönnun og tæknilegur rafbúnaður fyrir heimilið í heild sinni. Tæki og einingar í Gira-vörulínunni eru til í miklu úrvali og eru yfir 40 gerðir til. Gira-kerfið getur samhæft allt rafkerfi hússins, bæði innandyra og utan og til að mynda er hægt að kveikja öll ljós í húsinu með einum takka. Samsetningarmöguleikar virðast vera endalausir og með uppsetningu einnar miðstöðvar hægt að stýra öllu í húsinu, og þegar farið er úr húsi er hægt að slökkva öll ljós, slökkva á eldavél, ræsa þjófavörn og jafnvel draga fyrir gluggana eða setja upp sólarvörn, allt með einu handtaki. Aftur á móti er Gira líka fyrir þá sem vilja einfaldlega hafa fallega rofa á veggjunum eða skipta um ítölsku innstungurnar (ticion) sem leynast víða í húsum og eru til vandræða vegna þess að til þess að nota þær þarf millistykki. *- keþ*



Rofi og innstunga með sandblásinni glerplötu.



Bláir rofar geta gefið heimilinu sérstakan svip.

# Þegar mest á reynir...

**Hünnebeck** steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.



HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600

aseta@aseta.is www.aseta.is


Þessir póstkassar eru hafðir utanhúss.


Leikvöllur með nýtísku rólum fyrir yngri kynslóðina.


Á daginn iðar allt hverfið af iðnaðarlífi.


Yfirlitsmynd yfir svæðið.

# Nýtt hverfi að fæðast

Í Norðlingaholti er nú unnið hörðum höndum enda er nýtt hverfi að myndast þar með miklum hraða. Það er þó alveg ljóst að enn er mikið verk fyrir höndum en ljósmyndarinn Gunnar V. Andrésson skellti sér í Norðlingaholtið og tók þessar myndir.


Áður fyrr var hesthúsabyggð í Norðlingaholti en hún hefur þurft að víkja.


Starfsmaður Orkuveitunnar að störfum.



Fyrsta verslunin í Norðlingaholti þjónustar verkamenn þar.


Verkamenn í Norðlingaholti láta kuldann ekkert á sig fá.


Fjölbýli í Norðlingaholti.




Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is




FABRIKAN

# ÚTSÖLULOK!

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR - ÓTRÚLEG VERÐ

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

LÖNG OPNUNARHELGI! OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

## Minnsta vélmennið

KYNNT Á LEIKFANGARÁÐSTEFNU Í JAPAN.

Leikfangavélmenni af ýmsum stærðum og gerðum eru feikivinsæl meðal barna um allan heim. Vélmennið Skelfirinn var á óskalista margra ungra drengja fyrir jólin og varð mörgum þeirra að ósk sinni. Heimsins minnsta vélmenni í mannslíki var kynnt á leikfangaráðstefnu í Tókýó á dögunum. Það nefnist i-Sobot og er aðeins 16,5 cm á hæð. i-Sobot getur gengið, leikið á trommur og haldið jafnvægi.



i-Sobot er smár en knár. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Unaðslegar strútsfjaðrir

***Skemmtilega hannaður bekkur.***

Hann hefur haft unaðinn í fyrirrúmi hönnuðurinn sem skapaði þennan nýstárlega bekk sem var til sýnis á listsýningu úti í hinum stóra heimi fyrir nokkru. Að minnsta kosti virðist stúlkunni líka það ljómandi vel að láta strútsfjaðrir líða yfir líkamann á færibandi. Spurning að fá sér einn svona í svefnherbergið?



Listaverk sem þjónar góðum tilgangi.



Krítarmálning gerir þér kleift að setja upp stóra krítartöflu hvar sem er á heimilinu.

# Krítartafla hvar sem er

***Börn hafa gaman af krítarlitum og því tilvalið að mála slíka töflu upp á vegg.***

Nýlega buðu málningarvöruverslanir upp á skemmtilegan varning. Um er að ræða svokallaða krítarmálningu, en með henni er hægt að setja krítartöflu nánast hvar sem er. Með krítarmálningu er til dæmis hægt að mála heila krítartöflu á dyrnar á barnaherberginu, eða jafnvel á heilan vegg og þannig geta börnin litað stórar myndir á veggina án þess að foreldrarnir fái taugaáfall.

Krítarmálning er fáanleg í ýmsum litum og því er einnig hægt að nota hana annars staðar í íbúðinni. Til dæmis er sniðugt að mála eina skápahurð í eldhúsinnréttingunni með krítarmálningu og þar á getur öll fjölskyldan skrifað skilaboðin, innkaupalistann og fleira.

*-mhg*



Hafðu litla körfu við þvottavélina og settu alla stöku sokkana í hana.

## Stakir sokkar og klink út um allt

KARFA OG KRUKKA LEYSA VANDANN.

Hver kannast ekki við að sitja uppi með staka sokka sem virðast engan samastað eiga? Þegar tekið er úr þvottavél koma yfirleitt í ljós stakir sokkar sem fara síðan ofan í sokkaskúffu og enda þar í hrúgu og seint gefst tími til að para sokkana þar saman.

Til að leysa úr þessum hvimleiða vanda er tilvalið að hafa körfu við þurrkarann eða þvottavélina og þangað á að setja alla þessa stöku sokka. Einu sinni í viku má svo fara í gegnum það sem er í körfunni og para saman sokka.

Annað gott ráð er að hafa krukku á sama stað og í hana er sniðugt að setja smápeninga sem detta úr buxnavösum. Þegar krukkan er orðin full má gera eitthvað skemmtilegt fyrir skotsilfrið, kaupa gott þvottaefni eða jafnvel nýtt sokkapar? *-mhg*




**Sund** úti undir beru lofti í gaddinum er alveg einstaklega íslenskt og hressandi. Það er ein besta líkamsrækt sem völ er á. Öll fjölskyldan getur stundað hana og hún er ódýr.











# Eldhúsáhöld í örbylgjuna

***Tvær mínútur í örbylgjuofni drepa 99 prósent sýkla á uppþvottaburstum.***

Matareitrun er algengari en margir telja. Hún er sjaldnast alvarleg en þeim mun oftar óþægileg. Ein af uppsprettum baktería sem valda matareitrun eru uppþvottaburstar og -svampar.

Tveggja mínútna bakstur í örbylgjuofni drepur 99 prósent sýkla sem lifa á þessum áhöldum. Frá þessu er greint á vef breska ríkisútvarpsins.

Það eru ekki örbylgjurnar sem valda dauða bakteríanna heldur hitinn. Best er að hafa áhöldin örlítið blaut til að auka áhrifin og minnka líkur á að kveikja í þeim.

Hitunin drepur meðal annars saurgerla á 30 sekúndum og drepur algjörlega ýmsar Bacillus-bakteríur sem erfitt getur reynst að losna við.

*- tg*



Hitinn sem myndast í örbylgjuofni drepur bakteríur hratt og vel.



Guðbjörg í Diani Childrens Village með börnunum Nadine og Henry.

# Baujan virkar á Íslandi og í Afríku

***Baujan er aðferð til að stjórna eigin líðan. Nú er komin út bók um hana eftir Guðbjörgu Thoroddsen.***

Guðbjörg hefur sjálf byggt upp og þróað aðferðir sem hún nefnir Baujuna og kennt þær um alllangt skeið. Bókin sem hún hefur nú gefið út er framhald af þeirri vinnu og nafnið er táknrænt því baujur eru leiðarljós og vegvísar. Með lestri bókarinnar getur hver og einn tileinkað sér þá þekkingu sem þarf til að styrkja sjálfsöryggi sitt og vellíðan að sögn Guðbjargar. Vegna mikillar eftirspurnar segir hún fyrirhugað að þýða Baujuna á ensku svo hún verði tiltæk fleirum en Íslendingum.

Guðbjörg er leikaramenntuð og segir það hafa komið sér til góða við að finna upp Baujuna. „Leikarinn þarf andlega og líkamlega slökun til að geta kastað sér í hvaða hlutverk sem er og jafnframt að vera í stöðugu sambandi við tilfinningaróf sitt. Þetta lærði ég að heimfæra upp á daglega lífið. Þegar hugurinn er í jafnvægi og við erum í góðum tengslum við tilfinningar okkar kemur innbyggt lækningakerfi okkur til hjálpar ef eitthvað bjátar á," útskýrir hún.

Guðbjörg dvelur nú í Kenía í Afríku. Þar hefur hún haldið kennslufyrirlestra um Baujuna og einnig tekið að sér einstaklinga sem þurfa á hjálp að halda. „Fólk hér í Afríku er afjáð í sjálfsstyrkingu enda eru erfiðleikar þess meiri en nokkrum manni eru hollir," segir hún og nefnir sem dæmi munaðarlausa 12 ára stúlku á heimilinu Diani Childrens Village sem hefur búið við afar erfið skilyrði á sinni stuttu ævi. „Foreldrar hennar og bróðir dóu úr eyðni og hún hraktist stað úr stað. Stundum í stöðugri límvímu til að gleyma sorgum dagsins, ofbeldi og vanlíðan," segir Guðbjörg og heldur áfram. „Eftir kennslufyrirlestur fyrir starfsfólk heimilisins var ég beðin að setjast niður með stúlkunni til að kanna hvort Baujan gæti orðið henni til hjálpar. Eftir fimm stutta fundi með henni er hegðun og líðan hennar gjörbreytt og hún horfir nú glöð og vongóð til framtíðarinnar."

Baujan sjálfshjálparbók verður til sölu í allnokkrum bókabúðum en fólki er einnig bent á heimasíðu Baujunnar, www.baujan.is.

*gun@frettabladid.is*




Baujan er leiðarljós og vegvísir til sjálfsstyrkingar.






# Hugsun í mænunni

***Hvernig mannslíkaminn stjórnar hreyfingum sínum er ráðgáta. Nú hafa frændur vorir Danir flækt þessa gátu enn frekar.***

Danskir vísindamenn hafa komist að því að í mænunni fyrirfinnast handahófskennd boð. Hingað til héldu vísindamenn að slík boð væri einungis að finna í heilanum sjálfum.

Vöðvum er stjórnað af þúsundum taugafrumna sem með rafboðum gera nákvæmnishreyfingar okkar mögulegar. Þrátt fyrir að sama hreyfingin sé endurtekin nákvæmlega eru allt önnur taugaboð í gangi í hvert skipti. Það að boð í mænu séu ekki mekanísk heldur handahófskennd vekur upp spurningar um hvort einhvers konar hugsun sé að finna í mænunni.

*- tg*



Hvernig heilinn og mænan vinna saman að stjórn vöðva er enn hulin ráðgáta.

# Príón-prótín fundið

***Hópur vísindamanna telur sig hafa fundið príón-prótein. Fundurinn vekur vonir um að hægt verði að lækna Creutz-feldt-Jacob sjúkdóminn.***


Príónur valda meðal annars riðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRN

Príónur eru prótein sem geta fjölgað sér og valdið sjúkdómum líkt og veirur og bakteríur. Príónur hafa hins vegar ekkert DNA eða RNA og hafa hingað til verið ein helsta ráðgáta líffræðinnar.

Nú hefur lið bandarískra vísindamanna fundið eitt þeirra próteina sem nauðsynleg eru príónum ef þær eiga að valda sjúkdómum. Án próteinsins, sem kallast Hsp104, fjölga príónur sér ekki.

Fundurinn vekur vonir um að einn daginn verði hægt að búa til lyf sem hindrar virkni Hsp104. Það ætti að stoppa framgöngu príónu-sjúkdóma eins og Creutzfeldt-Jacobs, kúrú og riðu. Lyfið gæti einnig nýst Alzheimer- og Parkinson-sjúklingum en margir telja þá sjúkdóma vera af völdum príóna.

*- tg*

# Nýtt reykingalyf á markað

***Lyfið er sagt þrefalda líkur þeirra sem reyna að hætta að reykja.***

Lyfið kallast Varenicline og virkar á nikótínviðtaka á frumum líkamans. Reykingar eru ávanabindandi meðal annars vegna þess að nikótín sest í þessa viðtaka og við það losnar dópamín, en dópamín veldur vellíðan.

Er Varenicline binst viðtökunum kallar það fram einhverja losun dópamíns og vinnur þannig bug á fráhvarfseinkennum. Um leið hindrar það aðgang nikótíns að viðtökunum og dregur úr vellíðan sem fylgir reykingum.

Rannsóknir sýna að notkun lyfsins þrefaldar líkurnar á því að reykingamanninum takist að hætta. Miðað við þunglyndislyf sem gefin eru í sama tilgangi virkar Varenicline um 150 prósent betur.

*- tg*


Sumum reynist svo erfitt að hætta að reykja að lyf eru einu úrræðin. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES


Vald torveldar mörgum að setja sig í spor annarra samkvæmt nýlegri rannsókn.

# Tillitssemin fjarar út með auknu valdi

***Samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem framkvæmd var við Northwestern University stendur valdhöfum alveg á sama um skoðanir annarra.***

Völd breyta fólki og hafa áhrif á hæfileika fólks til að setja sig í spor annarra að því er kemur fram á vefnum LiveScience.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að valdamikið fólk sem og þeir sem eru algjörlega vanmáttugir bregðast við á svipaðan hátt.

Adam Galinsky, einn rannsóknarmanna sem tók þátt í verkefninu, notaðist við 57 nema sem var sagt að hugsa um atburð þar sem þeir hefðu haft vald yfir öðrum eða atburð þar sem þeir voru undir hælnum á öðrum aðila. Síðan var nemendunum sagt að skrifa bókstafinn E á ennið á sér. Rannsóknin virkar kannski kjánaleg en það sem vísindamennirnir reyndu að fá fram var að þeir sem skrifuðu bókstafinn speglaðan svo hann sneri rétt fyrir þá sjálfa en öfugt fyrir öðrum, hvorki láta sig aðra varða né létu sig máli skipta hvort aðrir sæju bókstafinn réttan.

Nemendurnir sem skrifuðu bókstafinn réttan fyrir aðra höfðu þarfir annarra að leiðarljósi og vildu sýna tillitsemi.

Þannig var bókstafurinn góð leið til að sjá hvað gekk á í höfðinu á tilraunadýrunum.

Það kom á daginn að nemendur sem höfðu hugsað um atburði þar sem þeir höfðu völdin, voru þrisvar sinnum líklegri til að snúa bókstafnum rétt fyrir sjálfa sig.

*- rh*


**Námskeið**

**Laugardaginn 3. febrúar kl. 09.00 – 17.00**
**Sunnudaginn 4. febrúar kl. 09.00 – 17.00**

# Forvarnir í styrktarþjálfun

**Verð 34.900**

**Ertu þú að þjálfa einhvern sem á við eymsli að stríða? Ertu að þjálfa einhvern sem þarf að bæta líkamsstöðu sína? Eða viltu koma í veg fyrir að viðskiptavinir þínir meiðist? Ef að svarið er JÁ við þessum spurningum þá er þetta námskeið fyrir þig.**

**Rannsóknir hafa sýnt að það sé allt að 40% aukning á meiðslum þegar fólk byrjar styrktarþjálfun, hvort sem það æfir undir umsjón einkaþjálfara eður ei. Hvað veldur þessu?**

**Rannsóknir eru nokkuð sammála um að hefðbundin styrktarþjálfun og teygjur hafa ekki fyrirbyggjandi áhrif á bakmeiðsl. Hver er þá lausnin?**

**Þróun styrktarþjálfunnar erlendis seinustu ár hefur verið á þá vegu að leggja áherslu á meiðslaforvarnir með því að styrkja djúpu vöðvakerfi líkamans og tryggja rétta hreyfiferla. Styrktarþjálfarar og þjálfunarsamtök hafa í síauknum mæli tekið til sín það besta úr endurhæfingahugmynda-fræði og nýtt sér það til að koma í veg fyrir meiðsl.**

**Áhersla verður lögð á bak-, hné og axlarvandamál.**

**Það sem þú munt læra á þessu námskeiði er:**

- Fræðilegur grundvöllur meiðsla.
- Hvernig vitneskja á tonic og phasic vöðvakerfum líkamans getur hjálpað þér að velja æfingar og teygjur til að leiðrétta rangar líkamsstöður og koma í veg fyrir meiðsl.
- Hvernig á að aðlaga líkamsstöðu kúnna að æfingum.
- Hvernig á að byggja upp æfingaáætlanir með meiðslaforvarnir í huga.
- Hvernig margar algengustu æfingarnar valda meiðslum og hvernig hægt er að aðlaga þær til að forðast meiðsl.
- Fjölda æfinga. Þar með talið æfingar til að virkja djúpu vöðvakerfin og fá þau til að virka í æfingum.

**Námskeiðið hentar sérstaklega vel fyrir þjálfara, íþróttakennara og einkaþjálfara.**

**Athugaðu hvort stéttarfélagið þitt geti ekki endurgreitt námskeiðið.**

**Leiðbeinendur:**



**Haraldur Magnússon**
Osteópati B.Sc. (hons), NST Þerapisti, CFT ISSA, Golf Biomechanic, Body Intellicence Concept.



**Helgi Jónas Guðfinnsson**
CHEK Practitioner level 1, CHEK Exercise coach, NASM Performance Enhancement Specialist, NASM Certified Personal Trainer Advandced Metabolic typing Advisor, ISSA Certified Fitness Trainer, NASM Corrective Exercise Specialist.

**Skráning í síma 420 5500 og á akademian@akademian.is**

íþrótta akademían

Nissan Trade 100 liftubíll á götuna 9.12.97 með kassa 16 rúmmetra árg.'01 ek. 168 þ. Biluð vél. Verð tilboð. S. 698 9859.

Lancer '93. 1600 vél, ný kúpl. Beinsk, vetrard. Sk. '08. Verð 120 þús. S. 869 1010.

Hyundai Accent árg. '97. Ek.100þ. 1500 vél. Búið að skipta um tímareim. 5 gíra, beinskiptur, vetrardekk, útvarp. Verð. 130þ. Uppl. í s. 696 2312.

VW Caddy '05, vaskbíll. Áhv. lán. S. 893 4526.

Toyota Corolla '93. Ek. 220 þ., 5 dyra, hvít. Tilboð óskast. S. 820 4741.

Góður bíll. Opel Astra árg. '02. Ek. 120 þ. Uppl. í s. 847 7147.

## 0-250 þús.

Rauður Ford Escort '97, ek. 214 þús., 5 dyra, station, v&s-dekk. S. 863 5228.

VW Vento'96 ek. 155 þ. þarfnast smá lagfæringar. Verð 60 þ. S. 663 2918.

Land Cruiser '88, sk. '07, ek. 170 þús. ný kúpling, ný dekk. Verð 160 þús. S. 699 2707.

## 1-2 milljónir



**60þús út og 29 á mán.!**
Nissan Almera '05, ek. 20 þús. km. ssk., vetrar-og sumardekk, álfelgur og spoiler. Verð 1.590 þús./áhvílandi 1.530 þús. Uppl. í 663 1020.



Nissan T.'00 til sölu! Bensín, beinsk. Áhvíl. 800þ. afb.p.mán. 20þ. Uppl. 694 6748.



4x4 Subaru Impreza árg. '04. Ssk., Ek 48þús. Tilboð 1.450þús. (lán 1050þús + 400þús). S. 697 6029.



**Einn með öllu! Tilboð!**
Til sölu Ford F 150 Lariet árg. '02, 4x4, ssk., bensín, 5400 cc, rafmagn í öllu, hraðastillir, ABS, loftkæling, dráttarkúla, litað gler, álfelgur, leðuráklæði o.fl. o.fl. Tilboð 1.730 þús.

Uppl. í s. 822 2965.

## 2 milljónir +



MMC Pajero s. Árg. '02. Dísel, ek. 85þ. Einn með öllu. Uppl í s. 848 2996.



Toyota Avensis árg 2005, k.14 þús., ssk., spoiler, filmur, álfelgur. Topp bíll. Verð 2.390 þús. S. 840 8203.

Opel Astra OPC 2006- 240hp - Silfurlitaður ekinn 8000 km - til sölu vegna flutninga - Yfirtaka á láni (1.970.000 - 31.000 á mán) og 250.000kr. Uppl í síma 615 0852.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á allt að 100.000kr. Má þarfnast lagfæringa en verður að vera gangfær og í þokkalegu standi. Uppl. í síma 695 7131.

Óska eftir bíl á verði 15-25 þús. Verður að vera gangfær og hægt að keyra hann. Simi 865 6469, Arnþór / 867 2080, Hlynur.

## Húsbílar

Til sölu Hobby Prestige gerð 680 árg. 91 hjólhýsi, staðsett á Laugarvatni. Á sama stað húsbíll Miller Ontario árg. '06. Uppl. í s. 895 5462.

## Pallbílar




**Pallbíll ársins!**
MotorTrend hefur útnefnt nýja Chevrolet Silverado 2007 pallbíl ársins! Fæst með 8cyl Hybrid vél. Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




**Hybrid í stað Dísel!**
Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! T.d. Toyota Camry frá Kr. 3.450.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




**7,5 l/100 innanbæjar!**
Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! T.d. Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl frá Kr. 4.390.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

**Nissan king cap**
Nissan Dubblecap Diesel árg. '94. 32" dekk. Verð 150 þús. Þarnast lagfæringar. Uppl. í s. 863 0388.

## Jeppar



Isuzu trooper mjög góður bíll, nýskoðaður, ekinn 140 þús, árg '99, 33 tommu, fæst á yfirtöku. Uppl. í s. 660 1055.



**170 út**
Nissan Patrol SE+, árg. '99, með leður, lúgu, 35" breyttur. Dráttarkúla. Ek. 189 þ. Áhv. 1700 þ. Afb. 32 þ. á mán. Uppl. í s. 821 9560.




**Útsala - Útsala - Útsala!**
Stórútsölur bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500,000 afsláttur á nýjum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Mótorhjól




**Götuskráð Pit Bike**
Götuskráð Pit Bike. 50cc skellinaðra kr. 169.000. 125cc, kr. 199.000. Auka felgur með kubbadekkjum fylgir með. Masai umboðið. Kaplahrauni 1. Hafnafirði. S 565 1725. www.masai.is

## Fjórhjól

Til sölu 6 hjól Polaris Sportmann 500 6x6 frá 08/05 lítið notað, sem nýtt . Verð 930.000.- sími. 698 4342.

Kawasaki Mojave 250cc árg. 1987 til sölu. Mjög gott hjól, tölvert af vara hlutum fylgir með. Upplýsingar í síma 822 7518 eða 462 7518.

## Vélsleðar



Glæsilegur 2003 model Skidoo 600 HQ, 1635km, auka sæti, brúsagrind, 38mm belti, Lita GPS, rafstart. Verð 780.000. Uppl. Óli í s. 893 7110.



Polaris Indy Rmk 700 árg. 2000 44mm nelgt belti, brúsagrind, hiti í haldf., verð 350 þ. Fannar 697 7084.

Til sölu Polaris Indie classic 500 '93, rafstart, bakkgír, góður sleði, gott belti. Verð 155 þús. S. 893 4526.

## Hjólhýsi



**Gjafir fyrir húsbíla og hjólhýsa eigendur.**
Cramer gasgrill,hjólagrindur,Truma-Ultraheat borðbúnaður, pottar og pönnur. omfl. Skoðaðu úrvalið hjá okkur. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S. 517 7040. Umboðsaðili Hobby á Íslandi. www. hobbyhusid.is



Knaus Eifelland 380 árgerð 1978 Aukahlutir: Fortjald, Ísskápur, Miðstöð, Eldunaraðstaða og Ferðaklósett Verð 460.000,- Tilboð 390.000,- S: 511-2200 eða www.seglagerdin.is



Wilk de Luxe 540 TF árgerð 1994 Aukahlutir: Ísskápur, Miðstöð, Eldavél, Salerni, Hljómflutningstæki Verð 1.230.000,- Tilboð 1.110.000,- S. 511-2200 eða www.seglagerdin.is

## TIL SÖLU







**Bílamarkaðurinn**
www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
s: 567-1800



EINN MEÐ ÖLLU
AUDI A 4 3,0 QUATTRO 06/02
Ek.65 þ.km. Tilboð kr.200,-
útb.+ yfirtaka á láni



NISSAN TERRANO II 2,7 TDI
33" 98 Ek.196.þ 7 manna.
5.gíra V.890,- EIGUM EINNIG Á STAÐNUM 2 STYKKI



Annar Powermoli m/ Öllu
BMW M5 04/00 Ek.104 þ.km
6 Gíra. V.3890,- Lán 2800,-



VW BEETLE 1.6 BASICLINE
10/01 Ek.89 þ.km. V.1,190,-
Lán.1,000,



JEEP GRAND CHEROKEE
LAREDO 3,7 NEW 2005
Ek.42 þ.km V.3450,- Lán
1700,- 30 Þ.pr.mán



TOYOTA RAV 4 VVTI NEW 4WD
05/03 Ek.108 þ. 5 gíra 100%
Lán Getur fylgt.



Topp Sjálfskiptur jeppi
ISUZU TROOPER 3.0 TDI 35"
09/00. Ek.114 þ.km Gott lán
getur fylgt



CHRYSLER 300 C NÝR BÍLL
Árg.2006. Leður, Toppl. Navi,
O.fl. O.fl. Tilboð 4690,- Lán
3750,- Skipti Ódýrari



DÍESEL LÚXUSVAGN M/Öllu
BMW 740 DISEL E-65 10/02
EK.93 Þ.km. HÁTT OG GOTT LÁN
GETUR FYLGT. Skipti ódýrari

***Getum útvegað allar gerðir lúxusbíla á örugglega langbesta verðinu!!***

***Opnunartími: Mánudaga-Föstudaga 10:00 -19:00. Laugard. 10:00 - 17:00 Sunnud. 13:00 - 17:00***

Skoðið myndirnar á www.bilamarkadurinn.is

Límtré Vírnet
ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR
www.limtrevirnet.is

## Blikksmiðir, vélvirkjar, járnsmiðir og rafvirkjar

Starfsfólk óskast á starfsstöð okkar í **Borgarnesi.**

Leitað er að körlum jafnt sem konum með sveinspróf eða reynslu í þessum greinum.
Nánari upplýsingar veitir:
Reynir Guðmundsson starfsmannastjóri í síma 530 6073 eða á netfanginu **reynir@limtrevirnet.is.**

## STARFSMANNASTJÓRI

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu starfsmannastjóra lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2007.
Umsókargögn og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

## Delludagar

í smáauglýsingum Fréttablaðsins
Mánud. - Föstud.
Bílaauglýsingar á 40% afslætti
Sími 550 5000

## Landsþing Frjálslynda flokksins

**Hótel Loftleiðum 26. og 27. janúar 2007**

Dagskrá:

**Föstudagur 26. janúar:**

| | | |
|---|---|---|
| Kl. | 16:00 | Skrásetning fulltrúa, afhending gagna. |
| - | 17:00 | Ræða formanns, Guðjóns Arnars Kristjánssonar. |
| - | 17:40 | Kjör þingforseta og ritara. |
| - | 18:00 | Skýrsla stjórnar. |
| - | 18:15 | Tillaga að lagabreytingum – kynning. |
| - | 18:25 | Drög að stjórnmálaályktun lögð fram og kynnt. |

**Laugardagur 27. janúar:**

| | | |
|---|---|---|
| Kl. | 9:00 | Almennar umræður um stjórnmálaályktun. |
| - | 10:00 | Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa. |
| - | 11:00 | Nefndastörf |
| - | 12:30 | Hádegisverður |
| - | 13:30 | Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa. |
| - | 14:00 | Stjórnmálaályktun / umræður. |
| - | 15:00 | Kosningar: a) Formaður. b) Varaformaður. c) Ritari. d) Formaður fjármálaráðs og fjórir meðstjórnendur. e) Þrettán fulltrúar í miðstjórn. |
| - | 16:00 | Afgreiðsla ályktana. |
| - | 16:15 | Lagabreytingar |
| - | 16:30 | Önnur mál. |
| - | 17:00 | Áætluð þingslit. |

Í upphafi fundar kynnir forseti þingsins framlögð gögn og fyrirkomulag kosninga til trúnaðarstarfa.



## ÁRMÚLI - REYKJAVÍK

Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, 233,5 fm. að stæðr. Getur losnað fljótlega. **Áhvílandi ca. kr. 29 millj. Verð kr. 37 millj.**

## OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 28.01.2007 KL. 14-15



## ÞVERHOLT 3 - REYKJAVÍK

Einstaklega vel staðsett og snyrtileg 75,5 fm. 2ja-3ja herbergja íbúð á 2. hæð. **Verð kr. 18,9 millj.**

**Bryndís og Haukur á bjöllu.**
**Þau taka vel á móti áhugasömum.**

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
Nánari upplýsingar og bókið skoðun
s: 534 4040 eða eignastyring@eignastyring.is
Erlendur Davíðsson,
lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari
Síðumúla 27 108 Reykjavík sími 534 4040, fax 534 4044

Frum

GULL BYLGJAN 909



RE/MAX LIND



**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
Sími 699 5008
hannes@remax.is



**Gylfi Gylfason**
Sölufulltrúi
Sími 693 4085
gylfi@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur
fasteignasali

# HVERS VIRÐI ER EIGNIN ÞÍN?

## TOPPÞJÓNUSTA HJÁ REMAX LIND:

- Þú færð eign þína verðmetna.
- Þú færð eign þína ljósmyndaða af fagljósmyndara.
- Þú færð vandaða möppu með ljósmyndum og upplýsingum um eign þína og næsta nágrenni hennar.
- Þú færð eign þína auglýsta á áberandi hátt.
- Við mætum alltaf og sýnum eign þína.
- Við höfum opið hús og fylgjum eftir fyrirspurnum.
- Við hjálpum þér að finna eign, sem hentar.
- Við seljum hratt og örugglega.

Hafðu samband strax í dag og bókaðu frítt verðmat!

HRINGDU NÚNA!
699 5008
693 4085

RE/MAX® LIND
Bæjarlind 14 - 16 • 201 Kópavogur


ATLAS
international
Húseignir á Spáni, Kýpur og Grikklandi
– Atlas fylgir þér alla leið –
Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
Allar húseignir á eignarlóðum
Verð frá 75.000
Mörg hundruð eignir um að velja
Nýjar og notaðar eignir
Aðstoð við rekstur
Tryggingar
Húsgögn
Leiguþjónusta
28 ára reynsla
68.000 viðskiptavinir
– SÝNINGARTILBOÐ – 2 fyrir 1
Skoðunarferðir
Sýningin í Perlunni
SÝNINGARTILBOÐIÐ STENDUR ENN!
Um leið og við þökkum öllum þeim sem lögðu leið sína á sýninguna okkar í Perlunni síðustu helgi viljum við benda á að tilboðið tveir fyrir einn í skoðunarferð gildir til morgunsdagsins.
Þú getur haft samband í dag eða á morgun og bókað tvo til Spánar fyrir kr. 15.500 eða tvo til Kýpur eða Grikklands fyrir kr. 35.000.
Nú er tækifærið!
Þeir fjölmörgu sem bókuðu skoðunarferð á sýningunni fá flugupplýsingarnar sendar næstu daga.
Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga – Sími: 586 2880 – Gsm: 696 1960
www.atlasiceland.com – sales@atlasiceland.com

## PERSÓNAN



## Kristján Eldjárn

SJÓNVARPSSTJARNA OG FORSETI

Kristján Eldjárn fæddist 6. desember árið 1916 í Svarfaðardal. Faðir hans, Þórarinn, var kennari og eplið féll ekki langt frá eikinni í þetta skiptið. Kristján gekk í háskólann í Kaupmannahöfn þar sem hann lagði stund á fornleifafræði.

Við heimkomuna hóf hann að kenna við Háskóla Íslands og árið 1957 varð hann doktor í fornleifafræði. Eins og slíkum fræðingum er tamt hérlendis var aðal viðfangsefni hans grafir gömlu víkinganna.

Árið 1947 var Kristján skipaður forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands. Þeirri stöðu gegndi hann til 1968 er hann var kosinn forseti.

Árin 1966 til 1968 var Kristján kynnir í fræðsluþætti í þá nýstofnuðu ríkissjónvarpi. Í þættinum sýndi Kristján ýmsa merka fornmuni í vörslu þjóðminjasafnsins og setti þá í sögulegt samhengi. Þættirnir urðu gríðarlega vinsælir og mætti segja að Kristján hafi verið ein af fyrstu sjónvarpsstjörnum Íslands.

Stjörnustaða Kristjáns kom honum án efa vel í kosningabaráttunni er hann gaf kost á sér í forsetaembættið árið 1968. Til að byrja með virtist ekkert geta hindrað að Gunnar Thoroddsen sendiherra yrði forseti en í fyrstu skoðanakönnunum var hann með um og yfir 70 prósent fylgi.

Viðsnúningurinn var algjör og varð útkoman sú að Kristján sigraði með 65,6 prósentum greiddra atkvæða. Kjörsókn var 92,2 prósent. Kristján var endurkjörinn 1972 og 1976 en árið 1980 dró hann sig í hlé og helgaði sig fræðistörfum.








# BORGIN: BÚDAPEST

## *Þrjár borgir urðu að einni*

Búdapest er höfuðborg Ungverjalands og stendur á bökkum Dónár. Borgin varð til árið 1873 þegar þrjár borgir, Buda og Óbúda á vestari bakkanum og Pest á eystri bakkanum, sameinuðust í eina borg.

Borgin er sú sjötta stærsta innan Evrópusambandsins en rúmlega 1,7 milljónir manna búa í henni. Það eru nokkuð færri en bjuggu í henni þegar hún var sem fjölmennust, en á nítjánda áratugnum bjó rúmlega 2,1 milljón manns í borginni.

Széchenyi-keðjubrúin er eitt þekktasta mannvirkið í Búdapest. Brúin sem var hönnuð af enska verkfræðingnum William Tierney Clark árið 1839, að frumkvæði Istváns Széchenyi greifa, liggur yfir Dóná og tengir borgarhlutana á bökkunum saman. Hún var tekin í notkun árið 1849 og var því fyrsta brúin í höfuðborginni og á þeim tíma ein sú stærsta í heimi.



Széchenyi-keðjubrúin tengir borgarhlutana á bökkum Dónár saman.




# Málefni útlendinga á vinnumarkaði

UMRÆÐAN
Erlent vinnuafl



GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Hnattvæðingin hefur valdið auknum hagvexti og velmegun, en hún hefur jafnframt orðið til þess að hagnaður vegna framleiðniaukningar hefur flust frá launamönnum til fjármagnseigenda. Fjármagnið leitar þangað sem vinnuaflið er ódýrast. Samtök launamanna eru frjálshyggjumönnum til trafala. Þetta kom glögglega fram hér á landi í viðbrögðum frjálshyggjumanna, þegar innflutningur erlendra launamanna hófst í stórum stíl og stéttarfélögin reyndu að verja réttindi þeirra og launkjör. Frjálshyggjumenn úthrópuðu trúnaðarmenn stéttarfélaganna sem rasista.

Í vestrænum löndum þar sem stéttarfélög eru veik hafa sumir stjórnmálamenn reynt að vinna gegn þessari þróun með því að lögsetja lágmarkslaun og setja skorður á viðskipti við þau lönd þar sem lágmarkslaunin eru lág. Vestræn verkalýðshreyfing hefur talið best að bregðast við þessu með því að efla stéttarfélög í þessum heimshlutum með því að leggja umtalsverða fjármuni í að efla starfsmenntun í þessum löndum og þjálfa upp forystumenn.

*Við hefðum ekki ráðið við það mikla álag sem hefur verið hér á vinnumarkaði án erlendra launamanna.*

Streymi launamanna til Vesturlanda og svo heim aftur hefur leitt til þess að þeir hafa flutt með sér þekkingu og skilning á þeim mismun sem er á vestrænni verkalýðshreyfingu og þeirri sem þeir þekkja í Austur-Evrópu frá valdatímum kommúnista, sem ekki kom nálægt ákvörðunum um kaup og kjör. Það var einhliða ákvörðun valdamannaklíkunnar sem jafnframt stjórnaði fyrirtækjunum. Sjónarmið og vinnubrögð þeirra voru ótrúlega lík og framangreind sjónarmið frjálshyggjumanna, sem eru í raun kommúnistar nútímans.

Evrópuþjóðir stofnuðu til stærri markaðs til að bæta stöðu fyrirtækja og fjölgun starfa. Evrópskir stjórnmálamenn sáu upp úr miðri síðustu öld, að þeir urðu að gera eitthvað til þess að Evrópa gæti staðist BNA og eins Asíulöndum snúning. Þetta hafa málsvarar frjálshyggjunnar hér á landi kallað afsal fullveldis, sem er óskiljanleg fullyrðing. Norðurlöndin voru fyrirmyndin, engin þjóð í Evrópu hefur notið þessa samstarfs í jafnríkum mæli og Ísland. Það höfum við séð á þróun íslensks efnahagslífs. Umtalsverður hluti þeirra reglugerða sem eru samþykktar í samstarfi fullvalda Evrópuríkja öðlast þegar gildi hér og hafa gert um langt árabil. Okkar þjóðfélagsgerð kallar vitanlega á svipaðar reglugerðir og tíðkast annarsstaðar í Evrópu. Það eru reyndar nokkrar reglugerðir sem ekki hafa fengið náð hjá ríkisstjórn Íslands. Þær eiga sér það sammerkt að auka réttindi launamanna.

Við opnun vinnumarkaðarins var ákveðið að treysta allt regluverk og eftirlit á vinnumarkaði. Tryggja með því að kjör og réttindi erlendra starfsmanna séu sambærileg við þá íslensku. Áður var töluverður ólestur á þessu og ný lög áttu að gera erlendum þjónustu- og verktakafyrirtækjum skylt að veita upplýsingar um starfsemi sína og virða kjarasamninga og lög hér á landi. Sett voru lög um að skrá yrði allar starfsmannaleigur og þeim var jafnframt gert að senda Vinnumálastofnun yfirlit yfir alla starfsmenn nöfn, heimilisföng í heimaríki, ríkisfang og starfsréttindi. Við hefðum ekki ráðið við það mikla álag sem hefur verið hér á vinnumarkaði án erlendra launamanna. Efnahagsþróun hefði ekki verið eins góð og verðbólga hærri. Grundvöllur friðar felst í því að fyrirtækin fari að settum reglum, sama við hvern eigi, að öðrum kosti er verið að samþykkja að lækka laun. Laun fyrir þau störf þar sem þau eru lægst fyrir og stéttarfélögin hafa verið með sérstakt átak um að hækka og orðið nokkuð ágegnt.

Í vaxandi mæli eru að koma upp dæmi um að ríkissjóður hafi orðið að greiða lækniskostnað vegna ótryggðra erlendra launamanna því engin tryggingargjöld hafi verið greidd. Hinir erlendu launamenn eru fullkomlega ósjálfbjarga í höndum manna sem nýta sér aðstöðu þeirra. Það er engin lausn að banna erlendu launafólki að koma hingað, það leiðir einfaldlega til þess að neðanjarðarkerfið stækkar. Erlendir launamenn sem koma hingað þurfa að hafa aðgang að einum stað þar sem þeir geta fengið allar upplýsingar um íslenskan vinnumarkað og kjör á honum. Skráningar og upplýsingar um viðurkenningar á starfsréttindum sínum.

*Höfundur er formaður Rafiðnaðarsambandsins.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Hver vegur að heiman er vegurinn heim

**Ólafur A. Guðmundsson skrifar um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.**

Á fyrri hluta síðustu aldar var unnið mikið þrekvirki þegar vegar var lagður yfir Holtavörðuheiði. Þessi nýja samgöngubót tengdi saman Norður- og Suðurland og hefur þessi vegur verið endurnýjaður frá þeim tíma að sjálfsögðu og gegnir enn sama hlutverkinu og hann gerði áður. Það tekur um 1 klst. að aka frá Borgarnesi yfir heiðina og í Staðarskála. Þetta mun vera jafnlangur tími og það tekur í dag að aka frá Hafnarfirði til Reykjavíkur á morgnana kl. 07.30-09.30 og síðdegis kl. 16.00-18.00 á virkum dögum. Er ekki tímabært að risið sé upp og krafist úrbóta í þessum efnum? Er það dugleysi eða er það kæruleysi sveitarstjórna á þessu svæði að ekki skuli vera bætt hér úr? Sveitarstjórnir úthluta lóðum og heil hverfi eru byggð án þess að hugað sé að því að fólk sem þar býr þurfi að komast frá hverinu og að því. Það er umhugsunarvert það andvaraleysi sem kjörnir fulltúrar sýna íbúum á svæðinu. Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður eru ekki lengur eitt atvinnusvæði, því hamla samgöngur á svæðinu.




46" KDL46X2000 **599.950**




Verð áður
799.950
Verðlækkun
200.000

Best Buy - What Home Cinema
T3 ★★★★★

40" KDL40X2000 **449.950**




Verð áður
549.950
Verðlækkun
100.000

# ••• Allt að 90% afsláttur

46" KDL46V2000 **449.950**




Verð áður
499.950
Verðlækkun
50.000

40" KDL40V2000 **299.950**




Verð áður
369.950
Verðlækkun
70.000

Stuff Magazine ★★★★★

32" TAVL1 **399.950**



Verð áður
499.950
Verðlækkun
100.000

32" KDL32S2510 **169.950**




Verð áður
199.950
Verðlækkun
30.000

Editor's Choice
*- What Home Cinema*

DAVDZ410
Heimabíókerfi
DCAC tækni
**49.950**



Verð áður
69.950
Verðlækkun
20.000

Editor's Choice
*- What Home Cinema*

SRF-S54
Útvarp
**995**



Verð áður
9.995
Verðlækkun
9.000

DSCH2
Myndavél
**29.950**



Verð áður
49.950
Verðlækkun
20.000

46" KDL46W2000 499.950




Verð áður
599.950
Verðlækkun
100.000

40" KDL40W2000 359.950




Verð áður
449.950
Verðlækkun
90.000

Best TV product of the year 2006
-WHAT HIFI

# •• Útsala í Sony Center

46" KDL46S2000 349.950




Verð áður 499.950
Verðlækkun 50.000

40" KDL40S2000 269.950




Verð áður 299.950
Verðlækkun 30.000

26" KDL26S2000 129.950




Verð áður 159.950
Verðlækkun 30.000

20" KDL20S2000 84.950




Verð áður 99.950
Verðlækkun 15.000

SAWM250
Bassabox
100W
16.950



Verð áður 24.900
Verðlækkun 8.000

DCRHC94E
með ACCTCP
69.950

Auka rafhlaða, taska og
ferðahleðslutæki fylgja!
Verðmæti 14.995



Verð áður 92.900
Verðlækkun 22.950

RDRHX920S
Upptökutæki
59.950



Verð áður 79.950
Verðlækkun 20.000

**Sony Center Kringlunni** www.sonycenter.is sími 588 7669

## Kjarni málsins

> Fjöldi barna á leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

VÍSINDAMAÐURINN/SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

# *Umbætur í innflytjendamálum*

Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmálafræðingur og forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, segir að Íslendingar þurfi að búa til betri umgjörð um málefni sem snerta innflytjendur. „Innflytjendum hefur fjölgað mikið hér á landi og við því þarf að bregðast. Umgjörðin hefur ekki verið nægilega vönduð. Það þarf að gera meira til að koma þeim inn í íslenskt samfélag.“



Silja stýrir málþingi um málefni innflytjenda, sem haldið verður í Háskóla Íslands á föstudaginn, þar sem mögulegar umbætur í málefnum þeirra verða meðal annars ræddar. „Markmiðið með málþinginu er að hefja umræðu um þessi mál sem vonandi getur leitt af sér heildstæðari stefnu í málefnum innflytjenda,“ segir Silja. Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra mun halda fyrirlestur á þinginu þar sem hún ber stöðu innflytjenda hér á landi saman við stöðu þeirra í öðrum OECD-ríkjum.

Aðrir fyrirlesarar á málþinginu verða meðal annarra Björg Kjartansdóttir, fulltrúi innflytjendaráðs, Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi.

Silja segir að hugmyndin að málþinginu sé komin frá nemendum í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands sem hafi viljað finna áhugaverð viðfangsefni og rannsóknarefni hér á landi.

Málþingið hefst klukkan 13.30 í fyrirlestrarsal Öskju í Háskóla Íslands og er öllum opið.

■ **Skólinn**

## Kársnesskóli í Kópavogi



Kársnesskóli, í þeirri mynd sem við þekkjum hann í dag, tók til starfa 1. ágúst árið 2001. Áður höfðu verið tveir skólar í Vesturbæ Kópavogs, Kársnesskóli sem tók til starfa árið 1957 og var hefðbundinn barnaskóli og Þinghólsskóli, sem var stofnaður 1969 og var gagnfræðaskóli. Skólarnir tveir störfuðu sem tvær sjálfstæðar stofnanir sem voru svo sameinaðar undir nafni Kársnesskóla.

Skólinn er til húsa á tveimur stöðum. Yngsta stigið (1. til 4. bekkur) er í gamla Kársnesskólahúsinu en mið- og efsta stig eru í Þinghólsskólahúsinu. Nemendur skólans eru um 600 og skólastjóri er Guðrún Pétursdóttir.

■ **Frumsýning**

## Fræðslumyndin Byrjendalæsi sýnd við HA



Ný fræðslumynd um læsi verður frumsýnd í Háskólanum á Akureyri í dag.

Skólaþróunarsvið Háskólans hefur undanfarin ár staðið fyrir þróun nýrra kennsluhátta í byrjendakennslu í lestri. Aðferðin hefur hlotið nafnið Byrjendalæsi og í tengslum við þróunarverkefnið var framleidd samnefnd fræðslumynd um aðferðina. Myndin er framleidd af N4 á Akureyri fyrir Rósu Eggertsdóttur sérfræðing við skólaþróunarsvið kennaradeildar HA en hún leiddi þróunarstarfið um Byrjendalæsi.

Allir eru velkomnir á frumsýninguna en myndin er einkum ætluð kennurum og kennaranemum. Sýningin fer fram í húsnæði Háskólans við Þingvallastræti og hefst kl. 16.20.

■ **Fyrirlestur**

## Mission impossible?



Á sunnudaginn, 28. janúar, flytur dr. Anders Andrén, prófessor í fornleifafræði við Háskólann í Stokkhólmi, opinn fyrirlestur á vegum Fornleifafræðingafélags Íslands.

Anders á að baki langt starf innan fornleifafræðinnar og eftir hann liggja fjölmargar greinar. Í fyrirlestrinum á sunnudaginn, sem kallast „Mission impossible? The Archaeology of Old Norse religion“, verður Norræna goðafræðin í brennidepli. Öll okkar vitneskja um trú heiðinna manna kemur úr heimildum sem settar eru saman af kristnum mönnum. Anders varpar fram þeirri spurningu hvort treysta megi þessum heimildum og svarar því hvernig vandamálið hefur verið leyst í tengslum við 'Vägar till Midgård' verkefnið sem hann stjórnar samhliða prófessorsstöðu sinni í Svíþjóð.

Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins og hefst kl. 15.

■ **Ráðstefna**

## Rannsóknaráætlun ESB



Rannís stendur á morgun fyrir kynningarráðstefnu um sjöundu rannsóknaáætlun ESB. Sjöunda rannsóknaráætlunin hófst núna um áramótin, stendur fram til ársins 2013 og hafa fyrstu auglýsingar eftir umsóknum verið birtar. Á ráðstefnunni verða meðal annars fulltrúar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem munu kynna hluta áætlunarinnar. Eftir hádegi verða síðan undiráætlanirnar kynntar.

Ráðstefnan er haldin á Nordica Hotel og hefst kl. 08.30. Henni lýkur með veggspjaldasýningu á úrvali verkefna með íslenskri þátttöku í sjöttu rannsóknaráætlun ESB.

Ráðstefnan er öllum opin en óskað er eftir því að þátttakendur skrái sig á netfangið rannis@rannis.is eða í síma 515 5800. Þetta er gott tækifæri fyrir alla þá sem vilja kynna sér tækifæri sem gefast innan áætlunarinnar.

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið - Einkatímar

Skráning stendur yfir Sími 581-1281

gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is



**MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU** Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, Sigrún Sigurðardóttir verkefnisstjóri og Unnur María Bergsveinsdóttir, starfsmaður Miðstöðvar munnlegrar sögu, vilja bæta úr brotalöm á íslenskri menningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alþýðuraddirnar hljóma

**Munnleg saga þykir áhrifarík aðferð innan sagnfræði. Frásagnir og endurminningar óbreytts fólks þykja ljúka sagnfræðingum upp nýjar gáttir að skilningi að sögunni en ritaðar heimildir þykja fremur horfa til sögu valdastéttanna.**

„Við erum að fara af stað með þessa miðstöð því okkur hefur fundist brotalöm á ákveðnum þætti í okkar menningu. Við höfum lagt mikla áherslu á að varðveita ritaðar heimildir en þær munnlegu hafa fengið að sitja á hakanum,“ segir Guðmundur Jónsson sagnfræðingur, einn þeirra sem koma að opnun Miðstöðvar munnlegrar sögu. Miðstöðin verður opnuð við hátíðlega athöfn í Landsbókasafni Íslands á morgun um klukkan þrjú.

Guðmundur segir miðstöðina ætla að beita sér fyrir söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun á munnlegum heimildum sem snerta sögu lands og þjóðar. Hann segir munnlegar sögur helst ólíkar þeimrituðu að því leyti að þær miðli fremur sögu alþýðunnar en valdhafanna. Munnlegar heimildir gefi fólki tækifæri til að nálgast söguna á nýjan og oft óvæntan hátt, því í henni fái raddir alþýðufólksins að hljóma, sem allt of sjaldan heyrist í opinberum sagnaritum.

„Mikil vakning varð meðal sagnfræðinga í kringum 1970 á munnlegri sögu og hefur hún notið hylli víða um lönd síðan. Einhverra hluta vegna hefur hún þó aldrei náð almennilegri fótfestu hér á landi,“ segir Guðmundur en nefnir sem líklega skýringu að lítið hafi verið lagt stund á samtíma sögu hér á landi.

Guðmundur hvetur fólk til að senda upptökur sem það telur eiga erindi við miðstöðina. Upptökurnar verði færðar yfir á stafrænt form og frumeinktakið sent til eigendanna aftur.

Við opnuna verður tekin í notkun vefsíðan munnlegsaga.is. „Okkar von er að þetta megi verða til þess að rödd alþýðufólks og skilningur þess á sögunni fái frekar að heyrast,“ segir Guðmundur.

Í tilefni af opnun Miðstöðvarinnar verður haldið norrænt málþing um munnlegar heimildir í húsnæði Odda, Háskóla Íslands, á laugardaginn. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Háskólans.

karen@frettabladid.is

Segja að dregið hafi úr áhrifum kennara:

# Kennarar vanmetir leiðtogar

„Það hefur ekki verið horft á kennara sem leiðtoga á námskeiðum hér á landi og því fannst okkur áhugavert að snerta á þeim fleti. Báðar erum við nefnilega sannfærðar um að þessi stétt gegni leiðtoga hlutverki þótt það sé vanmetið,“ segja Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir og Edda Kjartansdóttir, verkefnisstjórar SRR símenntun hjá Kennaraháskóla Íslands.



**EDDA KJARTANSDÓTTIR OG EIRÍKSÍNA KR. ÁSGRÍMSDÓTTIR** Segja kennara vanmetna leiðtoga og úr því vilja þær bæta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eiríksína og Edda hafa báðar starfað við kennslu og stjórnun og segja þær reynslu sína af þeim störfum ýta enn frekar undir þá kenningu þeirra að kennarastarfið sé vanmetið leiðtogastarf. Úr þessu vilja þær bæta og í samræðum þeirra á milli kviknaði hugmyndin að námskeiðinu „Býr leiðtogi í þér“ sem þær eru nú að fara af stað með.

Eiríksína segir að dregið hafi úr áhrifum kennara á eigin störf að undanförnu þar sem þeir séu undir stöðugum kröfum og leiðbeiningum frá margs konar sérfræðingum sem telji sig hafa fundið upp leiðarvísi að skólastarfi.

Þær Edda og Eiríksína segja námskeiðinu ætlað að efla áhrifamátt kennara og gera þá að frekari gerendum í starfi sínu. „Við erum ekki að hnýta í þau störf sem kennarar vinna nú þegar heldur viljum við einfaldlega gera fólki og kennurum ljóst að kennarastarfið er leiðtogastarf og á að vera metið sem slíkt,“ segir Eiríksína að lokum. - kdk

# Útsala

## fjöldi raftækja á frábæru útsöluverði




### Thomson 32" LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa:1.000:1
- Birta: 550 cd/m2
- Svartími: 8ms
- 2x14w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), HDMI, component, CVBS og VGA tengi

**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **9.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 99.990,-
Verð áður 149.990,-




**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **14.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 149.990,-
Verð áður 169.990,-

### Thompson 42" Plasma sjónvarp

- Upplausn 852x480 • Skerpa: 3.000:1 • Birtustig: 1000 cd/m2
- Sjónsvið (H/V): 160/160° • DVI tengi (styður VGA, SVGA, XGA, SXGA)
- 2 scart, component, SVHS, CVBS • Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 112,8x70x9,3 • Þyngd: 33kg




**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **6.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 69.990,-
Verð áður 89.990,-

### United 27" LCD sjónvarp

- Progressive scan • HD ready • Skerpa: 900:1 • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi




**TILBOÐ**
**39.990** kr
Verð áður 49.990-

### United 20" LCD sjónvarp

- Digital comb filter • Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS




### United 15" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- 8w nicam stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

**TILBOÐ**
**34.990** kr
Verð áður 39.990-

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 31. janúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# tímamót

timamot@frettabladid.is



RAGNHEIÐUR „HEIÐA“ EIRÍKSDÓTTIR, SÖNG- OG ÚTVARPSKONA, ER 36 ÁRA Í DAG

*„Ég held að Íslendingar og Japanar eigi tölvert sameiginlegt. Fyrir utan það að vera frá eldfjallaeyjum þá eru báðar þessar þjóðir svolítið klikkaðar og tæknióðar en trúa samt á gamlar þjóðsögur.“*

## MERKISATBURÐIR

1938 Óvenjumörg rauð norðurljós sjást bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu.

1971 Skólaskylda er lengd úr átta árum í níu í frumvarpi til laga á Alþingi.

1990 Stefán Hörður Grímsson hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.

1992 Boris Jeltsín, forseti Rússlands, segir að hætt verði að beina rússneskum kjarnaflaugum að skotmörkum í Bandaríkjunum.

1994 Tónlistarmaðurinn Michael Jackson reiðir fram sáttagreiðslu, án þess þó að játa sök, í máli þar sem hann var sakaður um að hafa misnotað ungan dreng.



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Snjólfur Björgvinsson**

frá Borgargerði, Djúpavogi, Vestursíðu 10, Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Seli mánudaginn 22. janúar. Útförin auglýst síðar.

Fyrir hönd barna hins látna og annarra ástvina,

**Hulda Friðriksdóttir.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Svavarsson**

múrarameistari, Austurvegi 16, Grindavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 22. janúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 31. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á orgelsjóð Grindavíkurkirkju.

**Sæbjörg M. Vilmundsdóttir**
**Kristín Þorsteinsdóttir** **Hallur Gunnarsson**
**Lárus Svavarsson**
**Svavar Þór Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alexía Margrét Ólafsdóttir**

Skipholti 6, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi föstudaginn 19. janúar sl. Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 25. janúar frá Grafarvogskirkju kl. 13.00.

**Jens Stefán Halldórsson**
**Ólöf Jóna Jensdóttir** **Björn Grímsson**
**Ástbjörn Jensson** **May Brit Kongshaug**
**Jenný Stefanía Jensdóttir** **Grettir Grettisson**
**Ingibjörg Jensdóttir** **Gunnar Smith**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alexía Margrét Ólafsdóttir**

Skipholti 6, Reykjavíkm

lést á Landspítala Fossvogi föstudaginn 19. janúar sl. Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 25. janúar frá Grafarvogskirkju kl. 13.00.

**Jens Stefán Halldórsson**
**Ólöf Jóna Jensdóttir** **Björn Grímsson**
**Ástbjörn Jensson** **May Brit Kongshaug**
**Jenný Stefanía Jensdóttir** **Grettir Grettisson**
**Ingibjörg Jensdóttir** **Gunnar Smith**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu okkar,*

**Sigurlaugar Gísladóttur**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, sunnudaginn 14. janúar síðastliðinn.



†

*Útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður og tengdasonar,*

**Jóhanns Pálmasonar**

fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 26. janúar kl 13.

**Ragnheiður Gísladóttir**
**Hlynur Jóhannsson**
**Egill Þór Jóhannsson**
**Askur Jóhannsson**
**Alfa Jóhannsdóttir**
**Pálmi Sveinsson** **Alfa Malmquist**
**Kristrún Pálmadóttir**
**Sveinbjörg Pálmadóttir**
**Gísli Jónsson** **Jóna Birta Óskarsdóttir**

**Þeim sem vildu minnast Jóhanns er bent á minningarsjóð nr. 0513-14-607272 hjá Glitni.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Guðmundsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar aðfaranótt mánudagsins 22. janúar. Jarðsungið verður frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 27. janúar kl. 11.

**Halldóra Ragnarsdóttir** **Frímann Gústafsson**
**Einar Júlíusson**
**María Lillý Ragnarsdóttir** **Haukur Jónsson**
**Guðmundur Ragnarsson** **Herdís Sæmundardóttir**
**Kristín Ragnarsdóttir** **Jón Ásgeirsson**
**Ragnar Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**60 ára**

er í dag 25. janúar

**Ámundi Jökull Játvarðsson**

vélfræðingur.

I dag rekur Ámundi Regnbogann leikskóla ásamt konu sinni Lovísu Hallgrímsdóttur leikskólastjóra. Þau taka á móti ættingjum og vinum næsta laugardag 27. janúar milli kl. 17 og 19 í sal Regnbogans að Bleikjukvísl 10, Reykjavík.


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




LISTASAFN ÍSLANDS: NÝR FORSTÖÐUMAÐUR

# Fjölbreytt sókn

Dr. Halldór Björn Runólfsson var nýlega skipaður í embætti forstöðumanns Listasafns Íslands. Halldór Björn lauk doktorsprófi frá sjónlista- og fagurfræðideild við Sorbonne-háskóla í París á síðasta ári og starfar sem lektor og yfirmaður listfræða við Listaháskóla Íslands. Hann mun taka við starfinu, sem veitt er til fimm ára, þann 1. mars næstkomandi.

Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og leggur megináherslu á 19. og 20. aldar list, íslenska og erlenda. Það á merkasta safn íslenskra verka hér á landi eftir helstu myndlistarmenn þjóðarinnar sem og vaxandi safn erlendra verka eftir heimskunna listamenn.

Halldór segist meta helstu sóknarfæri Listasafns Íslands í hlutverki þess sem upplýsingaveita um myndlist. „Nú þegar er búið að vinna töluvert í því að gera safnskost safnsins aðgengilegan. Búið er að mynda safnið og koma því á tölvutækt form og það er í farvatninu að gera safnið aðgengilegt á netinu,“ útskýrir Halldór og vísar til Sýndarsafnsins sem er rafrænn gagnagrunnur um listaverkaeignina sem nú má fá aðgang að í Fræðslumiðstöð safnsins við Fríkirkjuveg en stefnt er að því að koma efni þess á netið.

„Það væri einnig frábært ef að hægt yrði í framtíðinni að miðla sýningum á netinu,“ bætir hann við.



**LISTASAFN ÍSLANDS** Nýr safnstjóri sér sóknarfæri í upplýsingamiðlun safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Sigurgeirsdóttir**

frá Súðavík, síðast til heimilis í Tjarnarlundi 17b, Akureyri,

verður jarðsungin frá Súðavíkurkirkju laugardaginn 27. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Súðavíkurkirkju. Upplýsingar í símum 450 4621, 456 4912 og 456 4959.

**Daníela Guðmundsdóttir** **Sigurjón Þorvaldsson**
**Grétar Geir Guðmundsson** **Agnes Eymundsdóttir**
**Sævar M. Birgisson** **Svanhvít Leifsdóttir**
**Ólafur Guðmundsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við fráfall og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Kristins Þorsteinssonar**

Bollatanga 16, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Gjörgæsludeildar Landspítalans - háskólasjúkrahúss í Fossvogi.

**Þórey Ásthildur Kolbeins**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Péturs Traustasonar,**

augnlæknis, Miðleiti 1, Reykjavík.

**Theodóra Smith**
**María Pétursdóttir**
**Anna Guðrún Pétursdóttir**
**Trausti Pétursson**
**Óskar Smith Grímsson**
**Dagmar Lúðvíksdóttir**
**Þrúður Gunnlaugsdóttir.**



†

**Svala Guðmundsdóttir**

*í Selsundi,*

verður kvödd og jörðuð að Odda á Rangárvöllum laugardaginn 27. janúar 2007 kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á endurhæfingarstöðina á Reykjalundi, eða elli- og hjúkrunarheimilið Lund á Hellu.

**Sverrir Haraldsson,**
**börn, tengdabörn, barnabörn,**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



**FRÁ SÝNINGUNNI MÁLVERKIÐ EFTIR 1980** Dr. Halldór Björn Runólfsson var aðstoðarsýningarstjóri á síðustu sýningu Listasafns Íslands. Hér er hann ásamt Laufeyju Helgadóttur, listfræðingi og sýningarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# arfæri

Halldór Björn segir að landsmenn séu ekki nægilega meðvitaðir um þennan fjársjóð sinn. „Ég hugsa að þjóðin viti af safninu en það er ekki nægilega mikið hugað að kynningu þess. Fráfarandi forstöðumaður dr. Ólafur Kvaran hefur gert mikinn skurk í kynningarmálum þess, til dæmis með því að semja um ókeypis aðgang að safninu sem er ein frumforsenda þess að almenningur kynnist því betur. Það má því segja að hann hafi hafið þessa sókn.“

Nýi forstöðumaðurinn kveðst einnig vilja vinna að því að bæta sýningaraðstöðu safnsins. „Það hefur lengi verið rætt um að stækka sýningarrými þess. Erlendum gestum sem vilja gjarnan kynnast íslenskri list finnst til dæmis bagalegt að hvergi sé hægt að sjá á einu bretti sögulegt yfirlit um íslenska myndlist. Að því hefur ekki verið hugað hjá neinu safnanna enda hefur ekki verið aðstaða til þess. Að þessu verður að vinna og myndi ég gjarnan vilja beita mér fyrir því.“

kristrun@frettabladid.is

## AFMÆLI



**Helga Ingólfsdóttir** semballeikari er 65 ára.



**Ásgeir Þór Davíðsson** veitingamaður er 57 ára.



**Sjöfn Haraldsdóttir** myndlistarmaður er 54 ára.



**Baldur Þórhallsson** stjórnmálafræðingur er 39 ára.






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Dekurdýr

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** TEKUR SAMBANDSSLIT FRAM YFIR SVEITTA SOKKA.



Um daginn fékk ég senda lesningu í formi reglugerðar fyrir húsfreyjur á sjötta áratugnum. Þó að ég ímyndi mér ekki að sömu reglur séu enn við lýði gat ég hugsað mér að þarna færi ágætis áminning um hvernig dekra mætti við sambýlinginn á tyllidögum.

Efst á blaði var eðli málsins samkvæmt að hafa kvöldmatinn tilbúinn á réttum tíma, svo kauða fyndist hann velkominn heim. Einnig er mikilvægt að púðra nefið og koma sér í gírinn, svo maður (kona, öllu heldur) sé nú sætur og hress þegar bóndi snýr heim. Nefpúðrun má þó ekki hefjast fyrr en búið er að snyrta íbúð og börn.

Þegar þessum undirbúningi er lokið og húsbóndi kominn inn um dyrnar er afar mikilvægt að steinhalda sér saman og passa að kvartanir sleppi ekki út fyrir varirnar. Með lokaðan munn ber húsfreyju því næst að hlúa að bónda í þartilgerðum húsbóndastól, útbúa drykk handa kauða og klæða hann úr skóm. Þá má gera rifu á munninn, en bara til að tala blíðlega. Ekki má heldur gera kröfur um í hvað kvöldinu skuli varið. Markmiðið er, að lokum, að gera heimilið að stað þar sem eiginmaðurinn getur slakað á í friðarparadís eftir erfiðan dag.

Það næsta sem ég kemst þessari reglugerð er að á heimili mínu er til húsbóndastóll. Og ég held ég láti það alveg eiga sig að leita í þennan gagnabanka á næsta tyllidegi. Ég get mögulega teygt mig yfir í að kaupa bjór til að eiga í ísskápnum, hvort að sambýlingurinn fái nokkuð af honum get ég ekki ábyrgst. Og mér finnst sambandsslit töluvert vænlegri kostur en að færa sveittan karlmann úr sokkum að loknum löngum vinnudegi. Mikil ósköp er ég fegin og glöð að vera fædd á réttum tíma og geta þess vegna verið jafn eigingjörn og ég vil.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Nýtt!




Nýtt!

# Speltbrauð

## Borðaðu fjórar sneiðar á dag

Vissir þú að börn og unglingar borða allt of lítið af trefjaríku fæði. Og fullorðnir líka. Með því að neyta fjögurra Speltisbrauðsneiða frá Myllunni á hverjum degi uppfyllir þú 55% af daglegri þörf þinni fyrir trefjaríkt fæði.

Spelti er ævaforn, harðgerð og einstök korntegund, sem ræktuð hefur verið í þúsundir ára. Það er óhemju góð uppspretta ríbó-flavíns (B2 vítamín), ríkt af þíamíni (B1) og níasíni (B3) auk þess sem speltið er góð uppspretta ýmissa steinefna á borð við kopar, járn, mangan og zink. Spelti er ríkt af ýmsum mikilvægum steinefnum og hyaluronsýru, sem inniheldur t.d. hið fátíða snefilefni, kísil. Hyaluronsýra og kísill þess gegna m.a. mikilvægu hlutverki við að viðhalda eðlilegri vökva-starfsemi í augum og liðum líkamans.

*Sjá nánar á www.myllan.is*

Myllu Spelt BRAUÐ

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

**Hafðu það trefjaríkt og gott með Speltbrauði**

**Kl. 20.00**

*Tónleikar í Laugarborg, Eyjafjarðarsveit. Þórunn Ósk Marínósdóttir víóluleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari flytja íslensk samtímaverk eftir Þórð Magnússon, Hafliða Hallgrímsson og Kjartan Ólafsson. Tónleikarnir verða endurteknir í Listasafni Íslands næstkomandi laugardag kl. 17.30.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Styður við menningarlífið

Glitnir banki gerði nýlega tvo samstarfssamninga, annars vegar við Nýlistasafnið og hins vegar við menningarmiðstöðina Hafnarborg og Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Með samningi sínum við Glitni munu Hafnar-borg og Byggðasafn Hafnarfjarðar geta boðið ókeypis aðgang að sýningum sínum árið 2007.

Jafnframt öðru starfi sínu í þágu menningarmála á landinu starfrækir Glitnir einnig sérstakan menningarsjóð sem ætlað er að styðja við verkefni á sviði menningar og lista, menntunar og vísinda, sem og forvarnarstarfs og líknarmála en markmiðið með starfsemi hans er að efla tengsl fyrirtækjanna við samfélagið og starfsumhverfi þeirra. Menningarsjóðurinn afgreiðir fjölda styrkbeiðna á ári hverju, en það er jafnframt stefna hans að eiga frumkvæði að samstarfi í áhugaverðum verkefnum.



**FORSTJÓRI GLITNIS** Lipur með pennann þegar kemur að uppbyggjandi undirskriftum.

## > Ekki missa af...

einleik **Bjarna Hauks Þórssonar** um föðurhlutverkið sem frumsýndur verður í Iðnó í kvöld. Leikstjóri **Pabbans** er Sigurður Sigurjónsson.

síðustu sýningum á grískri hádramatík í **Þjóðleikhúsinu** en þar gefur að líta **Bakkynjur** Evripídesar.

amerískri dansveiflu í söngleiknum **Footloose** í Borgarleikhúsinu. Leikstjóri er **Unnur Ösp Stefánsdóttir.**



**ERLENDIR APAR** Hljómsveitin Foreign Monkeys leikur á Forleik í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fimmtudags forleikurinn

Hljómsveitirnar Vicky Pollard, Út-Exit, Gordon Riots og Foreign Monkeys leika á vegum Fimmtudagsforleiks Hins hússins í kvöld. Foreign Monkeys eru sigurvegarar Músíktilrauna árið 2006. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er allir 16 ára og eldri velkomnir. Að venju er frítt inn.

Fimmtudagsforleikur Hins hússins er tónleikaröð sem er hugsuð sem vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára til að koma tónlist sinni á framfæri jafnframt því að fá reynslu í því að sjá um tónleika. Tónleikaraðirnar byggja á þeirri hugmyndafræði að: útvega aðstöðu og tækjabúnað til tónleikahalds og búa með því til vettvang í samstarfi við ungt tónlistarfólk þar sem að það getur öðlast reynslu í því að halda tónleika og koma tónlist sinni á framfæri.

# Abbababb í Hafnarfirði

**Uppi varð fótur og fit þegar fjölfræðingurinn og tónlistarmaðurinn Dr. Gunni fékk styrk úr leiklistarráði í fyrra til að vinna söngleik fyrir börn. Félagi hans í þeim ráðagerðum var leikarinn góðkunni Felix Bergsson.**

Leið og beið og kvisaðist að nýi söngleikurinn væri byggður á alræmdri barnaplötu Dr. Gunna, Abbababb, sem geymdi meðal annars Prumpulagið. Síðan frétt-ist að nýja verkið færi á fjalirnar í Hafnarfirði.

Nú er hið sanna komið í ljós: leikflokkur Felix, Á senunni, og Hafnarfjarðarleikhúsið standa saman að nýjum söngleik fyrir börn. Söngleikurinn Abbababb byggir á frábærri barnaplötu Gunnars Lárusar Hjálmarssonar, Dr. Gunna, sem kom út árið 1997 og seldist í þúsundum eintaka. Meðal þekktustu laga eru Prumpulagið fyrrnefnda, Systa sjóræningi, Herra Rokk og fýlustrákurinn og Rauða hauskúpan. Lögin eru hvert og eitt litlar sögur sem standa sjálfstætt en geta líka myndað skemmtilega heild.

Abbababb gerist í lok sumars, einhvern tímann í kringum 1975, meðan allir krakkar voru úti að leika sér. Aðalkarakterarnir eru börnin í leynifélaginu Rauðu hauskúpunni. Þau dreymir um að komast á forsíðu Moggans fyrir að koma upp um hrikalega glæpi. Þegar dínamít fer að hverfa úr vinnuskúrum í nágrenninu fara dularfullir hlutir að gerast og æsispennandi atburðarás fer af stað. Þá reynir á Rauðu hauskúpuna, Herra Rokk og vini þeirra í hverfinu...

Listamenn sem koma að verkefninu eru þekktir: Sigurjón Kjartansson leikur Herra Rokk, Jóhann G. Jóhannsson, Álfrún Örnólfsdóttir og Orri Huginn Ágústsson leika krakkana í Rauðu hauskúpunni, Atli Þór Albertsson og Sveinn Þór Geirsson leika stóru strákana og Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir leikur Systu sjóræningja. Hljómsveitina skipa auk dr. Gunna, Birgir Baldursson og Elfar Geir Sævarsson. Jón Skuggi skapar hljóðmyndina. Leikmynd er verk Lindu Stefánsdóttur, Lárus Björnsson hannar lýsingu og búningar eru hugarsmíð Dýrleifar Ýrar Örlygsdóttur og Margrétar Einarsdóttur. Sigríður Rósa Bjarnadóttir hannar gervi. Leikstjóri söngleiksins Abbababb er María Reyndal.

Og meira er í vændum: Geisladiskur með tónlistinni í sýningunni er tilbúinn. Á plötunni eru 16 skemmtileg lög. Birgir Baldursson og Dr. Gunni stjórnuðu upptökum. Heimasíða sýningarinnar er www.abbababb.is. Framkvæmdastjóri Abbababb er Felix Bergsson. Frumsýning er ákveðin 11. febrúar og þá er bara bíða spenntur. - pbb

**LEIKHÚS** Leiðir Dr. Gunna og Felix lágu saman í Popppunkti en nú eru þeir búnir að smíða söngleik fyrir börn, Hafnarfjarðarleikhúsið búið að kaupa nýtt hljóðkerfi og frumsýning ákveðin.




Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ekki missa af...

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stórskemmtileg sýning um kostulega konu!

Ólafía Hrönn í ham!








# Þrælar þorrans

Skáldafélagsskapurinn Nýhil stendur fyrir upplestrarkvöldi í Stúdentakjallaranum við Hringbraut í kvöld.

Skáldin þreyja þorrann líkt og aðrir landsmenn og munu nokkrir „súrsaðir og sviðnir kjammar“ troða upp og lesa ljóð sín og verða þar bæði óvæntir nýliðar sem og annálaðir góðkunningjar Nýhilsamsteypunnar.

Á lista afreksfólksins má finna Gísla Hvanndal Ólafsson, Þórdísi Björnsdóttur, Ingólf Gíslason, Unu Björk Sigurðardóttur, Örvar Þóreyjarson Smárason og Björk Þorgrímsdóttur.

Dagskráin hefst kl. 20.30. Aðgangur að samkomunni er ókeypis og eru ljóðaunnendur og annað andans fólk hvatt til að mæta.



**SÚRSAÐUR OG SVIÐINN?** Örvar Þóreyjarson Smárason rithöfundur og tónlistarmaður les upp í Stúdentakjallaranum ásamt fleirum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 / Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

AUSTURBÆR

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Landsvirkjun

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

FRÁBÆRIR SÖNGVARAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Hulda Björk, Gunnar, Ágúst, Jóhann Smári, Sigríður, Ingveldur Ýr og Eyjólfur

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sælueyjan

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Lau. 27/1 nokkur sæti laus, fös. 2/2, fös. 9/2. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 10/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau.17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00.

BAKKYNJUR eftir Evripídes.
Fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar. Aðeins tvær sýningar eftir.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau 27/1 nokkur sæti laus, mið. 7/2 örfá sæti laus. fös.2/2, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kassinn kl. 20:00 forsala hafin

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus, fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Lau 3/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20

MEIN KAMPF
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 FORSÝNING kr.1.000
Fös 26/1 kl. 17 FORSÝNING kr. 1.000
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20

LADDI AFMÆLISSÝNING
Lau 17/2 kl. 20 Lau 24/2 kl. 20
Lau 3/3 kl. 20 Lau 8/3 kl. 20
Miðasala hafin Miðaverð 3.400

DAGUR VONAR
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 28/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20 Lau 17/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

FOOTLOOSE
Lau 27/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 28/1 kl. 20 AUKASÝNING
Allra síðasta sýning

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 28/1 kl. 14 Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14 Sun 18/2 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 8/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 4/2 kl. 13 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 14 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 15 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 13 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 14 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 15 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 13 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 14 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 15 UPPSELT
Sun 25/2 kl. 13
Sun 25/2 kl. 14
Sun 25/2 kl. 15
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Í tilefni Myrkra músíkdaga

Framlag Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Myrkra músíkdaga að þessu sinni er glæsilegir tónleikar þar sem kynnt verða fjögur verk eftir jafnmörg tónskáld. Sveitin flytur, ásamt einleikurunum Guðrúnu Birgisdóttur og Martial Nardeau, verk eftir Karólínu Eiríksdóttur, Herbert H. Ágústsson, Erik Mogensen og Örlyg Benediktsson. Hljómsveitarstjóri er Roland Kluttig.

Tónlistarunnendur kannast við verk Karólínu Eiríksdóttur en hún hefur starfað ötullega að sköpun sinni um árabil.

Nýlega frumsýndi Íslenska óperan verk hennar Strengjaleiki en að þessu sinni verður konsert á efnisskránni sem Karolína samdi sérstaklega fyrir einleikarana, hjónin Martial Nardeau og Guðrúnu Birgisdóttur. Hafa þau átt farsælt samstarf við tónskáldið sem áður hefur samið verk fyrir þau, bæði dúó- og einleiksverk.



**LEIKANDI TÓNLISTARHJÓN** Hjónin Martial Nardeau og Guðrún Birgisdóttir hafa átt farsælt samstarf við Karólínu Eiríksdóttur tónskáld.

Herbert H. Ágústsson stundaði tónlistarnám í Graz og var hornleikari í Fílharmoníuhljómsveitinni í Graz á árunum 1945 til 1952 en þá kom hann til Íslands og gerðist fyrsti hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkið „Concerto breve" samdi Herbert árið 1965 en Sinfóníuhljómsveit Íslands lék verkið fyrst árið 1971.

Örlygur Benediktsson hóf tónlistarnám í Hafralækjarskóla, lærði síðan hjá tréblásarameisturum Tónlistarskólans í Reykjavík og að því loknu hóf hann nám í tónfræðadeild skólans. Framhaldsnám sitt stundaði hann við rússnesku Ríkiskonservatoríuna í St. Pétursborg. Tónverk hans „Eftirleikur" er fyrsta verkið sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur.

Tónleikarnir hefjast að vanda kl. 19.30 í Háskólabíói.



**LEIÐA SAMAN ÓLÍKA MENNINGARHEIMA** Skólasystur sýna þrjú dansverk og stuttmynd í Hafnarfjarðarleikhúsinu um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Gyðingar og víkingar

Fjórar ungar konur úr tveimur ólíkum löndum deildu vist í Arnhem við nám í samningu listdansa í ArtEZ-skólanum. Tvær þeirra voru íslenskar, menntaðar sem dansarar úr Listdansskóla Íslands, hinar komu frá Ísrael. Þeim var falið það verk að setja saman hugmynd að danssýningu og datt þá í hug að leiða saman tvo ólíka heima. Hugmyndinni var vel tekið en það var ekki fyrr en komið var að skilnaðarstund að upp rann ljós; innrásin í Líbanon stóð sem hæst.

Nú eru þær komnar hingað til lands allar fjórar og á föstudag og laugardagskvöld verða þær með sýningu: Víkingar og gyðingar kallast hún og er sett saman úr þremur dansverkum og einni stuttmynd. Sér til liðsinnis hafa þær stöllur ellefu unga tónlistarmenn úr skóla FÍH. Verkin eru ólík: Margrét segir eitt þeirra afstrakt, annað hafa beina tilvísun í hryðjuverk. Þau standi nær leikverkum og myndverkum í rými en beinlínis dansi.

Þær stöllur, Margrét Bjarnadóttir, Sara Sigurðardóttir, Annat Eisenberg og Noa Shadur náðu vel saman. Þeim var ljóst hvað hlutskipti þeirra voru ólík: stelpurnar frá Ísrael rifjuðu upp þá daga þegar þær urðu að fara í skólann með gasgrímur í poka meðan Persaflóastríðið stóð sem hæst. Þó þær næðu vel saman var heimur þeirra ekki einn - eða bjuggu þær þrátt fyrir það sama heiminn.

Margrét segir að verkefnið hafi orðið til með stuðningi verkefnis Evrópusambandsins - Ungt fólk í Evrópu. Hún er hvergi bangin að koma heim og taka upp þráðinn við frekari dansasamningu þegar þessari lotu lýkur. Þær Saga ætla að reyna að vinna saman að frekari verkefnum. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort þær komast með vinkonum sínum til Ísrael til að sýna þar. Það er erfiðara að finna fjármagn til sýninga þar en hér. Þær voru svo heppnar að komast í samband við Hafnarfjarðarleikhúsið, en þar standa nú yfir æfingar á tveimur verkum, Abbababb, barnarokksöngleik dr. Gunna og Felix Bergssonar og verki sem byggir á Draumalandi Andra Snæs. Skammt er í frumsýningingu á Abbababb og var danssýningu þeirra vinkvenna skotið inn. Einungis eru fyrirhugaðar sýninga á föstu- og laugardagskvöld.

**- pbb**

# Rannsóknasetur stofnað

Samkeppnin eykst enn milli háskólanna í landinu og eru menn teknir að merkja sér ný svið: í gær var tilkynnt að Háskólinn á Bifröst, Íslenska óperan og Félag íslenskra hljómlistarmanna kæmi að stofnun Rannsóknaseturs í menningarfræðum við Háskólann á Bifröst. Við setrið skulu stundaðar rannsóknir á sviðum sem tengjast listgreinum og öðrum sviðum menningar. Á Bifröst hafa menn um tveggja ára skeið staðið fyrir meistaranámi í menningar- og menntastjórnun með það að markmiði að þjálfa stjórnendur í mennta- og menningarlífi. Á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan farið var af stað með þetta nám hefur fjölbreyttur hópur fólks úr menningar- og listalífi, skólakerfinu og fleiri sviðum samfélagsins stundað þetta nám á Bifröst og útskrifuðust fyrstu nemendurnir í fyrra. Menningarstarfsemi er veigamikill þáttur í íslensku samfélagi og skilar verulegum efnahagslegum og andlegum verðmætum og er tónlistin skýrt dæmi um slíkt. Hefur nýráðinn rektor á Bifröst, dr. Ágúst Einarsson, lagt sig fram um að kanna framlegð og umfang menningarstarfsemi og flutt um það erindi víða, síðast á aðalfundi Bandalags íslenskra listamanna í Borgarnesi um síðustu helgi. Frekari rannsóknir á þessum sviðum eru nauðsynlegar til að efla listgreinar enn frekar.

Stofnaðilar skuldbinda sig til að leggja setrinu lið eftir föngum, með ráðgjöf, aðstoð, kennslu eða á annan hátt. Segir í yfirlýsingu þeirra að rannsóknir skuli taka mið af íslenskum og erlendum aðstæðum og niðurstöður rannsókna skulu birtar á aðgengilegan hátt og vera grundvöllur umræðu um menningarmál í íslensku samfélagi.



**MENNINGARRANNSÓKNIR** Dr. Ágúst Einarsson er frumkvöðull í rannsókn á umfangi menningar hér á landi í efnahagslegu tilliti.

**- pbb**

## NÝJAR BÆKUR

Frá Háskólaútgáfunni er komið ritið Mathematical Education in Iceland in Historical Context – Socio-Economic Demands and Influences – eftir Kristínu Bjarnadóttur. Bókin fjallar um stærðfræðinám og -kennslu á Íslandi frá þrettándu öld til þeirrar tuttugustu.



Rakin eru straumhvörf er urðu þegar stærðfræðingarnir Björn Gunnlaugsson og Ólafur Daníelsson mótuðu kennslu Reykjavíkurskóla hvor á sinni öld og greint frá reglugerð árið 1877 er varð til þess að stofnun stærðfræðideildar skólans seinkaði um áratugi. Meginefni bókarinnar varðar alþjóðlega umbótahreyfingu, sem kennd er við nýstærðfræði, orsakir hennar og áhrif á íslenska stærðfræðimenntun. Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika sem hún olli átti hún veigamikinn þátt í endurnýjun íslensks skólakerfis og laðaði fram frumkvæði kennara og sköpunarkraft.

Af erlendri rót – Þýðingar í blöðum og tímaritum á íslensku 1874-1910 – nefnist rit sem nýkomið er út í ritröðinni Studia Islandica og er það 59. rannsóknarverkið sem kemur út í þeirri röð. Höfundur er Svanfríður Larsen og ritstjóri raðarinnar er Gunnþórunn Guðmundsdóttir.



Útgefandi er Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Þar er fjallað um þann mikla vöxt sem var í útgáfu prentmiðla á síðustu áratugum nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu. Þessari útgáfu fylgdi stóraukin þýðingastarfsemi og birtist í tímaritum og blöðum ákaflega fjölskrúðugt úrval af þýddu efni. Hér voru á ferð skáldsögur í formi neðanmálssagna, smásögur og ljóð eftir heimsþekkta sem lítt þekkta höfunda víða að úr heiminum auk margs konar hagnýtra texta af ýmsum gerðum. Í bók Svanfríðar Larsen, Af erlendri rót: Þýðingar í blöðum og tímaritum á íslensku 1874-1910, er þetta efni skráð og flokkað í fyrsta sinn, svo að loks er hægt að gera sér mynd af þessu víðfeðma þýðingarstarfi. Í bókinni má sjá hvaða höfundar voru þýddir, hvers konar textar voru vinsælastir til þýðingar og í mörgum tilvikum hverjir voru mikilvirkustu þýðendurnir. Skránni fylgir ítarlegur inngangur um þýðingar tímabilsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

22 23 24 **25** 26 27 28

**Fimmtudagur**

### OPNANIR

☐ 17.00 Sýning á bókverkum **Sigurborgar Stefánsdóttur** verður opnuð í **Þjóðarbókhlöðunni**. Á sýningunni **Spari bækur** eru myndverk í formi bókar. Bókin sjálf er verkið í heild sinni. Ýmsar aðferðir eru notaðar við að búa til bækurnar til dæmis málun, teikning, klippitækni, ljósmyndun og þrykkaðferðir ýmiskonar. Þær innihalda sumar bæði texta og myndir, aðrar annaðhvort eða hvorugt. Verkin á sýningunni eru um það bil 30 talsins en hún stendur út febrúarmánuð.

### TÓNLEIKAR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Slow Train** heldur tónleika á **Grand Rokk.** Sveitin leikur tónlist til heiðurs meistara **Bob Dylan.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Styttist í Tvíæringinn í Feneyjum

Það styttist í Tvíæringinn í Feneyjum: Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson myndlistarmaður var valinn af fagnefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að vera fulltrúi Íslands á þessari stærstu og virtustu myndlistarmessu Evrópu. Í vikunni var tilkynnt að Landsvirkjun kæmi honum til stuðnings. Forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar myndlistar, dr. Christian Shoen, er „commissioner" verkefnisins en Hanna Styrmisdóttir er sýningarstjóri og heldur um alla þræði. Sagði hún í samtali við Fréttablaðið að fjármögnun verksins gengi vel og stefnt væri á að ljúka henni í mars. Steingrímur hefur þegar lagt verkið niður og er vinnsla þess langt komin. Verður það kynnt í smáu sem stóru við sama tækifæri. Nú er lokið langri dvöl íslenskra myndlistarmanna í finnska skálanum á sýningarsvæðinu. Shoen fór suður eftir og fann nýtilega jarðhæð í palazzo við Grand Canale, um 180 fermetra, og er hún leigð undir sýninguna.

Þar er aðgengi gott, bæði frá götu og síkinu. Fer sendinefnd til Feneyja 20. maí en kynningardagar eru 7.-9. júní og hin formlega opnun hinn 10. júní. Tvíæringurinn stendur svo fram á haust.

Steingrímur sagði í samtali við Fréttablaðið að verkefnið væri býsna stórt og kostnaðarsamt. Þó að ákvörðun hafi verið tekin um þátttöku hans í vor hafi ekki byrjað vinna af alvöru við útfærslu fyrr en í haust. Framlag Landsvirkjunar væri mikilvægt.

- pbb



**STEINGRÍMUR EYFJÖRÐ KRISTMUNDSSON TEKUR VIÐ VERKEFNINU ÚR HENDI RÁÐHERRA** Verkið fyrir tvíæringinn í Feneyjum í sumar er langt komið.







> Gott gláp

**FORELDRAR** *Frábærlega leikin mynd sem kemur í kjölfar Barna og gefur þeirri mynd lítið eftir. Áhrifarík mynd sem á fullt erindi við samtímann.*

**BABEL** *Kvikmyndagerð í hæsta gæðaflokki. Krefjandi mynd sem lætur engan ósnortinn. Veitir ekkert af því að sjá hana oftar en einu sinni.*

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN: EGILL ÖRN JÓHANNSSON ÚTGEFANDI

# *Ingjaldsfíflið er eftirminnilegt*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Children of Men sem var fín og Happy Feet sem er umhverfisáróður fyrir börn.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
You, Me and Dupree. Vont.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Empire of The Sun sat í mér lengi og Rokk í Reykjavík horfði ég á aftur og aftur þó svo að ég væri a.m.k. 10 árum of ungur til að skilja pönkið almennilega.

**Hefur þú grátið í bíó?**
Ég er tilfinningavera.

**Uppáhalds íslenska persónan:**
Karl Ágúst Úlfsson sem Ingjaldsfíflið er eftirminnilegur. Eins öll hlutverk Sveins M. Eiðssonar í myndum Hrafns Gunnlaugssonar.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Brando og Bogart.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Clint.

**Mesti skúrkurinn:**
Svarthöfði.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Cobra var leiðindablettur á annars frábærum ferli Sylvester Stallone og Grease II var óþörf, að ógleymdri Field of Dreams sem var vond.



**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Það yrði Basic Instinct 3 í leikstjórn Paul Verhoeven þar sem ég kæmi í stað Michael Douglas og Angelina Jolie færi með hlutverk Sharon Stone.



## AF HVÍTA TJALDINU
**Þórarinn Þórarinsson**

# *„Nei, ómögulega takk“*

Flestir eru á því að **Martin Scorsese** muni loksins hampa Óskarsverðlaunum fyrir bestu leikstjórn þegar verðlaunin verða afhent í næsta mánuði. Hann er nú tilnefndur fyrir glæpamyndina *The Departed.* Scorsese er minn maður og ég held með honum en samt held ég að það færi best á því að hann fengi verðlaunin ekki að þessu sinni. Fari svo að Akademían sjái loks aumur á honum væri sterkast hjá honum að afþakka heiðurinn. Best væri einfaldlega að hann sleppti því að mæta í Kodak-höllina en með því að láta sjá sig er hann að kyssa vönd þeirra sem hafa niðurlægt hann fimm sinnum.

Scorsese var ekki tilnefndur fyrir *Taxi Driver* en hlaut tilnefningar fyrir *Raging Bull*, *The Last Temptation of Christ*, *Goodfellas*, *Gangs of New York* og *The Aviator*. Allt stórfínar myndir ef frá er talin *Gangs of New York*, sem verðskuldaði varla tilnefningu á sínum tíma.

*The Departed* er fantagóð mynd en samt telst hún ekki til bestu verka leikstjórans og þó hann þrái verðlaunin heitt er eitthvað bogið við það ef hann þarf að þiggja þau fyrir mynd sem stendur *Goodfellas* og *Raging Bull* að baki. Þá verður ekki horft framhjá því að að þessu sinni etur Scorsese kappi við **Alejandro González Iñárritu** og *Babel*. Mynd Iñárritu er stórvirki og Scorsese hlýtur að taka við verðlaununum með nokkru óbragði í munni fari leikar svo að Akademían ákveði loks að stinga dúsu upp í hann. *Babel* er betri og sterkari mynd en *The Departed*. Um það þarf vart að deila og eftir að hafa sjálfur þurft að lúta í lægra haldi, með sín bestu verk, fyrir minni spámönnum getur Scorsese vart hugnast að hafa verðlaunin af leikstjóra sem er líklegur til þess að hafa álíka mikil áhrif á kvikmyndagerð á fyrri hluta 21. aldar og hann hafði sjálfur á seinni hluta þeirrar tuttugustu.



Fái Scorsese verðlaunin nú eftir allt sem á undan hefur gengið, og í ljósi þess við hvern er að etja nú, er í raun um álíka málamyndun að ræða og að þiggja heiðursóskar á áttræðisaldri. Brenglað gildismat Akademíunnar liggur fyrir og er öllum ljóst sem vilja sjá það þannig að það er miklu flottara að vera í flokki með **Hitchcock**, **Kubrick** og **Orson Welles**. Sagan er eini marktæki dómarinn í þessum málum og það er því ekki stórmennum sæmandi að míga utan í Akademíuna.

Gefðu hyskinu því bara langt nef Marty minn og segðu „nei, ómögulega takk“.




# Blint auga Akademíunnar

**Martin Scorsese var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir The Departed á þriðjudaginn. Þetta er sjötta tilnefning Scorsese sem besti leikstjórinn en þrátt fyrir það hefur hann aldrei hampað styttunni eftirsóttu. Hann er þó síður en svo eina dæmið um brenglað gildismat Akademíunnar.**



**SÁ BESTI SEM ALDREI FÉKK VERÐLAUN** Alfred Hitchcock var einn áhrifamesti kvikmyndagerðarmaður 20. aldarinnar. Akademían fékk sex tækifæri til að verðlauna hann en kaus jafn oft að sniðganga hann.

Óskarsverðlaunin eru og hafa alltaf verið umdeild en í gegnum tíðinna hefur þó aldrei verið meira deilt um nokkurn verðlaunaflokk en besta leikstjórann. Þeir sem finna Óskarnum flest til foráttu benda iðulega á leikstjóraverðlaunin sem skýrasta dæmið um að verðlaunin séu stór brandari sem hafi ekkert með gæði eða hæfileika að gera enda er það illskiljanlegt að þungaviktarmenn eins og Alfred Hitchcock, Charlie Chaplin, Orson Welles og Stanley Kubrick, hafi farið í gröfina án þess að hljóta verðlaun fyrir sín bestu verk.

Þessir fjórir, svo einhverjir séu nefndir, hafa með myndum sínum haft ómæld áhrif á minni spámenn í bransanum og þegar vel er að gáð gefur listinn yfir þá leikstjóra sem ekki hafa hlotið Óskarsverðlaunin listanum yfir sigurvegarana lítið eftir.

### Hitchcock alltaf útundan

Kapalsjónvarpsstöðin Turner Classic Movies gerði skoðanakönnun á meðal breskra áhorfenda sinna árið 2005 um hver væri besti leikstjórinn sem aldrei hefði hlotið Óskarinn. Þar leiddi Hitchcock listann en Scorsese kom í kjölfarið með Stanley Kubrick á hælunum.

Hitchcock fékk sex tilnefningar á árabilinu 1941 til 1961, meðal annars fyrir ekki ómerkari myndir en Rebecca, Rear Window og Psycho. Þegar horft er til risa eins og Hitchcock og manns sem á að baki jafn magnaðar myndir og Kubrick hlýtur allt val Akademíunnar að gengisfalla en á þeim bænum er lenska að friða samviskuna með því að veita afskiptum meisturum heiðursverðlaun á gamals aldri.

Þetta á til dæmis við um Hitchcock, Kubrick, Welles, Howard Hawks og Robert Altman. Scorsese er hins vegar ekki dauður enn og á því enn möguleika á langþráðum leikstjóraverðlaunum en er þessa stundina í sporum Hitchcocks með sex tilnefningar. Hvort The Departed skili honum betri árangri en Psycho gerði Hitchcock kemur í ljós í lok febrúar.

### Costner gegn Scorsese

Akademían beindi blinda auganu að Scorsese með eftirminnilegum hætti árið 1991 þegar hún tók Kevin Costner og Dances with Wolves fram yfir Scorsese og Goodfellas. Þarna var Scorsese mættur með eina af sínum allra bestu myndum en mátti horfa á eftir styttunni til Costners og ofmetinnar myndar sem hefur ekki staðist tímans tönn. Costner var í kjölfarið hampað sem miklu efni og framtíð hans virtist björt. Það kom svo á daginn að hann er vonlaus leikstjóri sem hefur ekki skilað af sér almennilegri mynd frá því hann hampaði Óskarnum.

**ÓSKARSTAPARAR TCM**
1. Alfred Hitchcock
2. Martin Scorsese
3. Stanley Kubrick
4. Ridley Scott
5. Tim Burton
6. Ingmar Bergman
7. Spike Lee
8. Mike Leigh
9. Howard Hawks
10. Roberto Rossellini

### Þeir sístu verða fyrstir

Tapið fyrir Dances with Wolves er eitt grófasta dæmið á seinni árum um vafasamt gildismat Akademíunnar þó að fáir hafi kippt sér upp við það á sínum tíma að Scorsese skyldi lúta í lægra haldi fyrir Costner. Þetta er þó hvorki í fyrsta né síðasta skiptið sem falsspámaður er tekinn fram yfir meistara í faginu og þessi saga mun halda áfram að endurtaka sig svo lengi sem Óskarsverðlaunin verða veitt.

thorarinn@frettabladid.is

# Grísinn og kóngulóin

Barna- og fjölskyldummyndin Charlotte's Web verður frumsýnd í Sam-bíóunum annað kvöld. Myndin byggir á samnefndri og víðlesinni barnabók og fjallar um lítinn grís, Wilbur að nafni, sem ung stúlka bjargar frá slátrun og tekur að sér að býlinu sínu. Í hlöðunni kynnist Wilbur kóngulónni Charlotte sem tekur hann upp á sína arma.

Dag einn komast Wilbur og Charlotte að því að grísinn þykir ekki á vetur setjandi og hefst þá kapphlaup við tímann þar sem Charlotte reynir með vef sínum að stafa skilaboð til mannanna og forða honum frá glötun.

Dakota Fanning leikur stúlkuna sem bjargar grísnum í upphafi en fjölmargir heimsþekktir leikarar ljá dýrunum á býlinu rödd sína. Fremst í flokki fara Julia Roberts, sem talar fyrir Charlotte, Steve Buscemi, Oprah Winfrey og Robert Redford.



**CHARLOTTE´S WEB** Könguló og grís tengjast órofa böndum.

# Örvæntingarfull leit að blóðdemanti

Það er sláttur á þeim félögum Leonardo DiCaprio og Djimon Hounsou (Gladiator, The Island, Eragon) í spennumyndinni Blood Diamond og þeir uppskáru báðir óskarsverðlaunatilnefningar fyrir hlutverk sín í myndinni. DiCaprio að sjálfsögðu fyrir besta leik í aðalhlutverki en Hounsou fyrir aukahlutverk.

Borgarastyrjöldin í Sierra Leone er baksvið myndarinnar, sem fjallar um lífshættulega leit tveggja manna að stórum bleikum demanti. Hounsou leikur fiskimanninn Solomon sem hefur verið hrifsaður úr faðmi fjölskyldu sinnar og neyddur til þess að leita að demöntum sem eru notaðir til að fjármagna stríðsbrölt. Hann rekst fyrir tilviljun á risavaxinn demant og ákveður að hætta lífi sínu með því að fela fundinn enda gæti demanturinn bjargað fjölskyldu hans úr vonlausum aðstæðum.

Demantasmyglarinn Danny Archer (DiCAprio) hefur haft lífsviðurværi af því að stunda vopnaviðskipti með demöntum. Hann fær fregnir af demanti Solomons á meðan hann er bak við lás og slá en þegar hann fær frelsið hefur hann uppi á fiskimanninum. Þessir ólíku einstaklingar snúa svo bökum saman í leitinni að fjársjóðnum þó að forsendur þeirra séu gerólíkar.

Solomon er einnig að leita að syni sínum sem hann vonast til að geta bjargað frá herþjónustu en Archer er fyrst og fremst að hugsa um að bjarga eigin skinni og ætlar að nota andvirði demantsins til þess að komast burt frá Afríku.

Amnesty International á Íslandi mun dreifa kynningarefni um svokallaða „blóðdemanta" á meðan á sýningu myndarinnar stendur en þetta orð er notað yfir demanta sem eru notaðir til að fjármagna vopnað ofbeldi.

Stríðsátök í Afríku eru oftar en ekki háð fyrir andvirði blóðdemanta og stríðsherrar og uppreisnarmenn hafa notað gríðarlegan hagnað af slíkum viðskiptum til vopnakaupa.

Samkvæmt upplýsingum Amnesty er talið að um 3,7 milljónir hafi látist í Angóla, Kongó, Líberíu og Síerra Leóne í átökum, sem fjármögnuð voru með sölu blóðdemanta. Þó að stríð geisi ekki lengur í Angóla og Síerra Leóne, og átök hafi minnkað í Kongó, leiðir sala blóðdemanta enn til mannréttindabrota.



**BARIST UM BLÓÐDEMANT** Blood Diamond fjallar öðrum þræði um blóðug átök í Síerra Leóne. Leonardo DiCaprio er hent inn í miðja þessa atburðarás í myndinni, sem þykir hörð og óvægin.



**LITTLE CHILDREN** Breska leikkonan Kate Winslet fer með eitt aðalhlutverkanna í þessari umtöluðu mynd Todd Field.

## Foreldrar og börn

Leikstjórinn Todd Field vakti mikla athygli með frumraun sinni In the Bedroom árið 2001. Myndin var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni þar sem gagnrýnendur tóku henni opnum örmum. Myndin var hvarvetna ausin lofi og The New York Times, The Wall Street Journal, New York Magazine og The New Yorker völdu hana mynd ársins. Þá fékk hún fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta myndin.

Græna ljósið frumsýnir nýjustu mynd Fields, Little Children, á föstudaginn en hún þykir ekki gefa In the Bedroom þumlung eftir. Hér fara þau Kate Winslet, Jennifer Connelly og Patrick Wilson með aðalhlutverkin en myndin fjallar um nokkur pör sem kynnast í gegnum börn sín og eiga aðallega samskipti á leikvöllum, götum og í sundlaugum smábæjarins sem þau búa í.

Líf þessa fólks fléttast saman á óvæntan og jafnvel hættulegan hátt en annars er best að hafa sem fæst orð um söguþráðinn enda hafa framleiðendur þrábeðið fjölmiðla um að segja sem minnst til þess að draga ekki úr áhrifamætti myndarinnar.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**BLOOD DIAMOND**
Internet Movie Database - 7,8 /10
Rottentomatoes.com -61% = Fersk
Metacritic.com - 63 /100



**LITTLE CHILDREN**
Internet Movie Database - 7,9 /10
Rottentomatoes.com - 82% = Fersk
Metacritic.com - 76 /100



**CHARLOTTE´S WEB**
Internet Movie Database - 6,8 /10
Rottentomatoes.com - 79% = Fersk

















Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Athugaðu...**

*...að það eru ýmis ráð til hafir þú saltað matinn of mikið. Prófaðu að setja hráa afhýdda kartöflu út í réttinn. Hún ætti að draga í sig saltið á meðan rétturinn eldast.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SIGURJÓN BRINK TÓNLISTARMAÐUR

# Lét ekki glepjast af lifur í dulbúningi



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það telst nú kannski ekki til matar, en það myndi vera kaffi og Magic. Það rífur mann af stað. Jú, og skyr.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Drullumallið hennar mömmu er alltaf best. Svo auðvitað fiskisúpan sem Þórunn mín eldar stundum. Uppskriftin er hernaðarleyndarmál úr fjölskyldunni hennar.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég hef aldrei getað borðað lifur, sama hversu mamma reyndi að dulbúa hana til að koma henni ofan í mig. Ég get heldur ekki borðað þorrasúrmeti - þar fór kúlið.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég er algjör poppari, svo það er alltaf gott að eiga nóg af poppi.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Mér líður nú yfirleitt bara mjög vel, en ætli það sé ekki bland í poka fyrir svona ca. 200 kall.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ískaldan bjór.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Þetta er auðvelt: kaffi, Magic, drullumall frá mömmu, fiskisúpu, popp, bland í poka fyrir 200 kall og nóg af ísköldum bjór.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Svínsfótur með klaufinni og öllu. Maður borðaði með skeið upp úr fætinum, það var algjör viðbjóður.



## VÍNVIÐURINN

**Einar Logi Vignisson**

# *Hitaeiningar í áfengum drykkjum*

Fyrir nokkrum árum tók ég þátt í afar sérkennilegri smökkun. Prófaðar voru rétt um tíu áfengar gosblöndur og var markmiðið ekki einungis að sannreyna gæði drykkjanna heldur ekki síður að skeggræða hvaða áhrif þessir drykkir myndu hafa á neyslumenninguna. Þetta var á þeim árum sem sala á áfengum gosblöndum margfaldaðist á ári hverju og ekkert virtist stöðva framrás þeirra. Þeir sem tóku þátt í smökkuninni voru flestir komnir yfir þann aldur sem drykkirnir eru miðaðir að (lesist: voru ekki í markhópnum) en engu að síður kom það mér á óvart hversu eindregin niðurstaðan var; fólk skildi hreinlega ekki hvernig sumt af þessu dóti seldist því annan eins hroða höfðu menn vart smakkað. Nú virðist sala gosblandanna hafa náð toppnum og neysla eykst sáralítið milli ára. Ekki græt ég þá þróun því mér hefur alltaf verið fremur illa við þessa drykki sem mér hefur virst vera framleiddir í þeim eina tilgangi að koma áfengi ofan í þá sem annars geta vart komið því niður, oftast sökum aldurs og þroskaleysis bragðlauka.

Við undirbúning greinar um hitaeiningafjölda í áfengum drykkjum hugsaði ég með mér að nú væri lag að benda fólki á óhollustuna í bölvuðum gosblöndunum! En sú Þórðargleði varði skammt því það kom mér á óvart að þótt vissulega séu engir hollustudrykkir þarna á ferðinni þá eru hitaeiningarnar ekki nema svona áttatíu prósentum fleiri en í sambærilegu magni af bjór! Hélt það væri margfalt en það er víst notað talsvert af gervisætuefnum í blöndurnar ...

Á netinu má finna ýmsar síður þar sem hitaeiningafjöldi áfengra drykkja er tiltekinn. Áfengir drykkir eru misjafnlega hitaeiningaríkir en þó sýnist mér að munurinn á milli einstakra vörumerkja í viðkomandi flokkum sé hverfandi. Fyrir fólk í megrun er það Bjarmalandsför að hefja leit að diet léttvíni eða vodka light, slíka drykki er ekki að finna. Veldur því sú einfalda staðreynd að jafnan koma yfir níutíu prósent af hitaeiningum í áfengum drykkjum úr alkóhólinu sem þeir innihalda. Og hingað til hefur engum tekist að búa til hitaeiningasnautt alkóhól. Önnur hitaeiningarík efni í áfengum drykkjum eru þrúgusafinn í vínum og kornmjöðurinn í bjórum. Léttvín inniheldur afgangssykur sem ekki breytist í alkóhól við gerjun og nemur hann frá tveimur til þremur grömmum í þurrum vínum og upp í tíu til tuttugu grömm í til dæmis sætum þýskum hvítvínum. Þau innihalda hins vegar mun minna alkóhól en flest hvítvín og er því heildarhitaeiningafjöldinn svipaður eða minni jafnvel. Hefðbundin sætvín (desertvín) sem eru í senn sæt og með hátt hlutfall af alkóhóli innihalda hins vegar mun fleiri hitaeiningar.



Meiri munur er á bjórnum. Venjuleg bjórflaska inniheldur álíka margar hitaeiningar og vínglas. Svokallaðir „light" bjórar innihalda um þriðjungi færri hitaeiningar og alkóhóllágur bjór allt að helmingi færri.

**Á BOTNINN HVOLFT:**
Eitt kíló líkamsfitu jafngildir um 7000 hitaeiningum. Sá sem drekkur 5 stóra bjóra á viku innbyrðir 75.000 hitaeiningar á ári, sem jafngildir ríflega 10 kílóum af líkamsfitu.



**BIRTA ÓSK GUNNARSDÓTTIR** Hefur í nógu að snúast en nýtur þess að halda matarboð þegar tími vinnst til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eldað fyrir önnum kafna

**Birta Ósk Gunnarsdóttir er önnum kafin kona. Hún hefur þó afskaplega gaman af að halda matarboð þegar tími vinnst til.**

„Ég vinn hjá 3 Sagas entertainment, og er framkvæmdastjóri Footloose núna. Ég er líka í skóla að læra markaðsfræði og alþjóðaviðskipti, og svo er ég nuddari. Ég sinni því svona stundum um helgar," sagði Birta. Það er því varla að furða að hún kunni að meta auðvelda og fljótlega rétti. „Mér finnst voða gott að fá mér salat með kjúklingi eða eitthvað svoleiðis þegar ég er ein," sagði Birta. „Hins vegar hef ég mjög gaman af að halda matarboð," bætti hún við.

Birta er hrifin af fiski, og þá sérstaklega lúðu. „Af þessum venjulegu fisktegundum finnst mér lúðan langbest, en svo finnst mér humar líka góður," sagði hún. Hún segist á stundum reyna tilraunastarfsemi í eldhúsinu, og til dæmis læddust bananarnir fyrir slysni í uppskriftina sem hún deilir hér með lesendum.

„Ég borða banana nú ekki hráa, mér finnst þér ekki góðir. En einhvern tíma átti ég til banana og var að malla þennan fiskrétt. Það kemur svo gott sætt bragð af þeim sem blandast svona við þetta sterka," sagði Birta.

Hvað grænmetið í uppskriftinni varðar segist hún yfirleitt grípa það sem til er í ísskápnum. Eins er það smekksatriði hve lengi rétturinn fær að standa í ofninum. „Lúðu þarf bara rétt aðeins að steikja og hún er fljót að eldast inni í ofninum. Maður fylgist bara með ostinum, hann á náttúrulega ekki að vera brenndur. Í rauninni er allt í fatinu tilbúið, þetta blandast bara saman í ofninum," sagði Birta.

Réttinn má bera fram með salati og brauði, en Birta segir hann þó það matarmikinn að því megi vel sleppa.

**OFNBÖKUÐ LÚÐA FYRIR TVO**

- 2 lúðuflök
- hrísgrjón fyrir tvo
- bananar
- paprika
- hvítlaukur
- laukur
- smurostur
- rifinn ostur

Sjóðið hrísgrjónin og setjið í eldfast mót, skerið lúðuna í bita og veltið upp úr hveiti með sítrónupipar, salti og pipar. Steikið paprikuna, hvítlaukinn og laukinn á pönnu og snöggsteikið lúðuna rétt aðeins. Setjið lúðubitana yfir hrísgrjónin.

Setjið smá rjómaost, hreinan eða með kryddblöndu, á pönnuna svo úr verði smá sósa og hellið síðan yfir fiskinn og grjónin.

Skerið bananann í þunnar sneiðar, raðið yfir allt saman og síðast en ekki síst, stráið rifnum osti yfir. Bakið í ofni þar til osturinn er bráðinn.






# Með fíkjur í fyrirrúmi

Fíkjur geta verið ráðgátur fyrir leikmenn. Rúnar Gíslason hjá Kokkunum veisluþjónustu þekkir þó leyndardóminn og gaf Fréttablaðinu góð ráð um notkun ávaxtanna. „Fíkjur eru í raun og veru ekki líkar neinum öðrum ávöxtum," segir Rúnar, sem borðar þær eins og epli. „Það þarf ekkert að fletta hýðinu af, bara bíta í."

Rúnar segir fíkjur vera afar vinsælan fylgifisk villibráðar. „Þá gerir maður oft marmelaði eða sultu úr þeim. Fíkjurnar eru skornar í grófa teninga, settar í pott með sykri og kannski einum dropa af ediki. Svo er þetta soðið niður, bara ekki of lengi," segir hann.

Einnig má búa til afspyrnugóða eftirrétti úr ávöxtunum. „Það er hrikalega gott að gera karamellu á pönnu, skera fíkjurnar í báta, skella út í og bera fram með ís," segir Rúnar. „Svo má líka baka þær. Þá sker maður smá stykki ofan af, gerir kross í með hnífnum og þrýstir kjötinu aðeins upp, eins og maður gerir með bakaða kartöflu. Svo er brúnum hrásykri stráð í sárið og fíkjurnar bakaðar í ofni."

Fíkjur geta þó verið mjög misjafnlega þroskaðar, að sögn Rúnars. „Sumar eru grænleitar, en þær eru bestar svona bláleitar að utan," segir Rúnar.



**FYLGIFISKUR VILLIBRÁÐAR** Fíkjur henta vel með villibráð og eru jafnframt ljúffengar í eftirréttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RÚNAR GÍSLASON** Borðar fíkjur eins og epli og lumar á ýmsum góðum ráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


60% AFSLÁTTUR
GK REYKJAVÍK
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Capone í útvarpsrekstur

„Það er ekkert komið á hreint, ekki ennþá,“ segir Búi Bendtsen, annar stjórnandi morgunþáttarins sáluga Capone. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru hann og Andri Freyr Viðarsson að skoða þann möguleika að stofna nýja útvarpsstöð. „Þetta er mikið mál,“ bætir Búi við og vill sem minnst segja. „Þetta er á frumstigi“, útskýrir hann.

Þeim félögum var sem kunnugt er sagt upp á gamlársdag þegar útsendingum XFM og Kiss FM var hætt. Búi segir að þessi ráðstöfun hafi komið flatt upp á þá og að aðdáendur þáttarins hafi látið vel í sér heyra. „Þeir vilja fá okkur sem fyrst í loftið,“ bætir Búi við og segir þá róa að því öllum árum að ráða bót á þessum skorti. „Þetta eru enn bara þreifingar enda mikið mál að koma á fót heilli útvarpsstöð,“ segir Búi.

Hann fer þó ekki í felur með að þeir séu að athuga hvort þetta sé raunhæfur möguleiki og útilokar ekki að ef útvarpið gangi ekki upp komi sjónvarp til greina.

Andri Freyr sagðist vera spenntur fyrir þessum hugmyndum en vildi lítið tjá sig. „Já, hvað, það er ekki eins og maður hafi ekki gert þetta áður,“ segir hann kokhraustur. Bloggarinn Ómar Valdimarsson lét í veðri vaka á heimasíðu sinni að félagarnir væru komnir í samband við fjársterka aðila en Búi vísaði því alfarið á bug. - fgg



**CAPONE** Ætla að reyna að koma til móts við aðdáendur sína sem eru í sárum eftir að útvarpsstöðinni XFM var lokað.


**KELLY OSBOURNE** Kelly mun ekki birtast á síðum Playboy þrátt fyrir að hafa mikinn áhuga á því.

## Kelly ekki í Playboy

Hugh Hefner, útgefandi Playboy, segist ekki hafa áhuga á að birta myndir af Kelly Osbourne í tímaritinu. „Ég sé það ekki gerast í framtíðinni. Við breytum myndunum okkar ekki nógu mikið til þess að það geti gerst,“ sagði hann.

Ekki er langt síðan Kelly sagðist hafa mikinn áhuga á að láta taka nektarmyndir af sér fyrir Playboy en svo virðist sem þær vonir séu nú orðnar að engu.


**50 CENT** Einn af upptökustjórum rapparans fannst látinn á heimili sínu.

## Upptökustjóri látinn

Einn af upptökustjórum rapparans 50 Cent, Dave Shayman, fannst látinn á heimili sínu í New York. Talið er að hinn 26 ára Shayman hafi framið sjálfsvíg, enda átti hann við þunglyndi að stríða.

Shayman, sem var einnig þekktur sem Disco D, tók m.a. upp lagið Ski Mask Way á hinni vinsælu plötu 50 Cent, The Massacre. Hann hafði einnig unnið með Kevin Federline að hans fyrstu plötu.

## Owen leikur Marlowe

Clive Owen, sem síðast lék í framtíðarmyndinni Children of Men, mun að öllum líkindum leika bandaríska rannsóknarlögreglumanninn Philip Marlowe í nýrri mynd.

Margir leikarar hafa farið með hlutverk skáldsagnapersónunnar Marlowe, þar á meðal Humphrey Bogart sem lék kappann í myndinni The Big Sleep árið 1946. Einnig má nefna þá Dick Powell, Robert Mitchum og Elliott Gould. Myndin með Clive Owen verður byggð á einum af bókum Raymond Chandler um Marlowe.

# Jeff Who? með þrennu

**Hlustendaverðlaun FM 957 voru afhent með pompi og prakt í Borgarleikhúsinu í fyrrakvöld. Hljómsveitin Jeff Who? var sigurvegari kvöldsins með þrenn verðlaun.**

Jeff Who? fékk verðlaun sem hljómsveit ársins, nýliði ársins og fyrir lag ársins, Barfly. Magni Ásgeirsson fékk tvenn verðlaun; annars vegar sem söngvari ársins og hins vegar fyrir tónleika ársins, Rockstar-tónleikana í Höllinni, sem hann hafði veg og vanda af.

Stúlknasveitin Nylon fékk tvenn verðlaun; fyrir myndband ársins við lagið Closer, auk þess sem Klara Ósk Elíasdóttir var kjörin söngkona ársins. Loks var plata Sálarinnar hans Jóns míns, Undir þínum áhrifum, valin plata ársins. Heiðursverðlaun FM 957 hlaut skemmtikrafturinn Laddi, sem varð sextugur á dögunum.


**BADDI OG AUDDI** Hljómsveitin Jeff Who? batt endahnút á hátíðina með lagi ársins, Barfly. Hér sést söngvarinn Baddi, til hægri, ásamt kynninum Auðunni Blöndal.


**MAGNI** Rokkstjarnan Magni Ásgeirsson, sem fékk tvenn verðlaun, tók lagið með hljómsveit sinni Á móti sól.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


**NYLON** Stúlknasveitin Nylon fékk verðlaun fyrir besta myndband ársins, sem var tekið upp við lagið Closer.


**FÉLAGAR ÚR SKÍTAMÓRAL** Gunnar Ólason, söngvari Skítamórals, ásamt hljómborðsleikara sveitarinnar, Júlíusi Jóhannssyni.


**Á RAUÐA DREGLINUM** Silvía Nótt var umsetin fréttamönnum við komuna á Hlustendaverðlaunin.


**HEIÐRAÐUR** Skemmtikrafturinn Laddi tekur á móti heiðursverðlaunum FM 957.


**SEGÐU SÍS** Hinn feikivinsæli Magni stillir sér upp með aðdáanda og smellir af.


**BRYNJA OG GUÐJÓN** Blaðakonan Brynja Björk Garðarsdóttir ásamt kærasta sínum, leikstjóranum Guðjóni Jónssyni.


**KÆRUSTUPAR** Kærustuparið Lea og Michael létu sig ekki vanta á Hlustendaverðlaunin.

# Útsala
## Enn meiri verðlækkun

**Aðeins 5 verð:**
**500**
**1.000**
**1.500**
**2.000**
**2.500**

NEXT

**Kringlunni sími 551 3200**




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| ERAGON | kl. 3.40 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 6, 8.20 og 10.40 |
| APOCALYPTO | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| APOCALYPTO | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Cavern fimmtugur

The Cavern Club, klúbburinn þar sem Bítlarnir tróðu upp í upphafi ferils síns, hélt nýverið upp á fimmtugsafmæli sitt.

Klúbburinn var opnaður í Liverpool árið 1957 sem djassstaður en hann varð ekki frægur fyrr en Bítlarnir fóru að spila þar í byrjun sjöunda áratugarins. Fyrstu tónleikar þeirra á staðnum voru í hádeginu árið 1961 en reyndar höfðu bæðið John Lennon og Paul McCartney spilað þar áður með hljómsveitinni The Quarrymen. Ekki leið á löngu þar til plötusalinn Brian Epstein uppgötvaði þá í klúbbnum og eftir það fóru hjólin að snúast hjá Bítlunum.

Systir John Lennon, Julia, starfar á klúbbnum og segir hún að Lennon hafi fundið sig vel á þar. „John leið eins og alvöru rokkara uppi á sviðinu. Hann var alltaf fúll yfir því að hljómsveitin var hreinsuð upp, klædd í jakkaföt og rifin úr leðurklæðnaðinum,“ sagði Julia.

Talið er að Ringo Starr hafi einnig átt frumraun sína í klúbbnum með The Eddie Clayton Skiffle Group á sjötta áratugnum.



**JOHN LENNON** John Lennon syngur leðurklæddur í Cavern-klúbbnum í byrjun sjöunda áratugarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






# Fyrsta sólóplatan í átta ár

**Páll Óskar Hjálmtýsson er með tvær plötur í bígerð. Önnur verður fyrsta sólóplata hans í átta ár.**

„Hún kemur vonandi í sumar, en kannski í haust. Ég ætla að klára X-factor í friði og sé bara til,“ sagði hann. Plötuna segir Páll Óskar stefna í að verða útúrgeggjaða teknóplötu. „Það var nú ekki ætlunin, en lögin eru að fara í þá áttina. Ég hlakka til að leyfa fólki að heyra þetta, það sem komið er hljómar mjög vel í mínum eyrum,“ sagði hann. Páll Óskar og Monika Abendroth undirbúa einnig frekari útgáfu, en samstarf þeirra hingað til hefur reynst afar farsælt. „Við erum að safna lögum. En ég ætla að koma þessari dansplötu frá mér sem fyrst,“ sagði Páll Óskar.

Þó að X-factor eigi hug hans mestallan getur ekkert hamlað því að Páll Óskar komist í Eurovisiongírinn. „Það gerist nú bara sjálfkrafa,“ sagði hann kátur. „Ég er einmitt búinn að taka að mér að vera með eftirpartí á Nasa eftir íslensku keppnina 17. febrúar,“ sagði Páll Óskar, sem ætlar þó jafnframt að halda hið árlega Eurovisionpartí sitt. „Við erum búin að fá hinn rúmenska Mihai, sem söng Tornero, til landsins. Hann mun troða upp í úrslitakeppninni á RÚV og svo hleypur hann bara beint yfir á Nasa í partíið mitt,“ sagði Páll Óskar, sem sér sjálfur um skífuþeytingar og treður upp. „Þetta verður alveg geggjað,“ sagði hann kampakátur. sunna@frettabladid.is



**STANSLAUST STUÐ** Páll Óskar vinnur að teknóplötu sem verður fyrsta sólóplata hans í átta ár.

# Hendrix-orkudrykkur á markað

Nýr orkudrykkur, Liquid Experience, er væntanlegur í verslanir í Bandaríkjunum í apríl. Drykkurinn er nefndur eftir hljómsveitinni The Jimi Hendrix Experience.

„Að mynd af Jimi Hendrix og þær fallegu tilfinningar sem hann hefur skapað á ævi minni séu notaðar í auglýsingaskyni er lítillækkandi og veldur mér miklum vonbrigðum,“ sagði Flea, bassaleikari Red Hot Chili Peppers, sem heitir réttu nafni Michael Balzary. Flea hefur lengi verið mikill aðdáandi Hendrix og ofbýður greinilega auglýsingamennskan í kringum hann.

Ímynd Hendrix, sem lést árið 1970 vegna ofneyslu lyfja, hefur verið notuð fyrir ýmsar vörur í gegnum árin, meðal annars fyrir barnaföt, ilmefni, lampa og jólaskraut. Að sögn Bruce Kuhlman, sem hefur umsjón með vörumerkinu Hendrix, hefur hluti af hagnaðinum ávallt runnið til menntamála, þar á meðal til sjóðs fyrir þeldökka Bandaríkjamenn.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem framleiðir Liquid Experience ætlar að heiðra minningu Hendrix með því að gefa hluta af hagnaðinum til stofnunar sem annast menntun tónlistarmanna.



**FLEA** Bassaleikari Red Hot Chili Peppers er afar ósáttur við nýja Hendrix-orkudrykkinn.



**JIMI HENDRIX** Gítarsnillingurinn Jimi Hendrix lést árið 1970 vegna ofneyslu lyfja, aðeins 27 ára gamall.




| Háskólabíó | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | THE HOLIDAY | kl. 5:30 | B.i. 7 |
| BABEL | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| THE PRESTIGE | kl. 8 | B.i.12 | DÉJÁ VU | kl. 8 | B.i. 12 |
| | | | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |




| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BABEL | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8:30 - 10:30 | B.i.16 |
| BABEL VIP | kl. 8 - 10:50 | Leyfð | THE CHILDREN... VIP | kl. 5:30 | |
| FORELDRAR | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |

| SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8:30 - 10:30 | Leyfð | |
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 8:15 - 10:40 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL |

| SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:15 | Leyfð |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE PRESTIGE | kl. 10:15 | B.i. 12 |

| SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BABEL | kl 8 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE | kl 8 | B.i.12 |

Skráðu þig á SAMbio.is


# Tónlistargjörningur í fimmtugsafmælinu

**Tónlistargagnrýnandinn Árni Matthíasson er að verða fimmtugur. Af því tilefni blæs hann til mikillar veislu á þriðjudag þegar hann býður vinum og samstarfsmönnum upp á eyrnakonfekt að hætti hússins.**

„Þetta er nú ekki frægasta liðið en þetta er fólk sem mig langaði til að sjá,“ segir tónlistargagnrýnandinn Árni Matthíasson, sem hyggst bjóða upp á tónlistarhlaðborð á Nasa hinn 30. janúar. Tilefnið er ærið. Árni er fimmtugur og tuttugu ár liðin síðan hann hóf að skrifa um tónlist fyrir Morgunblaðið.



**KRUMMI** Syngur fyrir Árna Matt.

Þær hljómsveitir sem heiðra Árna með nærveru sinni eru meðal annars Ghostigital, Benni Hemm Hemm, Mínus og rokkrisaeðlurnar í Ham. „Þetta verður reyndar hálfgerður tónlistargjörningur enda hef ég parað hljómsveitirnar tvær og tvær saman til að heyra eitthvað nýtt,“ útskýrir hann.

Árna telst til að yfir sjö þúsund greinar um tónlist liggi eftir hann. Og er þá aðeins dregið úr. „Fyrsta viðtalið sem ég tók var við Sykurmolana Einar Örn og Þór Eldon á lítilli knæpu í miðborg Reykjavíkur. Mjög eftirminnilegt því hljómsveitin hafði nýverið gefið út smáskífuna Ammæli,“ segir Árni.

Þar að auki hefur tónlistargagnrýnandinn verið formaður dómnefndar á Músíktilraunum svo lengi sem elstu menn muna. „Mér finnst bara ekkert skemmtilegra en að heyra eitthvað nýtt. Þetta verður einhver árátta. Að finna nýjar hljómsveitir er einhver sérstök upplifun.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ÁRNI MATTHÍASSON** Er fimmtugur og hefur skrifað um tónlist fyrir Morgunblaðið í tuttugu ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BJÖRK** Björk Guðmundsdóttir kemur fram á Glastonbury-hátíðinni í sumar.

# Syngur á Glastonbury

Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir mun koma fram á Glastonbury-hátíðinni í Bretlandi í sumar. Stígur hún á svið föstudagskvöldið 22. júní.

Þessi mikilsvirta hátíð er önnur hátíðin sem Björk hefur boðað komu sína á því stutt er síðan hún samþykkti að koma fram á Coachella-hátíðinni í Bandaríkjunum. Björk er að leggja lokahönd á nýja plötu þar sem hún vinnur með þekktum nöfnum á borð við Timbaland og Antony úr hljómsveitinni Antony and the Johnsons.



**SNOW PATROL** Trommuleikari Snow Patrol er handleggsbrotinn.

# Brotnaði á snjóbretti

Jonny Quinn, trommari Snow Patrol, missir af væntanlegri tónleikaferð sveitarinnar um Evrópu og Ástralíu vegna handleggsbrots.

Quinn brotnaði þegar hann var að leika sér á snjóbretti í Ölpunum. Hefur hann fengið vin sinn Graham Hopkins, sem hefur spilað með Therapy og Cranberries, til að hlaupa í skarðið. Tónleikaferðin hefst 4. mars og er farin til að fylgja eftir hinni vinsælu plötu Eyes Open.

# Djassað popp eða poppaður djass

Ef Norah Jones væri ekki sjálf að gefa út plötu þessa dagana myndi ég hiklaust mæla með þessari dömu hér með erfiða nafnið, Madeleine Peyroux, til þess að fylla upp í skarðið.

Erfitt að segja hvort þetta sé létt popp undir djassáhrifum, eða djass undir léttum poppáhrifum. Tilfinningin er a.m.k. sérstaklega afslöppuð og útsetningar berstrípaðar. Einhver reyndi að ljúga því að mér að Madeleine syngi eins og Billie Holiday, en það er fjarri lagi.

Hún er miklu keimlíkari nútíma djasssöngkonum, sem syngja letilega og lýtalaust. Eins og ég get ímyndað mér að freðin Idol-stjarna myndi hljóma í kvöldmessu á sunnudagskvöldi. Eitthvað sem aldrei væri hægt að segja um Lady Day, en það var akkúrat meingölluð rödd hennar sem færði henni sjarmann ódauðlega.

Madeleine syngur svo sannarlega fallega, sérstaklega í jólalaginu River (sem fær að „láni“ stef úr Jingle Bells), þar sem hún fær skosku vinkonu sína K.T. Tunstall til halds og trausts. Ég myndi þó aldrei segja að hún sé með auðþekkta, hvað þá eftirminnilega rödd. Það er svolítill kántríkeimur í túlkun hennar, sem fer vel við þetta gítardrifna djasspopp.

Flest lögin á plötunni eru tökulög, og Madeleine vandar valið. Hún fer ágætlega með Tom Waits-lagið Looking for the Heart of Saturday Night sem og Serge Gainsbourg-lagið La Javanaise. Útgáfu hennar af Charlie Chaplin-laginu Smile fannst mér þó ekkert varið í. Kannski þess vegna sem það er síðast. Hennar eigin lagasmíðar falla svo vel inn í heildina.

Þetta er afskaplega ljúf plata sem ég get ekki ímyndað mér að geti mögulega farið í taugarnar á nokkrum lifandi manneskju, nema kannski hörðustu Waits-aðdáendum sem vilja helst ekki heyra neinn annan flytja hans lög.

Birgir Örn Steinarsson




**TÓNLIST**
**Half the Perfect World**
Madeleine Peyroux
★★★

Madeleine Peyroux er ung og rísandi djass-stjarna Bretarnir halda ekki vatni yfir þessa dagana. Ljúf og hugljúf plata fyrir þá sem laðast að söngkonum á borð við Noruh Jones.



**BENNI HEMM HEMM** Nýjasta plata Benna Hemm Hemm er komin út á vínyl.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vínylútgáfa af Kajak

Nýjasta plata Benna Hemm Hemm, Kajak, er nú fáanleg í vínylútgáfu. Með útgáfunni fylgir sjö tommu plata þar sem sænski tónlistarmaðurinn Jens Lekman tekur lagið með Benna Hemm Hemm.

Lekman, sem hefur gefið út tvær plötur, hefur notið töluverðra vinsælda undanfarið. Spilaði hann m.a. á síðustu Iceland Airwaves-tónlistarhátíð. Með vínylútgáfunni fylgir með plakat sem var sérhannað fyrir útgáfuna.

Kajak hefur verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokki popptónlistar. Verðlaunin verða afhent hinn 31. janúar næstkomandi.

## > Dómarar sömdu við KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands og samninganefnd knattspyrnudómara komust að samkomulagi í fyrrakvöld. Kjaradeila hefur ríkt undanfarnar vikur en nú hefur verið samið til næstu þriggja ára. Er þetta í annað skiptið sem samkomulag næst en í fyrra skiptið felldu dómarar tillöguna. Nú hefur hins vegar nýr samningur þegar verið undirritaður.



**sport**

sport@frettabladid.is

VALUR FANNAR GÍSLASON: HÆTTUR Í VAL OG HELDUR Á GAMALKUNNAR SLÓÐIR

# *Valur Fannar á leið aftur til Fylkis*

Valur Fannar Gíslason er hættur hjá Val og er á leið aftur til Fylkis ef að líkum lætur. Leikmenn Vals fengu að vita þetta á þriðjudagskvöldið. Í gær áttu forráðamenn félaganna í viðræðum um félagaskiptin. Þó þykir nokkuð öruggt að þau muni ganga í gegn innan skamms. Þetta hefur Fréttablaðið eftir heimildum sem standa báðum félögum afar nærri.

Valur Fannar samdi við Val haustið 2005 eftir að hafa leikið í þrjú ár með Fylki. Félagaskiptin vöktu mikið umtal á sínum tíma eftir að Fréttablaðið greindi frá því að í honum væru launatölur sem væru afar sjaldséðar hér á landi. Síðan þá hafa slíkir samningar þó orðið æ algengari.

Fylkir keypti Val Fannar frá Fram árið 2003 og gæti því nú verið að kaupa hann til félagsins í annað skiptið. Hjá Fram var hann frá 1999 og lék hann 61 leik og skoraði tvö mörk fyrir félagið. Með Fylki lék hann einnig 61 leik í deildinni en skoraði þrjú mörk. Hann verður þrítugur á árinu og hefur til þessa leikið með Austra á Eskifirði, Arsenal og Brighton á Englandi og Strömsgodset í Noregi.

Hann átti erfitt uppdráttar hjá Val í sumar en hann meiddist snemma tímabils og missti í kjölfarið sæti sitt í vörninni til Skotans Barry Smith.

Valur Fannar hefur lengi verið orðaður við Fylki en nú virðist málið vera á lokastigi. Ekki náðist í Börk Edvardsson, formann knattspyrnudeildar Vals, né heldur Ótthar Edvardsson framkvæmdastjóra. **- esá**






**RONALDINHO** Er hér felldur af Juanito Gutierrez. NORDIC PHOTOS/AFP

Real Betis-Barcelona:

## Eiður kom inn á í jafntefli

**FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði kom inn á sem varamaður í leik Real Betis og Barcelona sem lyktaði með jafntefli, 1-1. Souza kom Betis yfir í fyrri hálfleik en Marquez jafnaði metin í þeim síðari.**

**Innkoma Eiðs Smára var jákvæð en dugði ekki til að klófesta sigurinn. Varamaðurinn Dani fékk reyndar frábært tækifæri til að gera út um leikinn fyrir heimamenn á lokamínútunni en missti marks. - esá**

Leikmannamál Fylkis:

## Nýr Dani í Árbæinn

**FÓTBOLTI** Miðvallarleikmaðurinn Mads Beierholm hefur gengið til liðs við Fylki. Hann er 22 ára gamall og kemur frá Sönderjiske. Sextán ára gamall varð hann yngsti leikmaður dönsku úrvalsdeildarinnar frá upphafi er hann lék með Vejle og skömmu síðar yngsti markaskorarinn. Hann kemur til landsins um þarnæstu mánaðamót. **- esá**



**ERFIÐUR** Danir réðu illa við Ivano Balic, einn besta leikmann heims. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Aðrir leikir á HM:

## Króatía vann Danmörk

**HANDBOLTI Króatía vann í gær sigur á Danmörku, 28-26, í 2. riðli. Leikurinn var æsispennandi og var jafnt, 25-25, þegar skammt var til leiksloka. Sem fyrr reyndist Ivano Balic betri en enginn í þeirri stöðu og tryggði hann sigurinn.**

**Króatía, Spánn og Ungverjaland eru öll með fjögur stig í riðlinum en hin liðin þrjú án stiga.**

**Frakkland vann öruggan sigur á Pólverjum þrátt fyrir að hafa verið marki undir í hálfleik. Lokatölur 31-22.**

**Þá vann Grænland sinn fyrsta sigur á HM með góðum 34-25 sigri á Áströlum. - esá**

HM Í ÞÝSKALANDI

# Ævintýrið heldur áfram

**Strákarnir okkar buðu aftur upp á skrautsýningu í gær þegar þeir skelltu Túnisum, 36-30. Það sýndi sig enn og aftur að vörn og markvarsla vinnur leiki.**

**HANDBOLTI** Ísland stendur vel að vígi í milliriðli HM eftir frábæran sex marka sigur, 36-30, á sterku liði Túnis. Frábær varnarleikur og markvarsla Rolands Vals Eradze í síðari hálfleik vann leikinn fyrir Ísland.

Logi Geirsson var frekar óvænt í byrjunarliðinu en hann æfði ekkert daginn fyrir leik vegna tognunar í ökkla. Það var ekki að sjá á honum að ökklinn væri að pirra hann því Logi lék frábærlega. Fyrri hálfleikur byrjaði vel hjá íslenska liðinu sem mætti mjög ákveðið til leiks og tók strax frumkvæði í leiknum.

Túnisum óx ásmegin mjög fljótlega og íslensku strákarnir réðu mjög illa við hraðann í Túnisliðinu. Þeir komust yfir, 6-8, eftir níu mínútur og þá tók Alfreð þjálfari leikhlé og setti í kjölfarið Roland Eradze í markið.

Það breytti litlu því vörn Túnisa var búin að skella í lás og íslensku strákarnir voru í verulegum vandræðum með að finna göt á vörn þeirra. Á sama tíma var íslenska vörnin í miklum vandræðum.

Alfreð skipti mörgum mönnum af bekknum og ýmislegt var reynt enda Túnisarnir við það að stinga af. Mest náðu þeir fimm marka forystu, 13-18, en íslenska liðið kom til baka síðustu tíu mínútur hálfleiksins og munurinn var ekki nema þrjú mörk í leikhléi, 16-19.

Alfreð gerði taktískar breytingar á varnarleiknum í leikhléi og byrjaði að klippa miðjumanninn Mgannem úr leiknum í stað þess að einblína á skyttuna Hmam. Það virkaði, því fát kom á sóknarleik Túnisa. Strákarnir gengu á lagið og jafnt og þétt unnu þeir upp forskot Túnisa.

Vendipunktur varð þegar Guðjón Valur jafnaði, 24-24, en þá voru nítján mínútur eftir af leiknum. Íslenska liðið fylltist gríðarlegum krafti og sjálfstrausti í kjölfarið og breytti engu þótt liðið missti tvo menn af velli skömmu síðar. Ísland komst samt yfir, 26-25, og strákarnir litu aldrei til baka. Leikur Túnisa hrundi algjörlega og strákarnir okkar hreinlega keyrðu yfir þá og lönduðu sætum sex marka sigri, 36-30.

Leikur strákanna í gær var frábær og liðið sýndi enn og aftur þann gríðarlega karakter sem einkennir það. Þeir buguðust ekki við mótlætið og efldust við hverja raun. Sóknarleikurinn var yfirvegaður og menn ótrúlega skynsamir í leik sínum. Allir voru til í að stíga upp og strákarnir gerðu það hver á fætur öðrum. Það var alltaf sjálfstraust til að skjóta. Strákarnir sem komu af bekknum lögðu einnig þung lóð á vogarskálarnar og breiddin sem lengi hefur verið kvartað yfir hefur svo sannarlega verið til staðar í síðustu leikjum.

Varnarleikurinn og markvarslan í síðari hálfleik unnu þó leikinn og ef þetta lið nær að hafa þessa tvo hluti í lagi vinnur það hvaða andstæðing sem er enda er sóknarleikurinn enginn hausverkur. Þær stáltaugar sem liðið hefur sýnt í síðustu tveimur leikjum í erfiðum stöðum vita á gott.

Strákarnir standa gríðarlega vel að vígi í riðlinum og með álíka frammistöðu í framhaldinu eru þeim allir vegir færir á þessu móti.



**ÆVINTÝRI Í ÞÝSKALANDI** Íslenskir stuðningsmenn eru áberandi í Þýskalandi og eru sannarlega að upplifa ævintýri á HM í handbolta þarlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
*skrifar frá Dortmund*
henry@frettabladid.is



**DRJÚGUR** Ólafur stóð fyrir sínu í gær sem endranær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur Stefánsson:

## Getum fylgt eftir sigri

**HANDBOLTI** „Þetta kom hjá okkur í seinni hálfleik og þegar vörnin og markvarslan kemur spilum við frábærlega. Þetta er alltaf sama sagan," sagði fyrirliðinn Ólafur Stefánsson, sem átti stórleik í gær.

„Auðvitað hafði maður smá áhyggjur í fyrri hálfleik og það var nauðsynlegt að sýna að við getum fylgt eftir góðum sigurleik. Við vorum slakir í fyrri hálfleik en við náðum að rífa okkur upp sem betur fer," sagði Ólafur. **- hbg**



**ÁSGEIR ÖRN** Átti frábæra innkomu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ásgeir Örn Hallgrímsson:

## Erum að svara gagnrýni

**HANDBOLTI „Þetta er lið og það verða allir að skila einhverju og ég reyndi að gera það," sagði Ásgeir Örn Hallgrímsson, sem átti frábæra innkomu í leikinn rétt eins og gegn Frakklandi en félagarnir á bekknum hafa gefið öllu tali um enga breidd langt nef.**

**„Við vorum að svara gagnrýni meðal annars og svo er þetta líka hugarfar hjá mönnum og ég held að hugarfarið sé rétt hjá öllum. Sjálfstraust manna er í botni þessa dagana." - hbg**



SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

# *Tvö dýrmæt stig unnin*

Með sigrinum á Túnis í gær náði íslenska landsliðið í tvö dýrmæt stig í baráttunni um sæti í fjórðungsúrslitum keppninnar. Stigin voru þó engan veginn auðsótt og var það ekki fyrr en á síðasta stundarfjórðungnum sem liðinu tókst að komast yfir og snúa leiknum sér í hag.

Íslenska liðið hóf leikinn á 6-0 vörn sem kom mér nokkuð á óvart. Fyrir fram taldi ég skynsamlegast að spila 5-1 vörn með Guðjón Val fljótandi fyrir framan.

Frammistaða varnarinnar var mjög slök í fyrri hálfleik og þá sérstaklega hægri vængur hennar sem og miðjan. Helstu leikmenn Túnis, Hmam og Mgannem, komust upp með að skora nánast hvenær sem þeir vildu.

Það var oft á tíðum hálf furðulegt að horfa á framgang varnarinnar í fyrri hálfleik og leikmenn virkuðu allt að því áhugalausir. Til marks um áhugaleysið fékk íslenska liðið ekki einn einasta brottrekstur og varla að leikmenn væru orðnir sveittir. Niðurstaðan því nítján mörk fengin á okkur í fyrri hálfleik.

Allt annað var að sjá til íslenska liðsins í seinni hálfleik. Greinilegt var að menn hafa vitað upp á sig sökina enda komu þeir mun ákveðnari til leiks. Vörnin varðist framar og betur tókst að trufla sóknarleik Túnis. Það tók þó sinn tíma að komast inn í leikinn, ekki fyrr en á síðustu fimmtán mínútunum sem fyrr segir. Þá fyrst tókst okkur að snúa leiknum okkur í hag og breyttum stöðunni úr 25-26 í 36-30.

Erfitt er að meta frammistöðu einstakra leikmanna, sem var mjög köflótt. Góður stígandi var í leik Rolands eftir að hann kom inn á snemma í fyrri hálfleik. Hann varði alls fimmtán skot.

Helstu lykilmenn liðsins, Óli, Guðjón, Alex, Logi og Snorri, stóðu sig ágætlega í sókn en þeir skoruðu 30 af 36 mörkum Íslands. Allir geta þeir þó klárlega gert betur en í leiknum í gær.

Enn og aftur átti Ásgeir Örn sterka innkomu og nýtti hann sitt tækifæri vel. Sömu sögu má segja um Róbert Gunnarsson, sem kom öflugur inn í síðari hálfleik.

Niðurstaðan er því tvö mikilvæg stig unnin. Það er þó ljóst að við getum ekki leyft okkur í næstu leikjum að spila varnarleikinn eins illa og framan af leik í gær. Annars er hætt við að verr muni fara enda eru þau lið sem við eigum eftir að mæta öll sterkari en Túnis.

Liðið er nú komið með fjögur stig og fjórtán mörk í plús, sem getur reynst afar dýrmætt þegar á hólminn er komið. Einn sigur í viðbót og við erum komin í átta liða úrslit.




# Aldrei Stærri!

242.149 notendur samkvæmt Samræmdri vefmælingu.

**Þökkum frábærar viðtökur á nýjum vef!**

www.visir.is

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Hart tekist á í glímunni:

# Tvífótbrotnaði á æfingu

**GLÍMA Jóhannes Pétur Héðinsson, 27 ára glímumaður úr KR, tvífótbrotnaði á glímuæfingu í síðustu viku og þurfti í kjölfarið að fara í tvær skurðaðgerðir. Þetta kemur fram á heimasíðu KR. Þar kemur enn fremur fram að læknar séu bjartsýnir og telji að hann muni ná sér að fullu.**

**Slysið gerðist í lok glímuæfingarinnar og vitni vilja meina að um sé að kenna nýrri tegund af glímuskóm sem Jóhannes hefur notað í vetur. Ákveðið hefur verið að taka skóna, Asics Warrior II, úr umferð og endurmeta þá.**

- óój

Tugþrautarkappinn Roman Sebrle fékk spjót í sig á æfingu í Suður-Afríku:

# Sentimetrum frá því að deyja

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ólympíumeistarinn og heimsmethafinn í tugþraut, Roman Sebrle frá Tékklandi, var nálægt því að kveðja þennan heim þegar hann fékk spjót í sig á æfingu í Suður-Afríku á dögunum.

Sebrle, sem er orðinn 32 ára, fékk spjótið í öxlina og það munaði ekki miklu að skaðinn hefði orðið miklu meiri. „Ef spjótið hefði hitt mig 10 sentimetrum lengra til vinstri þá hefði lungað farið illa en það versta hefði verið að fá spjótið 20 sentimetrum ofar, í hálsinn, því þá hefði ég ekki staðið upp aftur,“ sagði Sebrle og bætti við: „Ég var í mínum eigin heimi að hugsa um mína æfingu. Ég var búinn að steingleyma spjótkösturunum sem voru að æfa á sama tíma. Allt í einu heyrði ég mikil öskur en áður en ég gat brugðist við fékk ég spjótið í mig. Ég horfði á öxlina og fékk áfall þegar ég sá spjótið standa út úr henni,“ sagði Sebrle sem játaði því að ef spjótið hefði brotið bein, rifið vöðva eða liðbönd hefði íþróttaferli hans verið lokið. Sárið var tólf sentimetra langt og er furðulegt hvað Tékkinn slapp annars ótrúlega vel.



**HEPPINN** Roman Sebrle hefur tvisvar orðið Evrópumeistari innanhúss og ætlar sér að bæta þriðja gullinu við í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Sebrle stefnir áfram að því að keppa á Evróumeistaramótinu innanhúss í byrjun mars og mun byrja æfingar í lok vikunnar.

- óój



**NADAL** Úr leik í Ástralíu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Opna ástralska í tennis:

# Nadal tapaði

**TENNIS** Rafael Nadal tapaði í gær í fjórðungsúrslitum opna ástralska meistaramótsins fyrir Fernando Gonzalez frá Chile. Gonzalez vann auðveldan sigur, 3-0. Hann mætir næst Tommy Haas sem vann Nikolay Davidenko í gær.

Kim Clijsters og Maria Sharapova unnu sína leiki í gær og mætast í undanúrslitum einliðaleiks kvenna.

- esá

## HM Í ÞÝSKALANDI

### ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*HM í handbolta*

**1. RIÐILL**

| | |
|---|---|
| SLÓVENÍA-ÞÝSKALAND | 29-35 |
| TÚNIS-ÍSLAND | 30-36 |

**Mörk Íslands (skot)**: Ólafur Stefánsson 8/2 (11/2), Logi Geirsson 7 (11), Snorri Steinn Guðjónsson 6/2 (10/3), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (8), Alexander Petersson 4 (4), Róbert Gunnarsson 3 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (3).
**Varin skot**: Roland Valur Eradze 14, Birkir Ívar Guðmundsson 2.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Alexander 2, Guðjón 2, Snorri, Ólafur).
**Fiskuð víti**: 5 (Ásgeir 2, Guðjón 2, Alexander).
Utan vallar: 8 mínútur.
**Mörk Túnis**: Wissem Hmam 9/2, Haykel Mgannem 8, Issam Tej 5, Sahbi Ben aziza 3, Wassim Hlel 1, Ahmed Marouan Hadj 1.
**Varin skot**: Marounae Magaiez 11/1.
**Hraðaupphlaup**: 4
**Utan vallar**: 10 mínútur.

| | |
|---|---|
| FRAKKLAND-PÓLLAND | 31-22 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍSLAND** | **2** | **2** | **0** | **0** | **68-54** | **4** |
| ÞÝSKALAND | 2 | 1 | 0 | 1 | 60-56 | 2 |
| **SLÓVENÍA** | **2** | **1** | **0** | **1** | **63-62** | **2** |
| FRAKKLAND | 2 | 1 | 0 | 1 | 49-56 | 2 |
| **PÓLLAND** | **2** | **1** | **0** | **1** | **49-56** | **2** |
| TÚNIS | 2 | 0 | 0 | 2 | 57-70 | 0 |

**2. RIÐILL**

| | |
|---|---|
| TÉKKLAND-UNGVERJALAND | 25-28 |
| SPÁNN-RÚSSLAND | 33-29 |
| DANMÖRK-KRÓATÍA | 26-28 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SPÁNN** | **2** | **2** | **0** | **0** | **68-58** | **4** |
| KRÓATÍA | 2 | 2 | 0 | 0 | 60-53 | 4 |
| **UNGVERJAL.** | **2** | **2** | **0** | **0** | **58-54** | **4** |
| DANMÖRK | 2 | 0 | 0 | 2 | 55-58 | 0 |
| **RÚSSLAND** | **2** | **0** | **0** | **2** | **56-65** | **0** |
| TÉKKLAND | 2 | 0 | 0 | 2 | 54-63 | 0 |

**AÐRIR LEIKIR**

| | |
|---|---|
| KÚVÆT-ÚKRAÍNA | 23-33 |
| EGYPTALAND-NOREGUR | 18-27 |
| GRÆNLAND-ÁSTRALÍA | 34-25 |
| KATAR-ANGÓLA | 27-33 |



**SKRAUTLEGUR** Þessi stuðningsmaður Túnis virtist ekki láta sigur íslenska liðsins í gær slá sig af laginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### LEIKIR DAGSINS

**1. RIÐILL**

| | |
|---|---|
| TÚNIS - ÞÝSKALAND | 15.30 |
| PÓLLAND - ÍSLAND | 17.30 |
| FRAKKLAND - SLÓVENÍA | 19.30 |

**2. RIÐILL**

| | |
|---|---|
| KRÓATÍA - TÉKKLAND | 15.15 |
| UNGVERJALAND - SPÁNN | 17.15 |
| DANMÖRK - RÚSSLAND | 19.15 |



**ÁFRAM!** Alfreð Gíslason hvetur sína menn áfram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gífurlega mikilvægur sigur

**Alfreð Gíslason var gríðarlega ánægður með að lið hans skyldi hafa fylgt Frakkaleiknum eftir með öðrum góðum sigri. Hann segir að leikmenn eigi fyrst og fremst að njóta sín og ekki hugsa of mikið um framhaldið.**

**HANDBOLTI** „Það er bara allt í gúddí og ekki hægt að kvarta yfir neinu,“ sagði landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason kampakátur í leikslok. „Þetta voru tveir mjög ólíkir hálfleikir. Vörnin var hrikalega léleg í fyrri hálfleik og varnarmennirnir voru eins og skólastrákar. Það var alveg sama hvað ég prófaði. Lykillinn að þessari góðu vörn í síðari hálfleik var ekki bara breytingin á því að ég lét taka út miðjumanninn heldur að Ásgeir og Róbert komu frábærlega inn og leystu af stöður þar sem aðrir voru ekki að standa sína plikt.“

Alfreð var ekki nógu sáttur við sóknarleikinn í fyrri hálfleik sem honum fannst of hægur en hann sagði sóknarleikinn í síðari hálfleik hafa verið frábæran. Vörnin er lykillinn að árangri liðsins segir Alfreð.

„Ef við spilum ekki góðan varnarleik á móti Slóveníu þá vinnum við aldrei. Það er ekki möguleiki. Við þurfum sárlega á góðum varnarleik að halda og hann fleytir okkur ávallt áfram,“ sagði Alfreð, sem var orðinn frekar heitur á bekknum í fyrri hálfleik er hann las yfir hausamótunum á strákunum sínum.

„Ég var orðinn alveg brjálaður enda vorum við heppnir að vera bara þrem mörkum undir í hálfleik því Túnis hefði hæglega getað leitt með svona átta mörkum. Ég sagði síðan við strákana að ef við fengjum smá vörn í gang myndum við vinna með tíu mörkum,“ sagði Alfreð, sem er mjög feginn að liðið náði að fylgja eftir góðum sigurleik með öðrum.

„Það var gífurlega mikilvægt upp á sjálfstraustið, sem og að ná einhverjum takti. Það hefur loðað við íslensk landslið í gegnum tíðina að klikka eftir frábæra leiki og það var gott að brjóta þetta munstur upp og sýna að það sé engin regla. Ef liðið er ekki með sjálfstraust núna þá veit ég ekki hvenær menn eigi að fá sjálfstraust. Pressan er engin nema frá leikmönnum sjálfum og það er frábært að sjá að breiddin er að aukast. Ég er ekki að hugsa of mikið um framhaldið og ég legg áherslu á að strákarnir séu ekki heldur að gera það. Við eigum að njóta hvers leiks og hafa gaman af mótinu og sjá hvert það skilar okkur,“ sagði Alfreð Gíslason.



HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
*skrifar frá Dortmund*
henry@frettabladid.is



**Á FULLU** Stuðningsmenn létu ekki sitt eftir liggja á leik Íslands og Túnis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Snorri Steinn Guðjónsson:

# Við gefumst aldrei upp

**HANDBOLTI „Við þurfum ekkert að ræða karakterinn í þessu liði því hann er svo sannarlega til staðar. Við gefumst ekki upp,“ sagði leikstjórnandinn Snorri Steinn Guðjónsson, sem stýrði sóknarleik Íslands af einstakri röggsemi.**

**„Sóknin var fín en vörnin slök í fyrri hálfleik. Um leið og vörnin kom þá náðum við yfirhöndinni. Það er gríðarlega mikilvægt að fylgja Frakkaleiknum eftir og það var rætt fyrir leik hversu mikilvægt það væri að vinna þennan leik því hann er lykillinn að framhaldinu. Við erum búnir að galopna okkar möguleika núna. Erum með gott sjálfstraust og ef við höldum áfram að spila svona er ég bjartsýnn.“**

- hbg

HM-tónlistin:

# Traustur vinur spilaður

**HANDBOLTI** Það vakti mikla kátínu Íslendinga sem fylgdust með leikjum Íslands í Magdeburg að hin klassíska íslenska perla „Traustur vinur“ var spiluð reglulega í Bördelandhalle.

Íslensk tónlist er einnig í hávegum höfð í Dortmund en tónlist Mezzoforte fékk nokkuð að hljóma fyrir og í leik Íslands og Túnis.

- hbg

Alexander Petersson hefur farið á kostum með íslenska landsliðinu í heimsmeistarakeppninni í handbolta:

# Stoltur af því að spila fyrir Íslands hönd

**HANDBOLTI** Alexander Petersson hefur hreinlega farið á kostum á HM og hann átti enn einn góðan leik í gær. Þessi hógværi leikmaður var samt ekki sáttur við eigin frammistöðu.

„Þetta var ekki gott í dag hjá mér ef ég á að segja eins og er. Lappirnar voru eitthvað hægar í vörninni og ég fékk aðeins að hvíla mig í morgun,“ sagði Alexander, sem er tæpur í ökkla og svo er hann með sár á milli tánna sem hefur verið að angra hann.

„Ég finn svo mikið til í tánni að ég finn ekkert fyrir ökklanum,“ sagði Alex og brosti breitt. Hann segir þetta mót vera mikið ævintýri.

„Það er frábært að spila í þessari höll en stemningin í Magdeburg var engu lík. Það var hrikalega gaman,“ sagði Alexander, sem segist vera stoltur af því að spila fyrir Ísland en hann er fæddur og uppalinn í Lettlandi. „Ég er stoltur af því að spila fyrir Ísland og legg mig alltaf allan fram fyrir liðið. Ég vil sýna fólki að ég legg mig alltaf allan fram.“

Alex segir að liðið geti komist alla leið í undanúrslit. „Við getum það hæglega en núna einbeitum við okkur að því að komast í átta liða úrslit,“ sagði Alexander.

- hbg



**VÉLMENNIÐ** Alexander Petersson hefur viðurnefnið vélmennið og ber það nafn með rentu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

TÖLVUVERSLUN *með þjónustuna í lagi*

# FLAKKARA**DAGAR**

*- úrval gagnamiðlara sem einfalda tilveruna*






**Sarotech Cutie Photo Station**
Hýsing - Kortalesari með LCD skjá - 1900mAh hleðslurafhlaða
- Nauðsynlegt fyrir þá sem eru á ferð með myndvélina
- Hægt að forma diskinn án tölvu - Styður allar helstu gerðir af kortum ........ **kr. 10.900**



**Saratech AivX 2.5" SJÓNVARPSFLAKKARI**
Sjónvarpsflakkari sem tekur fartölvudiska - Tengist beint í sjónvarp ........ **kr. 9.900**

**Sarotech Abigs 3.5" SJÓNVARPSFLAKKARI**
Sjónvarpsflakkari - Tengist beint í sjónvarp ........ **kr. 14.900**



**Sarotech Abigs 3,5" SJÓNVARPSFLAKKARI DVI/Lan**
DVI/Lan - Svartur eða rauður - Tengist beint í sjónvarp ........ **kr. 29.900**

**Sarotech 5.25" FLAKKARI**
Fyrir geisladrif eða harða diska
- USB tengi og innbyggður spennugjafi ........ **kr. 5.900**

**Sarotech 2.5" Cutie DX**
Hýsing fyrir fartölvudiska - Vandað box með tösku
- USB tengi og afritunar hnappur ........ **kr. 3.900**



**Sarotech 2.5" Cutie On The Go**
Hýsing fyrir fartölvudiska með hleðslurafhlöðu
- Þarf ekki rafmagn - USB tengi ........ **kr. 5.900**

**Sarotech 3.5" USB2 FLAKKARI**
Flakkari sem styður bæði USB og Firewire
- Engar skrúfur til að festa diskinn ........ **kr. 7.900**



**Sarotech 3.5" USB2/FIREWIRE**
Flakkari sem styður bæði USB og Firewire
- Engar skrúfur til að festa diskinn ........ **kr. 4.900**

**Sarotech 3.5" eSATA FLAKKARI**
USB flakkari úr áli - Engin vifta - Innbyggður spennugjafi
- Afritunar hnappur og læsing - Vönduð taska fylgir
eSATA flakkari úr áli - Engin vifta - Innbyggður spennugjafi ........ **kr. 5.900**



ASUS
Sarotech
PHILIPS
OCZ
TRENDnet

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

**TAKKAR**

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS



**AÐ SPILA VEL** Helena Sverrisdóttir hjá Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN BJÖRN

Kvennakarfan:

## Helena með frábærar tölur

**KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir, fyrirliði toppliðs Hauka í Iceland Express-deild kvenna, hefur heldur betur skilað flottum tölum í síðustu tveimur leikjum liðsins. Haukar hafa unnið stóra sigra á Breiðabliki (121-42) og Hamri (107-54) í þessum leikjum og Helena hefur verið illviðráðanleg.**

**Helena skoraði 45 stig, gaf 26 stoðsendingar og stal 18 boltum á þeim 42 mínútum sem hún spilaði gegn Blikum og Hamarsstúlkum. Hún nýtti enn fremur 19 af 28 skotum sínum (67,9%), þar af setti hún niður 5 af 9 þriggja stiga skotum sínum.**

**Helena hefur leikið mjög vel með Haukum í vetur og er sem stendur í 1. sæti í bæði stoðsendingum (10,7) og stolnum boltum (6,23), í 2. sæti í framlagi (33,6) og í 3. sæti yfir stigahæstu leikmenn deildarinnar en Helena hefur skorað 23,2 stig að meðaltali á þeim 26,8 mínútum sem hún hefur spilað í leik. - óój**

# Tapa ekki ef Dimitar skorar 20 stig

**Skallagrímsmenn hafa staðið sig vel í Iceland Express-deild karla síðustu tvö tímabil. Frammistaða liðsins virðist þá háð einum manni því liðið hefur unnið alla 13 leikina sem hann hefur skorað 20 stig eða meira.**

**KÖRFUBOLTI** Dimitar Karadzovski er 22 ára Makedóni sem er á sínu öðru ári í Borgarnesi. Hann er Skallagrímsliðinu afar mikilvægur, sem sést ekki síst á því hvernig gengi liðsins fer mikið eftir því hversu mörg stig hann skorar í leikjunum. Dimitar hefur leikið 46 leiki með Skallagrími í deild og úrslitakeppni og liðið hefur enn ekki tapað þegar hann hefur skorað 20 stig.

Dimitar hefur brotið 20 stiga múrinn 13 sinnum en mikilvægi hans sést ekki síst á gengi Skallagrímsliðsins þegar hann finnur sig ekki og skorar minna en 10 stig. Það hefur gerst 11 sinnum og Skallagrímur hefur aðeins unnið 27% þeirra leikja.

„Við erum eins og í fyrra með gott lið og við höfum sett stefnuna að komast alla leið í úrslitin eins og í fyrra,“ segir Dimitar og hann er ekki mikið að skoða það hvað hann skorar mikið. „Stundum þarf ég að skora 20 stig til að liðið mitt vinni og stundum ekki. Ég spila ekki fyrir tölfræðina og er ánægður þegar liðið mitt vinnur.“ Hins vegar skiptir liðið miklu máli ef marka má tölfræðina. „Mitt hlutverk í liðinu er að spila fyrir liðið og það eru margir sem geta skorað í okkar liði,“ segir Dimitar sem vill spila hraðann körfubolta.

„Okkar leikur snýst um það að keyra upp hraðan og taka þessi opnu skot. Það er örugglega gaman að horfa á okkur spila svona bolta og það er mjög gaman að spila hann,“ segir Dimitar.

Síðasti tuttugu stiga leikur Dimitars var gegn KR á sunnudagskvöldið. Hann var með 20 stig og 7 stoðsendingar í leiknum og Skallagrímsmenn unnu sinn annan sigur á KR í vetur. Dimitar var „bara“ með 16 stig í fyrri leiknum sem er þá dæmi um leik sem Borgnesingar vinna án þess að hann fylli umræddan kvóta á stigatöflunni. „Það var gott að vinna þennan leik og við þurfum þessi tvö stig til að missa ekki af lestinni á toppnum,“ segir Dimitar.

Dimitar hefur ekki áhyggjur af því að flest önnur lið hafi bætt við sig leikmönnum upp á síðkastið. „Það eru allir að tala um að við séum ekki nægilega stórir. Það skiptir engu meðan við erum að spila okkar leik. Mörg lið eru að reyna að koma boltanum inn í teig á móti okkur en það er ekki að ganga upp hjá þeim. Við erum búnir að vera lengi saman, það er góður andi í hópnum og við vinnum vel saman og það skiptir ekki neinu þó að okkur vanti kannski nokkra sentimetra því við vinnum þá upp með baráttunni,“ segir Dimitar.

Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, er ánægður með Dimitar og segir komu hans hafa verið mikinn happafeng fyrir Borgarnesliðið. „Hann getur verið svolítið brokkgengur en yfirleitt er hann að spila vel. Hann er góður varnarmaður og skilur leikinn mjög vel þannig að hann er fljótur að læra allt,“ segir Valur, sem hefur skólað strákinn til síðustu tvö tímabil með góðum árangri. Valur veit að Dimitar þarf að hitta vel ætli Skallagrímsliðið að vinna erfiða leiki. „Hann er mikið með boltann og ef hann er ekki að spila vel og skora munar öllu að hann sé að setja niður skotin sín því hann skýtur mjög mikið,“ segir Valur.

Dimitar kann vel við sig í Borgarnesi og ætlar að vera þar minnst eitt ár til viðbótar. Það eru góðar fréttir fyrir Borgnesinga.

ooj@frettabladid.is



**MIKILVÆGUR** Dimitar Karadzovski er fljótur bakvörður sem getur raðað niður þriggja stiga körfum auk þess að spila uppi félaga sína í Skallagrímsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### TÖLFRÆÐI DIMITARS Í SIGRUM OG TÖPUM

| Meðaltöl í leik | (Sigrar-töp) |
|---|---|
| Leikir | 31 - 15 |
| Stig | 17,8 - 9,4 |
| Skotnýting | 42,7% - 31,6% |
| Vítanýting | 80,5% - 69,4% |
| Stoðsendingar | 5,5 - 3,1 |
| 3ja stiga körfur | 3,3 - 2,0 |
| Víti fengin | 3,8 - 2,4 |
| Framlag | 16,5 - 6,3 |

### ÁHRIF STIGA DIMITARS Á GENGI SKALLAGRÍMS

**Dimitar skorar 20 stig eða meira**

| | |
|---|---|
| Leikir | 13 |
| Sigrar-Töp | 13-0 |
| Sigurhlutfall | 100% |

**Dimitar skorar 10 til 19 stig**

| | |
|---|---|
| Leikir | 22 |
| Sigrar-Töp | 15-7 |
| Sigurhlutfall | 68% |

**Dimitar skorar minna en 10 stig**

| | |
|---|---|
| Leikir | 11 |
| Sigrar-Töp | 3-8 |
| Sigurhlutfall | 27 |






**105 STIG Í TVEIMUR LEIKJUM** Allen Iverson og Carmelo Anthony hafa skorað 105 stig og gefið 26 stoðsendingar samanlagt í fyrstu tveimur leikjunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-deildin í körfubolta:

## Iverson og Anthony byrja vel saman

**KÖRFUBOLTI** Iverson-Carmelo Anthony samstarfið í Denver byrjar vel því Denver Nuggets-liðið hefur unnið tvo fyrstu leiki sína síðan Carmelo Anthony kom aftur úr 15 leikja banni sínu og spilaði í fyrsta sinn við hlið Allen Iverson. Denver vann Memphis í endurkomu Melo og bætti síðan við sigri á Seattle SuperSonics, 117-112, í fyrrinótt. Anthony, sem er þrátt fyrir bannið stigahæsti leikmaður deildarinnar (31,5 stig í leik), skoraði 34 stig í leik tvö eftir að hafa sett niður 28 stig gegn Memphis. Iverson var með 21 stig og 11 stoðsendingar gegn Seattle og skoraði þar einnig sitt 20.000 stig á ferlinum.

Iverson hafði leitt Denver til þriggja sigurleikja í röð áður en Melo sneri aftur og liðið er því búið að vinna fimm leiki í röð. - óój

Phoenix Suns í NBA-deildinni í körfubolta:

## Fjórtán sigrar í röð

**KÖRFUBOLTI** Steve Nash og félagar í Phoenix Suns fóru illa með lið Washington Wizards í fyrrinótt þegar þeir tryggðu sér sinn 14. sigur í röð, 127-105. Washington-liðið hefur svipaða taktík og Phoenix, spilar fljúgandi sóknarbolta og skorar mikið af stigum en af marka má þennan leik eiga Wizards-menn langt í að ná Suns. „Ég heyrði að þá langaði til þess að verða Phoenix austursins en það er bara eitt Phoenix Suns-lið. Það lið spilar í Vesturdeildinni og þannig verður það um sinn,“ sagði Amare Stoudemire en Suns vann þarna sinn 30 sigur í síðustu 32 leikjum. - óój


LAGERSALA
Office1
Skeifunni 17
70% afsláttur
af ritföngum, skrifstofuvörum, húsgögnum og skólavörum.
70% afsláttur
SPRENGJUTILBOÐ
á tölvum og flatskjám
Aðeins brotabrot af þeim tölvum sem eru á tilboði hjá okkur!!!
1GB VINNSLUMINNI
BÚÚÚÚMM! BÚÚÚÚMM!
AIRIS
RUGL VERÐ
AIRIS
Fartölva N920
TILBOÐ
54.990.-
Takmarkað magn!
acer
Fartölva AS 3660
100 GB HARÐUR DISKUR
TILBOÐ
99.900.-
Takmarkað magn!
RUGL VERÐ
Office1 Superstore

## > DUSTIN HOFFMAN



Fæddur 8. ágúst 1937. Útskrifaðist úr skóla í Los Angeles 1955 og fór þá í Santa Monica City College. Hann hrökklaðist úr námi þar sökum slæmra einkunna. Áður en það gerðist kláraði hann þó leiklistaráfanga í skólanum. Það var eftir það sem hann tók þá ákvörðun að snúa sér að leiklistinni. Hann hefur það orðspor á sér að erfitt sé að vinna með honum. Leikur í myndinni Runaway Jury sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR TEKUR FRAM VASAKLÚTANA

# *Grátið í stofunni*

Ég er örugglega ekki ein um það að hafa fellt tár yfir frammistöðu Íslendinga í handbolta. Ég var reyndar svo hrærð yfir Frakkaleiknum að ég hef sjaldan upplifað annað eins við áhorf á íþróttaleik. Nú er ég gamall antisportisti og langt fram eftir aldri horfði ég ekki á íþróttir í sjónvarpinu. Þeir tímar eru liðnir og nú fylgist ég með stórmótum af áhuga, þótt ég reyndar láti þar við sitja. Hingað til hef ég þó komist ógrátandi frá þessu áhorfi. Alls kyns væmni hefur kallað fram tárin, en íþróttir ekki. Ég er greinilega að verða viðkvæmari með árunum.

Fjölmargir sjónvarpsþættir kalla fram tárin í hvert einasta skipti sem ég horfi á þá, Grey's Anatomy til dæmis. Svo sem ekki merkilegt enda þættir sem spila á væmnina. Merkilegra þykir mér að ég er farin að klökkna yfir Kastljósinu, heimildarmyndum og spennumyndum, ekki þarf annað en að leika pínulítið á tilfinningar, gjarnan á ósvífinn amerískan hátt, til þess að ég dragi fram vasaklútinn.



ALFREÐ GÍSLASON
Margra vasaklúta maður

Þau verða æ fátíðari kvöldin sem ég kemst í gegnum án þess að tárfella yfir sjónvarpinu. Lengi reyndi ég að hafa hemil á grátnum, sérstaklega ef ég var ekki ein að horfa á sjónvarpið. Sambýlismaðurinn er hins vegar orðinn öllu vanur hjá mér nú orðið og hættur að vera hissa þegar ég sit rauðeygð yfir einhverri vitleysunni. Einu skiptin sem hann hneykslast nú orðið eru þegar ég felli tár yfir verðlaunaafhendingum á borð við óskarsverðlaunin.

Þá er umburðalyndið meira þegar að kemur að íþróttum. Held ég að minnsta kosti og vona. Því við erum jú stödd í handboltafárinu miðju og hvort sem við vinnum eða töpum næstu leikjum verður alltaf ástæða til þess að gráta, af gleði eða sorg. Eins gott að birgja sig upp af vasaklútum fyrir næstu daga.

## EKKI MISSA AF



▶ **6.58** Ísland í bítið Stöð 2



▶ **20.00** The Office Skjár einn



▶ **20.20** Ali's 65th Sýn



▶ **21.45** Chapelle's Show Sirkus



▶ **22.00** Runaway Jury Stöð 2 bíó

## SJÓNVARPIÐ

**12.15 HM í handbolta** Endursýndur leikur Frakka og Pólverja í milliriðli.
**13.45 HM í handbolta** Endursýndur leikur íslenska liðsins gegn Túnis í milliriðli.
**15.15 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Þýskalands og Túnis í milliriðli.
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.00 HM-stofan** Fjallað um HM í handbolta með góðum gestum.
**17.20 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Póllands í milliriðli. Pólverjar eru með gríðarlega sterkt lið og lögðu m.a. gestgjafana í Þýskalandi í riðli sínum.
**19.10 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Lífsmörk** (4:6) (Vital Signs) Bresk myndaflokkur. Aðalhlutverk: Tamzin Outhwaite, Steve Waddington, Beth Goddard og Claudie Blakley.
**21.05 Lithvörf** (4:12) Að þessu sinni er rætt við Sólveigu Hólmarsdóttur leirlistamann. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.
**21.15 Sporlaust** (8:24) (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn** (2:2) (The Commander III) Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum eftir Lyndu La Plante. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**23.35 HM í handbolta** Leikur Íslands og Póllands endursýndur.
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Les triplettes de Belleville**
**08:00 Clint Eastwood: Líf og ferill**
**10:00 The Pacifier** (Friðarstillirinn)
**12:00 Owning Mahowny**
**14:00 Les triplettes de Belleville**
**16:00 Clint Eastwood: Líf og ferill**
**18:00 The Pacifier** (Friðarstillirinn)
**20:00 Owning Mahowny** Aðalhlutverk: John Hurt, Minnie Driver, Philip Seymour Hoffman. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**22:00 Runaway Jury** (Spilltur kviðdómur) 2003. Bönnuð börnum.
**00:05 Sweeney Todd** Stranglega bönnuð börnum.
**02:00 The Last Ride** (Síðasta ferðin)
**04:00 Runaway Jury**

## STÖÐ 2

▶**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Martha** (Paige Davis)
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Nágrannar** (Neighbours)
**13:05 Valentína**
**13:50 Valentína**
**14:35 George Lopez** (17:24)
**15:00 Curb Your Enthusiasm** (4:10)
**15:30 Two and a Half Men** (16:24)
**15:50 Skrímslaspilið**
**16:13 Ofurhundurinn**
**16:38 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17:03 Myrkfælnu draugarnir** (32:90)
**17:13 Doddi litli og Eyrnastór**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar** (Neighbours)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 The Simpsons** (2:22) (e) (Simpson fjölskyldan)
**20:05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón Hemma Gunn.
**21:10 Studio 60** (3:13) (Bak við tjöldin) Fyrsti þátturinn undir stjórn Matt og Danny mælist vel en þrátt fyrir breytingar til góðs ríkir mikil óvissa um framtíð þáns.
**21:55 The Closer** (10:15) (Málalok) Brenda á í mikilli krísu þegar hún er kvödd til að bera vitni og er henni ljóst að mannorð hennar sem og starfsframi liggur í veði. Bönnuð börnum.
**22:40 Family Sins** (Fjölskyldusyndir) Átakanlegt drama sem fjallar um fjölskyldu sem býr í bandarísku úthverfi. Aðalhlutverk: Kirstie Alley, Will Patton, Deanna Milligan. Leikstjóri: Graeme Clifford. 2004.
**00:10 American Idol - NÝTT (1:41)** Hver fetar í fótspor Kelly Clarkson, Ruben Studdard, Fantasiu Barone og Taylor Hicks?
**01:30 American Idol - NÝTT (2:41)**
**02:55 Chasing Papi** (Með þrjár í takinu)
**04:15 The Closer** (10:15)
**05:00 The Simpsons** (2:22) (e)
**05:20 Fréttir og Ísland í dag**
**06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17:00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Seinfeld** (17:24) Jerry stendur Leó frænda að búðahnupli og Georg neyðist til að kaupa bók sem hann stelst til að lesa inni á salerni í bókabúðinni.
**20:00 Entertainment Tonight**
**20:30 KF Nörd** (3:15) (Mekka knattspyrnunnar) Leikmenn KF Nörd hafa kvartað sáran yfir búninga- og sköleysi sem hrjáir þá og vilja meina að það aftri þeim að ná árangri í leikjum. Nú loksins fá strákarnir afhenda glæsilega búninga og allan búnað sem nauðsynlegt er að vera með þegar þeir mæta and stæðingum sínum. Leiðin liggur á Akranes þar sem leikmenn KF Nörd munu þurfa leysa hinar ýmsu þrautir og gera það svo sannarlega misvel. Skagamenn eru gestrisnir og taka vel á móti þeim og einn þeirra er þjóðþekktur knattspyrnumaður sem nördarnir þekkja að sjálfsögðu ekki. Í lokin mætir KF Nörd helstu framtíðarstjörnum Skagamanna í sannkölluðum hörkuleik.
**21:15 Four Kings**
▶**21:45 Chappelle's Show 1**
**22:45 Hlustendaverðlaun FM957 2007 (e)** Útsending frá Borgarleikhúsinu. Stærsta popptónlistarveisla ársins verður haldin í Borgarleikhúsinu í kvöld þegar Hlustendaverðlaun FM 957 fara fram. Munu stærstu nöfn íslenskrar popptónlistar verða verðlaunuð fyrir framlag sitt á árinu og eru það hlustendur FM 957 sem sjá um að velja sitt uppáhald.
**01:00 Insider**
**01:30 Vanished** (12:13) (e) (Vanished)
**02:20 Weeds** (12:12) (e)
**02:50 Seinfeld** 18:24)
**03:15 Entertainment Tonight**
**03:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Vörutorg**
**09:55 Melrose Place (e)**
**10:40 Óstöðvandi tónlist**
**13:05 2006 World Pool Championships (e)**
**15:05 Vörutorg**
**16:05 Love, Inc. (e)**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 Game tíví**
▶**20:00 The Office** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían. Michael á afmæli en öllum á skrifstofunni er alveg saman... nema Dwight.
**20:30 Malcolm in the Middle - NÝTT** Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans.
**21:00 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
**21:30 Still Standing**
**22:00 House.**
**23:00 Everybody Loves Raymond**
**23:30 Jay Leno**
**00:20 America's Next Top Model (e)**
**01:20 C.S.I. (e)**
**02:20 Vörutorg**
**03:20 Beverly Hills 90210 (e)**
**04:05 Melrose Place (e)**
**04:50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Ítölsku mörkin**
**14:00 Newcastle - West Ham (frá 20.jan)**
**16:00 Juventus - Bari (frá 20.jan)**
**18:00 Liverpool - Chelsea (frá 20.jan)**
**20:00 Liðið mitt**
**21:00 Fulham - Tottenham (frá 20.jan)**
**23:00 Liðið mitt (e)**
**00:00 Að leikslokum (e)**
**01:00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Í sjöunda himni með Hemma Gunn



Það er komið að kveðjustundu hjá Hemma Gunn - að sinni - og verður þátturinn síðasti smekkfullur af góðum gestum eins og endranær. Diddú og Egill Ólafs, sem sungu sig saman inn í hjörtu landsmanna á 8. áratug síðustu aldar í Spilverki þjóðanna og á plötunni vinsælu „Þegar mamma var ung“ setjast í sófann hjá Hemma og taka svo lagið saman; nokkuð sem gerist orðið æði sjaldan. Eggert Þorleifsson leikari, sem helst aldrei gefur færi á sér í viðtöl, mætir með Helgu Brögu leikkonu. Þau ræða um farsann Viltu finna milljón og sýna svo kostulegt brot úr verkinu. Jónsi Í svörtum fötum skreppur til Vestmannaeyja en tekur líka lagið með hljómsveit hússins.
Björgvin Franz Gíslason bregður sér í gervi tveggja heimsfrægra söngvara. Jóhann Friðgeir syngur hugljúfan óð. Dansararnir Emilía Benedikta Gísladóttir og Steve Lorenz frá Íslenska dansflokknum sýna listir sínar. Hreimur syngur lokasöng með hljómsveit þáttarins.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ MALCOLM IN THE MIDDLE SKJÁR EINN 20.30

Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans. Fyrsti þátturinn í sjöundu og síðustu þáttaröðinni um Malcolm. Rosanna Arquette leikur gestahlutverk; hún lokkar Malcolm til að mæta á samkomu í eyðimörkinni en þegar Hal og Lois komast að áformum hans ákveða þau að mæta með fjölskylduna og leigja sér húsbíl.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir
**10.13** Litla flugan
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (18:23)
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn fyrir krakka á öllum aldri
**19.27** Bein útsending frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Þættir úr íslenskri leikritun: Mitt er að skilja, ykkar að yrkja (3:12)
**23.10** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16:45 Enski deildabikarinn** (Tottenham - Arsenal) Undanúrslit deildabikarsins.
**18:25 Presidents Cup 2007 - Official**
**18:55 Pro bull riding** Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir.
**19:50 Sterkasti maður í heimi 2006** Þáttur um keppnina um sterkasta mann heims árið 2006 en enginn hefur sigrað oftar í þessari keppni en Íslendingarnir Jón Páll Sigmarsson og Magnús Ver Magnússon, fjórum sinnum hvor.
▶**20:20 Ali´s 65th** Þriðji og síðasti þátturinn um Muhammad Ali í tilefni af því að í janúar eru liðin 65 ár frá fæðingu hans. Í þessum þætti verður varpað upp 65 atriðum úr lífi og starfi Alis; ljósmyndum, myndbrotum úr sjónvarpi og almennum staðreyndum um kappann 2007.
**21:15 Football Icon**
**22:10 Ameríski fótboltinn**
**22:40 PGA Tour 2007 - Highlights**
**23:35 Spænski boltinn** (Real Betis - Barcelona) Útsending frá spænska boltanum.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Det, der med børn **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Hvad er det værd **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Nyheder fra Grønland **9.00** Engle med skidt på vingerne **9.25** OBS **9.30** Kend dit hus **10.00** DR-Derude i Skotland **10.30** Uventet besøg **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** De moderne familier **12.25** Aftenshowet **13.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga **15.30** Elmer Fjot siger op **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango med Chapper **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Vores planet 20.00 TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** Hulk **23.15** Musikprogrammet **23.45** Liga

### NRK 1

**8.30** Mat med Niklas **9.00** Siste nytt **9.05** Forbrukerinspektørene **9.30** Brennpunkt **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Trollz **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Kodenavn Hunter **21.30** Hjerte til hjerte **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix **22.50** Presidenten **23.30** MAD TV 0.10 Top Gear - Tut og kjør!

### SVT 1

**8.30** Lilla löpsedeln **8.45** Morfis kod, ett matteäventyr **9.00** Showen Dollar **9.15** Runt i naturen **9.20** Mellan raderna **9.25** Bästisar **9.50** Pussel **10.10** Världens fest i Sverige **10.25** Runt i naturen **10.35** Safari Europa **10.40** Safari Europa **11.00** Rapport **11.05** Argument **12.30** Guldbaggegalan 2007 **14.30** Naturnollorna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Konståkning: EM **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.25** Ritsagor **17.30** Dagens ramsa **17.35** Den fabulöst festliga farmen **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Kungadömet på flodens botten **21.00** Ej fastställt program **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.15** Uppdrag Granskning **23.15** Bingo Royale **0.00** Sändningar från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*...fær strætóbílsstjórinn Þórhallur Sigurðsson sem lét slag standa og opnaði fyrstu opinberu málverkasýningu sína, sem þar að auki bar upp á afmælisdag nafna hans.*

# Ingibjörg Sólrún til sölu fyrir rétt verð

„Ingibjörg er verðugt viðfangsefni fyrir málara,“ segir Björn T. Hauksson, ljósmyndari og málari, en hann hefur stillt olíumálverki sem hann málaði af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, upp í glugga á ljósmyndastofu sinni á Óðinsgötu.

Bonni, eins og Björn er kallaður, hefur oft tekið myndir af Ingibjörgu Sólrúnu og málaði málverkið eftir ljósmynd sem hann tók þegar Ingibjörg var borgarstjóri. „Það er svo sem engin meining á bak við þetta, ég er enginn sérstakur fylgismaður Ingibjargar en hún hefur sterka andlitsdrætti og er umdeildur karakter, þannig að mér fannst ekki úr vegi að mála af henni mynd. Fyrir jól var ég að spá í hvað ég ætti að gera við myndina þegar konan mín stakk upp á því að ég hengdi hana upp í glugga á ljósmyndastofunni, það myndi ábyggilega vekja athygli.“

Bonni segir að Ingibjörg hafi séð málverkið og litist vel á en hann hefur líka fengið athugasemdir frá öðrum sem eru minna hrifnir. „Það er greinilega kominn kosningaskjálfti í menn,“ segir hann og hlær. „Ætli ég verði ekki að stilla upp myndum af mönnum úr öllum flokkum til að gæta jafnræðis.“ Spurður hvort verkið sé falt segir Bonni svo vera. „Það þyrfti að bjóða þokkalegan pening, en fyrir rétt verð er myndin til sölu.“ - bs



**BONNI LJÓSMYNDARI** Málaði olíumálverk af Ingibjörgu Sólrúnu og stillti upp í glugga ljósmyndastofu sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**LÁRÉTT** **2** sjávardýr **6** gat **8** sjór **9** skref **11** þurka út **12** skot **14** vondur **16** í röð **17** spíra **18** hætta **20** tveir eins **21** ríki.

**LÓÐRÉTT** **1** hróss **3** ryk **4** bræðingur **5** knæpa **7** fjármuni **10** mál **13** hamfletta **15** svall **16** mælieining **19** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fisk, **6** op, **8** mar, **9** fet, **11** má, **12** snafs, **14** illur, **16** mn, **17** ála, **18** ógn, **20** ll, **21** land.

**LÓÐRÉTT:** **1** lofs, **3** im, **4** samsull, **5** krá, **7** peninga, **10** tal, **13** flá, **15** rall, **16** mól, **19** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Framboðshópur aldraðra og öryrkjar.
2. 16 mínútur.
3. Hermóður og Háðvör - Hafnarfjarðarleikhúsið.

Svar við spurningu í dálkinum Frá degi til dags bls. 32

1. Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingu

allt matur
Alla föstudaga

HERMANN GUNNARSSON: STENDUR Á TÍMAMÓTUM

# Hættir í sjónvarpi og leggur drög að ævisögu sinni

„Ég er nokkuð viss um að einhverjir svitna þegar þeir frétta að ég sé að leggja drög að ævisögu minni,“ segir sjálfur Hemmi Gunn – einhver skærasta sjónvarpsstjarna sem þjóðin hefur alið. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Hemmi nú standa á tímamótum og allt benti til þess að nú yrði settur punktur aftan við glæsilegan sjónvarpsferil hans. Allra síðasti skemmtiþáttur Hemma, „Í sjöunda himni“, á Stöð tvö verður í kvöld. Áður hafði Hemmi stjórnað þættinum „Það var lagið“ sem einnig var til sýninga á Stöð 2.

„Það þurfti reyndar að draga mig með töngum til að taka að mér „Það var lagið“ og ég var efins um að ég hefði áhuga á endurkomu á skjáinn með þessum hætti,“ segir Hemmi en bætir því við að starf við fjölmiðla sé ólæknandi baktería. Og því sé ef til vill óvarlegt af sér að skjóta loku fyrir það með öllu að hann og sjónvarp séu skilin að skiptum. Hemmi verður sem fyrr fastagestur hjá Heimi Karls og Guðna Bergs í umfjöllun þeirra um Meistaradeildina. En nú taka við ný ævintýri og ný verkefni. Hemmi er nú að vinna að ævisögu sinni.



**HERMANN GUNNARSSON** Liggur undir feldi og íhugar hvort loks sé kominn tími að setja ævisöguna á blað.

„Fyrir fjörutíu árum var fyrst komið að máli við mig og ég beðinn um að skrifa ævisögu mína,“ segir Hemmi og hlær sínum fræga hlátri. Og gefur til kynna að þá honum hafi fundist hann vera allt of ungur að árum – rétt rúmlega tvítugur maðurinn. En Hemmi hélt upp á sextugsafmæli sitt í síðasta mánuði.

„Þegar ég flutti svo til Taílands [fyrir þremur árum] var hugmyndin sú að ég myndi skrifa ævisöguna meðan ég mundi nokkurn veginn hvernig í þessu liggur. Svo var ég plataður út í veitingarekstur og ekki gafst tími til skrifa. Ég punktaði hins vegar nokkra hluti hjá mér.“

Saga Hemma yrði ekki eitthvað „rjómatertubox“ eins og Hemmi kemst sjálfur að orði. Og segir hann jafnframt að fara muni um mann og annan við þessi tíðindi. En Hemmi má, líkt og þjóð má vita, muna tímana tvenna og er af ýmsu að taka þegar ævintýralegt lífshlaup hans er annars vegar.

„Ljósið hefur þó verið ráðandi, sem betur fer, og það væri ekkert gaman ef ég hefði ekki upplifað mótlætið,“ segir Hemmi.

Fer þá á flug og vísar til Gróu á Leiti sem ósjaldan hefur farið á kreik þegar Hemmi er annars vegar:

„Ætli ég hafi ekki síðan bókarauka um alla þá hluti sem ég er sagður hafa gert.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ÓTRÚLEGT LÍFSHLAUP** Hermann man tímanna tvenna og sést hér með boltann á lofti í mars árið 1969.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hlustendaverðlaun FM 957 voru haldin með pompi og prakt á þriðjudagskvöld. Til stóð að einn þeirra sem myndu afhenda verðlaun á hátíðinni yrði **Egill „Gillzenegger” Einarsson** en ekki fór svo. Degi fyrir hátíðina hringdi í Egil **Sigvaldi Kaldalóns** útvarpsmaður, betur þekktur sem Svali á FM, og sagði að því miður gæti ekki orðið af afhendingu hans. Yfirstjórn útvarpsmála hugnaðist ekki að Agli, sem nýverið hafði verið rekinn af útvarpssviði fyrir að vera ekki við hæfi, væri hampað með þessum hætti og setti Svala stólinn fyrir dyrnar.



**Steingrímur Sævarr Ólafsson** er enn að berja saman þá fimm manna ritstjórn sem skipa mun nýtt Ísland í dag. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að **Sölvi Tryggvason** muni halda áfram og jafnframt bætist við nýr liðsmaður. Sú er sjónvarpsáhorfendum reyndar að góðu kunn, **Inga Lind Karlsdóttir**.



**Brynhildur Guðjónsdóttir** hefur sagt upp í Þjóðleikhúsinu eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Uppgefin ástæða fyrir uppsögninni er að Brynhildur kunni ekki við sig sem ríkisstarfsmann. **Atli Rafn Sigurðarson**, spúsi hennar, hefur sömuleiðis gengið úr skaftinu en hann vill alls ekki tjá sig um ástæður brottfarar sinnar.



**Edda Björg Eyjólfsdóttir** verður ein leikkvenna í Legi sem **Stefán Jónsson** leikstýrir eftir handriti **Hugleiks Dagssonar**. Minnstu munaði að Edda missti af hlutverkinu þegar hún bókaði sig í prufur fyrir Ivanov **Baltasars Kormáks**. Um tíma leit út fyrir að Edda mundi missa af báðum hlutverkunum en úr rættist fyrir rest.



- jbg/hdm

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
SÚR HVALUR - SÚRT RENGI
HARÐFISKUR



# Hugi og Dolli fallast í faðma

„Þetta var rosalega góður sáttafundur,“ segir sjónvarpsmaðurinn Hugi Halldórsson, sem hefur verið við tökur efnis fyrir stuðningsmannaklúbb íslenska handboltalandsliðsins úti í Þýskalandi.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hafa Hugi og Auðunn Blöndal eldað grátt silfur við Adolf Inga Erlingsson, íþróttafréttamann RÚV. Adolf, eða Dolli, hélt því fram að framganga þeirra hefði verið hneykslanleg meðan þeir sögðu Dolla hafa átt sinn þátt í því að þeim var úthýst úr þýskri handboltahöll.

Þremenningarnir hafa nú formlega grafið stríðsöxina og ákveðið að standa saman í stuðningi sínum við íslenska landsliðið.



**HUGI OG ADOLF** Voru báðir sáttir við málalyktir og segjast vera orðnir hinir bestu vinir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það fór bara vel á með okkur og við erum orðnir hinir mestu mátar. Ég er meira að segja kominn með símanúmerið hans. Við gerðum smá mistök og báðumst afsökunar á því. Síðan var bara tekist í hendur og málið er dautt,“ segir Hugi. - fgg


MAX
VALDAR VÖRUR
15-90%
AFSLÁTTUR
ÖRFÁ VERÐ DÆMI
DÚNDUR DAGAR
DÚNDUR verð
1.999kr.
Ideline 748090
• Súkkulaðipottur
• Fyrir heimatilbúið konfekt ofl
• Bræðir súkkulaði án bruna
• Hentar fyrir allt súkkulaði
• Margir fylgihlutir
• Uppskriftabæklingur fylgir
Fullt verð 3.999
DÚNDUR verð
54.999kr.
Fullt verð 65.988
Pioneer DCS360
• 360w heimabíókerfi
• Með DVD spilara
• HDMI stafrænt tengi
• Progressive Scan
• USB tengi fyrir tónlist og ljósmyndir
• FM útvarp
Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX
DVD VIDEO
DÚNDUR verð
SONY CMTSPZ50
• 50w RMS míkró samstæð
• 3ja diska geislaspilari
• MP3 spilari
• FM útvarp og segulband
• Spilar MP3, CD-R/RW
24.999kr.
Fullt verð 33.999
DÚNDUR verð
Elna ELNA2110
• Saumavél með 15 sporgerðir
• Sporval með stilliskífu
• Nál stillanleg frá miðju
• Innbyggð spóluvinda
• 5 saumfætur og Overlock
14.999kr. Fullt verð 19.699
DÚNDUR verð
5.999kr.
Kenwood VC1807
• 1800w ryksuga
• 2 fylgihlutir
• Litur: Silfur
Fullt verð 9.999
DÚNDUR verð
Siemens KA60NA60
• 179 sm Amerískur ísskápur
• 504 lítrar, 334l kælir, 170l frystir
• Orkunýting A
• Rafeindastýring, sjálfvirk afþýðing
• Frystigeta 10kg á dag
• Dýpt án hurða 60sm
• Ísvél í hurð á framhlið
199.999kr.
Fullt verð 259.999
DeLonghi EAM3400
• Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél
• Malar kaffibaunir og býr til kaffið
• Hægt að stilla hve fín mölunin er
• Býr til gufu til að flóa mjólk ofl
• Tveir katlar
• Minni fyrir uppáhalds stillingar ofl
• Cappucino System
• Slekkur sjálfvirkt á sér
DÚNDUR verð
49.999kr.
Fullt verð 68.999
Geisladiskar
DVD myndir
Tölvuleikir
DÚNDUR verð
DÚNDUR verð
3.189kr.
Fullt verð 3.999
Besta verðið
MAX RAFTÆKI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**

DR. GUNNA

## *Klárara fólk*

Tímarnir eru svo sannarlega breyttir og það til batnaðar. Annar hver maður rúllar nú um í hvílíkum vellystingum að það slagar hátt upp í Loðvík sextánda. Og ef einhver er með múður þá má auðveldlega svissa „hva, geta þau ekki bara étið kökur“ út fyrir „voðaleg forpokuð öfundsýki er þetta, má fólkið ekki eyða sínum eigin peningum eins og því sýnist?“

**ÉG** hafði bylt mér andvaka í rúminu um stund, veltandi því fyrir mér hvernig stæði eiginlega á þessari hrikalegu velferð. Ég var eiginlega búinn að ákveða að þetta væri bara eitt af því mörgu sem er fyrir ofan minn takmarkaða skilning, þegar ég loksins fattaði allt. Niðurstaða mín er að fólk er einfaldlega orðið mörgum sinnum klárara en það var fyrir nokkrum áratugum.

**HVERNIG** er annars hægt að útskýra það að stjórnarformaður skipafyrirtækis sé orðinn eins og Jóakim aðalönd? Ég man ekki betur en einu sinni hafi öll skipafyrirtæki endalaust verið á hvínandi kúpunni. Mennirnir sem þar stjórnuðu voru greinilega algjörir vitleysingar miðað við þennan klára og ríka sem bauð í partíið.

**(ÉG** verð annars að þakka ríku körlunum fyrir þá tillitssemi að bjóða eingöngu upp á notaða erlenda skemmtikrafta sem hafa þegar spilað á Íslandi. Það væri fúlt ef næsti milljónamæringur tæki inn eitthvað af viti sem maður vildi sjá, t.d. The Who eða Billy Joel. Drullufúlt ef maður þyrfti að norpa fyrir utan eins og litli karlinn með eldspýturnar en gæti ekki verið inni eins og hver annar Hómer í veislu hjá Mr. Burns.)

**ÞAÐ** sama hefur gerst í bankabransanum. Þar hafa miklu klárari menn tekið við. Ég man ekki betur en bankar hafi yfirleitt verið reknir með tapi fyrir nokkrum áratugum. Þetta var endalaust basl og svo fór allt á hausinn fyrir rest. Hvað voru Sverrir Hermannsson og þessir karlar eiginlega alltaf að gera? Vissu þeir það nokkuð sjálfir?

**EÐLILEGA** komast klárir menn upp með meira. Sverrir greyið mátti ekki fara í skitinn veiðitúr án þess að þjóðfélagið færi á límingunum. Ef hann hefði birst einn daginn á einkaþotu eins og Björgólfur Thor er aldrei að vita nema þrælslund Íslendinga hefði gefið sig og komið hefði til blóðugra átaka á götum úti.

**SVO** höfum við líka miklu betri Bubba Morthens. Vitleysingnum sem trallaði um bág kjör verkafólks hefur verið skipt út fyrir klárara módel sem alltaf er fyrstur mættur með gítarinn í ríkukallapartíin. Húrra fyrir nýjum, klárari og betri tímum!





| Hraði | Gagnamagn | Verð | Hámark |
|---|---|---|---|
| 8 Mb/s | ótakmarkað | 7.990 kr. | 7.990 kr. |
| 12 Mb/s | ótakmarkað | 8.990 kr. | 8.990 kr. |
| 14 Mb/s | ótakmarkað | 9.990 kr. | 9.990 kr. |

SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.
MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI · AKRANESI
SELFOSSI · NESKAUPSTAÐ · REYÐARFIRÐI · EGILSSTÖÐUM